

# Morgunblaðið

FIMMTUDAGUR 8. FEBRÚAR 2024

• Stofnað 1913 • 33. tölublað • 112. árgangur •



ALDREI ÁÐUR  
SÉÐ SVONA  
MEIÐSLI

SVAVA RÓS 64



VERÐLAUNUÐ  
FYRIR MYND SÍNA

BIRNA KETILSDÓTTIR SCHRAM 66

HÁKARLINN  
ALGJÖRT  
SÆLGÆTI

ÞJÓÐLEGIR KRAKKAR 12



Morgunblaðið/Eyþór

## Reykurinn frá nýju hrauninu minnir á nálægð náttúru og byggðar

Verðmætabjörgun einstaklinga og fyrirtækja í Grindavík heldur áfram. Almannaþingur hafa óskað eftir auka mann-

skap til að létta undir enda verkefnið umfangsmikið. Blaða-  
mannafélag Íslands hefur stefnt ríkinu til viðurkenningar á

rétti blaðamanna til að iðka störf sín í Grindavík. Unnið er að  
nýjum varnargarði austan bæjarins. » 2

## Stokkar upp sjóðina

● Tugir milljóna sparast með sameiningu átta samkeppnis-  
sjóða í þrjá hjá einu ráðuneyti ● Mikill kostnaður við sjóðina

Kristján Jónsson  
kris@mbl.is

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir há-  
skóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra  
leggur til stórfelldar breytingar á sjóða-  
kerfi ríkisins með það fyrir augum að  
auka skilvirkni og minnka kostnað við  
starfsemi sjóðanna.

Hugmyndirnar koma í framhaldi af  
greiningarvinnu sem unnin var í ráðu-  
neyti Áslaugar. Átta samkeppnissjóðir  
heyrja undir háskóla-, iðnaðar- og ný-



Áslaug Arna  
Sigurbjörnsdóttir

sköpunarráðu-  
neytið og er nú  
unnið að því að  
sameina þá í þrjá.  
Áætlað er að með  
því sparist tugir  
milljóna.

Á heildina lítið  
eru alla vega 75  
sjóðir á vegum  
ráðuneyta en 37  
mismunandi umsónaraðilar þar sem  
gjarnan eru 3-5 stjórnarmenn á launum.

Þessu vill Áslaug breyta og gerði grein  
fyrir sjónarmiðum sínum á ríkisstjórn-  
arfundum á dögunum. Hún leggur einnig  
til sameiginlega umsóknargátt og mat  
á samfélagslegum áhrifum sjóðanna.  
Fjármagn í styrkjakerfinu er 20 til 25  
milljarðar á ári. Auk þess tekur Ísland  
þátt í erlendum styrkátætlunum, svo  
sem Horizon Europe og Digital Europe,  
og greiða stjórnvöld rúma 5,5 milljarða  
króna til samstarfsáætlana ESB.

» Spara mætti stórfé með ... » 38

## Vinnu við skjálfta- hættumat verði flýtt

● Heildarmyndin fáist sem fyrst

Veðurstofa Íslands vinnur nú  
að jarðskjálftahættumati fyrir  
höfuðborgarsvæðið í samstarfi við  
almannaþingir og fulltrúa sveitar-  
félaganna. Áætlað er að það verði  
tilbúið í vor.

Þetta kemur fram í grein sem  
Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri  
í Hafnarfirði, ritar í Morgunblaðið  
í dag. Tílefni greinar Rósu er ýmis  
ummæli jarðvísindamanna að  
undanförunu um hættuna sem höfuð-  
borgarsvæðinu stafar af jarðhrær-

ingum, eldgosum og hraunrennsli.  
Rósa segir fyrrnefnda aðila, Veður-  
stofuna, almannaþingir og sveitar-  
félögin, vinna að gerð eldgosahættu-  
mats fyrir höfuðborgarsvæðið. Gert  
sé ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki í lok  
næsta árs. „Nú þegar eldgosaváin  
er komin fram með eldsumbrot-  
unum á Reykjanesi er mikilvægt  
að vinna við þetta hættumat verði  
flýtt,“ segir Rósa. Mikilvægt sé fyrir  
sveitarfélögin að fá heildarmyndina  
sem fyrst. » 39

Ljúffengar bollur  
Fyrir þig og þína

HAGKAUP



Skannið  
kóðann til  
að skoða  
uppskriftir





Morgunblaðið/Eggert

Eignarlóð Þingholtsstræti 22 er í einkaeign, en eigendur samt sektaðir.

## Sekt fyrir að leggja bíl á eignarlóð sinni

### ● Sagt fara í bága við stjórnarskrá

Fyrir tveimur árum bar svo við að Bílastæðasjóður fór að sekta eigendur hússins að Þingholtsstræti 22 í Reykjavík fyrir þá sök að leggja bílum sínum á bílastæðum á lóðinni við húsið. Þetta var gert, enda þótt um eignarlóð væri að ræða og þar með eign sem er varin af eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

Einar Sigurjónsson og fjölskylda eru eigendur hússins og hafa lagt bílum sínum á einkastæði innan lóðarmarka, og eftir að sektir tóku að berast segist Einar hafa kvartað við Bílastæðasjóð yfir þeirri meðferð. Í svarbréfi frá lögmanni Bílastæðasjóðs segir að ákveðið hafi verið að þennan hluta lóðarinnar ætti að nýta til annars en fyrir bílastæði.

„Við sættum okkur ekki við þetta staðlaða svar, en þar sagði m.a. að við gætum snúið okkur til umboðsmanns Alþingis, eins og hann sé einhver dómari í málinu. Og það sem meira er, við vorum sektuð á grundvelli ákvæðis í umferðarlögum þar sem lagt er bann við að leggja á gangstétt,“ segir Einar í samtali við Morgunblaðið.

„Það er ekki aðeins að þeir sektuðu okkur fyrir að leggja bílum á eignarlóð, heldur segjast þeir vera búnir að breyta henni í gangstétt. Ég



Einar Sigurjónsson

hafði samband við Borgarskipulag og sagði lögmaður skipulagssviðsins að ekkert deiliskipulag væri til af þessu svæði. Ég bar þetta svar undir Bílastæðasjóð sem svaraði því til að ég ætти að fá gögnin hjá skipulagsyfyrvöldum sem hafa þau ekki. Það vísar því hver á annan,“ segir Einar.

„Hér er ekkert deiliskipulag, engin mælibréf, þetta er eignarlóð og ég tel að þeir séu komnir langt út fyrir sínar sektarheimildir,“ segir Einar og nefnir einnig að þessi hluti lóðarinnar hafi verið nýttur sem bílastæði umliðin 70 ár. Bílastæðasjóður fari heldur ekki með skipulagsvald og telur hann að háttsemi starfsmanna sjóðsins fari jafnframt í bága við stjórnsýslulög.

„Þetta virðist vera þurs með mörg höfuð sem við er að eiga,“ segir Einar og bætir því við að næsta skref sé að láta reyna á valdheimildir Bílastæðasjóðs, ellegar að beðist verði afsökunar, eins og gert var í sambærilegu máli íbúa við Vesturgötu sem hefur verið í fréttum.



Morgunblaðið/Eggert

Lögregluettirlit Lögreglan hefur auga með fréttamanni við störf sín við Gindavík í gær.

## Blaðamenn undir eftirliti í Grindavík

### ● Varnargarður hækkaður og nýjum rutt upp austan bæjarins

Fjölmíðlamönnum var heimilað að koma til Grindavíkur í gær í lögreglu fylgd til þess að afla fréttar og myndefnis. Var þeim haldið við hafnarsvæðið í bænum en meinað að hitta íbúana sem voru að bjarga eignum sínum.

Fréttamenn Ríkisútvarpsins sáu sér leik á borði og létu sig hverfa og máttu síðan þola skammir frá lögreglu þegar þeir birtust á hafnarsvæðinu á nýjan leik. Sagði fréttastjóri miðilsins að ákvörðun um að hlíta ekki fyrir mælum lögreglunnar hefði verið tekin í höfuðstöðvum Ríkisútvarpsins. Haft var eftir lögreglustjóranum á Suðurnesjum í

fjölmíðlum að starfsmenn fjölmiðilsins væru sérlega erfiðir viðskiptis.

Þá hefur Blaðamannafélag Íslands stefnt íslenska ríkinu fyrir dómstóla til að fá viðurkenndan rétt blaðamanna til að stunda sín störf í Grindavík, án leyfis lögreglustjórans, enda fari þeir eftir þeim almennu fyrir mælum sem gilda um umferð í bænum á hverjum tíma.

Lögreglustjóri bannaði blaðamönnum nær alfarið að rækja störf sín í Grindavík, enda þótt á sama tíma færu þar fram umfangsmiklar aðgerðir á vegum stjórnvalda. Þó hefur íbúum

verið heimilað að gæta að eignum sínum. Segir lögreglan að fjölmiðlar hafi verið útilokaðir frá svæðinu af tillitssemi við íbúa bæjarins.

Verktakar vinna að því að hækka varnargarðinn norðan við Grindavík, þann sama og bægið hraunrennsli frá bænum í eldgosinu um miðjan janúar sl. Þá er verið að byggja nýjan garð austan við Grindavík sem ætlað er að leiða hraunrennsli til austurs ef og þegar til goss kemur. Hraunið sem rann í síðasta gosi veldur því að rennsli leiðir nýs hrauns hafa breyst og því er þörf á nýjum varnargarði.

Tilboð fyrir 2 til

# Gran Canaria

Sanom Beach Resort ★★★★★

27. FEBRÚAR Í 7 NÆTUR

FRÁ **169.900**

Á MANN M.V. 2 FULLORDNA

Heimsferðir 595 1000 [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)



Morgunblaðið/María

Dagmál Hildur Björnsdóttir, oddviti Sjálfstæðismanna í Reykjavík, og Jóhann Friðrik Friðriksson, þingmaður Framsóknar í Suðurlkjördæmi.

## Þarf að skoða Fossvoggsbrúna

### ● Lausatök í opinberum framkvæmdum

Fara þarf rækilega í saumana á því hvernig kostnaðaráætlanir fyrir brú yfir Fossvog hafa margfaldast án þess að nokkrar heimildir hafi verið gefnar til þess af kjörnum stjórnvöldum. Hér ræði um fjármuni almennings. Sömuleiðis er það tilefni til þess að fara yfir hvernig Vegagerðin stóð að málum og hagar útboðum.

Þetta er meðal þess, sem fram kemur í viðtali Dagmála, streymis Morgunblaðsins, og birt er í dag, opið öllum áskrifendum Morgun-

blaðsins. Þar er rætt við Hildi Björnsdóttur, oddvita Sjálfstæðismanna í borgarstjórn, og Jóhann Friðrik Friðriksson þingmann Framsóknarflokksins sem jafnframt á sæti í fjárlaganefnd.





---

# TÖLUM UM LEXUS NX

---

Lexus NX 450h+ Plug-in Hybrid. Nýjungar í tækni, nostursamleg smáatriði í innra rými og einstök upplifun ökumanns eru þess eðlis að það er erfitt að útskýra.

Reynsluaktu og taktu inn ómótstæðilegt leðrið, mýktina, 14 tommu snertiskjáinn og alla hina tæknina sem gerir Lexus NX að draumi sem þú vilt helst ekki að taki enda.

**Komdu í Kaupúnið og kynntu þér Lexus NX 450h+**





# Stíflundarhöld stærstu samtaka

● Breiðfylking og Fagfélögin á sáttafundum með SA ● Fulltrúar opinberu félaganna komnir í gang með viðsemjendum í karphúsinu ● Seðlabankinn spáir að laun á vinnustund hækki að meðaltali um 6,5% í ár

Ómar Friðriksson  
omfr@mbl.is

Fjöldi samningamanna er þessa dagana í húsnæði ríkissáttasemjara í viðræðum vegna endurnýjunar kjarasamninga. Fulltrúar allra helstu samtaka launafólks funduðu í gærdeg með viðsemjendum.


Sáttafundur breiðfylkingar ASÍ og SA stóð yfir frá kl. 9 í gærmorgun. Fulltrúar fagfélaganna, Rafiðnaðarsambandsins, VM og Matvís, og SA komu saman til sáttafundar kl. 13. Samhliða þessu hafa fulltrúar BSRB og háskólanna í BHM átt fundi með opinberum launagreiðendum, samninganefndum ríkis, Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga í húsnæði ríkissáttasemjara.

Kjarasamningar landssambanda og félaga í ASÍ runnu út um seinustu mánaðamót og eru kjaradeilur þeirra til sáttameðferðar. Kjarasamningar opinberu félaganna renna flestir út í lok marsmánaðar og nýta samninganefndir þeirra og ríkis og sveitarfélaga aðstöðu í karphúsinu til samningaviðræðanna.

## Hækkanir kunni að verða meiri en spáð var í nóvember

Fjallað er um yfirstandandi kjarasamningaviðræður, óvissuna um niðurstöðu þeirra og mat á launabróun í Peningamálum Seðlabankans sem komu út í gær. Þar segir að staða viðræðna gefi vísbendingar um að umsamdar hækkanir á næstu tveimur árum kunni að verða meiri en gert

## Uppsafnaðar launahækkanir 2024-2026



var ráð fyrir í nóvemberspá bankans. „Núverandi grunnspá gerir því ráð fyrir að laun á vinnustund hækki að meðaltali um 6,5% í ár og um 5½% að jafnaði á næstu tveimur árum. Laun á vinnustund hækka því samtals um tæplega 19% á spátímanum sem er um 1½ prósentu meira en gert var ráð fyrir í nóvemberspá bankans,“ segir þar.

## Óvissa um launaskrið

Bent er á að á sama tíma sé útlit fyrir að framleiðni vinnuafis hafi dregist meira saman í fyrra en áður var talið. Horfur fyrir árið í ár hafi versnað enn frekar. „Á móti vega betri horfur fyrir næstu tvö ár. Spá bankans gerir því ráð fyrir að launakostnaður á framleidda einingu hækki um rúmlega 7% í ár en að jafnaði um tæplega 4% á ári

næstu tvö ár. Þetta er ríflega 2 prósentum meiri hækkan launakostnaðar í ár en gert var ráð fyrir í síðustu spá en horfurnar eru áþekkar fyrir næstu tvö ár.“

Mikil óvissa ríki um þessa þróun og um launaskrið. „Miðað við núverandi stöðu viðræðna er talið að umsamdar hækkanir í ár verði áþekkar og gert var ráð fyrir í nóvemberspá bankans en að þær verði meiri á næstu tveimur árum en þá var búist við,“ segir enn fremur.

Spáin er byggð á því að aðrir hópar aðlagi sína samninga stefnumarkandi samningum á almennum vinnuarkaði. Þó með fyrirvara þar sem formenn nokkurra félaga hafi gefið í skyn að ekki yrði sátt um samning sem byggðist eingöngu á krónutöluhækkunum.

## Ungbarnasund á nýju heimili

Ungbarnasund Snorra hefur hlotið nýtt heimili í sundlaug Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra við Háaleitisbraut. Áður var ungbarnasundið til húsa í sundlauginni í Mosfellsbæ, en þurfti þaðan frá að hverfa eftir að burðarvirki laugarinnar var metið ótryggt og ákveðið var að loka lauginni.

Snorri Magnússon, sem hefur staðið í forgrunni ungbarnasundkennslu frá árinu 1990, segir að lokun sundlaugarinnar í Mosfellsbæ hafi borðað að skyndilega, en að honum hafi boðist að færa starfseminu í húsnæði við Háaleitisbraut. Hann kveðst ekki hafa fengið eins marga tíma þar og hann var með áður og sé nú að reyna að koma fólkinu að sem átti inni tíma hjá honum í nýja húsnæðinu. „Það eru yfir 200 manns á biðlista og því miður bara fjórir nýir sem ég gat tekið við núna.“



Morgunblaðið/Eggert



## ÓPERA & MENNING Á ÍTALÍU

Upplifðu einstaka náttúrufegurð, sjáðu óperurnar Carmen og Aidu í hinu forna hringleikahúsi Arena di Verona, dagsferð til Feneyja, vínsmökkun í Bardolino og margt fleira!

VERÐ FRÁ **409.900 KR.**  
\*M.v. gistingum í tvíþýli með flugi, dagskrá og fleira.

Ingibjörg Lárusdóttir  
fararstjóri



## Líst ekki illa á samning sjómanna

### ● Vélstjórar meta samning SÍ og SFS

Forystumenn vélstjóra meta þessa dagana hvort nýgerður kjarasamningur Sjómanna sambands Íslands (SÍ) og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) gæti hentað þeim. VM og Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur eru enn með lausa samninga en vélstjórar felldu í atkvæðagreiðslu síðastliðið vor kjarasamning sem þá var gerður.

„Við erum svona að skoða þennan samning og reyna að aðlaga hann aðeins að okkur,“ sagði Guðmundur Helgi Þórarinnsson formaður VM í gær, spurður álits á nýju sjómanna-samningunum.

Guðmundi list ekki illa á það sem sjómenn sömdu um við SFS og kveðst hann vona að takast muni að aðlaga samninginn að félagsmönnum hans svo hægt verði að bera hann undir atkvæði í félaginu. Meginkrafa vélstjóra er að fá tímakaupið leiðrétt sem snýr að störfum vélstjóra í landi en laun þeirra hafa staðið í stað frá 2019.

„Ég á von á að funda með samninganefndinni á morgun eða hinn og þá tökum við ákvörðun um hvort við kjósum um sama samning eða ekki,“ segir Guðmundur.

„Ég tel að menn hafi náð að sníða nokkra galla af þessum fellda



Guðmundur Helgi Þórarinnsson

samningi og svo hafa menn líka fengið þarna inn einhver atriði sem eru til bóta. Eitt af því sem felldi okkar samning var að útgerðarmenn vildu ekki hækka tímakaupið okkar,“ segir Guðmundur. Vélstjórar vinna mjög mikið í landi, jafnvel heilu mánuðina við viðgerðir, og SFS hafi ekki fengist til að hækka tímakaupið nægilega mikið fyrir þá og því var vélstjóra-samningurinn felldur á sínum tíma. Viðræður hafa staðið yfir á undanförunum vikum og er unnið að því að gera bragarbót á þessu að sögn hans.

### Atkvæðagreiðsla um samning SÍ byrjar 12. febrúar

Atkvæðagreiðsla um samning SÍ og SFS hefst á hádegi 12. febrúar. Atkvæðagreiðslan verður rafræn og lýkur kl. 15 föstudaginn 16. febrúar. Eins og fram hefur komið er samningurinn til nfu ára en sjómenn geta sagt honum upp eftir fimm ár og svo aftur eftir sjö ár ef svo ber undir. omfr@mbl.is





# F&S

— outlet —

Holtagörðum

ENGLABÖRNIN

Herra  
*lagerinn*

Mathilda

TROÐFULL VERSLUN AF MERKJAVÖRU

**30-50%** AFSLÁTTUR AF  
ÖLLUM VÖRUM

**Opnunartímar**

mán-fös: 11-18

laugardagar: 11-17

sunnudagar: 12-17





Morgunblaðið/Egbert

Mótmæli Kostnaður vegna þjónustu við hælisleitendur og flóttamenn vex.

# Dvelja lengur í úrræðum

## ● Tafir í málsmeðferð hjá stofnunum

Hermann Nökkvi Gunnarsson  
hng@mbl.is

Af þeirri útgjaldaaukningu sem átti sér stað á milli árunna 2022 og 2023 í útlendingamálum fellur mest undir liðinn þjónusta við hælisleitendur, en þar jukust útgjöld um ríflega sex milljarða, eða rúmlega 128%.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið segir þó í svari við fyrirspurn Morgunblaðsins að fjöldi nýrra hælisleitenda segi ekki alla söguna um útgjaldaþróun vegna þjónustu við umsækjendur. Ráðuneytið segir að útskýringin sé m.a. tafir í málsmeðferð hjá Útlendingastofnun og kærunefnd útlendingamála. Ásamt því sé uppsafnaður fjöldi hælisleitenda sem bíður enn afgreiðslu hjá Útlendingastofnun og hafa hælisleitendur því dvalið lengur í úrræðum Vinnamálastofnunar en áður með tilheyrandi útgjaldaauka.

„Málsmeðferðartími umsókna hjá Útlendingastofnun og afgreiðsla kærunefndar útlendingamála hefur umtalsverð áhrif á þann fjölda sem er í þjónustu Vinnamálastofnunar hverju sinni og þá tilheyrandi kostnað sem af því hlýst,“ segir í svari ráðuneytisins.

### Útgjaldavöxtur

» Útgjöld jukust til útlendingamála um 65,3% á milli ára og voru ríflega 20 milljarðar árið 2023.

» Mesta útgjaldaaukningin var vegna þjónustu við hælisleitendur og flóttamenn.

» Heyrir það undir félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.

» Raunútgjöld hafa aukist um 4.919% frá árinu 2012.

Annar liður sem hækkaði umtalsvert var endurgreiðsla ríkisins til sveitarfélaga sem hýsa flóttamenn. Jókst kostnaður um ríflega tvo milljarða.

Ástæðan fyrir því að útgjöldin jukust í þeim lið um ríflega 121% er að sögn ráðuneytisins sú að flóttamönnum sem eiga rétt á þjónustu sveitarfélaga hefur fjölgað. Ríkinu ber skylda til að endurgreiða sveitarfélögum veitta fjárhagsaðstoð og félagsþjónustu.

# „Kostnaðurinn er orðinn allt of mikill“

## ● Ísland getur ekki tekið á móti öllum, segir Þorgerður Katrín

Hermann Nökkvi Gunnarsson  
hng@mbl.is

Til að ná tökum á sívaxandi útgjöldum ríkisins til útlendingamála þarf að samræma útlendingalöggjöfina því sem sést annars staðar á Norðurlöndum.

Þetta segir Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir fjármála- og efnahagsráðherra í samtali við Morgunblaðið.

„Tölurnar tala auðvitað sínu máli þegar við horfum á þennan gríðarmikla vöxt,“ segir Þórdís aðspurð hvort hún tæki undir orð Guðrúnar Hafsteinsdóttur dómsmálaráðherra um að útgjöld til málaflokksins væru orðin hömlulaus.

Kostnaðurinn við málaflokkinn fór um 33% fram úr áætlun árið 2023 og var beinn kostnaður yfir 20 milljarðar króna. Hafa raunútgjöld hækkað um 4.919% frá árinu 2012.

„Nú er það að raungerast, sem bent hefur verið á, að kostnaðurinn er orðinn allt of mikill,“ segir Þórdís.

Tæplega 16 milljarðar eru áætlaðir í málaflokkinn fyrir árið 2024. Spurð hvort það muni standast, í ljósi þess hvernig fór í fyrra, segir Þórdís að því fyrr sem íslenska regluverkið verður samræmt því sem er á Norðurlöndum, því fyrr muni það hafa áhrif á kostnaðinn.


„Við náum ekki tökum á því með því að fjölga í kærunefndum eða fjölga starfsfólki. Það þarf að klára það verkefni að taka út úr íslenskum lögum séríslenskar reglur þannig að við séum með mjög hreinan samanburð á því regluverki sem við erum með hér og í löndunum í kringum okkur.“

Hún nefnir að huga þurfi að því hvert fjármunirnir fara og hvers konar fjárfesting þetta er í mannauði og fyrirkomulagi. Sérstaklega í ljósi þess að stór hluti þessa fólks fer af landi brott aftur.

„Í allri umræðu um innflytjendur almennt ættum við að leggja meiri áherslu á það hvernig okkur gengur að taka á móti fólki sem hingað vill

### Raunútgjöld til útlendingamála

2012-2023, milljarðar króna



Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir

flytja, er hér að vinna og með börn í skóla. Hvernig metum við menntun og reynslu fólks sem hingað flytur til þess að taka þátt í okkar samfélagi? Og þar getum við sannarlega gert betur.“

Guðrún vakti athygli á því í gær að á síðustu tíu árum hefur umsækjendum um alþjóðlega vernd fjölgað um 3.700% hér á landi. Séu ukráinskir hælisleitendur teknir út fyrir svigann sé aukningin enn 2.000%. Þá sagði hún að Ísland bæri ekki lengur þann mikla fjölda hælisleitenda sem koma til landsins.

### Stjórnlaus ríkisstjórn

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir formaður Viðreisnar segir við Morgunblaðið að stjórnleysi skilgreini hvernig ríkisstjórnin taki á útlendingamálum.



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

Hún segir að stefnan þurfi að vera mennsk en á sama tíma raunse.

„Við í Viðreisn höfum í þessu, sem öllum öðrum málum, bent á að það þurfi aðhald í ríkisrekstri. Þetta mál er ekki undanskilið. Það sem hins vegar einkennir þennan málaflokk er stefnuleysi og stjórnleysi sem birtist í þessari miklu útgjaldaþenslu til málaflokksins,“ segir Þorgerður.

Hún segir að skipta þurfi um ríkisstjórn svo hægt sé að taka ákvarðanir. Hún bendir á að Sjálfstæðisflokkurinn hafi haldið um taumana á bæði fjármála- og dómsmálaráðuneytinu síðustu ár.

„Það skiptir máli til að við náum einhverjum tökum á þessu að allir flokkar, þvert á hið pólitíska litróf, komi sér saman um þær breytingar sem þarf að gera,“ segir Þorgerður og nefnir að Viðreisn hafi þegar lagt það til.

Þorgerður ítrekar að móttökur þurfi að vera góðar fyrir þá sem vilji taka þátt í íslensku samfélagi og leggur áherslu á að hjálpa fólki að samlagast samfélaginu.

„Þá verðum við líka að horfast í augu við það að við getum ekki tekið við öllum. Landið er ekki lokað en það er heldur ekki galopið og það verður bara að vera raunsaett mat á því,“ segir hún.

# Leit að jarðhita hefst á Álftanesi

## ● Vísbendingar eru um jarðhita þar

Sigtryggur Sigtryggsson  
sisi@mbl.is

Veitur munu hefja jarðhitaleit á Álftanesi í næstu viku. Boraðar verða níu rannsóknarholur.

Vísbendingar eru um að Álftanesi sé að finna jarðhita nýtanlegan til húshitunar og vilja Veitur kanna það nánar.

Borun hverrar holu tekur að jafnaði einn til þrjú daga og leitast verður við að halda ónæði í lágmarki og tryggja öryggi, að því er fram kemur í tilkynningu á heimasíðu fyrirtækisins.

Þetta eru grannar holur sem ná niður á 60 til 100 metra dýpi. Þær eru boraðar með léttum bortækjum á beltum, svo að ekki er þörf á vegagerð eða sérstökum borplönnum.

Einungis er um rannsóknir að ræða á þessu stigi málsins og niðurstöður þeirra ráða mestu um framhaldið og hvenær það yrði.

Verkefnið er unnið í samráði við landeigendur á svæðinu, að því er fram kemur á heimasíðu Veitna. Á heimasíðunni má sjá kort með staðsetningu borholanna.

Samkvæmt kortinu stendur



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Álftanes Ekki stendur til að leita að heitu vatni í nágrenni Bessastaða.

ekki til að leita jarðhita í nágrenni forsetasetursins á Bessastöðum.

Veitur reka hitaveitu sem þjónar stærstum hluta höfuðborgarsvæðisins. Eftirspurn eftir heitu vatni eykst stöðugt í takt við fjölgun íbúa og aukningu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis. Heita vatnið kemur í dag frá jarðvarmavirkjunum ON á Hellisheiði og Nesjavöllum og fjórum lághitasvæðum innan höfuðborgarsvæðisins.

„Við leitum nú að viðbótar lághitaauðindum á svæðinu til að auka aflgetu hitaveitunnar og bæta rekstraröryggi hennar,“ segja Veitur.

Húðfegrin býr yfir 23 ára reynslu í húðmeðferðum

## Gelísprautun

Gelísprautun er örugg og náttúruleg meðferð framkvæmd af hjúkrunarfræðingum Húðfegrunar með hreinasta fylliefninu á markaðnum í dag.



Skannaðu mig



Fylling í varir  
Mótar andlitsdrætti  
Grynnkar línur og hrukkur



Húðfegrin

Tímapantanir í síma 533 1320 | Vegmúli 2 | www.hudfegrin.is





# HEILSUTVENNA LYFJU

## Fyrir þína heilsu

Snjallhringur og blóðsykursmælir frá Ultrahuman



**15%  
AFSLÁTTUR**

**Tilboðsverð: 77.990 kr.**

Verðmæti: 91.988 kr.

Tilboðið gildir frá 8.-15. febrúar.

Hringurinn fæst í gylltum, silfrudum og möttum svörtum lit og kemur í 10 stærðum.



kíktu á snjallhringinn og blóðsykursmælirinn



### HEILSAN Í ÞÍNUM HÖNDUM



Snjallhringurinn frá Ultrahuman getur hjálpað þér að bæta svefninn, stjórna orku og bæta endurheimt. Hringurinn er léttur, þunnur og ofnæmisprófaður.

Blóðsykursmælirinn frá Ultrahuman mælir blóðsykurinn allan sólarhringinn í 14 daga samfelld. Mælirinn getur hjálpað þér að laga mataræðið að þínum líkama.

Þú færð allar upplýsingar frá snjallhringnum og blóðsykursmælinum í eitt app sem veitir þér innsýn í þína heilsu.





## STAKSTEINAR

## Ógnarvöxtur hjá hinu opinbera

Viðskiptaþing er haldið í dag og af því tilefni kom út sérítt með Viðskiptablaðinu, þar sem Gunnar Úlfarsson, hagfræðingur ráðsins, skrifar afar athyglisverða grein um opinber umsvif hér á landi, en ráðið hefur látið gera úttekt á þeim.



Gunnar Úlfarsson

Á hlutverki hins A opinbera má hafa ýmsar skoðanir en þjóðin hlýtur þó að vera á einu máli um að það eigi ekki að vasast í samkeppnisrekstri og eins að það megi ætlast til þess að starfsemin sé skilvirk og án sóunar.

EKKI er það þó alltaf svo: „Við berum okkur gjarnan saman við Norðurlöndin í ýmsu tilliti. Hvað ríkisfjármálin varðar kemur í ljós að opinberar skuldir eru hlutfallslega hærrí og afkoman lakari. Vert er að minnast á að íslenska þjóðin er enn hlutfallslega ung, sem dregur úr þrýstingi á útgjöld til heilbrigðismála, og ólíkt öðrum Norðurlandþjóðum rekur Ísland ekki her. Að ofanverðu virtu virðist því sem svo að við fáum minna fyrir meira.“

Umsvifin eru líka umhugsunarverð, en á liðnu ári voru starfsmenn í eiginlegum opinberum rekstri rúmlega 46 þúsund, eða um fjórðungur vinnumarkaðarins. En þar við bitast nokkur þúsund opinberra starfsmanna í tekjuskapandi áhætturekstri, iðulega í beinni samkeppni við einkarekstur. Mest sláandi er þó sjálfsagt það að frá aldamótum hefur íbúum landsins fjölgað mikið og vinnumarkaðurinn stækkað. Þar hefur starfandi í einkageira fjölgað um heil 28%. Sem er ekkert hjá hinu opinbera, þar sem þeim fjölgaði um 60%.

Hægt er að lýsa skoðun á ritstjórnargreinum Morgunblaðsins á slóðinni [www.mbl.is/mogginn/leidarar](http://www.mbl.is/mogginn/leidarar)

## Kjarasamningur samþykktur

● 70% flugumferðarstjóra kusu með samningnum ● Félagsfólk misánægt

Helena Björk Bjarkadóttir  
helena@mbl.is

Félagsmenn í Félagi íslenskra flugumferðarstjóra samþykktu í gær skammtímakjarasamning. Hann var samþykktur með 70% greiddra atkvæða en kjörsókn var um 95%.

Þetta staðfesti Arnar Hjálmsón, formaður Félags íslenskra flugum-

ferðarstjóra, í samtali við Morgunblaðið í gær. Félagið og Isavia náðu samkomulagi um nýjan skammtímakjarasamning í síðustu viku. Um er að ræða samning sem tók gildi 1. janúar og er til eins árs.

## Skiptar skoðanir

Spurður hvort flugumferðarstjórar séu sáttir við samninginn segir Arnar



Morgunblaðið/Arnpó

Samið Arnar Hjálmsón er formaður félags flugumferðarstjóra.

það vera mismunandi eins og niðurstöður gefi í skyn.

„Það eru ekkert allir alsælir en svona virkar þetta. Stemningin er ekkert slæm en fólk er misjafnlega sátt eins og gengur og gerist,“ bætir hann við.

## Vinna að langtímasamningi

Samþykktur kjarasamningur gildir út þetta ár. Arnar segir hluta af honum vera verkáætlun sem eigi að vinna eftir á þessu ári. Sú vinna hefst fljótlega, auk þess sem vinna við langtímasamning hefst strax.



## Hjarta heimilisins

Við hönnum innréttingar að þínum þörfum

FRÍFORM  
2000 - 2024

Mán. — Föst. 10—17  
Laugardaga 11—15

Fríform ehf.  
Askalind 3,  
201 Kópavogur.  
562—1500  
Friform.is.

## Læknar upplifa skort á samráði

## ● Þaggað niður í læknum að mati LÍ

Læknar upplifa í auknum mæli samráðsleysi við sig við mótun heilbrigðiskerfisins og störf innan þess og hafa áhyggjur af þessari þróun. Breytingar séu boðaðar á störfum þeirra án aðkomu þeirra og vægi þeirra hafi minnkað, nú síðast við gerð frumvarps um breytingu á lyfjalögum sem kynnt voru sl. haust. Enginn læknir er í föstu starfi í heilbrigðisráðuneytinu.

Þetta er meðal þess sem fram kemur í viðtali í Læknablaðinu við Steinunni Þórðardóttur, formann Læknafélags Íslands (LÍ), og Dögg Pálsdóttur framkvæmdastjóra félagsins. Þær segja lífsspursmál fyrir heilbrigðiskerfið að læknar séu hluti af lausn á vanda þess. Dögg segir í viðtalinu að það sé upplifun margra lækna að með markvissum hætti virðist vera reynt að eyða orðinu læknir út úr lögum, þannig að í lögum standi aðeins orðið heilbrigðisstarfsmaður.

„Smátt og smátt virðist verið að setja eðlileg verkefni lækna í hendur annarra heilbrigðisstétta, verkefni sem aðrar heilbrigðisstétir hafa oftast en ekki engar forsendur til að sinna,“ segir hún í viðtalinu og bendir á að frumvarpið

um breytingu á lyfjalögum galopni heimildir ráðherra til að leyfa öllum heilbrigðisstéttum að skrifa út lyf. Þessi ákvörðun hafi ekki verið nefnd einu orði við lækna.

Steinunn segir grafalvarlegt að ekki sé tryggt að í það minnst einn fastráðinn læknir sé í heilbrigðisráðuneytinu og þær segja læknafélagið sakna læknaráðs Landspítalans. Afnáam læknaráða hafi þaggað niður í læknum. Dögg segir að ólögandið læknaráð Landspítala hafi ekki sama vægi og njóti ekki sama stuðnings og lög bundnu læknaráðinu gerðu. Steinunn segir þetta spurningu um vilja til að eiga samráð. Félag sjúkráðslækna hafi tekið kyndilinn en standi þó í mótbyr, félagið hafi beðið um fund með stjórn Landspítalans en verið hafnað.

„Við lítum þann atburð mjög alvarlegum augum. Þarna er stjórn spítalans að neita að hlusta á rödd samtaka lækna innan stofnunarinnar. Læknar á hefði getað farið fram á þennan fund. Læknar virðast þannig ekki hafa rödd gagnvart stjórninni aðra en áheyrnarfulltrúa starfsmanna,“ er haft eftir Steinunni. [omfr@mbl.is](mailto:omfr@mbl.is)





ÚRVAL ÚTSÝN

NÝTTU ÞÉR  
BÓKUNARAFSLÁTT

# ALMERÍA Í SUMAR

Fjölskylduparadís í Andalúsíu

## PIERRE VACANCES ROQUETAS DE MAR

★★★



**6. - 17. JÚNÍ** Íbúð með 2 svefnherb. án fæðis  
Frábær garður með sundlaug og barnalaug!  
Staðsett rétt hjá golfvelli og stutt frá strönd!  
Góð íbúðargisting fyrir fjölskyldur!

## HOTEL PLAYACAPRICHIO

★★★★



**6. - 17. JÚNÍ** Tvíbýli m. hálfu fæði  
**Skemmtidagskrá, krakkaklúbbur** og fjöldi sundlauga  
með rennibrautum! Staðsett við strönd,  
Veitingastaður og fallegt útsýni yfir hafið!

## MEDITERRANEO BAY HOTEL & RESORT

★★★★



**17. - 27. JÚNÍ** Tvíbýli m. hálfu fæði  
Glæsileg 1.100 fermetra sundlaug með  
rennibrautum! **Krakkaklúbbur og skemmtidagskrá**  
fyrir alla fjölskylduna!

## PLAYASOL AQUAPARK & SPA

★★★★★



**17. - 27. JÚNÍ** Superior tvíbýli m. hálfu fæði  
Sundlaugargarður og rennibrautir á staðnum!  
**Skemmtidagskrá** er fyrir alla aldurshópa.  
**Krakkaklúbbur, heilsulind og fleira!**

## HOTEL BEST ROQUETAS

★★★★★



**27. JÚNÍ - 8. JÚLÍ** Íbúð m. 1 svefnherb. án fæðis  
Góð íbúðargisting sem er vel staðsett við strönd,  
garður með sundlaug og rennibrautum!  
**Skemmtidagskrá** fyrir alla fjölskylduna!

## PLAYALINDA AQUAPARK & SPA

★★★★★



**8. - 18. JÚLÍ** Tvíbýli m. hálfu fæði  
Vel staðsett við strönd, góður garður með flottri  
sundlaug og rennibrautum! **Skemmtidagskrá** fyrir  
alla fjölskylduna!

## ZOIRADA BEACH RESORT

★★★★★



**18. - 27. JÚLÍ** Junior svíta, **allt innifalið!**  
Staðsett alveg við strönd! Stór sundlaugargarður,  
**skemmtidagskrá** fyrir alla fjölskylduna, tennisvöllur  
og **krakkaklúbbur!**

## NEPTUNO HOTEL

★★★★★



**29. JÚLÍ - 8. ÁGÚST** Íbúð m. 1 svefnherb. án fæðis  
**Skemmtidagskrá, krakkaklúbbur** og stutt frá strönd!  
Flottar sundlaugar, sólbaðsaðstaða og heilsulind  
bíða þín á Almería.

# 20.000 kr.

afsláttur á bókun með kóða:

# ALMERIA24

Gildir til 16. febrúar

## Sjáðu meira á [urvalutsyn.is](http://urvalutsyn.is)

ÞEÐ ERU BIRT MÍÐ FRYRVARA UM PRENTVILLUR OG STAFABEINGL.



# Hagfelld áhrif á þróun ríkisskulda

- Forstöðumaður Lánamála ríkisins segir batnandi verðbólguhorfur lækka vaxtakostnað ríkisins
- Vaxtakostnaður fari lækkandi ● Kveðst vongóður um að verðbólgan lækki frekar í febrúar

## BAKSVIÐ

Baldur Arnarson  
baldura@mbl.is



Batnandi verðbólguhorfur hafa hagfelld áhrif á skuldastöðu og vaxtakostnað ríkissjóðs, segir Björgvin Sighvatsson, forstöðumaður Lánamála ríkisins.

„Frá vaxtaákvörðun Seðlabankans í nóvember hefur óverðtryggð krafa ríkisbréfa lækkað um allt að 60 punkta, eða um 0,6%, en verðtryggða krafan staðið nokkurn veginn í stað. Með öðrum orðum hafa verðbólguvæntingar markaðarins verið að minnka frá ákvörðuninni í nóvember,“ segir Björgvin.

Peningastefnufnd Seðlabanka Íslands ákvað í gær að halda vöxtum bankans óbreyttum. Þótt verðbólga væri þrálát hefur verðbólguhorfur batnað.


### Samtals fyrir 120 milljarða

Björgvin segir vaxtakostnað ríkissjóðs að lækka.

„Ríkissjóður tilkynnti í lok síðasta árs að hann myndi gefa út ríkisbréf fyrir samtals 120 milljarða á innlendum markaði á þessu ári. Jafnframt var tilkynnt að af þessum 120 milljörðum væri áætlað að gefa út 30-45 milljarða á fyrsta ársfjórðungnum. Með öðrum orðum þá vildum við eiga kost á því að vera framhlaðin í útgáfunni í upphafi ársins. Nú er febrúar nýbyrjaður og af þessum 30-45 milljörðum, sem við áætluðum að gefa út á þessum fjórðungi, erum við búin að gefa

## Breyting á mánaðarlegri verðbólgu

%-breyting frá fyrra mánuði



út 24 milljarða í einungis tveimur útboðum. Þannig að við erum að nálgast neðri mörkin fyrir fjórðunginn. Það má því segja að okkur hafi gengið mjög vel í útgáfunni þá sem af er ári, þótt reyndar sé aðeins mánuður liðinn af árinu,“ segir Björgvin.

### Eiga eftir fjögur útboð

Hann segir fjögur útboð eftir til að ná því markmiði að gefa út 35-40 milljarða á fjórðungnum, en þeir séu að jafnaði með tvö útboð í mánuði og eigi því fjögur útboð eftir þar til í lok mars. „Sem áður segir hefur óverðtryggða krafan verið að lækka frá vaxtaákvörðun í nóvember sem eru jákvæð merki þegar kemur að fjármögnunarkostnaði fyrir ríkissjóð. Fyrstu viðbrögð við ákvörðun

## Þróun ríkisskulda

Frá desember 2022 til desember 2023

Milljarðar króna*	des. 2022	des. 2023	Breyting
Óverðtryggðar skuldir	653	668	15
Verðtryggðar skuldir	603	692	89
Erlendar skuldir	315	266	-49
Samtals	1.570	1.625	55
... sem % af VLF	42,3%	38,8%	-3,5
Hrein skuld ríkissjóðs sem % af VLF	31,5%	29,7%	-1,8

peningastefnufndarinnar um að halda stýrivöxtum óbreyttum í gær leiddu til þess að óverðtryggð krafa ríkisbréfa hélt aðeins áfram að

lækka. Það má segja að vaxtakostnaður ríkissjóðs vegna útgáfu ríkisbréfa fari lækkandi,“ segir hann. Verðbólgan í janúar var 6,7%. Mun

það hafa áhrif á kröfuna í verðtryggðum og óverðtryggðum lánum ef verðbólgan lækkar meira?

### Lækkar verðbæturnar

„Það hefur þá þau áhrif að lækka verðbæturnar sem falla á verðtryggðu bréfin sem ríkissjóður þarf að borga, en ríkissjóður þarf að borga verðbætur á bæði vexti og höfuðstól. Og þegar verðbólgan fer niður þá lækkar vaxtakostnaðurinn af þessum verðtryggðu lánum, sem og vaxtakostnaðurinn vegna nýrra óverðtryggðra lána. Það er líka áhugavert að síðasta verðbólguvænting sýndi að verðbólgan lækkaði um 0,16% í janúar en jókst um 0,85% á sama tíma fyrir ári. Þá var febrúarmælingin fyrir ári líka mjög há, eða 1,39%, en það var hæsta staka mánaðarmælingin á öllu árinu 2023.“

Má því ætla að verðbólgan lækki frekar í febrúar?

„Já. Miðað við hvað febrúarmæling Hagstofunnar var há í fyrra væri ég frekar vongóður um að við myndum sjá hana lækka í næstu verðbólguvæntingu síðar í þessum mánuði,“ segir Björgvin og vísar í verðbólguvæntingunni hér til hliðar fyrir árin 2017-2024. Þar má sjá hvernig dökkbrúna súlan fyrir janúar 2024 lækkar.

Þá sýnir dökkbláa súlan fyrir febrúar í fyrra mikla hækkun í þeim mánuði. „Síðustu árin hefur verðbólga í febrúar mælst í kringum 1%. Hún fór yfir 1% í þeim mánuði 2022 og 2023 og lá í tæpu prósentu 2020,“ segir Björgvin að lokum.

# orka

## Er sprunga í framrúðunni?

“Við skiptum um bílrúður fyrir öll tryggingarfélög

Mætir & sækir samdægurs

### VISSIR ÞÚ?

Ef það er hægt að gera við framrúðuna án þess að skipta er það að kostnaðarlausu fyrir tryggingartaka

Bókaðu tíma á orka.is | 586-1900 | Stórhöfða 37



# Áfram aukin ógn

● Mest ógn af öfgahyggju ● Hætta vegna hryðjuverka á þriðja stigi af fimm ● Engir starfandi hryðjuverkahópar

Hryðjuverkaógn á Íslandi er áfram á þriðja hættustigi af fimm á þessu ári, samkvæmt nýju mati greiningardeildar ríkislögreglustjóra, en þriðja stig merkir aukna ógn.

Ógn vegna hugsanlegra hryðjuverkaárása stafar fyrst og fremst frá einstaklingum, sem fyrir sakir þess að aðhyllast ofbeldisfulla öfgahyggju og bera hatur til samfélagsins eru reiðubúnir að fremja hryðjuverk.

## Samræming hættustigs

Í skýrslu greiningardeildarinnar er fjallað um breytingar á skilgreiningu hættustigs vegna hryðjuverkaógnar en vinna við breytingarnar hefur staðið yfir í töluverðan tíma.

Hættustig á Íslandi er nú í samræmi við skilgreiningar um hættustig flestra samstarfsríkja Íslands. Farið er ítarlega yfir þær hættur sem horft var til við gerð matsins og þá þróun sem hefur orðið meðal einstaklinga og hópa sem aðhyllast ofbeldisfulla



Morgunblaðið/Eggert

## Aukin ógn Sérsvéitin að störfum.

öfgahyggju. Gerð er grein fyrir hugsanlegri framtíðarþróun hryðjuverkaógnar á Íslandi og þeim drifkröftum sem geta haft áhrif þar á.

Í skýrslunni eru tengsl lýðskrums, upplýsingaóreiðu og öfgahyggju skoðuð en saman mynda þessir þættir samtengda öryggisógn sem samhlíða örri tæknipróun geta haft neikvæð

áhrif til langs tíma, ekki síst með tilkomu risavaxinna gervigreindarknúinna tungumálalílkana.

Hvorki eru vísendingar um að hryðjuverkahópar séu starfandi á Íslandi né að íslenskir hryðjuverkahópar séu starfræktir erlendis.

## „Hryðjuverkamálið“ og tengsl manns við Ríki íslams

Fyrsta ákæran hér á landi vegna brota á hryðjuverkaákvæði hegningarlaga var gefin út árið 2022. Í málinu er ákært vegna ætlaðrar tilraunar til hryðjuverka en aðalmeðferð í málinu hefst fyrir héraðsdómi á morgun.

Þá var fjölskyldu vísað úr landi í janúar vegna upplýsinga erlendra samstarfsaðila lögreglunnar um að faðirinn hefði starfað með Ríki íslams. Engin mál hafa komið upp hérlandis sem tengjast fjármögnun hryðjuverka eða stuðningi við hryðjuverkastarfsemi.

Nýtt frá M I C H A

## Léttir jakkar og vesti



Jakki kr. 17.990.-  
Vesti kr. 13.900.-



Bæjarlind 6 | Sími 554 7030 | Við erum á facebook

**STÓR ÚTSALA VERÐHRUN**

Skoðið netverslun laxdal.is

Laxdal er í leiðinni

**BERNHARD LAXDAL**  
Skiþholti 29b • S: 551 4422

[mbl.is](http://mbl.is) Atvinna

**MAMA B - VOR 2024**

MÖRKIN 6 - 108 RVK  
OPIÐ: MÁN-FIM: 11-18 - FÖS: 11-17  
LAU: LOKAÐ

SPENNANDI

[www.spennandi-fashion.is](http://www.spennandi-fashion.is)  
S:781-5100

**Alltaf eitthvað nýtt og spennandi**

ZHENZI Kogle opin peysa Verð 13.990 kr.  
ZHENZI Kiana mynstruð tunika Verð 9.990 kr.  
ZHENZI Lilly tunika Verð 9.990 kr.  
ZHENZI Lyric mynstruð kjóll Verð 12.990 kr.  
IVY BEAU Sibba langermabolur Verð 5.980 kr.  
YESTA Roberta rúllukragapeysa Verð 10.980 kr.  
ES&SY Merca opin peysa Verð 5.980 kr.  
ZE ZE Albi Kápa Verð 21.990 kr.

**belladonna**

Dalvegur 30 | 201 Kópavogur | sími 517 6460 | VersluninBelladonna | Netverslun á [www.belladonna.is](http://www.belladonna.is)





Morgunblaðið/Árni Sæberg

**Viktor Elí Hann** borðaði átta hákarlsbita í röð hjá ömmu.



Morgunblaðið/Kristín Heiða

**Sprell Katla** setti hákarl á öxl mömmu, sem fannst lyktin vond.



Morgunblaðið/Kristín Heiða

**Katla Henni** finnst hákarl æðislega góður á bragðið.

# Gallharðar bráðungar hákarlaætur

Nú þegar þorinn bitur svona líka hressilega er gott að graðga í sig þorramat. Þau eru ekki mörg börnin sem finnst kæstur hákarl vera sæl-gæti, en Katla og Viktor Elí eru þar á meðal.

Kristín Heiða Kristinsdóttir  
khk@mbl.is

Mér finnst hann æðislega góður á bragðið, en lyktin af honum er samt frekar vond," segir Katla Sól Jökulsdóttir, fimm ára stelpa sem er sólgin í kæstan hákarl. „Ég var þriggja ára þegar ég fékk fyrst að smakka hákarl, það var í leikskólanum Baugi í Kópavogi og þá var settur þorramatur í nokkrar skálar fyrir okkur krakkana til að smakka. Ég smakkaði allt og mér fannst hákarlinn strax mjög góður,



Morgunblaðið/Árni Sæberg

**Prófa Óliver Nói**, fjögurra ára, lét sig hafa það að smakka hákarl og Viktor Elí stóri bróðir fylgdist spenntur með.

mér fannst hann ekki góður," segir Katla, sem stundum fær að prófa að spila á bassann hjá afa sínum. Ragnheiður mamma hennar segir Kötlu mjög músíkalska og að hún hafi afar fallega söngrödd.

„Ég fæ aldrei hákarl hér heima hjá mér," segir Katla og lítur ásökunaraugum á móður sína og til refsingar klínir hún í kjól hennar hákarlaklistruðum fingrum sínum. „Engum öðrum en mér í minni fjölskyldu finnst hákarl góður," segir Katla, sem reynir að fá litla bróðir sinn, Úlf, sem er tveggja ára, til að smakka, en hann hrekkur frá lyktinni og lætur ekki plata sig. Harðneitar að koma nálægt þessum molum.

## Ég elska líka kæsta skötu

„Í gær borðaði ég átta hákarlsbita í matarboði hjá langömmu úr sveitinni, hún kom suður með þorramat og ég og einn frændi minn, sem er ári eldri en ég, fórum í keppni um hvort gæti borðað fleiri bita. Hann gat borðað sex bita, svo að ég vann. Litli bróðir minn, Óliver Nói, borðaði einn bita, það var í fyrsta sinn sem hann borðaði heilan hákarlsbita, hann er bara fjögurra ára," segir Viktor Elí Bjarnason, sex ára grunnskólanemi í fyrsta bekk í Hörðuvallaskóla í Kópavogi.

„Ég var tveggja ára þegar ég smakkaði í fyrsta sinn hákarl, það var í leikskólanum og mér fannst hann bara mjög góður. Um daginn var þorramatur í skólanum mínum og sumir krakkar hentu hákarli á gólfíð, þeim fannst hann svo vondur og þau skilja ekki að mér finnst hann góður. Einn annar strákur vildi borða hákarl, hann heitir Bjarki og er bekkjarbróðir minn. Mér finnst allur þorramatur góður, líka súru hrútsþungarnir, blóðmör, harðfiskur og flatbraud. Ég hef líka smakkað súrt hvalrengi og fannst það bara gott. Það eina sem mér finnst ekkert mjög gott er sviðasulta," segir Viktor Elí, sem á ekki langt að sækja aðdáun sína á þorramat, því faðir hans, Bjarni Freyr, kann að vel að meta slíkan mat.

„Ég hef borðað allan þorramat frá því að ég var krakki," segir Bjarni, sem er alinn upp á Húnsstöðum rétt utan við Blönduós. „Þar hékk hákarl ævinlega uppi í vélaskemmu og við vorum alltaf að gæða okkur á þessu góðgæti, skárum okkur flis nánast allt árið um kring. Afi minn fékk þennan hákarl hjá kunningjum sínum fyrir vestan. Mér er minnisstætt þegar ég var í grunnskóla og við fórum að heimsækja Bjarnarhöfn rétt utan við Stykkishólm, þar sem hinn frægi Hildibrandur verkaði hákarl, við fengum að sjá hvernig það fór fram," segir Bjarni Freyr, sem borðar allan mat. „Viktor Elí hefur það frá mér, hann hefur alltaf viljað prófa að smakka allt. Honum finnst kæst skata líka mjög góð. Aftur á móti eru hin tvö á heimilinu, Tinna mamma hans og litli bróðir, ekkert fyrir þorramat."

Óliver Nói ákvað samt að láta sig hafa það að smakka í annað sinn einn hákarlsmola, vildi ekki vera eftirbátur stóra bróður, en erfiðlega gekk að koma honum niður, enda fannst honum hann vondur.

## LÍFEYRISSPARNAÐUR OG LEIÐRÉTTINGAR

Hver eru áhrifin á frjálsan sparnað heimila?

Samtök sparifjáreigenda efna til opins morgunverðarfundar á Hótel Reykjavík Natura – Berjaya Iceland Hotels (Hótel Loftleiðir) miðvikudaginn 14. febrúar kl. 8.15.



Á fundinum mun Sigurður Páll Ólafsson hagfræðingur greina frá rannsóknum sínum á sparnaði og sparnaðarhegðun almennings.

Morgunverður í boði samtakanna frá kl. 7.45

Fundurinn er öllum opinn

Samtök sparifjáreigenda

ég kláraði úr skálinni og leikskólakennarinn varð mjög hissa. Flestir krakkarnir sem smökkuðu grettu sig ógurlega og spýttu hákarlinum út úr sér, þeim fannst hann svo vondur, nema Baldri vini mínum, honum finnst hákarl góður eins og mér. Hann er líka fimm ára," segir Katla, sem er ekki hrifin af harðfiski, sviðum, súrmeti eða öðrum þorramat, aðeins kæsta hákarlinum, en reyndar finnst henni hangikjöt gott.

Katla er nýflutt á Selfoss úr Kópavogi og hún segist hafa orðið fyrir miklum vonbrigðum um daginn þegar tilkynnt hafði verið í leikskólanum sem hún er nýbyrjuð í á nýjum heimaslóðum að þau krakkarnir myndu fá þorramat næsta dag til að fagna þorranum.

„Ég hlakkaði svo mikið til og var mjög spennt þegar ég vaknaði daginn eftir, ég kallaði til mömmu: Mamma! Ég fæ hákarl í dag! En því miður var enginn hákarl, heldur bara hangikjöt, lifrarpýlsa og harðfiskur. Ég varð mjög leið yfir þessu og þegar ég spurði af hverju það væri enginn hákarl var mér sagt að það væri aldrei hákarl hjá þeim."

Afi Kötlu er hinn landsfrægi tónlistarmaður Pálmi Gunnarsson og hann varð óskaplega ánægður þegar hann frétti að Katla, þá þriggja ára, væri sólgin í hákarl.

„Hann fékk hreinlega stjórnur í augun þegar ég sendi honum myndband þessu til sönnunar á sínum tíma. Honum fannst Katla algjör töffari," segir Ragnheiður, móðir Kötlu og dóttir Pálma.

„Afi passar alltaf að eiga hákarl til að gefa mér þegar ég kem í heim-sókn til hans. Fyrir mig er það eins og að fá nammi. Reyndar átti hann engan hákarl þegar ég kom til hans um daginn og þá var ég smá svekkt. Hann er búinn að lofa að næst þegar ég kem þá geti hann boðið mér upp á hákarl, sem við borðum þá saman. Einu sinni var hann með tvær hákarlskrukkur og í annarri var miklu sterkari og meira kæstur hákarl,



Hugmyndir  
breyta heiminum

**Þónping 2024**

Taktu daginn frá!

**Silfurberg, Hörpu**

Fimmtudagur 7. mars, 14 - 16

Léttar veitingar að þingi loknu.



Skráning á [si.is](https://si.is)  
eða skanna kóðann





# Heimilislæknar með átak gegn pappírsvinnu

● Heilsugæslan hættir að skrifa tilvísanir á barnalækna ● Að engu haft

Sigurður Bogi Sævarsson  
sbs@mbl.is

Heimilislæknar hætta á næstu dögum að skrifa tilvísanir vegna þeirra sem þurfa þjónustu barnalækna. Á síðasta ári skrifuðu heilsugæslulæknar á höfuðborgarsvæðinu alls 18 þúsund slíkar beiðnir, sem þeir vita þó að hafa ekki marktækt gildi enda eru þetta skjöl sem fyrst og fremst eru send formsins vegna.

Hjá barnalæknum gildir að börn eru tekin inn eftir biðlista og bráðleika veikinda þeirra. Þjónustan fæst svo endurgreidd frá Sjúkratryggingum Íslands eftir nánari reglum þar um.

„Við læknar þurfum að forgangsraða í störfum okkar því allt of mikill tími fer í pappírsvinnu sem best væri að hætta. Nú ætlum við að taka málin í eigin hendur og skapa þrýsting,“ segir Margrét Ólafía Tómasdóttir, formaður Félags íslenskra heimilislækna. Hún er jafnframt heimilislæknir við heilsugæslustöðina á Kirkjusandi í Reykjavík og þekkir því vel til þessara mála.

„Athuganir sýna að 50-60% af daglegum vinnutíma lækna er fyrir framan tölvuna. Vissulega er slíkt nauðsynlegt upp að vissu marki en þetta verður að minnka þannig að við höfum meiri tíma í klíniska vinnu í þágu skjólstæðinga okkar,“ segir Margrét Ólafía. Heimilislækna segir hún margt hafa óskað eftir því við heilbrigðisráðuneytið og Sjúkratryggingar Íslands að skapa svigrúm til breytinga þannig að minnka megi skrifinnsku og pappírslóð. Slíkt hafi þó ekki náð í gegn.

„Í þeim tilvísunum sem heilsugæslan skrifar til barnalækna geta verið mikilvægar upplýsingar um heilsufar. Þegar þau bréf eru svo að engu höfð heldur fara í bunka



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Læknir Meiri tími fari í klíniska vinnu, segir Margrét Ólafía.

sem lítið er sinnt verður öryggið falskt,“ segir hún.

Vottorð vegna fleiri atriða en fyrr eru nefnd mega og þurfa að missa sín að sögn Margrétar Ólafíu; allt til þess að gera störf lækna markvissari. Nefnir hún þar pappíra sem þarf þegar leitað er til velferðarþjónustu sveitarfélaga, staðfestingu á ofnæmi barna vegna sérfaðis í skólamótuneytum og vottorð sem skólar og vinnuveitendur kalla eftir. Hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins telst fólki svo til að þrjú ársverk lækna fari í að skrifa tilvísanir til barnalækna og átta ársverk í beiðnir um sjúkraþjálfun.

„Biðtími eftir tíma hjá heimilislækni í dag á stofu er að jafnaði fjórar vikur, sem er allt of langt. Í heilsugæslunni er samband læknis og skjólstæðings til lengri tíma mjög fyrirbyggjandi; fækkar innlögnum á sjúkrahús og lengir líf. Því þarf að styrkja hinn klíniska þátt starfs okkar með því að létta á pappírsvinnu,“ segir Margrét Ólafía.



Staðarskáli Rafhleðslustöðvar N1 við þessa vinsælu þjóðvegavegasjoppu í Hrutáfirði eru fremst á myndinni.

## N1 og Tesla fjölga rafhleðslustöðvum

● 150 ný staði sett upp í samstarfi fyrirtækjanna tveggja

Sigurður Bogi Sævarsson  
sbs@mbl.is

Þjónusta við notendur rafbíla verður styrkt til muna í samstarfi milli N1 og Tesla á Íslandi. Við þjónustustöðvar N1 víða um land verða á næstu tveimur árum settar upp á vegum Tesla hraðhleðslustöðvar í Borgarnesi, Ísafirði, Blönduósi, Egilsstöðum, Kirkjubæjarklaustri, Vík, Hveragerði og Keflavík og Hringbraut og Ártúnshöfða í Reykjavík. Fyrst í þessum flokki verður opnuð stöð við flugvöllinn í Keflavík, þar sem er nýr þjónustustaður N1 í Reykjanesbæ.

Hleðslugarðar Tesla við Staðarskála í Hrutáfirði og N1 í Fossvogi verða stækkaðir jafnhliða því sem að framan

er lýst. Þá mun N1 á eigin vegum setja upp níu nýja hraðhleðslugarða innan tveggja ára.

„Þarna eru við meðal annars að horfa á sjávarþorpin hringinn í kringum landið og ýmsa staði utan hringvegarins og allra fjölförnustu leiða. Við teljum mikilvægt að þar séu rafhleðslustöðvar, enda þurfa rafbílur að vera raunverulegur kostur allra,“ segir Ýmir Örn Finnbogason framkvæmdastjóri N1 í samtali við Morgunblaðið.

Samtals eru því áform um nítján nýja hraðhleðslugarða og verður hleðslustæðum við þjónustustöðvar N1 fjölgað um meira en 150 á innan við tveimur árum. „Ef orkuskipti á Íslandi eiga að verða að veruleika, það er að

rafmagn komi í stað jarðefnaeldsneytis sem orkugjafi bíla, þá þarf hröð handtök við fjölgun rafhleðslustöðva. Fólk á að geta komist leiðar sinnar um land allt án þess að hafa áhyggjur af því að rafmagnið á bílnum dugi ekki,“ segir Ýmir Örn og að síðustu:

**Enginn hleðslukvíði**

„Með hleðslustöðvum um allt land komum við í veg fyrir hleðslukvíða, sem ég hef kallað svo. Og þá þarf aðgerðir sem felast ekki eingöngu í því að hleðslugarðar séu víða; á hvern stað þarf nokkur tæki svo hægt sé að sinna álagstoppum, til dæmis á sumrin þegar umferð er mikil. Og þarna er N1 í góðri stöðu; svo margar eru stöðvar okkar.“

**ICEWEAR GARN**

Úrval af þrjónavörum, garni og uppskriftum á frábæru verði

@iceweargarn  
www.iceweargarn.is



Ljósmynd/Íslenska kokkalandslíðið

Matreiðsla Íslenska landsliðið fagnaði bronsinu í Stuttgart í gær.

## Íslenska kokkalandslíðið fékk brons

Íslenska kokkalandslíðið náði þriðja sætinu á Ólympíuleikunum í matreiðslu í Stuttgart. Úrslit voru kunngerð á lokahátíð leikanna í gær. Sviss hafnaði í öðru sæti en það voru frændur vorir Finnar sem hreptu fyrsta sætið og eru því Ólympíumeistarar í matreiðslu í ár.

Þetta jafnar árangur landsliðsins hér fyrir fjórum árum, en þriðja sæti er besti árangur sem Ísland hefur náð á leikunum. 55 þjóðir tóku þátt í leikunum í ár. Líðið keppti í tveimur keppnisgreinum. Fyrri keppnisgreinin fór

fram á sunnudag, „Chef's table“, tólf manna borð með 11 rétta matseðli, og í seinni greininni, sem fór fram í fyrradag, þurfti að afgreiða þriggja rétta matseðil fyrir 110 manns.

Líðið stóð sig mjög vel í báðum keppnisgreinum og hlaut gull-einkunn fyrir þær. Það þýðir að líðið skilaði meira en 91 stigi af 100 mögulegum. Lokaniðurstöður dómara voru svo birtar í gær. Þá voru samanlögð stig landanna fyrir báðar greinar lagðar saman og allar keppnisþjóðirnar bornar saman. [sjofn@mbl.is](mailto:sjofn@mbl.is)



# Hyundai TUCSON

## 4WD, Plug-in Hybrid



### Rafmögnuð hönnun. Fjór hjóladrif fyrir vetrarfærðina.

Byltingin heldur áfram. Tæknilega fullkominn og fjór hjóladrifinn Hyundai Tucson Plug-in Hybrid setur ný viðmið í hagkvæmni, þægindum og glæsilegri hönnun. Tucson er hlaðinn spennandi tækni og sjaldan hefur boðist jafn vel búinn og glæsilegur borgarjeppi á jafn hagstæðu verði. Komdu, skoðuðu og reynsluaktu.

Hyundai Tucson PHEV  
Verð frá: 7.490.000 kr.

[www.hyundai.is](http://www.hyundai.is)



Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | [www.hyundai.is](http://www.hyundai.is)

**7** ÁRA  
Ábyrgð  
Framtíðin er örugg

**8** ÁRA  
Rafhlöðu  
ábyrgðartrygging

Hyundai býður eina víðtækustu ábyrgð sem til er. Ábyrgð á öllum nýjum Hyundai bílum er sjö ár/150.000 km akstur, hvort sem kemur á undan. Átta ár/160.000 km ábyrgð er á rafhlöðum. Staðbundnir skilmálar gilda. Kaupandi greiðir fyrir reglulegt þjónustuefirlit hjá viðurkenndum aðilum. Kynntu þér allt um ábyrgðina á [hyundai.is](http://hyundai.is).



**329**

kr./stk.

Sulta  
þrjár tegundir



**799**

kr./pk.



Brakandi vængir



Saltkjöt  
valið

**3.398**

kr./kg



Saltkjöt  
blandað

**1.798**

kr./kg

Saltskert

**2.749**

kr./kg

**Nýtt**

BÓNUS  
**Kjúklinga  
bringur**

Fullelduð vara

BÓNUS  
**Kjúklinga  
læri**

Fullelduð vara

Bónus kjúklingabringur  
Bónus kjúklinglæri  
fullelduð

**BÓNUS**

Verð gildir til og með 11. febrúar eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.





**759**

**kr./pk.**

Bónus  
vatnsdeigsbollur  
10 stk.  
250 g

# Með bollunum í liði



Royal búðingur  
3x 300 g

**1.298**

**kr./pk.**

**597**

**kr./pk.**



Rjómi  
1ltr





Undirritun Árni Sigurjónsson og Sigurjón R. Rafnsson skrifa undir.

## Ganga í Samtök iðnaðarins

Samtök fyrirtækja í landbúnaði, SAFL, hafa gengið til liðs við Samtök iðnaðarins, SI, en samkomulag þess efnis hefur verið undirritað í Húsi atvinnulífsins.

Árni Sigurjónsson formaður SI og Sigurjón R. Rafnsson formaður SAFL skrifuðu undir samkomulagið.

Með samkomulaginu verða öll félög innan SAFL aðilar að SI og þar með Samtökum atvinnulífsins. Þannig bætast um tuttugu fyrirtæki í hóp 1.700 félagsmanna sem fyrir eru í Samtökum iðnaðarins. SAFL verða áfram fullgild félagsamtök með sjálfstæða stjórn, sjálfstæðan fjárhag og starfandi framkvæmdastjóra.

Fram kemur í tilkynningu að SAFL voru stofnuð í mars 2022 m.a. með það að markmiði að efla mynd og styrkja samkeppnisstöðu íslensks landbúnaðar, stuðla að hagkvæmni í greininni og vera í forsvari gagnvart stjórnvöldum í málum er snerta hagsmuni og réttindi félagsmanna.

## Bjarki aðstoðar Guðmund Inga

Dr. Bjarki Þór Grönfeldt hefur verið ráðinn aðstoðarmaður Guðmundar Inga Guðbrandssonar, félags- og vinnuarkaðsráðherra. Bjarki er fæddur árið 1994 og ólst upp á Brekku í Norðurárdal en hann lauk doktorsprófi í stjórnmálasálfræði við Háskólann í Kent á Englandi. Bjarki hefur undanfarið starfað við kennslu og rannsóknir við Háskólann á Bifröst.

# EES-reglur í Hæstarétti

● Kona stefndi ríkinu fyrir að hafna fæðingarorlofsgreiðslum vegna vinnu utan Íslands ● Málið fór beint til Hæstaréttar eftir héraðsdóm sem dæmdi ríkinu í hag

Inga Þóra Pálsdóttir  
ingathora@mbl.is

Það var þéttsetið í Hæstarétti í gærmorgun þegar mál Önnu Bryndísar Einarsdóttur gegn íslenska ríkinu var flutt fyrir dómnum. Anna Bryndís stefndi íslenska ríkinu vegna ákvörðunar um að hafna henni um greiðslur í fæðingarorlofi vegna vinnu sem var unnin utan Íslands.

Forsaga málsins er sú að Anna Bryndís fluttist til Íslands í september árið 2019 eftir um fjögurra ára dvöl í Danmörku þar sem hún hafði starfað. Hún hóf störf á íslenskum vinnuarkaði í september 2019 og eignaðist barn í mars 2020. Fæðingarorlofssjóður samþykkti eingöngu greiðslur í orlofi vegna vinnu á Íslandi og námu þær 184 þúsund krónum á mánuði miðað við 100% orlof. Anna Bryndís kærði ákvörðun Fæðingarorlofssjóðs til úrskurðarnefndar velferðarmála, en hún staðfesti niðurstöðu Fæðingarorlofssjóðs.

Málið fór fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur í mars í fyrra, en hann staðfesti niðurstöðu úrskurðarnefndar velferðarmála.

### Fullskipaður Hæstiréttur

Anna Bryndís óskaði í kjölfarið eftir því að Hæstiréttur tæ málið beint upp og vísaði hún meðal annars til þess að úrslit málsins gætu haft verulega almenna þýðingu um beitingu réttarreglna og fordæmisgildi fyrir fjölda einstaklinga sem væru í sömu stöðu og hún. Hæstiréttur varð við beiðninni og fór málið því ekki í gegnum Landsrétt. Rétturinn var fullskipaður með sjö dómurum, sem er óalgengt. Almennt skipa fimm dómurarnir réttinn.

Eins og segir lýtur ágreiningur málsins að því hvort líta eigi til tekna sem aflað er við störf í öðru EES-ríki við útreikning á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði.

Anna Bryndís byggir mál sitt meðal annars á því að frjálsir fólksflutningar og frjáls för launafólks innan EES-svæðisins sé meðal grundvallarmarkmiða EES-samstarfsins. Samræming almannatryggingakerfa



Morgunblaðið/Eggert

Fullskipaður dómur Sjö hæstaréttardómarar dæma í málinu sem flutt var í gær en þar reynir á EES-reglur.



Morgunblaðið/Eggert

Áhugi Áhorfendabekkir Hæstaréttar voru þéttsetnir þegar mál Önnu Bryndísar Einarsdóttur gegn ríkinu var flutt þar í gærmorgun.

í aðildarríkjum EES-samningsins sé órjúfanlegur þáttur í meginreglunni um frjálsa för fólks. Sú samræming geri launafólki og öðrum kleift að flytjast á milli EES-ríkja án þess að tapa réttindum sínum til almannatrygginga, sem fæðingarorlofsgreiðslur heyri undir. Í þessu felist meðal annars að EES-ríkjum beri að horfa til þess tíma sem starfs-

maður hafi unnið í öðru EES-ríki við ákvörðun réttinda til almannatrygginga.

Fyrir dómi sagði Hulda Rós Rúriksdóttir, lögmaður Önnu Bryndísar, héraðsdóm hafa litið fram hjá reglugerð Evrópuþingsins og -ráðsins um samræmingu almannatryggingakerfa og ákvæði EES-samnings um frelsi launþega til flutninga, sem

hefði verið rangt að gera. Túlka yrði lög um fæðingar- og foreldraorlof í samræmi við reglugerðina og umrætt ákvæði EES-samningsins. Þá bæri að líta á ákvæði samningsins sem sérlög sem gengju framar ákvæðum laga um fæðingar- og foreldraorlof. Bókun 35 hefði þau áhrif.

### Í andstöðu við dómafordæmi

Fanney Rós Þorsteinsdóttir ríkislögmaður flutti málið fyrir íslenska ríkið í gærmorgun. Í máli hennar kom fram að það yrði í algjörrri andstöðu við dómafordæmi ef Hæstiréttur myndi fallast á mál Önnu Bryndísar.

Íslenska ríkið heldur því meðal annars fram að hollusturegla EES-samningsins og bókun 35 eigi ekki við þar sem ákvæði laga um fæðingar- og foreldraorlof gangi ekki í berhöggi við samninginn.

Þá beri að hafa í huga að regluverk EES stefni að því að samræma reglur aðildarríkja um almannatryggingakerfi, ekki sé stefnt að því að þau verði samhljóða. Samræmisskýring geti ekki leitt til þess að EES-regla gangi sjálfkrafa fram fyrir íslensk lög. Ekki sé því hægt að fara gegn skýru ákvæði laga um fæðingar- og foreldraorlof.

**SIGN**  
SKARTGRIPIR

FÖRNUBÚÐUM 12 | HAFNARFIRDI | S: 555 0800 | SIGN@SIGN.IS | SIGN.IS

**MK Meltingar**  
klíníkin

Klíníkin, Ármúla 9, 108 Reykjavík.

Við kynnum Steinar Ólafsson, skurðlæknir sem hefur hafið störf hjá okkur á Meltingarklíníkinni. Steinar er menntaður skurðlæknir frá Aarhus Universitetshospital og tekur að sér mat vegna kviðverkja, meltingartruflana, ristil og endaparmsvandamála (gyllinæð og endaparmsprungur). Hann framkvæmir maga- og ristilspeglanir.

**Meltingarklíníkin** leggur áherslu á forvarnir gegn ristilkrabbameini, ristil- og magaspeglanir og meðferð kvilla í endaparmi. Tækjabúnaður er með þeim besta sem völ er á og gervigreind er beitt til að greina forstígg (sepa) krabbameina í ristli og endaparmi.

**Meltingarklíníkin ehf.**

**200 MÍLUR**  
Allt um sjávarútveg

**mbl.is**







# Svefnleysi er vaxandi vandamál ungmenna

● Mikil neysla ungs fólks á koffindrykkjum ● Sítingd fram á nótt

Dóra Ósk Halldórsdóttir  
doraosk@mbl.is

„Neysla á gosdrykkjum og orku-drykkjum hér á landi er með því mesta sem þekktist í Evrópu og hefur aukist um mörg hundruð prósent á örfáum árum,“ segir sálfræðingurinn Erla Björnsdóttir sem er sérfræðingur í svefnrannsóknum. Hún segir þessa stöðu mikið áhyggjuefni, en hún hefur fundið í sínu starfi að mikil aukning er á að ungt fólk leiti sér aðstoðar vegna svefnvandamála.

„Koffindrykkir hafa margvísleg áhrif á heilsu og líðan og þar á meðal svefn. Koffín er örvandi efni og við sjáum að þetta hefur áhrif á taugakerfið, getur valdið hjartsláttaróreglu og unglingar ná ekki að sofna, eða þá að svefngæðin eru minni,“ segir Erla og bætir við að margir orkudrykkjanna innihaldi grífurlegt magn af koffíni og miklu meira en talið er heilsusamlegt ungu fólki.

„Þetta eru oft sætir og svalandi drykkir og krakkar eru jafnvel að þamba drykkina. Ungt fólk þolir koffín síður en eldra fólk og neyslan getur aukið á depurð og kvíða vegna þess hve koffín er örvandi fyrir taugakerfið.“

## Hámarksneysla

Þegar skoðuð er hámarksneysla koffíns fyrir fullorðna á dag er talað um 400 mg, sem samsvarar fjórum kaffibollum, en fyrir börn og unglunga er koffínmagnið 1,4 mg fyrir hvert kíló. Það myndi þýða að hámarksneysla fyrir 50 kg ungmenni væri 70 mg koffíns á dag, en í einum orkudrykk er koffínmagnið á milli 100-180 mg, samkvæmt upplýsingum á Heilsuveru.

Þá vaknar spurningin hvort mikil neysla koffindrykkja geti hækkað



Ljósmynd/Guðni Einarsson

## Aldurstakmark Færeyingar merkja orkudrykki vel, bannaða innan 18.

blóðþrýsting hjá ungu fólki, en það er algengur fylgikvilli koffíneyslu fullorðinna og ætti eðli málsins samkvæmt að hafa enn meiri áhrif á ungmenni. Samkvæmt upplýsingum frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins gera skólahjúkrunarfræðingar ekki blóðþrýstingsmælingar á grunn- og framhaldsskólanemum og er ekki talin ástæða til að gera þær.

## Sítingd í stressi

Erla segir að mikil skjánotkun sé einnig þáttur í minni svefngæðum ungs fólks. „Mikið áreiti samfélagsmiðla og skjánotkun fram á kvöld hefur áhrif og örvar heilann í stað þess að koma honum í ró fyrir svefninn. Bláa birtan af skjánum hamlar líka framleiðslu melantóníns sem hjálpar okkur að sofna.“

Hún segir tengsl vera milli mikillar skjánotkunar og verri líðanar. „Krákkar verða viðkvæmari og eiga erfiðara með að kljást við það sem upp kemur í daglegu lífi og eru líklegri til að upplifa depurð og kvíða, og ég hef séð mikla aukningu á svefnvandamálum hjá unglungum síðustu árin.“



Morgunblaðið/Árni Sæberg

**Biður flutnings TF-LIF hefur undanfarna mánuði verið geymd í flugskýli Landhelgisgæslunnar í Nauthólsvík.**

# TF-LIF flutt á flugsafnið á Akureyri

● Er gjöf frá sænsku fyrirtæki ● Hefur líka gefið varahluti

Sigtryggur Sigtryggsson  
sisi@mbl.is

Nú liggur fyrir að björgunarpýrlan TF-LIF verður flutt til Akureyrar á næstunni þar sem hún verður til sýnis í Flugsafni Íslands um ókomin ár ásamt öðrum merkum vélum íslenskrar flugsögu.

TF-LIF kom til landsins árið 1995 og var í notkun fram til 2020. Alls voru það 1.565 manns sem var bjargað eða fluttir í sjúkraflugi með þýrlunni á 25 ára tímabili. Hún á því einstakan sess í björgunarsögu Íslands.

Í byrjun árs 2023 var TF-LIF sett í hefðbundni sölufæri hjá Ríkiskaupum. Aðeins barst eitt tilboð, frá sænska fyrirtækinu EX-Change Parts AB. Fyrirtækið bauð 910.000 evrur í þýrluna og varahluti henni tengda. Það jafngildi um 130 milljónum íslenskra króna.

Sviarnir tóku úr þýrlunni þá hluti



Á flugi Mörg björgunaraflak voru unnin á þýrlunni á löngum ferli.

sem þeir töldu nýtilega. Að því búnu færðu færðu þeir Flugsafni Íslands á Akureyri þýrluna að gjöf.

Eins og fram kom í fréttaskýringu í blaðinu í september í fyrra tóku félagar í öldungaráði Landhelgisgæslunnar að sér það verkefni ásamt safnstjóra flugsafnsins að koma vélinni í

safnhæft ástand og flytja hana norður á Akureyri. Á safninu eru nú þegar til sýnis tvær flugvélar sem tengdust Landhelgisgæslunni, þýrlan TF-SIF og Fokker-flugvélin TF-SYN. Öldungaráðið er félagsskapur fyrrverandi starfsmanna Landhelgisgæslu Íslands.

Að sögn Halldórs B. Nelletts skipherra, eins félaga öldungaráðsins, hafa Sviarnir verið einstaklega almennilegir og gefið flugsafninu varahluti sem þeir eiga úti í Svíþjóð og duga vel til að gera þýrluna sýningarhæfa, eins og aðalblöðin, stélskrúfublöðin og margt fleira.

„Við erum að vinna í því að koma þessum hlutum frá Svíþjóð hingað heim eftir ýmsum leiðum,“ segir Halldór.

TF-LIF er nú geymd í flugskýli Landhelgisgæslunnar á Reykjavíkflugvelli. Vonir standa til að hægt verði að flytja hana til Akureyrar í næsta mánuði, að sögn Halldórs.



## Grikkland hið forna


20. sept. - 1. okt.

### Áþena, einstök menning og saga - Stórfengleg náttúra

Við kynnumst ævaforri menningu og sögu Grikklands, sem á sér vart sinn líka. Förum út í sveitirnar, upp til fjalla, skoðum klaustur, borgir og bæi. Kynnumst mannlífínu, siglum til eyjunnar Naxos og margt fleira.

Grikkland heillar alla sem þangað koma.

VERÐ 509.450 kr. á mann í 2ja manna herbergi  
Mikið innifalið, m.a flug, hótél ísl. fararstjóri, hálf fæði, ferðir og fleira.



### Hin fagra og forna

## Albanía

15.-27. maí

Landið sem var lokað svo lengi hefur nú opnast fyrir erlendum ferðamönnum. Enn hefur alþjóðavæðingin ekki enn náð að festa þar rætur og er lítt sjáanleg. Þar má sjá ævafora menningu, söguna á hverju horni, gríðarfallega náttúru og fagra strendur og kynnst einstakri gestrisni heimamanna þar sem gömul gildi eru í hávegum höfð.

VERÐ 498.600 kr. á mann í 2ja manna herbergi  
Mikið innifalið, m.a flug, hótél ísl. fararstjóri, hálf fæði, ferðir og fleira.



## Balkanskaginn

7.-19. júní

### Króaía, Bosnía / Herzegovina, Serbía, Svartfjallaland

Glæsileg menning, mikil saga, stórkostleg, náttúrufergurð og brosandir heimamenn. Við förum aftur í tíma og rúmi, sjáum gömul þorp þar sem lífið hefur lítið breyst í mjög langan tíma, kirkjur, klaustur, fögur strandlengjan svo eitthvað sé nefnt. Við förum upp í Mokra Gora fjöllinn, siglum um Drina gilið og skoðum töfrandi umhverfið. Einnig kynnumst við miðaldaborginni Riga í Lettlandi.

VERÐ 557.500 kr. á mann í 2ja manna herbergi  
Mikið innifalið, m.a flug, hótél ísl. fararstjóri, hálf fæði, ferðir og fleira.



## Georgía og Armenía

3.-13. maí

### Perlur Kákasusfjalla, hlíð Evrópu að Miðaustralöndum og Asíu. Forn menning, heillandi mannlíf, hrifandi saga og stórkostleg náttúra.

Við kynnumst tveimur spennandi löndum með sína framandi menningarheima og mikla náttúrufergurð, sem lætur engan ósnortinn. Kynnumst hinum æva gömlu höfuðborgum Yerevan og Tblisi, förum upp í Kákassufjöllin, skoðum ævagömul klaustur, virki og kirkjur.

VERÐ 497.900 kr. á mann í 2ja manna herbergi  
Mikið innifalið, m.a flug, hótél ísl. fararstjóri, fullt fæði, ferðir og fleira.



Ljósmynd/Kristinn Ingvarsson

Professor Baldur Þórhallsson.

## Fyrirlestur um áskoranir smáríkja

Í tilefni þess að Baldur Þórhallsson hlaut nýverið viðurkenningu Háskóla Íslands fyrir framlag sitt til rannsókna efna Rannsóknasetur um smáríki við Háskóla Íslands og Félag stjórnmálafræðinga til hádegisfundar á morgun, föstudag, kl. 12.30.

Fyrirlesturinn verður í sal 101 í Odda, kennsluhúsi HÍ. Þar mun Baldur fjalla um þær áskoranir sem smáríki standa frammi fyrir í dag.

„Hernaðarlegu og efnahagslegu öryggi smáríkja er víða ógnað og þau eru undir þrýstingi að skipa sér í líð með valdamiklum ríkjum. Á sama tíma ríkir mikil óvissa um stjórnarstefnu Bandaríkjanna, eins helsta bandalagsríkis Íslands,“ segir í tilkynningu um fyrirlesturinn.

Fyrirlesturinn ber heitið *Vaknaðu mín Þyrnirós! Hvernig getur Ísland tryggt hagsmuni sína og haft áhrif í alþjóðasamfélaginu?*

Síðumúli 29 - 108 Reykjavík | Sími 588 8900  
info@transatlantic.is | www.transatlantic.is



Síðumúli 29 - 108 Reykjavík | Sími 588 8900  
info@transatlantic.is | www.transatlantic.is







**20%**

# AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM SKÍÐA- OG BRETTAPÖKKUM



**Snjóbrettapakkar**  
Verð frá 134.995  
**með afslætti 107.988**



**Svigskíðapakkar**  
Verð frá 109.480  
**með afslætti 87.584**



**Gönguskíðapakkar-skin**  
Verð frá 91.980  
**með afslætti 73.584**



Hallarmúli 2 | s: 510 9505 | fjallakofinn.is





# Reykjavík, Metallica er með ykkur!

- Stærstu rokkónleikar Íslandssögunnar, til þess tíma, haldnir ● 18.000 manns í Egilshöll
- Gríðarleg stemning en um 100 þurftu aðhlyningu vegna hitans ● Lars Ulrich mætti seint í viðtal

## BAKSVIÐ

Orri Páll Ormarsson  
orri@mbl.is



„Reykjavík, Metallica er með ykkur! Eruð þið með Metallica?“ rymur James Hetfield þar sem hann trónir yfir lýðnum á sviði Egilshöllar. Kóngur er krýndur á Íslandi eftir langt hlé. Ekki stendur á svári. Reykjavík er á hans bandi. Gefur sig goðunum, þessu víðfeðma skrímli, á vald. Á undan er gengið upphafslagið, Blackened, hin endanlega adrenalínsprautu. Eftir 23 ára bið er Metallica í bænum. Haldið ykkur fast!“

Þannig lýsti sá sem hér heldur á penna upplifun sinni í Morgunblaðinu af tónleikum bandaríska þrassbandsins Metallica í Egilshöll í Grafarvogi sunnudaginn 4. júlí 2004.

Um var að ræða fjölmennustu rokkónleika Íslandssögunnar til þess tíma en tæplega 18.000 manns troðfylltu Egilshöllina. Hörðustu aðdáendur sveitarinnar höfðu staðið í röð fyrir framan tónleikastaðinn frá því um morguninn en byrjað var að hleypa inn í húsið kl. 17. Klukkan 18 voru þrjú til fjögur þúsund gestir komnir í húsið og þegar Brain Police sté á svið kl. 18.30 til að hita upp var meirihluti tónleikagesta kominn á staðinn. Þegar hin upphitunarsveitin, Mínus, hóf að leika var hitinn í húsinu orðinn gríðarlegur og andrúmsloftið rafmagnað, að því er fram kom í Morgunblaðinu.

## Með öndina í hálsinum

„Tónleikagestir, sem voru á aldrinum 8 ára til sextugs, biðu með öndina í hálsinum eftir því sem koma skyldi. Þegar Metallica sté á svið var hitinn orðinn óbærilegur og rokkþyrstum tónleikagestum héldu engin bönd.“ sagði í frétt blaðsins daginn eftir en hún var ekki merkt neinum blaðamanni. „Sveitin byrjaði af miklum krafti sem hún hélt allt til loka og ekki er ofsögum sagt að hér fari ein fremsta þungarokksveit heims í dag. Tónleikagestir voru vel með á nóttunum þegar hljómsveitin byrjaði að spila og sungu með af miklum krafti – það var engu líkara en tónleikagestir hefðu æft saman sem kór fyrir tónleikana. Liðsmenn Metallica kunnu vel að meta þessar móttökur og sögðu það greinilegt að Íslendingar hefðu fengið nægan tíma til þess að æfa sig.“

Þeim er greindi frá þótti umgjörð tónleikanna glæsileg og sagði það hafa verið vel að halda slíka tónleika í Egilshöll. „Má því með sannni segja að nú fyrst sé kominn alvöru tónleikastaður á Íslandi.“



Morgunblaðið/PÖK

**Vigt Lars Ulrich og James Hetfield stofnuðu Metallica árið 1981. Hér eru þeir saman á sviðinu í Egilshöllinni.**

Þrátt fyrir gríðarlega stemningu gengu tónleikarnir ekki áfallalaust fyrir sig. Fjórir voru fluttir á slysa-deild og fjöldi manns hneig niður vegna súrefnisskorts, eins og fram kom í baksíðufrétt Morgunblaðsins daginn eftir. Liðsmenn Hjálparsveitar skáta þurftu að draga fólk út úr tónleikasalnum til að það fengi frískt loft en samkvæmt upplýsingum frá hjálparsveitinni var hátt í hundrað manns veitt aðhlyningu á tónleikum vegna mikils hita og yfirlíðs.

Geir Jón Þórisson, yfirlöggregluþjónn í Reykjavík, sagði í samtali við Morgunblaðið, að loknum tónleikum, að mjög heitt hefði verið í salnum og lögreglan því gripið til þess ráðs að opna húsið til að fá meira súrefni inn. Geir Jón sagði að ekki hefði verið hugsað út í að þetta vandamál gæti komið upp, þar sem húsið væri stórt og hátt til lofts. „Það voru mjög sterkir blásarar sem sáu um að blása lofti út úr húsinu en það vantaði súrefni inn í húsið, þannig að við gengum í það mál og opnuðum húsið.“

Það var stór stund fyrir undirritaðan, sem ungar ánetjaðist tónlist Metallica heima á Akureyri, að fá af þessu tilefni tækifæri til að taka viðtal við Lars Ulrich trommuleikara. Ég mætti í Egilshöll ásamt Þorvaldi Erni Kristmundssyni ljósmyndara, PÖK, og hópi annarra fjölmiðlamanna á tilsettum tíma fyrir tónleika og beið niðri í kjallara og beið – og beið. Hinir þrír bandingjarnir,



Morgunblaðið/PÖK

**Stemmarí Tónleikar Metallica heppnuðust með afbrigðum vel eins og lesa má úr svipbrigðum þessara tónleikagesta. Rokkþorstanum var svalað.**

James Hetfield, Kirk Hammett og Rob Trujillo, sem þá var nýliði, voru allir komnir, búnir að afgreiða sín viðtöl, og farnir aftur. En ekkert bólaði á Lars.

Grípum niður í lýsinguna frá þessum tíma: „Ég gef mig á tal við vöðvabúnt sem virðist vaka yfir þeim félögum. Það róar mig niður. „Lars kemur,“ fullyrðir vöðvabúntið djúpum sannfærandi rómi. Rifjast þá upp fyrir mér umsögn sem ég

las í útlensku blaði í gamla daga, þar sem sagði um trommuleik Lars að hann væri ekki sá nákvæmasti í tímasetningum en hann kæmist ávallt á leiðarenda. Það er huggun. Það er heldur svo sem engin ástæða til að kvarta, ég hef beiðið eftir Metallica í tvo áratugi, þannig að nokkrar mínútur í viðbót breyta engu.“

Meðan ég beið var leiddur inn hópur íslenskra aðdáenda Metall-

ica og hann látinn stilla sér upp í röð, á að giska 10 til 12 manns, eins og um sakbendingu væri að ræða. Hópurinn fékk svo að hitta og taka í spaðann á goðunum og fá eitt og annað áritað. Ég gaf þessu lítinn gaum í fyrstu en hrökk í kút þegar ég heyrði kunnulega rödd: „Heill!“ Pétur Blöndal vinnufélagi minn og vinur stóð þá í miðjum hópnum og átti á þessu augnabliki í hámenningarlegum samræðum við sjálfan James Hetfield um píanónám – en það voru þeir félagar víst báðir látnir stunda í bernsku. Og Pétur sem veit álíka mikið um þrass og ég um bútasam. Sjálfur hafði ég barist með kjafti og klóm fyrir því að fá viðtal við Hetfield en tölvan sagði alltaf nei. Þú færð Ulrich! Þarna leið mér eins og að ég væri staddur í ljósaskiptunum. Galið stöff! Gjör-samlega galið stöff!

Pétur sá á þessum tíma um skemmtilegan þátt sem hét Skissa í Mogganum og komst inn í hópinn gegnum það.

## Kominn í hús

Ulrich kom svo á endanum. „Skyndilega verður uppi fótur og fit. Lars er kominn í hús,“ lýsti ég því augnabliki. „Hann gengur ákveðnum skrefum í áttina að mér við annan mann. Við heilsumst kumpánlega tæplega hálf tíma síðar en fyrir-hugað var [í minningunni er biðin mun lengri]. Þessi umdeildi maður er lágvaxinn og fingerður. Svoltið ör. Ég vísa honum inn í sérstakt fjölmiðlaherbergi, þar sem menn leggja að jafnaði stund á karate. Kappinn rekur upp stór augu þegar inn er komið. „Þetta hlýtur að vera litríkasta herbergið í húsinu,“ veltir hann fyrir sér og ég get ekki stillt mig um að skrökva því til að ég hafi pantað það sérstaklega fyrir hann. Lars skellir uppúr.“

Við ræddum margt, meðal annars um stormasamt samband Ulrichs og Hetfields gegnum tíðina.

„Samband okkar í dag einkennist af gagnkvæmri virðingu,“ svaraði Ulrich. „Og það í mun ríkari mæli en nokkru sinni áður. Við höfum látið af glímunni um forystuhlutverkið í hljómsveitinni. Í dag samanstendur Metallica af fjórum jafningjum sem hefur greitt til muna fyrir samskiptum okkar James. Hér áður var það eina sem við vorum sammála um það að við stjórnuðum hljómsveitinni og héldum hinum tveimur meðlimunum niðri. Nú er þetta skeið á enda, þannig að dramatíkin er að mestu farin úr þessu.“

Meðan á þessu samtali stóð þurfti ég oft að klípa mig. Súrealisminn var yfirþyrmandi. En yndislegur.

## Ljósastarar á bíla og vélar



**BÍLASMIÐURINN HF**

Bíldshöfða 16, 110 Rvk | S. 567 2330 | bilasmidurinn.is



NÝ GLÆSILEG ÚTIVISTARVERSLUN - VELKOMIN Í FAXAFEN 7

# OPNUM Á MORGUN

Faxafen 7 - þann 9. febrúar kl. 10

CINTAMANI  
útvíst & hjól 

9. feb - 12. feb

## OPNUNAR **TILBOÐ**

**20% - 50%** af CINTAMANI / **20%** af adidas

gildir einnig á [cintamani.is](http://cintamani.is) & [adidas.is](http://adidas.is) með kóðanum FAXAFEN



**CINTAMANI**

útvíst & hjól

Nú einnig í Faxafeni 7 / Hjóladeild opnar í apríl

Virkir dagar frá kl. 10-18 / Laugardagar frá kl. 10-16 / Sunnudagar frá kl. 12-16



# Framkvæmdir hefjast við Hlemmtorg á ný

## ● Svæðið sunnan og austan mathallarinnar verður endurgert

Framkvæmdir hefjast með vörinu við svæðið sunnan og austan mathallarinnar við Hlemm. Verður það endurgert og tengt við áður endurgerðan kafla á Laugavegi við Hlemm sem lauk seint á síðasta ári. Frá þessu er greint í tilkynningu á vef Reykjavíkurborgar.

„Á kaflanum frá Rauðarárstíg við Gasstöðina og yfir gatnamót Laugavegar og Rauðarárstígs þarf

að skipta um lagnir og leggja nýtt yfirborð. Aðalinnangangur í mathöllina á framkvæmdatíma verður norðanmegin. Stefnt er að því að þessum hluta framkvæmda á svæðinu ljúki sumarið 2025. Akstur vélknúinna ökutækja verður ekki lengur á svæðinu en allt aðgengi fyrir íbúa og hagsmunaaðila og vörulosun verður tryggð,“ segir á vef borgarinnar. Þegar framkvæmdum lýkur er



Morgunblaðið/sisi

Framkvæmdir Svæðið frá mathöll að Snorrabraut er nú göngugata.

ráðgert að við vegfarendum blasi nýtt yfirborðsefni, setaðstaða, leik- og dvalarsvæði ásamt gróðri en auk þess boða borgaryfirvöld vistvæna „nálgun á meðhöndlun yfirborðsvatns“, eins og það er orðað.

### Klyfjahestur Sigurjóns flyst á nýjan stað

Að framkvæmdum loknum verður Klyfjahestur Sigurjóns Ólafssonar fluttur af sínum stað yfir á nýja svæðið nær mathöllinni. Þar verður einnig vatnsverk sem minnir á vatnsþróna sem áður var á Hlemmi.

Meðan á framkvæmdum stendur færast endastöðvar strætó á Hlemmi til. Akstursleiðir sem í dag eru um Laugaveg og Hlemm verða um Katrínartún og Borgartúni, en akstursleiðir sem í dag eru um Rauðarárstíg og Hlemm færast á Flókagötu og Snorrabraut. Nýjar strætóstöðvar verða gerðar á Snorrabraut við Laugaveg og í Borgartúni við Bríetartún, til að bæta strætóstöðvar í nágrenni Hlemms. Nánar má lesa um leiðakerfisbreytingar strætó tengdar framkvæmdunum á heimasíðu strætó.

### Býð upp á fjölbreytta þjónustu og ráðgjöf:

- Stjórnun upplýsingaöryggis og persónuverndar (m.a. ISO 27001, ISO 27002, ISO 27701)
- Úttektir á upplýsingaöryggi og persónuvernd
- Áhættustjórnun, áhættumat, áfallapól
- Ákvörðunargreining
- Gagnagreining

Marinó G. Njálsson, CISA, CRISC, CDPSE  
Harpan ehf.  
oryggi@internet.is s. 898-6019



## Fulltrúar launamanna í stjórn Birtu lífeyrissjóðs

Valnefnd Birtu lífeyrissjóðs auglýsir eftir frambjóðendum til þess að taka sæti í stjórn sjóðsins **kjörtímabilið 2024 til 2026**.

Samkvæmt samþykktum Birtu lífeyrissjóðs (gr. 5.10) hefur valnefnd m.a. þann yfirlýsta tilgang að tryggja að stjórn sjóðsins endurspegli fjölbreytni og breidd í hæfni, reynslu og þekkingu stjórnarmanna sem og að tryggja gagnsæi í málum um tilnefningu stjórnarmanna.

Fulltrúaráð launamanna Birtu kys tvo stjórnarmenn (karl og konu) til tveggja ára og einn varamann (konu) til tveggja ára í stjórn sjóðsins.

Áhugasamir geta gefið kost á sér með því að senda inn framboð á útfylltu framboðseyðublaði, sem er að finna á vefnum [birta.is](#), á netfangið [valnefnd@birta.is](mailto:valnefnd@birta.is) fyrir kl. 16:00 fimmtudaginn 22. febrúar 2024.

### ÞEIR SEM GEFA KOST Á SÉR SKULU

- vera launamenn sem greiða lögbundið iðgjald í Birtu lífeyrissjóð.
- ekki vera sjálfstætt starfandi atvinnurekendur/einrykjar.
- vera fjárhagslega sjálfstæðir og búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu skv. 31. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og 6. gr. reglna FME nr. 180/2013 og fullnægja að öðru leyti þeim kröfum sem gerðar eru um hæfi og hæfni stjórnarmanna skv. framangreindum lögum, reglum FME, samþykktum sjóðsins og starfsreglum valnefndar.
- Skila inn útfylltu framboðseyðublaði með drengskaparyfirlýsingu um að þeir uppfylli skilyrði til slíkrar stjórnarsetu.

Allar nánari upplýsingar um stjórnarkjörið, framboðseyðublaðið/yfirlýsinguna og sjóðinn má finna á vefnum [birta.is](#)



Morgunblaðið/sisi

Á sínum stað Tröppurnar eru taldar mikilvæg tenging fyrir íbúana.

## RÚV meinað í annað sinn að færa tröppur

### ● Tillaga að nýrri staðsetningu geri göngutengingar enn verri en nú er

Sigtryggur Sigtryggsson  
sisi@mbl.is

Í annað sinn hefur Reykjavíkurborg sýnað Ríkisútvarpinu leyfis til að fjarlægja tröppur sem eru á suðausturhluta lóðar Útvarpshússins.

A fundi skipulagfulltrúa Reykjavíkur hinn 30. janúar sl. var lögð fram fyrirspurn lóðarhafa Efstaleitis 1 (Ríkisútvarpið ohf.) þess efnis hvort heimild væri fyrir því að fjarlægja tröppur sem eru göngutenging við suðausturhluta lóðarinnar á horni Bústaðavegar og Háaleitisbrautar. Við það mun göngutenging þar lokast.

Í stað þeirrar tengingar yrðu settar upp nýjar tröppur sem yrðu austan við Útvarpshúsið og tengja gangstétt við Háaleitisbraut og lóð við Efstaleiti 1. Ástæða fyrirspurnar er að vegna mikils hæðarmunar og bratta reynist lóðarhafa erfitt að halda núverandi tröppum öruggum fyrir fótgangandi vegfarendur, sér í lagi um vetur í snjó og klaka.

Í umsögn verkefnastjóra skipulagsfulltrúa kemur fram að í gildandi deiliskipulagi sé gerð grein fyrir göngutengingu sem taki mið af bæði stígakerfi borgarinnar og flæði gangandi vegfarenda innan reitsins. Í skilmálum er sérstaklega tekið fram að „til að styðja við tengsl við almenningsgöngur og nálægð göngustíga er lögð mikil áhersla á góðar göngutengingar gegnum reitinn“.

Núverandi staðsetning á tröppum tengir Jaðarleiði inn á stígakerfi borgarinnar við gatnamót Bústaðavegar og Háaleitisbrautar, og er

þannig í stystu legu á leið suður eða austur. Tillaga að nýrri staðsetningu trappanna geri göngutengingarnar enn verri, þar sem tenging til norðurs úr Jaðarleiði er nú þegar ágæt meðfram Útvarpshúsinu inn á Lágaleiti, en tengingar til suðurs og austurs verða verri.

„Sé erfitt að halda tröppunum við svo þær séu öruggar í snjó og klaka má endurskoða hönnun og útfærslu trappanna í samræmi við gildandi skipulag,“ segir verkefnastjórinn, sem tekur neikvætt í fyrirspurnina.

Í fyrrasumar sótti RÚV um leyfi til að fjarlægja fyrrnefndar tröppur. Rökin voru þau sömu og nú, að erfitt væri að halda tröppunum öruggum fyrir gangandi vegfarendum. Þessari beiðni var hafnað.

### Tröppurnar mikilvægar

„Tröppurnar eru mikilvæg tenging fyrir íbúa svæðisins og þá sem vinna á svæðinu. Það að fjarlægja tröppurnar myndi skerða aðgengi gangandi vegfarenda um svæðið og því ekki hægt að fallast á það,“ sagði í umsögn verkefnastjóra skipulagsfulltrúa.

Verkefnastjórinn benti jafnframt á að frágangur á svæðinu væri ekki í samræmi við gildandi deiliskipulag. Þar væri gert ráð fyrir trjám á suðausturhorni lóðarinnar við Efstaleiti 1. Á svæðinu eru engin tré.

RÚV hefur starfað í Útvarpshúsinu í Efstaleiti í rúm 40 ár. Árið 1983 tók Rás 2 til starfa í húsinu, þá nýstofnuð. Starfsemin flutti alfarið þangað 1987. Engu að síður er lóð hússins, meðfram Háaleitisbraut, enn ófrágingin.



## Tilboð í febrúar

**Uppsetning á höfuðborgarsvæði og Norðurlandi innifalin.  
Sendum steina frítt um allt land. Geymum steina ef óskað er.**



### TILBOÐ 1 (ljósmynd)

**Svargrár litur**

**Sett eins og á mynd - 565.000  
án blómaramma - 465.000**

### TILBOÐ 2

**Demantur - passar líka á duftleiði  
149.000 (199.000 með lukt)**

### TILBOÐ 3

**Drangi 70cm hár frá sökkli  
410.000**



**Svartur**



**Paradiso**



**Blár**



**Grár**



**Rúmar vel tvö nöfn**

### TILBOÐ

**Viðhaldsfrír bekkur úr granít  
Svartur, grár eða paradiso.  
Sjá heimasíðu.**

**150cm - 160kg**

**frí sending með LF**

**Afhending í mai. 160.000 kr**





# Framúrstefnuhús á Höfðanum?

● Þorpið vistfélag hefur kynnt hugmynd að byggingu 14 hæða húss á Ártúnshöfða ● Yrði kennileiti fyrir nýju íbúðarbyggðina ● Þökin verða að hluta þakin gróðri þar sem dýralíf getur þrífist ● Grænt alrými

## BAKSVIÐ

Sigtryggur Sigtryggsson  
sisi@mbl.is



Þorpið vistfélag hefur kynnt fyrir Reykjavíkurborg hugmynd að byggingu stórhúss á Breiðhöfða 27 á Ártúnshöfða. Um er að ræða 14 hæða hús, svokallað punkthús, sem yrði kennileiti fyrir nýja íbúðarbyggð á höfðanum. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra skipulagsfulltrúa. Verði undirtektir jákvæðar er óhætt að fullyrða að byggingin muni sæta tíðindum.

Þorpið vistfélag er fasteignabróunarfélag sem sérhæfir sig í þróun



Runólfur Ágústsson

lóða fyrir íbúðir og atvinnuhúsnæði í Reykjavík. Félagið vinnur að þróun á um 80.000 fermetra byggingum ofanjarðar á Ártúnshöfða auk þess að vera með verkefni í Gufunesi og á Bræðraborgarstíg. Runólfur Ágústsson sendir fyrirspurnina fyrir hönd Þorpsins.

Þorpið vistfélag og hollenska arkitektastofan JVST vinna nú að útfærslu á byggingum á lóðinni við Breiðhöfða 27 í nýjum borgarhluta á Ártúnshöfða. Byggingarreiturnar liggur að Krossamýrartorgi, þar sem endastöð fyrsta áfanga Borgarlinunnar verður. Efri byggingin við Breiðhöfða 27 er merkt sem kennileiti í deiliskipulagi hverfisins, sem gerir þá kröfu að leggja skuli sérstaka álud við hönnun og sköpun á eftirminnilegu sérkenni.

Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir tveimur byggingum á lóðinni. Efri byggingin, nær Breiðhöfða, er merkt sem kennileiti og er mest átta hæðir í skipulaginu. Þar er gert ráð fyrir atvinnustarfsemi. Neðri byggingin, nær græna beltinu, er U-laga inngarðshús og er hæst sex hæða. Þar er gert ráð fyrir íbúðum. Á milli bygginganna er gert ráð fyrir



Tölvumynd/JVST

Nýbyggingin Svona sjá arkitektarnir fyrir sér að hið nýja punkthús við Breiðhöfða geti litið út. Nýstárleg bygging.

gönguási sem tengist byggingarreitum Þorpsins við Breiðhöfða 15 og 9.

Þorpið vistfélag óskar eftir deiliskipulagsbreytingu á lóðinni að Breiðhöfða 27 (reitur 11) á Ártúnshöfða, sem unnin er í samvinnu við arkitektastofuna JVST.

„Okkar hugmynd er að skapa öflugt og vandað kennileiti á reitnum sem byggir á sjálfbærni og líffræðilegum og samfélagslegum fjölbreytileika,“ segir í fyrirspurninni.

Hugmyndin er að fjölga íbúðum á reitnum og breyta hluta af fyrirhuguðu atvinnuhúsnæði í efri byggingu, sem tillagan gerir ráð fyrir að verði breytt í svokallað punkthús, í íbúðir og hækka bygginguna úr 8 hæðum í 14 hæðir. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi eru byggingarnar við Krossamýrartorg nú mest 12 hæðir handan torgsins. Staðsetning og hæð

punkthússins fremst á höfðanum við væntanlega Borgarlinnu gefi því þannig nauðsynlega vigt sem kennileiti sem sjást muni víða að úr borginni.

Með því að draga saman byggingarreit hússins muni fótspor þess minnka og á lóðinni opnast verðmætt sólríkt almenningstorg sem nýtist íbúðum og þeim sem sækja þjónustu á svæðið. Tillagan breyti byggingakroppi hússins og bæti verulega birtuskilyrði íbúða í báðum húsunum á lóðinni og á aðliggjandi lóð.

### Dregið úr áhrifum vinda

Mikil áhersla verður lögð á að brjóta upp lögun punkthússins og stalla það til þess að draga úr áhrifum vinda og skuggavarps, segir Runólfur. Gert er ráð fyrir tengibrú á 7. hæð á milli bygginganna tveggja og á þakhæð inngarðshússins er nú gert ráð fyrir

veitingastað með samkomurýmum þar sem hægt verður að njóta útsýnis yfir borgina og ganga út á þakvall. Í því er gert ráð fyrir 94 íbúðum sem verða seldar á almennum markaði og er meðalstærð íbúða 80 fermetrar. Í punkthúsinu er hins vegar gert ráð fyrir 95 fjölbreytilegum leiguíbúðum, bæði fyrir almennan leigumarkað og „co-living“. Meðalstærð leiguíbúða er 75 m<sup>2</sup>. Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir um 13% aukningu á byggingarmagni, úr 22.000 m<sup>2</sup> í 25.300 m<sup>2</sup>.

Markmið Breiðhöfða 27 er að þar risi metnaðarfullt kennileiti fyrir hinn nýja borgarhluta. Byggingarnar verði úr krosslindum timbureiningum og er mikil áhersla lögð á líffræðilegan fjölbreytileika, að þar þrífist bæði gróður og dýralíf í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna og stefnu ríkis og borgar. Náttúrufræðistofnun Íslands

mun í verkefninu veita vistfræðilega ráðgjöf hvað varðar plöntur, smádyr og fugla til að tryggja líffræðilegan fjölbreytileika.

„Á Breiðhöfða 27 viljum við leggja áherslu á gróður í allri hönnun og að ná góðri tengingu bygginganna við aðliggjandi græn svæði. Þetta má gera með því að nota gróðurkerfi utan á byggingarnar, þakgarða, á svalir og að þökin verði að hluta þakin gróðri þar sem dýralíf getur þrífist. Hugmyndin er að grunnur bygginganna verði steypdur, sem og lyftukjarnar, en að öðru leyti verði byggingarnar úr timbri eins og fordæmi eru fyrir víðsvegar um heim. Dæmi um slíkar byggingar eru fjölmörg.“

Við hönnun á innra skipulagi punkthússins er gert ráð fyrir grænu alrými með opnu stigahúsi fylltu gróðri með eigin vistkerfi, sem dragi fólk inn í húsið.

### Horfa til útlanda

Runólfur lýsir framtíðarsýninni svo: „Okkar sýn er að í punkthúsinu verði fjölbreytt samsetning íbúða þar sem boðið verður upp á margs konar þjónustu og íbúðir í langtíma- og skammtímaleigu. Við höfum horft til verkefna erlendis sem eru að festa sig í sessi í borgum eins og Amsterdam, París og Vínarborg. Má þar nefna skrifstofuhótelkeðjuna Zoku, „co-living“-keðjuna Our Domain and The Social Hub. Þar eru svokölluð „co-living“-samfélög, þar sem hægt er að leigja sér íbúðir til skamms tíma (vikur, mánuði og jafnvel ár) og hafa aðgang að sameiginlegum vinnurýmum „co-working“, fundaraðstöðu, veitingastað, kaffihúsi og afþreyingu. Þetta gæti hentað vel fólk úr hverfinu sem vinnuástaða, en einnig fólk sem kemur til Reykjavíkur til rannsóknna eða vinnu til skemmri tíma. Ráðherra háskóla, iðnaðar og nýsköpunar hefur bent á að árið 2022 hafi vantað 8.000 sérfræðinga með sérhæfða menntun til starfa á Íslandi. Hugmyndafraeðin gengur út á að fólk hafi félagsskap hvert af öðru í stað þess að einangrast og að á Breiðhöfða 27 byggist upp öflugt samfélag sem byggir á grænum samgöngum og deilihagkerfi.“



# MEIRAPRÓF

14. Febrúar 2024

**NÁMSKEIÐ**

Öll réttindi C + D + CE + B/far

Minni réttindi C1 + C1E

B/far + Harkari

**TILBOÐ**

kr. 640.000

kr. 199.000

kr. 150.000

ovs@ovs.is  
588-1414

## Ortaekni

Sérhæfum okkur í samsetningu og viðgerðum á öllum gerðum kapla

- Ljósleiðarar
- Skjákaplar
- Hljóðkaplar
- Netkaplar
- Skipastrengir
- USB kaplar
- Almenn sérsmiði



**Bjóðum eitt MESTA úrval netkapla á Íslandi**

Nánari upplýsingar á [www.ortaeakni.is](http://www.ortaeakni.is)  
Hátúni 10c, 105 Reykjavík  
S: 5526800 - [ortaeakni@ortaeakni.is](mailto:ortaeakni@ortaeakni.is)

## Blóðleysi yfir viðmiðunum

### ● Hryssur í rannsókn fyrir ráðneytið



Lægstu meðalgildi í blóði þeirra hryssna sem nýttar hafa verið til blóðsöfnunar hafa verið yfir viðmiðum um blóðleysi. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Skýrslan um þetta efni sem unnin var fyrir matvælaráðuneytið hefur verið send Matvælastofnun sem fer með eftirlit með velferð dýra og er, segir í tilkynningu, mikilvægt innlegg við mat á starfseminni til framtíðar.

Skortur hefur verið á óháðum rannsóknum til að styðjast við við mat á velferð hryssna sem nýttar eru til blóðsöfnunar fyrir vinnslu á lyfjavirkum efnum. Því hefur að mati stjórnvalda skort nægilegar forsendur til að meta hvort magn og tíðni blóðtöku sé við hæfi. Einnig hefur þurft upplýsingar um hvernig tryggja megi heilbrigði og velferð hryssnanna, svo sem hvernig þær geti bætt upp vikulega blóðtöku meðal annars með mótvægisviðbrögðum líkamans. Munur var á blóðhag og mótvægisviðbrögðum gagnvart blóðtapi á milli stóða og á milli landshluta, segir í skýrslunni. [sbs@mbl.is](mailto:sbs@mbl.is)



# 201 SMÁRI

Miðja  
höfuðborgar-  
svæðisins.  
Öll þjónusta  
í hverfinu.



## LÚXUS & frábært útsýni

Vandaðar íbúðir  
á besta stað

Glæsileg sýningaríbúð  
á staðnum



### Silfursmári 2

Silfursmári 2 er gullfallett hús með glæsilegum og ríkulega búnum íbúðum. Vandaðar innréttingar með steinplötum, flísar og harðparket á gólfum og skáparými sérlega gott. Vélræn loftræsting er í húsinu og gólfhiti í efri hluta þess.

### Nánari upplýsingar á [www.201.is](http://www.201.is)

Húsið er 14 hæðir, íbúðirnar á bilinu 70 til 193 m<sup>2</sup> með aukinni lofthæð og einkabílastæði fylgir þeim flestum. Heimilistækin eru vönduð og fjölmargar tæknilausnir einfalda íbúum lífið. Í Silfursmára 2 má finna tilvonandi heimili fyrir kröfuhart nútímafólk.  
**Hægt verður að flytja inn í fyrstu íbúðirnar í febrúar.**



Snjöll hönnun og lausnir



Miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu



Yfir 100 verlanir í göngufæri



Hleðslustaðir fyrir rafbíla við hús og í hverfi



Stutt að samgönguæðum og í almenningssamgöngur



Góðar og öruggar göngu- og hjólaeðir



Skólar og leikskólar í göngufjarlægð



Leiksvæði og opnir garðar

**LIND**  
FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4  
201 Kópavogi  
sími 510 7900  
201@fastlind.is

FASTEIGNASALAN  
**MIKLABORG**

Lágmúla 4  
108 Reykjavík  
sími 569 7000  
miklaborg@miklaborg.is

**KLASI**



# Helsti heilbrigðisvandi heimsins

● Sykursýki er í vexti víða á Vesturlöndum ● Tvö ólík afbrigði ● Ofþyngd og lífsstíll ráða miklu um týpu 2, sem um 10% landsmanna eldri en 18 ára eru með ● Meðferð er oft flókin ● Hreyfing til bata mikilvæg

Sigurður Bogi Sævarsson  
sbs@mbl.is

Margar og flóknar ástæður eru fyrir fjölgun tilfella sykursýki 2, sem þúsundir Íslendinga glíma við. Erfðir, óæskilegt mataræði og of lítil hreyfing eru meðal orsaka sjúkdómsins, sem í grunninn helgast af því að insúlín vantar í líkamann eða virkni þess er ekki sem vera skyldi.



Rafn Benediktsson

„Meðalaldur Íslendinga fer hækkandi og þekkt er að insúlínframleiðsla dalar jafnan eftir því sem fólk verður eldra. Líkamsþyngd getur hér líka haft áhrif og þar eru erfðir stór áhrifaþáttur. Ofþyngd liggur oft í ættum. Þetta og fleira eru allt atriði sem þarf að rýna,“ segir Rafn Benediktsson, yfirlæknir innkirtlalækninga á Landspítalanum og prófessor við læknadeild Háskóla Íslands. Hann fjallaði um þessi mál á *Læknadögum* nýverið.

## Insúlín í aðalhlutverki

Hvað er sykursýki? Á Vísindavef HÍ er tiltekið að þetta sé efnaskiptasjúkdómur sem dragi nafn sitt af auknu sykurmagni í blóði. Sjúkdómurinn komi fram þegar brískirtillinn framleiði of lítið insúlín eða þegar líkaminn geti ekki nýtt sér það insúlín sem brisið framleiðir.

Tegundir af sykursýki eru tvær. Sykursýki 1 er insúlínháð sykursýki sem helst greinist hjá börnum og yngri fólki en getur í raun greinst hvenær sem er. Sykursýki 2 er í upphafi insúlínóháð sykursýki sem aðallega kemur fram meðal fullorðinna. Þetta er talið að sé sjúkdómur sem stefni í að verða helsta heilbrigðisvandamál hins vestræna heims.

## Flókið samspil

„Að fólk þyngist vegna þess að það borði of mikið og fái þar með sykursýki 2 er ofureinföldun á því hvað er undirliggjandi. En vissulega er þetta



Morgunblaðið/Eggert

Mannlíf Hverfi í þéttbýli ætti að skipuleggja þannig að fólk geti farið gangandi til að sinna helstu daglegu erindum; svo mikil áhrif til góðs hefur hreyfing á heilsu, segir Rafn og hvetur til nýrrar nálgunar í skipulagsmálum.



Sykursýki Margir sykursjúklingar þurfa að sprauta sig með insúlíni.

ein skýring og hreyfingarleysi önnur. Allt þetta verður þó að skoðast í stóru samhengi við það hvernig líkaminn vinnur og hvernig við höfum byggt þjóðfélag okkar upp. Þetta er flókið samspil,“ segir Rafn, sem telur að í dag séu allt að 9-10% landsmanna 18 ára og eldri með sykursýki 2. Nákvæmar tölur um fjöldann liggja ekki fyrir en upplýsingar úr sjúkraskrá og gagnabrunnum um lyfjanotkun gefa vísbendingar.

„Ekki verður tekist á við sykursýki 2 með neinum einföldum aðgerðum, svo flóknar eru orsakirnar,“ segir Rafn. „Ég tel þó á að sveitarfélög og aðrir ættu eftir megni að skapa þannig umhverfi að einkabíllinn sé ekki aðalatriði. Hverfi í þéttbýli ætti að skipuleggja þannig að fólk geti farið gangandi til að sinna helstu daglegu

erindum; svo mikil áhrif til góðs hefur hreyfing á heilsu fólks. En auðvitað þarf margt fleira að koma til.“

## Fjartækni í lækningum

Sykursýki 1 er sjálfsofnæmissjúkdómur þar sem ónæmiskerfið eyðileggur frumurnar sem framleiða insúlín, sem aftur stýrir blóðsykursmagni í líkama. Talið er að um 1.200 manns, eða um 0,3% þjóðarinnar, séu með þennan sjúkdóm; fólk sem flest nýtur eftirlits og þjónustu göngudeildar innkirtlalækninga á Landspítala.

„Þetta er langvinnur sjúkdómur og meðferð er oft flókin. Greining og meðferð hefst jafnan á viðtali við lækni en svo tekur við meðferð sem fólk úr ýmsum fagstéttum kemur að,“ segir Rafn. Hann getur þess að nýir möguleikar í fjartækni geri þjónustu við fólk með sykursýki 1 mun meðfærilegri en var. Sritandi mælar sem sjúklingar beri sendi frá sér upplýsingar sem heilbrigðisstarfsfólk geti nálgast í skýjalaun. Þannig sé hægt að fylgjast með heilsu viðkomandi í rauntíma og grípa inn í ef blóðsykur viðkomandi eru kominn í óefni. Hugsanlegt sé líka að gervigreind framtíðar geti þróað svör fyrir hvern og einn sjúkling, hvað varðar æskilegt mataræði og annað.

## Erfðir og líftækniyf

„Erfðir, sem vissulega má túlka á mismunandi hátt, hafa mikið að segja um heilsu. Lífsstíll ræður þó miklu um hvernig spilast úr því sem er í genamengi hvers einstaklings,“ segir Rafn. Getur hann þess að erfðatækni framtíðar geti hugsanlega sagt fyrir um hver sé líkleg til að fá sykursýki 1. Nýjar rannsóknir skoði hvort hægt sé að velja fólk í meðferð með líftækniyfjum sem forvörn til að draga úr líkum á sjúkdómnum. Þetta allt sé í þróun og margir komi að málum. Sá tími sé liðinn að einn læknir sjái um öll mál sjúklings; flóknir sjúkdómar kalli á að heilbrigðisstarfsfólk með fjölbreytta menntun komi að málum. Sama megi segja um sykursýki 2, sem er að mestu sinnt innan heilsgæslunnar, hvort heldur er með lyfjaávisunum eða ráðgjöf um næringu og hreyfingu.

## Styrkja vöðvana og bæta jafnvægi

● Ný ráð frá landlækni um hreyfingu

Sigurður Bogi Sævarsson  
sbs@mbl.is

Fullorðið fólk ætti að hreyfa sig rösklega á degi hverjum og í minnst 150 mínútur vikulega. Minnst tvo daga vikunnar ætti að stunda hreyfingu sem styrkir vöðva – en allt þetta stuðlar að betri líkamlegri heilsu og minnkar hættu á veikindum, svo sem kransæðasjúkdómum, sykursýki 2, heilabilun og sumum tegundum krabbameins. Börn og ungmenni ættu að hreyfa sig af krafti í klukkutíma á dag og fullorðið fólk með fötlun ætti minnst tvo daga vikunnar að stunda hreyfingu sem styrkir vöðva og eykur jafnvægi og hreyfigetu. Svipað og um fólk með fötlun má segja um mikilvægi hreyfingar þeirra sem komnir eru á efri ár.

Þetta kom fram á blaðamannafundi landlæknis í gær þar sem kynnt var endurskoðuð útgáfa opinberra ráðlegginga um hreyfingu og takmörkun kyrrsetu. Samhlíða var *Lifshlaupið 2024* opnað; heilsumerkerfni Íþróttar og Ólympíusambands Íslands sem höfða á til allra aldurshópa og



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Íþróttir Hér er hjólað af krafti til bættis heilbrigðis og meiri gleði.

hvetja til hlaupa og annarrar góðrar hreyfingar.

Breytingin frá fyrri ráðleggingum landlæknis um hreyfingu er að nú er fatlað fólk tiltekið sérstaklega. Fatlaðir geta af ýmsum ástæðum átt erfiðara með að stunda mikilvæga hreyfingu en aðrir. Til dæmis æfa einungis um 4% fatlaðra barna íþróttir, sem er margfalt lægra hlutfall en gengur og gerist á meðal ófatlaðra.

„Almennt er rík áhersla á að taka mið af aðstæðum á hverjum tíma og ávallt er betra að hreyfa sig lítið eitt en ekki neitt,“ segir í kynningu landlæknis. sbs@mbl.is



Það er ávísun á gæði og árangur að fá Expert í málið

**EXPERT**  
VINNUM MEÐ ÞEIM BESTU

Höfðabakki 7, 110 Reykjavík | expert.is



Kröflulína 3  
í Fljótsdalshéraði.

Unnin fyrir Landsnet.

Samfélagið stendur frammi fyrir margvíslegum áskorunum.  
Verkefni eru brýn og hlutverk okkar skýrt.

Við viljum vera í fararbroddi við úrlausn þeirra verkefna með  
sjálfbærni að leiðarljósi. Við byggjum á metnaði og reynslu okkar  
fólks og stöðugri sókn til betri árangurs.

Við erum innan handar til að tryggja hagsæld íslensks samfélags.

# Umhverfi afburða hugvits





# Óbyggð víðerni Íslands kortlögð

● Gagnagrunnur sem getur til að mynda auðveldað ákvarðanatöku um virkjunarkosti ● Getur nýst í opinbera geiranum sem og einkaaðilum ● Stefnt að því að allir geti hlaðið kortinu niður án endurgjalds

## BAKSVIÐ

Kristján Jónsson  
kris@mbl.is



Óbyggð víðerni Íslands hafa í fyrsta sinn verið kortlögð samkvæmt alþjóðlega viðurkenndri og staðlaðri aðferðaræði, eins og ráð er fyrir gert í náttúruverndarlögum.

Nýja víðernakortið skapar færi á að skoða og skilgreina áhrif mannvirkja og annarrar landnotkunar á víðerni með mun fljótlegri og nákvæmari hætti en áður.



Ólafur Hauksson

„Nokkur íslensk náttúruverndarsamtök átta frumkvæðið að þessari nýju kortlagningu víðernanna. Við vitum að mikill áhugi er á þessu korti,“ segir Ólafur Hauksson talsmaður hópsins í samtali við Morgunblaðið en kortlagning miðhálandisins hófst 2021 og var kynnt í mars 2022. Í desember síðastliðnum lauk kortlagningu þess sem eftir var af víðernum landsins.

Spurður um notagildið segir Ólafur kortið geta gagnast í margvíslegu tilliti. Kortið geti auðveldað og jafnvel flýtt fyrir ákvarðanatöku um virkjanakosti hér á landi. Kortið sýni til dæmis hvort og hve mikið tiltekið vindorkuver myndi skerða af víðernum og af umtalsvert meiri vísindalegri nákvæmni en í eldra víðernakorti. Sama eigi við um lón, stíflur, vegi og stöðvarhús vatnsaflsvirkjana, háspennulínur og gufuaflsvirkjanir.

## Vistað hjá stofnun

Landmælingar Íslands, faghópar rammaáætlunar og ein verkfræðistofa hafa fengið afmarkaðan aðgang að gagnagrunni kortsins til prófunar og samanburðar við eldra víðernakort. Nýja víðernakortið muni nýtast verkfræðistofum, skipulagsráðgjöfum, sveitarfélögum, orkufyrirtækjum, opinberum stofnunum, ferðaþjónustufyrirtækjum og vísindasamfélaginu, svo eitthvað sé nefnt.

## Víðerni Íslands

### KJARNASVÆÐI

Villtustu víðerni landsins með ördugt aðgengi, óspillta náttúru og laus við ummerki mannsins.


■ Þau allra villtustu eru djúpkjarnasvæðin.

### HJÚPSVÆÐI

Utan um kjarnasvæðin. Víðáttumikil víðernasvæði þar sem ummerkja mannsins gætir lítið sem ekkert.

■ UMSKIPTASVÆÐI Svæði í jaðri víðerna, sem og önnur svæði á láglandi utan byggðar.

■ LAND UTAN VÍÐERNA Byggð og umfangsmikil mannvirki.



Kort unnið af: Wildland Research Institute



„Takmarkið er að allir geti hlaðið gagnagrunni kortsins niður og notfært sér án endurgjalds. Hægt er að skoða kortið á map.is en til að byrja með er kortið í skoðunarformi,“ segir Ólafur en til að tryggja að notendur hafi ávallt nýjustu útgáfu kortagrunnsins er gert ráð fyrir að hann verði vistaður hjá til þess bærris opinberri stofnun sem sjái um dreifingu, viðhald og endurnýjun. Ekki liggur fyrir hver þessi stofnun verður.

## Notið náttúru án truflunar

Spurður um skilgreiningu á óbyggðum víðernum segir Ólafur hana vera samkvæmt náttúruverndarlögum: Svæði í óbyggðum þar sem hægt sé að njóta einveru og náttúrunnar án truflunar frá mannvirkjum eða vélknúinna ökutækjum. Auk þess er þar rætt um stærðar- og fjarlægðarviðmið og mannvirki í dæmaskyni.

„Kortið sýnir víðernin þar sem hægt er að njóta einveru og náttúru án truflunar. Þegar rýnt er í kortið

## Óbyggð víðerni

» Svæði í óbyggðum þar sem hægt er að njóta einveru og náttúrunnar án truflunar frá mannvirkjum eða vélknúnum ökutækjum, samkvæmt skilgreiningu í náttúruverndarlögum.

má sjá hversu víða á Íslandi er hægt að njóta þess. Kort sem þetta hefur ekki verið til áður en í fyrri tilraunum til að teikna víðernakort hefur meira verið horft í tölur en blæbrigði og þau hafa verið grófari.“ Eldri tilraunir til að kortleggja víðerni, svo sem 1998, 2009 og 2017-2021, eru barn síns tíma, að sögn Ólafs, og standast ekki tæknilegar kröfur eða gildandi lög.

## Byggt á þremur kortum

Nýja víðernakortið er í raun byggt á þremur kortagrunnum sem lagðir eru saman í eitt lokakort. Fyrst er það sýnileiki mannvirkja frá tilteknum stað, þá hversu aðgengilegur hver punktur á kortinu er frá næsta vegi í kortagrunni Landmælinga og loks hversu náttúrulegt yfirborð landsins er. Allt þetta leggst saman í einn kortagrunn sem sýnir víðernaupplifun á skala frá 0-100 þar sem 80-100 er ósnortnustu víðernin.

## Unnið í Leeds

Um kortagerðina sá Wildland Research Institute, WRI, sem er sjálfstæð stofnun við háskólann í Leeds í Englandi en íslensku náttúruverndarsamtökin fengu WRI til verksins. WRI hefur kortlagt víðerni víða um heim og þykir vera í fremstu röð á því sviði í heiminum.

Aðferð WRI við kortlagningu víðerna byggist á greiningu á stafrænum þrívíðum landupplýsingagögnum sem eru m.a. notuð til að greina með mikilli nákvæmni sýnileika mannvirkja sem geta haft áhrif á víðernaupplifun. WRI hefur þróað forrit til þessarar greiningar sem byggt er á svipuðum aðferðum og forrit tölvuleikja.

## Talíur og hlaupakettir í úrvali



Skannaðu kóðann til að skoða tilboðsblaðið



**FOSSBERG**

Nethyl 3, 110 Reykjavík | s. 5757 600 | fossberg.is



Verðlaunaafhending Nýsveinahópurinn ásamt Ásgrími Jónassyni rafvirkjameistara, formanni IMFR, ráðherra menntamála og forseta.

## Nýsveinar fagna góðu sveinsprófi

### ● Tuttugu nýsveinar hlutu verðlaun

Vel var fagnað á 17. nýsveinahátíð Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík þegar nýsveinar sem sýnt höfðu frábæran námsárangur voru verðlaunaðir fyrir dugnaðinn. Svo skemmtilega bar til að hátíðina bar upp á 157. afmælisdag félagsins, 3. febrúar sl.

Tuttugu nýsveinar úr 11 iðngreinum og frá sex verkmenntaskólum hlutu verðlaun fyrir einstakan árangur á sveinsprófi á síðasta ári. Verndari hátíðarinnar, forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson, veitti verðlaunin

auk þess sem ráðherra barna- og menntamála Ásmundur Einar Daðason flutti ávarp og Elín Hall var með tónlistaratriði.

Hefð er fyrir því að reyndur iðnaðarmaður sé verðlaunaður á hátíðinni og í þetta sinn var Ásgrímur Jónasson rafvirkjameistari sæmdur nafnbótinni heiðursiðnaðarmaður. Nemastofa atvinnulífsins verðlaunaði fyrirtækin Öskju, Marel, snyrtistofu Ágústu og Hasar ehf. fyrir frábæran árangur í þjálfun og menntun iðnnema.



ÚTSÝNI

Gufunesið

# Fallegar íbúðir í skapandi hverfi

Jöfursbás 5 - Ópið hús lau 10. feb kl 13-15

## Vilt þú búa í náttúruparadís?

Við Eiðsvík í Gufunesi er að rísa spennandi íbúðabyggð í gömlu iðnaðarhverfi sem nú hýsir kvikmyndaver og fyrirtæki í skapandi greinum. Landslagið er einstakt; vogskornir klettur, strendur með svörtum og gylltum sandi með útsýni yfir Geldinganes, Viðey, Esju og miðborgina.



## Íbúðir afhentar vorið 2024

- Einstök sjávarlóð með stórbrotnu útsýni
- Flestar íbúðir með sjávarsýn
- Aukin lofthæð
- Flísalögð baðherbergi og þvottahús
- Gólfhiti í öllum íbúðum
- Kvartssteinn á borðplötum í eldhúsi og böðum
- Innbyggð uppþvottavél og ísskápur fylgja
- Fjölbreyttar íbúðir 51-160 m<sup>2</sup>

Allar nánari upplýsingar færðu á [gufunesid.is](https://gufunesid.is)

Kíktu í kaffi og góðgæti og kynntu þér einstakt hverfi í uppbyggingu.

**DOMUSNOVA**  
Fasteignasala



Fáðu allar upplýsingar á [gufunesid.is](https://gufunesid.is)





Ljósmynd/Arnór Arnórsson

**Björgunarskip Tilraunir með siglingatæknina voru gerðar um borð í Þór.**

## Tækni auki öryggi björgunarskipa

### ● Búnaður frá Hefring fer í ný skip Landsbjargar

Slysavarnafélagið Landsbjörg og íslenska fyrirtækið Hefring Marine hafa gert með sér samkomulag um að koma fyrir sérstökum tæknibúnaði Hefring í öll nýju skip Landsbjargar, að því er fram kemur í fréttatilkynningu. Þar segir að gerð hafi verið tilraun með búnaðinn í björgunarskipinu Þór í Vestmannaeyjum sem hafi reynst afar vel.

Um er að ræða tæknilausn sem byggir á samspili gervigreindar og skynjorum, sem gerir skipstjóra betur kleift að meta og taka ákvarðanir um hraða skips, siglingaleið og siglingalag. Afraksturinn er ekki síst eldsneytissparnaður og þar með minna kolefnisspor, en ekki síður eykur hann öryggi áhafnar.

Þá er nimum komið fyrir á skrokk skips, neðan á stóla áhafnar og þeir tengdir við siglingatölvu skipanna. Þannig er fylgst stöðugt með sjólagi, ölduhæð og höggum sem skips-skrokkurinn verður fyrir við siglinguna. Gervigreindin les stöðugt það sem nemarnir skynja og gefur skipstjóra ráðleggingar um stjórn skipsins til að minnka álag á skrokk skips og draga þannig úr því álagi sem áhöfn verður fyrir þegar siglt er við erfiðar aðstæður.

Landsbjörg stefnir að því að endurnýja öll þrettán björgunarskip félagsins sem staðsett eru hringinn í kringum landið. Þessi búnaður verður samkvæmt samningnum settur í hvert eitt þeirra.

# Útgerðir ýmist bjarga tækjum eða þrauka

● 177 vinnslustörf fyrir áhrifum hamfara ● Tvö félög stefna á vinnslu í bænum

Gunnlaugur Snær Ólafsson  
gso@mbl.is

Hátt í 200 manns sem starfað hafa við sjávarútveg í Grindavík hefur annaðhvort verið sagt upp eða verið tekin af launaskrá þar sem vinnsluhúsnæði hefur verið dæmt ónýtt eða ekki verið séð fram á að vinnsla geti hafist á ný í bænum á næstunni. Aðrir hafa ákveðið að bíða í von um að geta hafið starfsemi á ný eða jafnvel taka slaginn fyrir dómstólum til að geta byrjað vinnslu.

Stakkavík tilkynnti nýverið 47 starfsmönnum í landvinnslu útgerðarinnar að þeim væri sagt upp. Húsnæði Stakkavíkur væri einfaldlega svo illa farið eftir jarðhræringar að ekki yrði séð að vinnsla hefðist á ný á næstunni.

Þá hefur Vísir ehf. tilkynnt 130 starfsmönnum í landvinnslu félagsins með bréfi að þeir verði teknir af launaskrá útgerðarinnar og þeim bent á að sækja beint um greiðslur til Vinnuálastofnunar vegna náttúruhamfaranna í Grindavík. Ekki er þó um rof á ráðningarsambandi að ræða en óljóst hvenær þeir geti snúið aftur til starfa.

Vár í bréfinu m.a. vísað til þess að núverandi takmarkanir almannavarna gerðu það ómöglegt að hefja vinnslu á ný og að gefið hefði verið út að gildandi takmarkanir gætu staðið fram á sumar. Jafnframt væri ekki ljóst hvað Náttúruhamfaratrygging teldi til tjóns af völdum hamfaranna og því ekki unnt að gera frekari tilraunir með vinnslu í bænum.

### Byrjuð að vinna í Helgúvík

Pétur H. Pálsson framkvæmdastjóri Vísis segir byrjað að fá fisk inn í húsnæði sem félagið hefur tekið í notkun í Helgúvík en þar er ætlað að sinna saltfiskvinnslu félagsins. „Við erum byrjuð og erum farin að fá fisk, allt gengur eftir plani. Við þurfum bara að kalla eftir meiri fiski hvað úr hverju. Nú er búið að tryggja allar vélar, opna kaffistofuna og moka út dóti, þetta er allt að taka á sig mynd. Það er mikið lagt á fólk, unnið í hverju horni við að græja og gera.“

Hann segir fiskinn þurfa að vera í salti í um 15 daga áður en byrjað er að pakka til útflutnings. Söltuðum fiski sem hefur verið í húsnæði Vísis í Grindavík er nú ekið til Helgúvíkur til



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

**Atvinnuerfiðleikar Lítíð er aðhafst í Grindavíkurhöfn, engum afla er landað þar þessa dagana.**

pökkunar. Er talið að eftir helgi verði þessi hluti rekstrarins kominn í eðlilegan farveg.

Um 60 starfa nú hjá Vísi við verkefni í landi, meðal annars við söltun í nýju aðstöðunni í Helgúvík, og á skipum félagsins starfa 84 sjómenn. Línuskipin landa hins vegar í Hafnarfirði þar sem stór fiskur úr trollveiðum er nýttur til söltunar.

### Halda sínu striki

Gunnar Tómasson framkvæmdastjóri Þorbjarnar segir lítinn hóp starfsmanna nú í Grindavík að bjarga saltfiski úr vinnsluhúsi félagsins og pakka til útflutnings.

Áður hafði Gunnar sagt stefnt að því að hefja vinnslu á ný í Grindavík eins fljótt og auðið yrði. Spurður hvort einhverjar breytingar hafi orðið á því svarar hann því neitandi. „Við höldum sjó og vonum það besta. Við vonum að við förum vel út úr þessu kvikuskoti sem núna er að koma á okkur. Það á bara eftir að koma í ljós hvernig það fer. Við biðum með allar stórar ákvarðanir fram yfir það.“

Hann segir ekki vera nein áform um að koma vinnslubúnaði félagsins út úr Grindavík. „Við erum ennþá bjartsýnir.“

„Það er ennþá ráðningarsamband við alla starfsmenn,“ segir Alda Agnes Gylfadóttir framkvæmdastjóri Einhamars um stöðuna hjá fyrirtækinu. Engin vinnsla er í gangi hjá Einhamri enda engin heimild fyrir slíku, en fyrirtækið stefnir að því að koma upp vinnslu á ný fáist leyfi til þess.

Gísli Súrsson GK og Auður Vésteins SU hafa haldið áfram að veiða en landa á Snæfellsnesi. Alda Agnes segir aðra framleiðendur aðstoða Einhamar við að afhenda viðskiptavinum vörur.

Stefán Kristjánsson sem á Einhamar ásamt eiginkonu sinni Helenu Söndru Antonsdóttur gaf fyrr í vikunni út að hann hefði ákveðið að stefna íslenska ríkinu fyrir að meina Grindvíkingum aðgang að heimilum sínum. Jafnframt sagðist hann ekki ætla að taka vinnslutæki úr húsnæði félagsins þar sem stefnan væri að hefja vinnslu á ný í Grindavík.

## Byggðu á gæðum



CAT

KLETTUR

KLETTAGÖRÐUM 8-10 – 104 REYKJAVÍK – 590 5100 – KLETTUR.IS

## VOGIR

ELTAK sérhæfir sig í sölu og þjónustu á vogum



Þjódum MESTA úrval á Íslandi af smáum og stórum vogum



Hlíðasmára 14 | S: 588 2122  
www.eltak.is

## Afurðaverð á markaði

7. febrúar, meðalverð, kr./kg

Þorskur, óslægður	494,75
Þorskur, slægður	557,15
Ýsa, óslægð	256,33
Ýsa, slægð	223,64
Ufsi, óslægður	243,71
Ufsi, slægður	289,95
Gullkarfi	319,30
Blálanga, slægð	16,91
Langa, óslægð	299,69
Langa, slægð	272,85
Keila, óslægð	81,28
Keila, slægð	180,33
Steinbítur, óslægður	178,09
Steinbítur, slægður	314,89
Hlýri, slægður	354,25
Skötuselur, slægður	320,15
Skarkoli, slægður	511,00
Þykkvalúra, slægð	1.024,74
Langlúra, óslægð	189,00
Sandkoli, slægður	136,90
Rauðmagi, óslægður	268,93
Grásleppa, óslægð	526,67
Hrogn/ýsa	374,00
Hrogn/þorskur	688,91
Lúða, slægð	622,86
Lýsa, óslægð	96,11
Lýsa, slægð	67,10
Skata, slægð	77,72
Stórkjaffa, slægð	302,00
Undirmálsýsa, óslægð	98,89
Undirmálsþorskur, slægð	66,00
Undirmálsþorskur, óslægður	259,43
Undirmálsþorskur, slægður	273,19



# ÚTSÖLUNNI

Lýkur um helgina

20-60%  
af öllum vörum

**Licata** hornsófi  
Kentucky koniakslitað  
bonded leður.

Fullt verð: 319.900 kr.

Nú **255.920 kr.**

25%  
af dýnu

20%  
af botni

## Elegance heilsurúm m/botni

Frábær heilsudýna sem hefur verið  
vinsæl hjá þeim sem velja gæði. Gormakerfi  
Elegance er mýkra við axlasvæðið og  
mjaðmir og stífara við miðjusvæði.

160x200 cm

Fullt verð: 247.900 kr.

Nú **189.325 kr.**

Nature's Bedding

180x200 cm

Fullt verð: 267.900 kr.

Nú **204.575 kr.**

## Natures Rest Luxury með stillanlegum botni

Natures Rest heilsudýna  
er millistíf (til stíf) dýna  
sem hentar þeim sem vilja  
mikinn og góðan stuðning.  
dýnan er samsett úr 18 cm  
háum gormum umvafið  
af hitasprengrum svampi.  
Gormakerfið er gert  
úr tvíhertu stáli með mikinn og  
góðan stuðning



25%  
af dýnu

20%  
af botni

Nature's Bedding

90x200 cm

Fullt verð: 243.900 kr.

Nú **192.375 kr.**

160x200 cm

Fullt verð: 479.800 kr.

Nú **378.350 kr.**

30%  
afsláttur



## Miami lyftistóll

Stillanlegur hægindastóll með  
tveimur mótörum.  
Leður á slitflötum.  
Fullt verð: 267.900 kr.

Nú **204.575 kr.**

50%  
afsláttur

## Avignon

hægindastóll

Grátt PVC leðurlíki.

Fullt verð: 209.900 kr.

Nú **104.950 kr.**



25%  
afsláttur



## Tampa tungusófi

Grátt áklæði. L242 cm Fullt verð: 179.900 kr.

Nú **134.925 kr.**



60%  
afsláttur

## Molina borð

Hvítt eða grátt sófaborð.

Ø80 cm

Fullt verð: 24.900 kr.

Nú **9.960 kr.**



## Nola sófaborð

Ø90 cm Fullt verð: 74.990 kr.

Nú **52.493 kr.**

30%  
afsláttur

20%  
afsláttur af  
rúmfötum



Holtagörðum, Reykjavík  
Smáratorgi, Kópavogi  
Dalsbraut 1, Akureyri  
Skeiði 1, Ísafirði

Verð og vöruupplýsingar í  
auglýsingunni eru birtar með  
fyrirvara um prentvillur.

# DORMA

Láttu drauminn ræstast



OMX I15	2.589 -0,01 %	OMX C	1.887 0,94 %	OMX H	9.904 -0,54 %	Dow Jones	38.698 0,46 %	FTSE	7.629 -0,68 %
OMX N40	2.649 0,83 %	OMX S	2.356 -0,05 %	OSEBX	1.247 -2,05 %	Nasdaq	15.750 0,90 %	DAX	16.922 -0,65 %

## Boðar breytingar á skattalögum

Pórdís Kolbrún R. Gylfadóttir fjármálaráðherra hefur í samráðsgátt stjórnvalda birt drög að breytingu á tekjuskattalögum, sem á að einfalda regluverk fyrir erlenda fjárfestingu. Frumvarpinu er ætlað að gera íslenskum fyrirtækjum auðveldara um vik að sækja fjármagn að utan.

Þá segir í frumvarpsdrögum að mikilvægt sé að Ísland sé samkeppnishæft við önnur lönd um erlent fjármagn til að styðja við íslenskt atvinnulíf, þá einkum nýsköpunarfyrirtækin sem treysta á aðgang að lánsfé. Frumvarpið gerir einnig ráð fyrir því að lögð verði fram breyting sem snýr að öllum atvinnurekstri og tímabært sé að taka til endurskoðunar, þá sérstaklega vegna neikvæðra áhrifa á erlenda fjárfestingu.

Samkvæmt upplýsingum Morgunblaðsins stendur jafnframt til að afnema skattskyldu á söluhagnað erlendra aðila í íslenskum félögum. Einnig er stefnt að því að rýmka reglur er varða nýtingu á uppsöfnuð rekstrartapi þannig að það fyrnist ekki á 10 árum líkt og það gerir í dag. Fjármálaráðherra hefur áður tjáð sig um það en til greina komi að lengja tímamörkin út. Loks er stefnt að því að kanna hvort hagnaður erlendra aðila af fjárfestingum í íslenskum sjóðum geti verið undanþeginn skatti.

### 8. febrúar 2024

Gjaldmiðill	Gengi
Dollari	137.86
Sterlingspund	173.3
Kanadadalur	101.96
Dönsk króna	19.851
Norsk króna	12.925
Sænsk króna	13.011
Svissn. franki	158.13
Japanskt jen	0.9282
SDR	182.64
Evra	148.1
Meðalgengi/Viðskiptavog þröng	179.5717

# 62% jákvæð fyrir virkjun

● Einbúavirkjun í bið eftir að hún var tekin úr auglýsingu um breytingu á aðal- og deiliskipulagi ● Neikvæð umhverfisáhrif afar lítil ● Engar skýringar gefnar

## BAKSVIÐ

Póroddur Bjarnason  
tobj@mbl.is



Í nýrri skoðanakönnun Maskínu fyrir Litluvelli ehf. um þekkingu og afstöðu til rennslisvirkjunarinnar Einbúavirkjunar í Skjálafandafli í Þingeyjarsveit, telur 61% svarenda að auglýsa skuli virkjunina og 62% telja að hún muni hafa góð áhrif á nærsamfélagið. Virkjunin er 9,8 MW smávirikjun, án stíflu og miðlunarlóns, um 7 km ofan við Goðafoss og nýtir um 24,4 metra vatnsfall.

### Undir 10 MW

Virkjunin hefur verið í undirbúningi síðan árið 2017 og hefur farið í umhverfismat, þrátt fyrir að vera undir tilskildum mörkum, þ.e. rétt undir 10 MW. Í matinu var staðfest að neikvæð umhverfisáhrif væru afar lítil og framkvæmdin afturkræf að svo til öllu leyti.

Í könnun Maskínu má glögg sjá að mestur stuðningur við virkjunina er í Bárðardalnum þar sem reisa á mannvirkið, en minni eftir því sem fjær dregur, sem er örúvisi en oft er í sambærilegum málum.

Tildrög málsins eru þau að í janúar árið 2021 var auglýst breyting á aðal- og deiliskipulagi en tillagan var tekin úr auglýsingu í febrúar sama ár. Það þýðir að ekki er hægt að halda áfram með verkefnið. Í umsögn Hilmarar Ágústssonar, landeiganda Einbúa og forsvarsmanns Einbúavirkjunar, um málið í skipulagsgátt stjórnvalda segir að engar skýringar séu á því að tillagan hafi verið tekin úr auglýsingu önnur en að „þorist hefðu athugasemdir“. Hann segir jafnframt að það hafi komið öllum að övorum að tillagan var tekin úr auglýsingu.

„Sá var hins vegar einmitt tilgangurinn með áður nefndri auglýsingu; að fá fram athugasemdir sem hægt væri að svara, taka tillit til eða bregðast við með öðrum hætti. Ekki hefur fengist



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Orka Myndin er tekin fremst í Bárðardal en virkjunin yrði ofar. Um rennslisvirkjun er að ræða án stíflu og lóns.

### Úr umhverfismati

- » Virkjunin einungis sýnileg á litlu svæði.
- » Framkvæmd fellur að landslaginu.
- » Eykur raforkuframleiðslu á svæði þar sem talið er að orkuskortur hamli uppbyggingu og raforkuöryggi sé ótryggt.
- » Styður við áframhaldandi byggð og styrkir samfélag á svæðinu.

upplýst á grundvelli hvaða atvika sveitarstjórn tók verkefnið úr auglýsingu en þær formlegu athugasemdir

sem bárust vegna auglýsingarinnar gáfu ekki tilefni til svo róttækra aðgerða. Enda kom efnislega ekkert nýtt fram í þeim,“ segir Hilmar í umsögn sinni.

### Vildi umræður

Í máli Hilmarar kemur fram að hann hafi í framhaldi af ákvörðuninni reynt að ræða við sveitarstjórnina um næstu skref en svörin hafi verið þau að kynna þyrfti málið betur og fá fram vilja íbúa sveitarfélagsins. Síðar hafi sveitarstjórn svarað því til að málið væri best afgreitt í heildarendurskoðun aðalskipulags, sem var fyrirliggjandi.

„Það kom því nokkuð á óvart, nú þegar tillaga að aðalskipulagi fyrir sveitarstjórn var auglýst 20. desember [2023], að hvergi var vikið að orkumálum eða orkustefnu fyrir sveitarfélagið. Ekkert var tekið á því hvernig

samfélagið hér getur sem heild tekið þátt í nauðsynlegum orkuskiptum sem eru ofarlega á baugi í samfélaginu og ekki var rætt hve aðgangur að stöðugri orku skiptir miklu máli fyrir atvinnuuppbyggingu hér í samfélaginu. Þar var heldur ekki vikið einu orði að Einbúavirkjun og ekki gert ráð fyrir henni á aðalskipulagi,“ segir Hilmar í umsögninni.

Í umsögn sinni ítrekar Hilmar þá ósk að sveitarstjórn Þingeyjarsveitar taki tillögu að endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins fyrir svo íbúum gefist færi á að koma með athugasemdir og segja sína skoðun á verkefningu.

„Það er eðlileg, lýðræðisleg málsmæðferð sem íbúarnir og sveitarfélagið allt á skilið. Við skulum vona að upplýst og yfirveguð umræða verði áfram í hávegum höfð,“ segir í lok umsgagnar Hilmarar.

# Útsölulok

laugardaginn 10. febrúar

50%  
afsláttur  
af öllum  
útsöluvörum!



Bláu húsin v/Faxafen • Sími 553 7355  
Opið virka daga 11-18, laugardaga 11-15  
[www.selena.is](http://www.selena.is)

Selena

## Gerir ráð fyrir minni hagvexti í ár

● Verðbólguhorfur hafa batnað

Seðlabankinn gerir ráð fyrir minni hagvexti í ár en áður. Þannig gerir bankinn ráð fyrir 1,9% hagvexti í ár en fyrri spá hljóðaði upp á 2,4%. Þetta kemur fram í Peningamálum Seðlabankans sem birt voru í gær samhliða tilkynningu þeirrar ákvörðunar bankans að halda stýrivöxtum óbreyttum.

Fram kemur að dregið hefur úr almennum verðbólguþrýstingi undanfarið og að verðbólguhorfur hafa batnað frá því sem talið var í nóvember. Gert er ráð fyrir að ársverðbólga minnki áfram og verði 6,3% á fyrsta ársfjórðungi og 5% á öðrum fjórðungi sem er 0,7 prósentustigum minna en í nóvember. Hægt hefur hraðar á innlendra eftirspurn undanfarið en þá var spáð og búist er við að slaki myndist í þjóðarþúskaðum í lok þessa árs. Jafnframt kemur fram að alþjóðleg verðbólga hafi einnig minnkað hraðar en var spáð í nóvember.

Hagvaxtarhorfur hafa heldur versnað frá því í nóvember í flestum ríkjum utan Bandaríkjanna en þar hefur hagvöxtur verið umfangsmættur. Alþjóðleg verð-



Morgunblaðið/Ómar

Efnahagsmál Seðlabankinn gerir ráð fyrir minni hagvexti í ár.

bólga hefur minnkað áfram og undirliggjandi verðbólga einnig en þó hægar. Stríðsátökin fyrir botni Miðjarðarhafs gætu hægt á hjöðnun alþjóðlegrar verðbólgu.

Grunnspeá bankans gerir ráð fyrir heldur meiri hækkun húsnæðisverðs í byrjun þessa árs en spáð var í nóvember en að svo taki að draga úr henni þegar líða tekur á árið og að raunverð húsnæðis lækki út spátímamann. Um þetta ríkir þó nokkur óvissa þar sem eldsumbrotin á Reykjanesi og aðgerðir stjórnvalda þeim tengdar gætu leitt til meiri verðhækkunar en nú er spáð.



# Opurtilboð til Tenerife í febrúar

Frábær tilboð til Tenerife í febrúar með ALLT INNIFALIÐ eða án fæðis. Aðeins örfá sæti í boði á þessum verðum.

Aðeins  
**48**  
sæti í boði  
á þessu tilboði

## Bróttfarir

HELGI & VETRARFRÍ Í SKÓLUM 19. TIL 20.

**15. FEBRÚAR**  
Í 7 NÆTUR

HELGI & VETRARFRÍ Í SKÓLUM 19. TIL 20.

**19. FEBRÚAR**  
Í 7 NÆTUR

**22. FEBRÚAR**  
Í 7 NÆTUR

**26. FEBRÚAR**  
Í 7 NÆTUR

**29. FEBRÚAR**  
Í 7 NÆTUR

## Verðdæmi...

### Án fæðis

**Zentral Center**  
Playa del las Americas



INNIFALIÐ: FLUG, GISTING, ÁN FÆÐIS



FRÁ **146.450**

Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA

### Allt innifalið!

**Globales Tamaimo Tropical**  
Puerto de Santiago



ALLT INNIFALIÐ!



INNIFALIÐ: FLUG, GISTING & ALLT INNIFALIÐ!



FRÁ **135.500**

Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA OG 2 BÖRN. FRÁ 158.650 KR. M.V. 2

## Skoðaðu fleiri gisting möguleika á [heimsferdir.is](http://heimsferdir.is)

 **Heimsferðir**



595 1000

[www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)



# Hamas vilja 135 daga vopnahlé á Gasa

● Krefjast þess að Ísraelsher yfirgefi svæðið meðan á vopnahléi stendur ● Talið að Ísraelstjórn muni hafna þessum skilyrðum ● Blinken ræddi við ísraelska og palestínska ráðamenn um vopnahlé í gær

Hamas-samtökin hafa svarað tilöggu sem liggur fyrir um vopnahlé á Gasasvæðinu og lausn gísla sem þar er haldið.

Samtökin gera ýmsar kröfur, þar á meðal um að palestínskir fangar í Ísrael verði látnir lausir í skiptum fyrir gíslana og um uppbyggingu svæðisins. Þá krefjast samtökin þess að Ísraelsher yfirgefi Gasa og hætti öllum hernaðaraðgerðum þegar vopnahléinu lýkur.

Talið er ljóst að Benjamín Netanjahú forsætisráðherra Ísraels muni hafna kröfum um að Ísraelsher yfirgefi svæðið. Hann hefur ítrekað að markmið Ísraels með hernaðinum á Gasa væri óbreytt; að uppræta Hamas-samtökin. Skrifstofa Netanjahús sagði í gær að Mossad, leyniþjónusta



Viðræður Anthony Blinken utanríkisráðherra Bandaríkjanna og Mahmood Abbas, forseti heimastjórnar Palestínanna, ræddust við í gær.

Ísraels, væri að saumfara gagntillögur Hamas.

Samkomulag náðist í síðustu viku um vopnahléstíllögu sem Ísraelsmenn felldu sig við. Var tillagan gerð fyrir milligöngu Katars og Egyptalands og síðan kynnt Hamas-samtökunum. Í uppkasti að viðbrögðum Hamas, sem Reutersfréttastofan fjallaði um í gær, er lagt til að samið verði um 135 daga vopnahlé í þremur áföngum. Á fyrstu 45 dögum þess verði bardögum hætt og öllum konum, körlum 19 ára og yngri og öldruðum og sjúkum sem eru í gíslingu á Gasasvæðinu sleppt í skiptum fyrir palestínskar konur og börn sem eru í ísraelskum fangelsum. Ísraelsher dragi sig til baka frá byggðum svæðum á Gasa og byrjað verði að endurbýggja sjúkrahús og flóttamannabúðir.

Í næsta 45 daga áfanga verði öllum karlkyns gíslum sleppt í skiptum fyrir palestínska fanga og Ísraelsher yfirgefi Gasasvæðið. Í þriðja og síðasta áfanga muni báðar hliðar skiptast á líkum og líkamsleifum. Samkvæmt tillögum Hamas verða flutningar á matvælum og öðrum hjálpargögnum til Gasa auknir. Þegar þessu 135 daga vopnahléi lýkur segir Hamas að búið verði að semja um lok stríðsins.

Bandaríkjastjórn hefur tekið dræmt í þessar tillögur og Joe Biden Bandaríkjaforseti sagði þær heldur yfirdrifnar. Anthony Blinken utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sem í gær ræddi við ísraelska og palestínska ráðamenn, sagði enn mikið verk óunnid við að ná fram varanlegu vopnahléi.

## Rússar gerðu umfangsmiklar loftárásir á Úkraínu í gærmorgun

### Flugskeyti hæfði 18 hæða hús

Að minnsta kosti fimm létu lífið og tugir særðust í flugskeyta- og drónaárásum Rússa á Úkraínu í gærmorgun. Þar af létu fjórir lífið í höfuðborginni Kænugarði þegar flugskeyti lenti á 18 hæða fjölbýlishúsi. Árásir voru einnig gerðar á norðaustur- og suðurhluta landsins og í nágrenni borgarinnar Lvív. Varnarmálaráðuneyti Rússlands sagði í gær að gerðar hefðu verið loftárásir á hernaðarleg skotmörk í Úkraínu og öll markmið með árásunum hefðu náðst.

Rússar hafa ítrekað neitað því að árásir þeirra beinist gegn óbreyttum borgurum þrátt fyrir ýmis skjalfest tilvik sem sýna hið gagnstæða. Sameinuðu þjóðirnar segja að 10 þúsund óbreyttir borgarar hið minnsta hafi látið lífið frá innrásinni í landið 2022.



AFP/Sergei Supinsky

## FINNLAND

### Finnair vigtar farþega með farangri

Finnska flugfélagið Finnair hefur byrjað að vigta farþega með handfarangri þeirra og er þetta hluti af rannsókn sem miðar að því að reikna betur út þyngd flugvéla fyrir flugtak.



Flugvélur Finnair

Kaisa Tikkanen blaðafulltrúi Finnair sagði við AFP-fréttastofuna að þessi tilraun hefði hafist um mánaðamótin og myndi standa fram í maí. Þegar hefðu um 500 sjálfbóðaliðar úr hópi farþega tekið þátt í rannsókninni.

Flugfélagið segir að upplýsingarnar sem aflað er með þessum hætti verði ekki persónugreinanlegar og aðeins starfsmenn við innritunarborð sjái hver heildarþyngdin er. Útreikningar á flugjafnvægi krefjast þess að flugfélög þekki þyngd flugvéla, eldsneytis, matvæla og drykkja, vatnsgeyma og farþega.



**HH**<sup>®</sup>  
work/wear

**HÁGÆÐA VINNUFATNAÐUR OG ÖRYGGISSKÓR Í ÚRVALI**

**VERKFÆRASALAN**

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is

**Magaermi á Medical Park í Istanbul**  
Pakkaverð um 500.000 kr.

**Frír kynningarfundur**  
laugardaginn 10. febrúar 2024 kl. 11:00, Sigtúni 42, Reykjavík.  
Nánari upplýsingar og skráning: [he.is/mpkthla/](https://he.is/mpkthla/)



Guðjón Sigurbjartsson  
frankvæmdastjóri HEI



Sema Gunn  
stjórnandi hjá Medical Park



Ádst. próf. Dr. Hakan Seyit  
skurðlæknir á Medical Park

**Vicks rakatæki léttá öndun, bæta loftið og auka vellíðan**



Vicks Top Fill Cool Mist Ultrasonic – rakatæki  
Verð kr. 11.666,-



Vicks Ultrasonic rakatæki – Barnvænt  
Verð kr. 9.294,-



Vicks Sinus Inhaler – údatæki  
Verð kr. 7.388,-

Vefverslun: [www.donna.is](http://www.donna.is)

**Donna**  
Sími 555 3100 [www.donna.is](http://www.donna.is)





# Fjárfesting í íslenskum bókum

## Skiptir hún máli?

### VERIÐ VELKOMIN Á RÁÐSTEFNU UM STÖÐU BÓKARINNAR Á ÍSLANDI

Menningar- og viðskiptaráðuneytið stendur fyrir ráðstefnu um áhrif laga um stuðning við útgáfu bóka á íslensku á íslenskan bókamarkað og um framtíð bókamarkaðarins. Ráðstefnan verður haldin í **Veröld – Húsi Vigdísar föstudaginn 9. febrúar kl. 15–16:30.**

Ráðstefnan er öllum opin.

### DAGSKRÁ

- **15:00** — **Lilja D. Alfreðsdóttir**, menningar- og viðskiptaráðherra  
**Opnunarávarp**
- **15:10** — **Björgvin Ingi Ólafsson** og **Gisli Guðjónsson** frá Deloitte  
**Árangurinn af endurgreiðslukerfinu**  
*Deloitte kynnir greiningu sína á árangri stuðnings við útgáfu bóka á íslensku og helstu niðurstöður.*
- **15:30** — **Bryndís Loftsdóttir**, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bókaútgefenda  
**Áhrif sem endurgreiðslukerfið hefur haft á bókamarkaðinn**
- **15:45** — **Halldór Guðmundsson**, rithöfundur og stjórnarformaður Forlagsins  
**Breytingar á alþjóðlegum bókamarkaði og framtíðarhorfur**
- **16:00** — **Gerður Kristný** stýrir umræðum  
**PALLBORÐ**  
*Þátttakendur: **Halldór Guðmundsson**; **Katrín Lilja Jónsdóttir**, formaður IBBY á Íslandi; **Natasha S.** rithöfundur; **Pétur Már Ólafsson**, framkvæmdastjóri Bjarts – Veraldar; og **Sigríður Hagalín Björnsdóttir**, í stjórn Rithöfundasambands Íslands*
- **16:20** — **Lilja D. Alfreðsdóttir**, menningar- og viðskiptaráðherra  
**Ráðstefnuslitið og lokaorð**
- **Boðið verður upp á léttar veitingar í lok ráðstefnunnar**

Fundarstjóri er **Gerður Kristný** skáld.



**Stjórnarráð Íslands**  
Menningar- og viðskiptaráðuneytið



## Morgunblaðið

STOFNAÐ 1913

Útgáfufélag: Árvakur hf., Reykjavík.

Ritstjóri: Davíð Oddsson  
Ritstjóri og framkvæmdastjóri: Haraldur JohannessenAstoðarritstjóri:  
Karl BlöndalVarnaðarorð  
SeðlabankansÁbyrgð stjórnvalda  
og aðila vinnu-  
markaðarins er  
mikil þegar kemur  
að verðbólgu og  
vöxtum

Þegar nýjar og jákvæðari verðbólguáhrif voru birtar í liðinni viku var á það bent á þessum stað að þær gæfu vonir um að Seðlabankinn mæti stöðuna þannig að ástæða væri til að halda vöxtum óbreyttum í þessari viku. Í það minnsta fram að því höfðu margir gert ráð fyrir hækkun vaxta. Í gær rættust þær vonir að vextir stæðu í stað þegar bankinn kynnti ákvörðun peningastefnunefndar um að þeir yrðu áfram 9,25%.

Þetta eru háir vextir en það stafar af því að verðbólga er enn allt of há þó að hún hafi „hjaðnað nokkuð frá nóvemberfundi nefndarinnar“, eins og Seðlabankinn orðar það í yfirlýsingu sinni. Hann bendir einnig á að undirliggjandi verðbólga hafi minnkað og vísbendingar séu um að hraðar dragi úr vexti efnahagssumsvifa en áður hafi verið talið og að spennan í þjóðarþúskapnum fari minnkandi og hafi snúist í slaka undir lok árs.

Verðbólguhorfur hafa því batnað að mati bankans, en hann vekur einnig athygli á að langtímaverðbólguvæntingar hafi lítið breyst og að vinnumarkaður sé enn spennur, sem geri kjarasamninga snúnari, eins og seðlabankastjóri benti á þegar ákvörðunin var kynnt í gær. Og í yfirlýsingu bankans er minnt á að enn sé „óvissa um niðurstöður kjarasamninga og mögulegar aðgerðir í ríkisfjármálum tengdar þeim og vegna jarðhræringa á Reykjanesi“.

Sumir tala þannig að ekki megi tengja jarðhræringarnar við annað sem við er að fást, hvort sem er í efnahagslífi eða til dæmis getu þjóðfélagsins til að taka á móti þúsundum hælisleitenda, sem vitaskuld þurfa húsnæði líkt og þeir sem nú hafa misst hús sín í Grindavík. Staðreyndin er þó sú að horfa þarf á hlutina í samhengi og stórir atburðir á borð við rýmingu heils bæjarfélags, jafnvel til frambúðar, hafa áhrif víða. Þess vegna þurfa ábendingar Seðlabankans um að hamfarirnar á Reykjanesi hafi efnahagsleg áhrif, svo sem á afkomu ríkissjóðs og skuldsættingu hans, ekki að koma á óvart. Sömu leiðis að þessar

hamfarir gætu hækkað húsnæðisverð og dregið úr framleiðslugetu. Áhrifin á verðbólgu séu ekki augljós, en áhrifin á þjóðarþúskapinn, sérstaklega íbúðamarkaðinn, muni á endanum ráðast af því hvernig stjórnvöld útfæri og fjármagni aðgerðir sínar.

Þarna er þess vegna óvissa sem Seðlabankinn horfir til en einnig vegna kjaraviðræðna sem óvissa er um hvernig samningum skila. Af þeim hefur bankinn bersýnilega miklar áhyggjur, einkum af því að áhrifin á næstu tveimur árum verði meiri en áður hafi verið búist við.

Fulltrúar launamanna við samningaborðið í Karp-húsinu vísa gjarnan frá sér ábendingum um að það sem samið sé um þar geti leitt til launaskriðs og að tillit þurfi að taka til þess. En það er eins með þetta og annað að horfa verður á áhrifin og afleiðingarnar af þeim ákvörðunum sem teknar eru. Í Peningamáli Seðlabankans er bent á að launaskrið geti verið „stór hluti launaþróunar og er t.d. talið skýra um þriðjung af hækkunum launavísitölunnar milli ársmeðaltala í fyrra“.

Enn fremur má segja að bankinn lýsi áhyggjum sínum yfir því að „formenn nokkurra stéttarfélaganna og bandalaga á almennum og opinberum vinnumarkaði hafa gefið í skyn að ekki yrði sátt um samning sem byggir eingöngu á krónutölhækkunum eins og nú er til umræðu“. Þetta eru vitaskuld bæði skilaboð til þessara formanna, sem og hinna sem nú sitja við samningaborðið.

Engum þarf að blandast hugur um að til að vextir taki að lækka á næstunni þarf ekki aðeins að draga úr spennunni í efnahagslífinu heldur einnig óvissunni. Þetta þýðir að brýnt er að brátt skýrist hvaða leið stjórnvöld hyggjast fara vegna Grindavíkur, en ekki síður að aðilar vinnu- markaðarins gæti hófs við samningaborðið og skapi þær aðstæður að bæði verðbólga og verðbólguvæntingar lækki. Gangi þetta eftir ur allar forsendur til að launþegar, líkt og aðrir landsmenn, uppskeri aukinn kaupmátt og almennt bætt kjör á næstu misserum.

Spara mætti stórfé  
með sameiningu sjóða

## FRÉTTASKÝRING

Kristján Jónsson  
kris@mbl.is

Spara mætti ríkinu um 500 milljónir króna á ári með því að fækka samkeppnissjóðum hins opinbera um helming og búa til eina umsóknargátt fyrir alla sjóði. Er þetta niðurstaða greiningarvinnu háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins, sem Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir ráðherra kynnti á ríkisstjórnarfundum í vikunni. Átta samkeppnissjóðir eru starfræktir á vegum ráðuneytisins í dag en ráðuneytið vinnur nú að því að sameina þá í þrjá og með því gætu sparast tugir milljóna í umsýslukostnað, að sögn Áslaugar.

„Greiningarvinnan gengur út á að finna leiðir til að auka árangur og skilvirkni opinberra samkeppnissjóða á Íslandi. Ég legg til að sjóðum hjá háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu fækki úr átta í þrjá. Er það gert með það að markmiði að auka skilvirkni og stuðning við íslenska nýsköpun en einnig að lækka umsýslukostnað og yfirbyggingu. Endanleg útfærsla mun skera úr um hversu mikið umsýslukostnaður lækkar en ætla má að lækkunin geti numið tugum milljóna,“ segir Áslaug.

## Unnið að lagabreytingu

Að sögn Áslaugar er unnið að breytingu á lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir en undir þá löggjöf falla Rannsóknasjóður, Innviðisráðgjafi og Markáætlun ásamt starfsemi Rannís. Við endurskoðun laganna verður skerpt á hlutverki Rannís sem viðtækrar umsýslu- og þjónustustofnunar opinberra samkeppnissjóða en Rannís þjónustar flest ráðuneyti með einhverjum hætti. Samhliða lagabreytingunum er unnið að því að sameina sjóði ráðuneytisins úr átta í þrjá samkvæmt þeim meginlínum að aðskilja annars vegar þá sjóði sem eru opinir frá þeim sem lúta áherslum stjórnvalda hverju sinni og hins vegar aðskilja grunnrannsóknir frá hagnýtum rannsóknum og nýsköpun.

## Rótfesting menningarstríðs

Mislingar hafa greinst á Íslandi. Vággestur sem reyndist skæðari en spánka veikin svokallaða lætur á sér kræla. Ekki kæmi á óvart að Morgunblaðið fylltist af því tilefni af greinum sem mæla gegn bólu- setningum. Áberandi hefur verið um nokkurt skeið að stundaður hefur verið innflutningur á menningarstríðum sem víða geisa erlendis. Þar í flokki eru samsæriskenningar um öræðar hættur sem steðið á lýðræðinu vegna framsals fullveldis til alþjóðastofnana eða vegna alræðis embættismanna innlendra sem erlendra. Og svo alþjóðlega bólu- setningarsamsæríð.

Jarðvegurinn fyrir ágreiningsmál af þessu tagi hefur hingað til verið snauður á Íslandi. Varnarlínan hefur að mínu mati legið í frjálshlyndum viðhorfum Íslendinga almennt og í tungumálinu sjálfu. Það er einfaldlega innilega hallærislegt að æsa sig yfir pólitískum rétttrúnaði eða samkennd almenningssins og gengur og gerist í stærri þjóðfélögum. Íslenskur málheimir hefur ekki tekið við slíku innfluttu góssi hingað til. Þó er nú eins og þrotlaust sáningsstarfið sé ekki að falla í eins grýtta jörð og áður.

Ástæða er til að slá varnagla við tilhneigingum til þess að flytja inn erlend menningarstríð. Leiðarahöfundur Morgunblaðsins mætti til að mynda hugleiða þá staðreynd að afleiðing menningarstríða okkar tíma er sjaldnast sú að talsmenn klassískra frjálshlyndra og fíaldssamra gilda standi uppi sem sigurvegur í þeim. Miklu fremur eru þau uppsprettu skautunar, heiftar og æsingamennsku



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Stjórnarráðið Aukin skilvirkni getur dregið mjög úr kostnaði við sjóðina.

## Sjóðakerfið

- »Alla vega 75 samkeppnissjóðir eru á vegum ráðuneyta.
- »Alls fara hátt í 30 milljarðar í gegnum sjóðakerfi á vegum ríkisins.
- »Að minnsta kosti 55 sjóðir eru með skipaðar stjórnir.
- »Stjórnarmenn í heild eru líklega um 220-240 talsins.
- »Áætlað er að kostnaður við sjóðina sé yfir milljarðar árlaga.

## 37 aðilar með 75 sjóði

Áslaug hefur kynnt í ríkisstjórninni hugmyndina um að möguleiki sé að fækka samkeppnissjóðum hins opinbera um helming. Samkvæmt vinnu ráðuneytisins eru hið minnsta 75 samkeppnissjóðir á vegum ráðuneyta sem úthluta styrkjum til ýmissa verkefna. Umfang einstakra sjóða er mjög misjafnt og eru úthlutanir allt frá nokkrum milljónum í nokkra milljarða. Um 30 milljarðar króna fara árlega í gegnum einhvers konar sjóðakerfi á vegum ríkisins. Samkvæmt ráðuneytinu eru 37 mismunandi umsýsluáðilar fyrir sjóðina 75. Við blasir að hverjum sjóði fylgir föst vinna, óháð umfangi hans. Því séu smæstu sjóðirnir mjög óhagkvæmir og algengt sé að kostnaður við um-

sýslu þeirra sé á bilinu 10-20% af því fjármagni sem ráðstafað er úr þeim.

## Skilar betri yfirsýn

Áslaug segir að því geti verið til mikils að vinna að einfalda sjóðakerfi hins opinbera með það fyrir augum að spara almannafé. Hún bendir á að með einni umsóknargátt sé einnig hægt að hafa mun betri yfirsýn yfir sjóðakerfið. Ráðuneytið hennar hafi nú þegar prufukeyrt slíka gátt í samstarfi við Island.is en nú hefst vinna með öðrum ráðuneytum þar sem kannað verði hvort og þá hvernig þau geti nýtt sér slíka gátt.

„Ein umsóknargátt getur gefið ríkinu betri yfirsýn yfir það hvert stuðningurinn fer. Koma má í veg fyrir söun og kostnað sem hlýst af afar mismunandi umsýslu allra sjóða hins opinbera í dag. Gáttin mun einnig auðvelda frumkvöðlum og fyrirtækjum að gengið því þetta yrði einfaldara og skilvirkara,“ segir Áslaug sem einnig vill sjá að hægt verði að leggja betur mat á hvernig úthlutanir úr sjóðum nýtast samfélaginu.

„Ég legg einnig til að lögfest verði áhrifamat á því hvernig fjármagn úr sjóðum nýtist samfélaginu. Ég tel mikilvægt að tryggja að samfélagsleg áhrif samkeppnissjóða verði metin með reglubundnum hætti. Hefur það til dæmis verið gert varðandi tækniþróunarsjóð en við höfum ekki lagt mat á sjóðaumhverfið í heild sinni með sambærilegum hætti,“ segir Áslaug Arna.

## Pistill

Kári  
Gautason

á ystu jöðrum stjórnmalanna á kostnað sigildra lýðræðishefða.

## Orkusóun í fánýt strið

Er það til dæmis skynsamlegt að gera tilraun til þess að þröngva frumvarpi forsætisráðherra um mannréttindastofnun inn í farveg menningarstríðs? Við samþykktum samning Sam-einuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks fyrir átta árum og þar er beinlínis gert ráð fyrir að til staðar sé stofnun sem geti bent á það þegar hið opinbera er að brjóta á mannréttindum fólks. Slíka stofnun skortir og kostar 44 milljónir skv. frumvarpi. Næg fordæmi eru úr nútímasögu Íslendinga sem sýna fram á nauðsyn þess að vernda einstaklinga gagnvart ofbeldi af hálfu ríkis og sveitarfélaga. Nægir að nefna í þessu samhengi illa meðferð á dvalarheimilum og meðferðarstofnunum sem verið er að gera upp þessi misserin.

Það kann að vera að einhverjir sjái tækifæri í þessu til að gera sig gildandi í innfluttu og ímynduðu menningarstríði. En vera kann líka að það komi þeim í koll. Það er nefnilega engin einföld leið til að ljúka menningarstríðum þegar þau á annað borð eru hafin. Það geta orðið þrjátíu ára eða hundrað ára stríð. Og verið til óþurftar með því að sóað er mikilli orku í fánýta hluti þegar næg tilefni eru til þess að ræða það sem til framfara og heilla horfir.

Höfundur er þingmaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs. kari.gautason@althingi.is





**Sprungu** Hugaðir menn unnu við það á þriðjudag að opna stóra sprungu undir gervigrasinu í knathúsinu í Grindavík. Liggur sprungan í gegnum húsið, horn í horn, allt að nfu metra djúp.

## Hraða þarf vinnu við eldgosahættumat

Daglega birta fjölmiðlar álit ýmissa sérfræðinga, lærðra sem ólærðra, á mögulegum sviðsmyndum jarðskjálfta- og eldvirkni og hraunrennslis á Reykjanesi og höfuðborgarsvæðinu. Koma þar fram ýmsar persónulegar skoðanir um mót-vægisáðgerðir og hvernig byggð skuli þróast á komandi árum. Gott og vel – en óneitanlega yta sum ummælin undir ótta fólks og óvissu um framtíðina. Í skipulagsgerð undanfarinna áratuga hefur hins vegar minna farið fyrir athugasemdum, kröfum eða ábendingum opinberra stofnana eða annarra í þessa veru en öðru máli gegnir um t.d. vatnsverndarsjónarmið og fornminjavirnd sem oft setja strik í byggingaráform. Þá má ekki gleyma að jafnvel hraunavínir hafa getað tafið skipulagsferli og uppbyggingu misserum og árum saman án þess að eldvirkni eða hraunrennslis hafi komið til tals. Í einhverjum tilvikum hafa þó byggingar verið færðar til, m.a. við gerð Árbæjarlaugar í Reykjavík þegar í ljós kom sprunga á fyrirhuguðum byggingarreit, og víðar hefur verið tekið tillit til sprungna við skipulagsgerð nýrra hverfa á höfuðborgarsvæðinu.



Rósa Guðbjartsdóttir

árs. Nú þegar eldgosaváin er komin fram með eldsumbrotunum á Reykjanesi er mikilvægt að vinnu við þetta hættumat verði flýtt. Þótt flestir sérfræðingar sem hafa tjáð sig um þessi mál undanfarnar vikur séu sammála um að eldgos komi ekki upp innan byggðar á höfuðborgarsvæðinu þá geti tilteknum hlutum svæðisins stafað hættu af mögulegu hraunflæði. Mikilvægt er fyrir sveitarfélögin á svæðinu að fá heildarmyndina sem fyrst með þeim sviðsmyndum sem komið

» Nú þegar eldgosaváin er komin fram með eldsumbrotunum á Reykjanesi er mikilvægt að vinnu við þetta hættumat verði flýtt.

geta upp út frá sameiginlegu mati og niðurstöðu opinberra aðila eins og sérfræðinga Veðurstofunnar og almannavarna. Þá fyrst er hægt að kortleggja stöðuna og hanna mót-vægisáðgerðir sé ástæða til. Enginn veit þó hvort eða hvenær grípa þurfi til slíkra áðgerða en traustvekjandi er að áætlunin sé til og mikilvæg greiningarvinna búin að eiga sér stað. Þegar eldgosahættumatið hefur litið dagsins ljós er einsýnt að taka þurfi upp svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins. Þá þarf að rýna það með tilliti til niðurstaðna, mögulegrar varnargarðagerðar í framtíðinni og fyrirhugaðrar uppbyggingar á svæðinu.

Höfundur er bæjarstjóri Hafnarfjarðar.

## Óhrædd og afgerandi

Á borgarstjórnarfundum síðastliðinn þriðjudag lagði Sjálfstæðisflokkur til að fallið yrði frá öllum fyrirætlunum um að færa Reykjavíkflugvöll í Hvassahraun. Samhliða yrði fallið frá frekari fjárframlögum borgarinnar til rannsókna á Hvassahrauni sem mögulegu flugvallarstæði, en fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar gerir ráð fyrir 20 milljónum króna framlagi til rannsókna árið 2024. Meirihlutinn treysti sér ekki til að samþykka tillöguna.

### Vissa á óvissutímum

Síðustu ár hafa farið fram athuganir á Hvassahrauni sem mögulegu flugvallarstæði. Byggðust athuganirnar á því mati meðal annars að ekki væru líkur á að gjömsa myndi í nágrenni svæðisins næstu aldirnar.

Í ljósi eldsumbrota á Reykjaneskaga að



Hildur Björnsdóttir

undanförunu hafa líkur á að mögulegur flugvöllur í Hvassahrauni yrði fyrir tjóni eða truflunum vegna eldsumbrota í nánustu framtíð aukist að mati eldfjallafræðinga. Hafa jarðvísindamenn bent á að Reykjaneskaginn sé kominn inn í gostímabil sem varað geti í fleiri hundruð ár.

Staðan á Reykjaneskaga veldur óvissu og vekur margar spurningar. Hún kallar á endurskoðun skipulags og húsnæðisuppbyggingar á stórhöfuðborgarsvæðinu öllu. Hún skapar hræðilega óvissu fyrir íbúa Grindavíkur. Hún skapar jafnframt óvissu fyrir íbúa nærliggjandi byggða sem lesa fregnir af hugsanlegu hraunrennslis nærri heimilum þeirra í óskilgreindri framtíð. Óvissuþættirnir eru margir en eitt er nokkuð skýrt; með hlidsjón af eldsumbrotum og jarðhræringum á Reykjaneskaga mun

óvissu fyrir íbúa Grindavíkur. Hún skapar jafnframt óvissu fyrir íbúa nærliggjandi byggða sem lesa fregnir af hugsanlegu hraunrennslis nærri heimilum þeirra í óskilgreindri framtíð. Óvissuþættirnir eru margir en eitt er nokkuð skýrt; með hlidsjón af eldsumbrotum og jarðhræringum á Reykjaneskaga mun

» Tveir valdamestu menn borgarkerfisins töluðu í kross en annar hafði betur – meirihlutinn samþykkti ekki tillöguna og stefna Samfylkingar varð ofan á.

Hvassahraun ekki reynast besti kostur fyrir uppbyggingu nýs flugvallar.

### Stefna Samfylkingar ráðandi

Á fundi borgarstjórnar flutti formaður borgarráðs, Dagur B. Eggertsson, athyglisverða ræðu, hvar hann færði fyrir því margvísleg rök að Hvassahraun væri enn frábær kostur fyrir nýjan flugvöll. Jarðhræringar á svæðinu hefðu ekki nokkur áhrif. Borgarstjóri, Einar Þorsteins-son, tók hins vegar ekki í sama streng og taldi fremur ólíklegt að Hvassahraun gæti komið til frekari skoðunar. Tveir valdamestu menn

borgarkerfisins töluðu í kross en annar hafði betur – meirihlutinn samþykkti ekki tillöguna og stefna Samfylkingar varð ofan á.

### Virðing við skattfé

Ólíkt meirihlutunum treystir Sjálfstæðisflokkurinn sér til að taka afgerandi afstöðu og segja uppbyggingu nýs flugvallar í Hvassahrauni óskynsamlega. Við treystum okkur jafnframt til að tala alveg skýrt um það, að skattfé almennings skuli sýnd sú lágmarksvirðing að verja ekki 20 milljónum til viðbótar í rannsókna á Hvassahrauni. Með hlidsjón af jarðhræringum á Reykjaneskaga og staðsetningu alþjóðaflugvallar í Keflavík muni Hvassahraun ekki reynast besti kostur fyrir nýjan flugvöll sem gegna eigi hlutverki bæði varaflugvallar og innanlandsflugvallar. Við erum óhrædd við þessa afstöðu og erum afgerandi í máli okkar.

Höfundur er oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

## Menntun innflytjenda – falinn fjársjóður

Í janúar sá ég viðtal við tannlækni frá Úkraínu sem kom til Íslands sem flóttamaður vorið 2022 og hefur nú fengið leyfi landlæknis til að starfa sem tannlæknir hér á landi. Þetta eru virkilega jákvæðar fréttir. En því miður heyrir ég samhliða of margar sögur um að innflytjendur fái fyrra nám eða starfsréttindi ekki metin á Íslandi. Hingað til hefur oft verið óljóst hvert eigi að snúa sér til að fá fyrra nám metið. Það er því mikið fagnaðarefni að í byrjun febrúar var opnuð þjónustugátt fyrir mat á námi og starfsréttindum á Íslandi.

### Atvinnuþátttaka innflytjenda er mikil

Innflytjendur eru nú um 18 prósent af heildarfjölda landsmanna en hlutfallið er mjög breytilegt á milli byggðarlaga. Hæst er hlutfall innflytjenda yfir 60% í Mýrdalshreppi, í allmörgum sveitarfélögum er það yfir 30% en þar sem hlutfall innflytjenda er lægst fer það niður fyrir fimm prósent. Sveitarfélög með hæst hlutfall innflytjenda eru öll á landsbyggðinni en ekkert sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu fer yfir 20% nema Reykjavík. Seinni hluta síðasta árs voru innflytjendur um 23% af heildar-



Líneik Anna Sævarsdóttir

fjölda starfandi á Íslandi. Almenn atvinnuþátttaka á Íslandi er 82% en atvinnuþátttaka innflytjenda er enn meiri, eða tæplega 87%, og er það mun herra hlutfall en í öðrum norrænum ríkjum. Ekki hefði verið mögulegt að manna mikilvæg störf síðustu ár án aðkomu innflytjenda, t.d. í fiskvinnslu, iðnaði, ferðaþjónustu og í vaxandi mæli í heilbrigðis- og velferðarþjónustu.

### Menntunarstig innflytjenda er áþekkt menntunarstigi innlendra

Margir innflytjendur sinna störfum þar sem ekki er gerð rík krafa um menntun og það oft þrátt fyrir að vera jafnvel með sérhæfða menntun sem mikil þörf er fyrir á íslenskum vinnumarkaði. Það þarf að nýta þennan mannauð betur. Staðreyndin er sú að um 42% innflytjenda hér á landi vinna störf sem ekki krefjast sérstakrar menntunar þrátt fyrir að hlutfall þeirra innflytjenda sem hér búa og ekki hafa lokið sérstækri menntun sé 17%. Þá vekur það athygli að menntunarstig innlendra og innflytjenda á Íslandi er áþekkt. Þá er ekki marktækur munur á menntunarstigi þeirra sem koma hingað frá svæðum utan EES og innan EES.

» Almenn atvinnuþátttaka á Íslandi er 82% en atvinnuþátttaka innflytjenda er enn meiri, eða tæplega 87%.

### Bylting við mat á menntun og færni

Eins og áður sagði var þjónustugátt fyrir mat á námi og starfsréttindum opnuð í byrjun febrúar. Með þjónustugáttinni er verið að tengja umsækjendur í gegnum miðlaga síðu við alla þá sem koma að mati og viðurkenningu á námi hér á landi. Þannig batnar aðgengi fólks sem vill fá menntun frá útlöndum metna, óháð því hvort um er að ræða innflytjendur eða innfædda. Hér er um að ræða mjög mikilvægt skref til einföldunar og loks verður hægt að sjá á einum stað allar upplýsingar um kröfur sem gerðar eru til viðurkenningar á menntun eða færni. Ég fagna þessu skrefi sem hér hefur verið tekið en legg áherslu á að frekari umbóta er þörf. Matið heyrir undir þrjú ráðuneyti, heilbrigðisráðuneytið varðandi starfsleyfi heilbrigðisstétta; háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunaráðuneyti varðandi starfsréttindi iðngreina; og mennta- og barnamálaráðuneytið varðandi starfsleyfi fyrir leik-, grunn- og framhaldsskólakennara. Verkefnið dreifist víða og þess vegna er brýnt

að skilgreina vel hlutverk skóla við mat á námi, leiðbeiningar og þjónustu. Ég er sannfærð um að hér eru frekari tækifæri til úrbóta og aukinnar skilvirkni án þess að slaka á kröfum til þekkingar og færni.

### Við þurfum á þekkingu allra íbúa að halda

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið ber ábyrgð á móttöku innflytjenda, og þar hefur nú verið einn grænþök um stöðuna í málefnum innflytjenda og unnið er að stefnumótun í nánú samstarfi við ráðherranefnd í málaflökknum. Á kjörtímabilinu hafa nú þegar verið samþykktar lagabreytingar á grunni þeirrar vinnu til að auðvelda ráðningu sérfræðinga frá útlöndum, þjónustugáttin er komin og unnið að eflingu raunfærnimats og skilvirkara mati á námi og starfsréttindum. Þessi vinna er í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar en þar segir: „Tryggja þarf að innflytjendur sem hér vilja búa og starfa fái tækifæri til aðlögunar og geti nýtt hæfileika sína, þekkingu og reynslu.“ Það er mikilvægt að fjárfesta í fólki eins og við í Framsókn leggjum áherslu á. Við þurfum á þekkingu allra að halda þar sem við á og kannski leynt þekking sem hefur skort í sum byggðarlög nú þegar meðal íbúa.

Höfundur er þingmaður Framsóknar.



# Betra atvinnulíf – betri framtíð

## Nokkrar staðreyndir um fiskeldi í sjó

Því betri upplýsingar sem við höfum, því betra er að mynda sér skoðun. Það gildir um fiskeldi við strendur Íslands eins og allt annað. Með skynsamlegri uppbyggingu í sátt við umhverfi og samfélag getur fiskeldi í sjó skipt sköpum fyrir líf skjör til framtíðar á Íslandi.

Engin matvælaframleiðsla á sér stað án nokkurra áhrifa á umhverfi eða samfélag. Verkefnið við uppbyggingu mikilvægrar verðmætasköpunar frá fiskeldi í sjó felst í því að takmarka þessi áhrif.

Það hefur alltaf legið fyrir að umhverfisáhrif geta orðið, eins og í annarri matvælaframleiðslu. Þess vegna fer fram viðamikill og strangt umhverfismat af hálfu bæði fyrirtækja og stjórnvalda og er virkt eftirlit með kröfum í þeim efnum. Þess vegna er áhættumat erfðablöndunar, sem unnið er af sérfræðingum Hafrannsóknastofnunar, látið stýra magni þess fisks sem heimilt er að ala í sjó. Þess vegna er tryggt að lífrænt álag á hafsvæðin sé tímabundið og svæðin fái reglulega hvíld. Þess vegna fjárfesta fyrirtækin stöðugt í nýrri tækni og lausnum til að gera enn betur.

Það hefur alltaf legið fyrir mikill vilji þeirra sem ala fisk í sjó til þess að virða hagsmuni þeirra sem stunda veiðar á villtum laxi í íslenskum ám. Auðsýnt er að auka þarf samtalið og samstarfið á milli þessara aðila, enda á ein atvinnugrein ekki að útiloka aðra. Tækninni hefur fleygt fram og fjöldi áhugaverðra lausna er í boði til þess að tryggja enn betur heimkynni og veiðisvæði villta íslenska laxins. Vilji er allt sem þarf.

Það getur engum dulist að fiskeldi í sjó felur í sér einstakt tækifæri í nútíð og framtíð. Aukinn útflutningsvöxtur er enda forsenda áframhaldandi góðra lífskjara hér á landi. Hollar, hágæða fiskafurðir með lágu kolefnisfótspori geta lagt mikilvæg lóð á vogar skálar í þeirri áskorun, auk þess að treysta byggð og skapa spennandi og fjölbreytt störf um allt land.

Höldum áfram að skapa verðmæti. Nýtum auðlindir til sjávar og sveita skynsamlega og treystum þannig sameiginlega sjóði og velferð hér á landi.

**Kynntu þér staðreyndirnar á [fiskeldi.sfs.is](https://fiskeldi.sfs.is)**

[fiskeldi.sfs.is](https://fiskeldi.sfs.is)





## Skaðar fiskeldi í sjó villta laxastofna á Íslandi?

Grundvallarforsenda fiskeldis í sjó við Ísland er að villtir laxastofnar skaðist ekki vegna erfðablöndunar. Í samræmi við strangar reglur er laxeldi í sjókvíum því bannað á svæðum nærri skilgreindum íslenskum laxveiðiám.

Þá er unnið svokallað áhættumat erfðablöndunar af óháðum sérfræðingum Hafrannsóknastofnunar. Matið felur í sér tillögu um eldismagn, sem öruggt er talið að ala megi í sjó á tilteknu hafsvæði, án þess að valda villtum laxastofnum skaða. Ísland er eina landið í heiminum sem framkvæmir slíkt mat og byggir magn eldis í sjó á þeim niðurstöðum.

Hvergi í heiminum er gengið lengra við leyfisveitingar til laxeldis í því að gæta að vernd villtra nytjastofna en hér á landi. (Skýrsla Boston Consulting Group, bls. 88)

## Eru skattar og gjöld lögð á starfsemina?

Fyrirtæki sem ala fisk í sjó greiða sérstakt fiskeldisgjald (auðlindagjald), umhverfissjóðsgjald og hafnargjöld, ásamt tekjuskatti og öðrum sköttum sem lagðir eru á fyrirtæki á Íslandi. Kveðið er á um hina sérstöku auðlindagjalddöku í lögum um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó.

Fyrirtæki í fiskeldi eru stolt af því að leggja til samneyslunnar. Þegar um útflutningsatvinnuvegi er að ræða, er þó mikilvægt að huga að samkeppnishæfni þeirra og tryggja að rekstrarskilyrði stuðli að aukinni verðmætasköpun og auknum þjóðhagslegum ávinningi. Ef horft er til annarra þjóða þar sem laxeldi er stundað, þ.m.t. Noregs og Færeyja, er ljóst að heildarskattar og gjöld af fiskeldi í sjó eru hæst á Íslandi. (Skýrsla Boston Consulting Group, bls. 111)

## Hvað er laxalús?

Laxalús er algengt sníkjudýr á laxfiskum, bæði í villtum stofnum og eldisfiski. Lúsin á uppruna sinn í villtum laxfiskum og magn þeirra nærri eldisvæði getur því haft áhrif á smittiðni hjá eldislaxi. (Skýrsla Ríkisendurskoðunar, bls. 64)

Í skýrslu dýralæknis fiskisjúkdóma frá árinu 2022 hjá Matvælastofnun segir: „Öll stærri eldisfyrirtæki huga afar vel að forvörnum og innra eftirliti og hafa m.a. gert samninga við sjálfstætt starfandi dýralæknajónustur til að styðja við og efla almennt heilbrigðis- og velferðareftirlit.“

Alvarleg tilvik ágengni laxalúsar komu upp árið 2023 á Vestfjörðum. Á grundvelli sjónarmiða um dýravelferð varð það niðurstaða tveggja fyrirtækja sem í hlut áttu að farga sýktum fiski. Það er sameiginlegt verkefni fiskeldisfyrirtækja og yfirvalda að huga að bestu forvörnum til að koma í veg fyrir ágang lúsar og tryggja að til staðar séu skilvirk úrræði til viðbragða ef þörf krefur.

## Kafaðu dýpra og myndaðu þér skoðun

Á [fiskeldi.sfs.is](https://fiskeldi.sfs.is) höfum við gert aðgengilegar upplýsingar byggðar á staðreyndum og vísindalegum rannsóknum til að auðvelda þér að mynda þína eigin skoðun á traustum grunni.

Þú getur líka sent okkur spurningar eða gert athugasemdir við efnið á [fiskeldi@sfs.is](mailto:fiskeldi@sfs.is) og við munum svara.



Samtök fyrirtækja  
í sjávarútvegi



# Þetta er orðið of mikið EES

Tímabært er að endurskoða aðild Íslands að EES-samningnum. Færa má gild rök fyrir því að samningurinn hafi að mörgu leyti reynst okkur Íslendingum vel á sínum tíma og flýtt fyrir ýmsum breytingum til batnadar. Í seinni tíð hefur EES-samningurinn hins vegar sífellt orðið meira til trafala fyrir okkur með þyngjandi regluverki og kröfum um framsal valds. Þá er íslensk gullhúðun sérstakt vandamál.

Við gerðumst aðilar að EES-samningnum fyrst og fremst vegna þess að við áttum að njóta sérstakra tollakjara inn á innri markað ESB fyrir útflutningsafurðir okkar. Ekki síst sjávarfang. Hins vegar hefur ESB á undanförunum árum samið um fríverslun við ríki eins og Kanada, Japan og Bretland



Þorgrímur Sigmundsson

með fullu tollfrelsi fyrir sjávarfang sem við höfum aldrei haft í gegnum EES-samninginn eins og Hjörtur J. Guðmundsson alþjóðastjórnsmálafræðingur hefur vakið athygli á í skrifum sínum.

Við gerðumst ekki aðilar að EES-samningnum til þess að framselja sífellt meira vald yfir okkar málum til ESB. Ekki heldur til

þess að þurfa endalaust að taka upp meira og meira þyngjandi regluverk frá sambandinu sem er hugsað fyrir milljóna- og tugmilljónaþjóðir og hentar oft engan veginn fyrir okkar samfélag. Eins og Hjörtur hefur bent á erum við sífellt meira í þeirri stöðu að þurfa alltaf að vera að aðlaga hagsmuni okkar og aðstæður regluverki sem hannað er af öðrum og fyrir aðra.

» **Tímabært er að endurskoða aðild Íslands að EES-samningnum.**

Innan ESB sé síðan allt regluverk þess undir og vægi Íslands fari eftir íbúafjölda landsins.

## Alltaf gengið lengra og lengra

Fréttir hafa reglulega borist af því að stjórnsýslan hér á landi eigi í stökustu vandræðum með að ráða við allt reglugerðafarganið frá ESB sem gerir fátt annað en að aukast. Þetta er eins og að reyna að moka snjó í stórhrið eða jafnvel verra.

Vel á fjórða tug manna starfar í þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytisins við að þýða regluverkið. Stór hluti stjórnsýslunnar byggir tilvist sína meira eða minna á aðildinni að EES-samningnum.

Við þekkjum líka hvernig kaupin gerast á eyrinni á Alþingi þegar

regluverk frá ESB er annars vegar. Höfum við oft heyrt minnst á færibandavinnu í því sambandi, bæði í gríni og fúlustu alvöru, þar sem regluverkið frá Brussel dælist inn í þingið og er yfirleitt afgreitt á færibaldi eins og hvert annað formsatriði án nokkurrar eiginlegrar umræðu.

Brynjar Níelsson, sem þá var þingmaður Sjálfstæðisflokksins og er auk þess hæstaréttarlögmaður, orðaði þetta ágætlega á Bylgjunni í febrúar 2014 þar sem hann sagði: „Mér finnst ég gera lítið annað á þinginu en að innleiða einhverjar reglur frá Evrópusambandinu.“ Og bætti síðan við: „Það eru alls konar hlutir í þessum samningi sem ég hef aldrei skilið af hverju við þurfum að fara eftir regluverki þeirra með.“

Á útvarpsstöðinni K100 í nóvember 2018 ræddi Brynjar líka málið og sagði: „Þetta er vandinn við þennan samning. Það sem gerist alltaf er að það er alltaf

gengið lengra og lengra. Framsalið á valdinu verður alltaf meira og meira. Þá er spurningin: Eigum við alltaf að teygja okkur lengra í þessa átt eða eigum við að spyrna niður fæti og segja: „Þetta er orðið eitt-hvað of mikið?“ Til umræðu var þriðji orkupakki ESB sem Brynjar síðan samþykkti.

## Verður bara meira af þessu?

Svarið við spurningu Brynjars er annars ekki flókið: Jú, þetta er orðið of mikið. Alltof mikið. Og það á bara eftir að verða meira af þessu.

Miklu meira. Meira reglugerðarfargan, meiri kröfur um framsal valds og meiri kröfur um að málaflökkar falli undir EES sem aldrei var ætlun íslenskra stjórnvalda að yrði. Eins og var til dæmis með orkumálin. Og stjórnvöld þora ekki að spyrna við fótum. Þau hafa beinlínis sagt það.

Ekki sé þannig þorandi að beita neitunarvaldinu í EES-samningnum. Þeir í Brussel gætu nefnilega orðið fúlir! Sigmundur Davíð formaður Miðflokksins hefur réttilega bent á þennan ótta stjórnsmála-manna. Og það má ekki gerast! Skilaboðin til Brussel eru einfaldlega þau að senda megri hvað sem er til Íslands.

Það verði allt saman samþykkt.

Og nú síðast vill ríkisstjórnin ofan á allt annað festa í lög að allt það regluverk frá ESB sem innleitt hefur verið hér á landi gangi fram innlendri lagasetningu (Bókun 35). Af þeirri einu ástæðu að það kemur frá Brussel.

Auðvitað að kröfu ESB. Frumvarp frá utanríkisráðherra um þetta var lagt fram á síðasta þingi en náði ekki fram að ganga þá. Nú stendur til að gera aðra tilraun til að koma því í gegnum þingið undir forystu nýs utanríkisráðherra, sjálfis formanns Sjálfstæðisflokksins!

Við þurfum einfaldlega að skipta EES-samningnum út fyrir fríverslunarsamning og losna þannig við vaxandi upptöku þyngjandi regluverks og framsal valds. Við fáum oft að heyra að án EES-samningsins færi allt á hliðina og að enginn valkostur sé við hann. En eins og Hjörtur hefur bent á gerðum við nákvæmlega þetta í tilfalli Bretlands sem er ekki bara eitthvert land heldur annað stærsta viðskiptaland okkar.

Skiptum EES-samningnum út fyrir fríverslunarsamning. Og ekkert fór á hliðina.

Höfundur er varaþingmaður Miðflokksins.

## Móttaka aðsendra greina

Morgunblaðið er vettvangur lífandi umræðu í landinu og birtir aðsendar greinar alla útgáfudaga.

Þeir sem vilja senda Morgunblaðinu greinar eru vinsamlega beðnir að nota innsendikerfi blaðsins. Kerfið er auðvelt í notkun og tryggir öryggi í samskiptum milli starfsfólks Morgunblaðsins og höfunda. Morgunblaðið birtir ekki greinar sem einnig eru sendar á aðra miðla.

Kerfið er aðgengilegt undir Morgunblaðslóginu efst í hægri horni forsiðu [mbl.is](http://mbl.is). Þegar smelt er á lógóið birtist felligluggi þar sem liðurinn „Senda inn grein“ er valinn.

Í fyrsta skipti sem innsendikerfið er notað þarf notandinn að nýskrá sig inn í kerfið. Ítarlegar leiðbeiningar fylgja hverju þrepi í skráningarferlinu. Eftir að viðkomandi hefur skráð sig sem notanda í kerfið er nóg að slá inn kennitölu notanda og lykilorð til að opna svæðið. Hægt er að senda greinar allan sólarhringinn.

Nánari upplýsingar veitir starfsfolk Morgunblaðsins alla virka daga í síma 569-1100 frá kl. 8.30-17.

SR

STÓRSVEIT  
REYKJAVÍKUR  
KYNNIR:



SIGURÐUR  
FLOSASON

AFMÆLISTÓNLEIKAR

ANDREA GYLFAÐÓTTIR  
KRISTJANA STEFÁNSDÓTTIR  
STEFÁN HILMARSSON  
ÞÓRIR BALDURSSON

60 ÁRA

► 11. FEBRÚAR ► KL. 20.00 ► SILFURBERG

Miðasala á [HARPA.IS](http://HARPA.IS) og [TIX.IS](http://TIX.IS)



# Fokdýr Fossvogsbú

Enn eykst áætlaður kostnaður við fyrirhugaða Fossvogsbú. Heildarkostnaður við smíði brúarinnar hefur margfaldast frá upphaflegri áætlun og er nú metinn á 8.800 milljónir króna. Ekki er víst að sú kostnaðaráætlun standist enda er um mjög sérhæft mannvirki að ræða.



Kjartan Magnússon

Fossvogsbú yrði 270 metra löng stálbrú, sem tengja á saman tvö jaðarsvæði: Kársnes og Nauthólsvík. Brúin mun hafa takmarkaðan almennan tilgang. Ekki er gert ráð fyrir bílum heldur einungis gangandi og hjólandi umferð um hana, auk borgarlínuvagna. Brúin mun lítil sem engin áhrif hafa til styttingar fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur, fyrir utan þá sem eiga erindi á milli þessara jaðarsvæða.

Fossvogsbú var fyrst rædd í

borgarstjórn fyrir rúmum áratug og snerist hugmyndin þá um krúttlega göngu- og hjólabrú, sem kosta átti nokkur hundruð milljónir króna. Síðan hafa kostnaðaráætlanir margfaldast og ólíklegt er að endanlegur kostnaður verði undir tíu milljörðum. En eins og við fleiri opinberar framkvæmdir virðist kostnaðurinn ekki skipta máli. Skattgreiðendur borga brúsann á endanum.

## Flaggskip borgarlínunnar?

Fossvogsbú hefur verið nefnd flaggskip svokallaðrar borgarlínu. Komið hefur á daginn að upphaflegar kostnaðaráætlanir hennar hafa verið stórlega vanmetnar. Gert er ráð fyrir að kostnaður við framkvæmdahluta borgarlínu nemi 126 milljörðum króna á verðlagi síðasta

## » Vegna margföldunar kostnaðaráætlanar þarf að endurmeta arðsemi Fossvogsbúar sem og annarra framkvæmda svonefnds samgöngusáttmála.

árs. Á þá eftir að gera ráð fyrir rekstrarkostnaði, sem mun að auki nema milljörðum króna árlega.

Allt bendir til að Fossvogsbú verði óarðbær og hafi neikvætt núvirði eins og raunar borgarlínuverkefnið í heild. Margar aðrar samgönguframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu eru arðbærar og miklu þarfari. Nær væri t.d. að efla núverandi strætókerfi en að bæta öðru kerfi við með óvissum kostnaði og árangri.

## Geysidýrt gæluverkefni

Fossvogsbú er skólabókardæmi um opinbert gæluverkefni, þar sem kostnaðaráætlunum virðist viljandi vera haldið lágum á meðan verið er að „selja“ verkefnið og lauma því yfir á herðar skattgreiðenda. Þegar

dregur að framkvæmdum eru nýjar og raunhæfari áætlanir lagðar fram í trausti þess að málið sé komið svo langt að of seint sé að hætta við hina óarðbæru framkvæmd.

Þegar óskað var eftir upplýsingum um kostnað við Fossvogsbú árið 2022 mætti undirritaður mikilli tregðu í kerfinu. Í árslok fékkst það svar að áætlaður kostnaður við brúna næmi 2.250 milljónum króna þótt augljóst væri að sú tala væri alltof lág og löngu úrelt.

Síðastliðið haust stökkbreyttist kostnaðaráætlun Fossvogsbúar í 7.500 milljónir króna. Nú hefur hún hækkað í 8.800 milljónir en þó er líklegt að raunkostnaður verkefnisins verði hærri.

Í uppfærðri kostnaðaráætlun er ekki gert ráð fyrir því að ryðfrítt stál verði notað í Fossvogsbú eins og áður var stefnt að en þannig næst að lækka áætlunina um 1.400 milljónir. Var áður fullyrt að vegna mikils sjóálags væri ryðfría stálið nauðsynlegt til að halda viðhaldskostnaði niðri. Hætt hefur verið við notkun ryðfría stálsins með einu pennastríki, að því er virðist til að lækka kostnaðaráætlun.

## Hagsmunir skattgreiðenda

Margföldun kostnaðaráætlunar ætti með réttu að leiða til þess að arðsemi Fossvogsbúar yrði endurmetin í ljósi stökkbreytts kostnaðar. Í raun þyrfti að endurmeta arðsemi allra framkvæmda í tengslum við fyrirhugaða borgarlínu. Eftirfarandi spurningar blasa við:

· Er réttlætlanlegt að verja um tíu milljörðum króna í afar dýra Fossvogsbú, sem mun nýtast almenningsi að mjög takmörkuðu leyti? Er ekki skynsamlegra að verja þessum fjármunum í brýnni og arðbærari samgönguverkefni í borginni?

· Er í lagi að þyngra skattbyrði Reykvíkinga enn frekar með nýjum skatti (umferðargjaldi) til að fjármagna borgarlínu, sem kosta mun hátt á annað hundruð milljarða króna?

Ekki síst ættu alþingismenn Reykvíkinga að svara þessum spurningum og láta málið til sín taka með hagsmunum skattgreiðenda að leiðarljósi.

Höfundur er borgarfulltrúi og varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins.

# BÚSETURÉTTIR TIL SÖLU

Reykjavík: Bryggjuhverfi og Austurbær



BÚSETI  
40 ÁRA

### NAUSTABRYGGJA 11 · 110 RVK.



66,7 ferm.  
2ja herb.  
201 íbúð nr.

Búseturéttur: 8.086.557 kr.  
Mánaðarlegt búsetugjald: 203.497 kr.  
Mögulegt lán: 4.040.000 kr.  
Afhending að ósk seljanda: Sem fyrst.

### EINHOLT 12 · 105 RVK.



156,6 ferm.  
5 herb.  
102 íbúð nr.

Búseturéttur: 16.753.759 kr.  
Mánaðarlegt búsetugjald: 397.699 kr.  
Mögulegt lán: 8.370.000 kr.  
Afhending að ósk seljanda: Sem fyrst.

### ÞVERHOLT 23 · 105 RVK.



131 ferm.  
4ra herb.  
206 íbúð nr.

Búseturéttur: 15.226.873 kr.  
Mánaðarlegt búsetugjald: 346.556 kr.  
Mögulegt lán: 7.600.000 kr.  
Afhending að ósk seljanda: 1. mars.

### TANGABRYGGJA 2 · 110 RVK.



73 ferm.  
2ja herb.  
202 íbúð nr.

Búseturéttur: 10.106.683 kr.  
Mánaðarlegt búsetugjald: 223.230 kr.  
Mögulegt lán: 5.050.000 kr.  
Afhending að ósk seljanda: Í byrjun mars.

### TANGABRYGGJA 6A · 110 RVK.



103,7 ferm.  
4ra herb.  
106 íbúð nr.

Búseturéttur: 13.490.000 kr.  
Mánaðarlegt búsetugjald: 297.965 kr.  
Mögulegt lán: 6.745.000 kr.  
Afhending: Í febrúar/mars.

### TANGABRYGGJA 4B · 110 RVK.



120,6 ferm.  
4ra herb.  
105 íbúð nr.

Búseturéttur: 14.290.000 kr.  
Mánaðarlegt búsetugjald: 336.416 kr.  
Mögulegt lán: 7.145.000 kr.  
Afhending: Í febrúar/mars.

### TANGABRYGGJA 12 · 110 RVK.



80,8 ferm.  
3ja herb.  
208 íbúð nr.

Búseturéttur: 11.144.488 kr.  
Mánaðarlegt búsetugjald: 241.375 kr.  
Mögulegt lán: 5.570.000 kr.  
Afhending: Í febrúar/mars.

## BÚSETI ER STOLTUR AÐILI AÐ



## ÁVINNINGUR

- Örugg búseta
- Minni fjárbinding
- Réttur til vaxtabóta
- Lægri kaup- og sölukostnaður
- Búseti sér um ytra viðhald

## INNIFALIÐ Í BÚSETUGJALDI

Fjármagnskostnaður, skyldutryggingar, hiti, fasteignagjöld, hússjóður, þjónustugjald og framlag í viðhaldssjóð.

## ÁÐUR AUGLÝSTAR ÍBÚÐIR

Fyrsta umsækjenda gefst kostur á að ganga frá kaupum óháð félagsnúmeri. Ef ekki berst hámarkstilboð hefur seljandi rétt til þess að gera gagntilboð eða hafna tilboðinu.

## LÁNAMÖGULEIKAR

Í boði er allt að 50% fjármögnun á búseturéttinum frá Landsbankanum byggt á lánareglum bankans.

## VERTU Í SAMBANDI

WWW.BUSETI.IS  
buseti@buseti.is  
Sími: 556 1000



Með því að skanna QR kóðann opnast síðan Lausar íbúðir á vef Búseta.

Birt með fyrirvara um villur og breytingar.

## NÝTT Í SÖLU

Sótt er um á vef Búseta. www.buseti.is

Umsóknarfrestur til: 14. febrúar kl. 16:00  
Rafræn úthlutun: 15. febrúar kl. 10:00

Umsækjendum er raðað í röð þar sem hæstbjóðandi er estur. Þegar um sömu tilboðsfjárhæð er að ræða er farið eftir félagsnúmeri.



mbl.is

SMARTLAND  
MÖRTU MARÍU

# Með stóra drauma á tímamótum

Gerða Jónsdóttir hefur verið einn vinsælasti þjálfari landsins að undanfögnu og er oft kennd við námskeiðin Inshape. Gerða stóð á tímamótum fyrir áramót þegar hún tók ákvörðun um að hætta með námskeiðin í World Class. Hún segir að síðustu vikur hafi verið mjög áhugaverðar og lærdómsríkar.



Morgunblaðið/Arnþór Birkisson

Guðrún Selma Sigurjónsdóttir  
gudrunselma@mbl.is

„Námskeiðin voru búin að ganga vel frá upphafi og því var þetta ekki auðveld ákvörðun en hárrétt engu að síður. Ég fylgdi innsæinu þrátt fyrir að engin framtíðarplön lægju fyrir; nema það að fara í langþráða kviðaðgerð eftir þrjár meðgöngur,“ segir Gerða um ákvörðunina.

#### Gott að fá fjarlægð

Að undanfögnu hefur hún verið að byggja upp styrk eftir aðgerðina.  
„Bataferlið eftir aðgerðina er svo búið að

gangna töluvert hægar en ég bjóst við og það hefur reynt mest á andlegu hliðina. Núna, tveimur mánuðum eftir aðgerð, er ég rétt byrjuð að synda og fara í léttar göngur og hef einmitt náð að draga hluta af Inshape-hópnum með mér! Það sem var dýrmætast fyrir mig í gegnum námskeiðin var að eignast dásamlegar vinkonur sem deila sömu markmiðum og eru alltaf til í alls konar vitleysu með mér,“ segir Gerða.

„Ég hef lært alveg helling á þessu ferli og er mjög þakklát fyrir að hafa haft möguleika á að staldra við, hlúa að sjálfri mér og endurskoða hvert leiðin liggur. Ég mun taka mér þann

tíma sem ég þarf til þess að ná góðum bata og bæti því svo í reynslubankann. Það er gott að horfa á heildarmyndina úr smá fjarlægð til að geta þroskast og vaxið enn meira og á nýja veginum.“

#### Sítur ekki auðum höndum

Gerða er alltaf með mörg járn í eldinum þó svo að dagurinn hennar hafi breyst aðeins. Framtíðin er spennandi.

„Þrátt fyrir að hafa hætt með námskeiðin sit ég ekki auðum höndum og var nýverið að taka að mér spennandi verkefni sem þjálfari fyrir Miss Universe Iceland sem fer fram í haust.

Hvað Inshape varðar er endurbætt heimasíða á leið í loftið – með alls kyns heilsutengdum vörum og er stefnan tekin á að stækka hana með tímanum. Mig langar líka að halda fleiri heilsutengda viðburði og er með nokkrar hugmyndir á teiknaborðinu fyrir 2024.

Hvað þjálfun varðar, sem er líklega algengasta spurningin sem ég fæ, hefur mér boðist að þjálfja hjá ýmsum stöðvum en planið var ekki að fara úr einni stöð í aðra. Það er ekki þar með sagt að ég fari ekki að þjálfja aftur. Ég á mér stóra drauma og elska að þjálfja, svo að ég útiloka ekki að fara aftur af stað þegar rétti tíminn kemur.“



**pixlar**  
Ljósmynda og prentþjónusta



## Kuðungurinn 2023

#### Umhverfisviðurkenning umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið óskar eftir tilnefningum um fyrirtæki eða stofnun, sem vegna verka sinna og athafna á síðasta ári er þess verðugt að hljóta umhverfisviðurkenninguna Kuðungurinn fyrir árið 2023. Óskað er eftir því að stutt greinargerð fylgi með tilnefningunni.

Fyrirtæki og stofnanir geta bæði tilnefnt sig sjálf eða verið tilnefnd af öðrum.

Tillögur skulu berast umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu eigi síðar en 11. mars nk. merktar „Kuðungurinn“ á netfangið urn@urn.is eða með pósti í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, Borgartúni 26b, 105 Reykjavík.

Nánari upplýsingar er að finna á [www.stjornarradid.is/kudungurinn](http://www.stjornarradid.is/kudungurinn)

FINNA.is

FINNA Q

ÍSLENSK FYRIRTÆKI OG ÞJÓNUSTA



# GIORGIO ARMANI



I AM WHAT I LIVE

# MY WAY

THE NEW EAU DE PARFUM NECTAR

**20% afsláttur**

af öllum GIORGIO ARMANI vörum  
dagana 8. - 14. febrúar

**HAGKAUP**



## Bollur með stökkum craqueline-toppi

Bolludagur er handan við hornið og það er í góðu lagi að þjófstarta bolludeginum, í það minnsta byrja að æfa sig í bollubakstrinum.

Sjófn Þórðardóttir  
sjofn@mbl.is

Sigríður Björk Bragadóttir matgæðingur og einn eigenda Salt eldhúss, alla jafna kölluð Sirrý, bakar alveg dýrlegar bollur sem eiga sögu frá París. Sirrý er þekkt fyrir sínar ljúffengu kræsingar og þessar frönsku en Frakkar eru snillingar í bakstri og eftirréttagerð. Þá eru bollur engin undantekning enda nota Frakkar mikið vatnsdeig í sína eftirréttagerð og það þekkir Sirrý vel.

„Bolludagur er einn af mínum uppáhaldsdögum. Bollurnar sem ég geri á bolludaginn eru með stökkum „craqueline“-toppi ofan á en að öðru leyti geri ég þær hefðbundnar með sultu, rjóma og súkkulaði. Mínu fólki finnst þannig bollur bestar. Ég fór á eftirréttanámskeið í París fyrir nokkrum árum og lærði þar meðal annars að gera svona topp á bollurnar. Við lærðum að gera fimm eða sex flotta eftirrétti og þar á meðal vatnsdeigsbollur með pistasjúkremi og grænum craqueline-toppi. Matreiðsluskólinn heitir Cook'n with class og er í 18. hverfi. Mjög gaman er að fara á svona námskeið og í lokin er að sjálfsögðu opnað kampavín og smakkað á herlegheitunum. Hægt er að fræðast meira um matreiðsluskólann á [cooknwithclass.com](http://cooknwithclass.com).

### Popelini uppáhaldsbúðin í 9. hverfi í París

Frakkar nota vatnsdeig í ýmsan bakstur og þekktu eftirrétti, éclair, Paris-Brest og profiterolles eru

nokkur dæmi. „Í París eru líka bakarí eða verslanir sem eru með popelini, en það eru litlar kökur, heldur stærri en makkarónur, með þessum stökka toppi og hægt að fá í alls konar bragðtegundum og litadýrðin er mikil. Popelini er keðja af verzlunum sem eru víða í París og eru með þessar ótrúlega fallegu og girnilegu kökur, mín uppáhaldsbúð er á 44 Rue Martyrs í 9. hverfi. Sú gata er líflæg og mikið af verzlunum fyrir sækera og verslanir opnar á sunnudögum. Popelini er á Instagram og þar er hægt að sjá hvar hinar verslanirnar eru og þau eru líka á Facebook,“ segir Sirrý sem veit svo sannarlega hvað París hefur upp á að bjóða fyrir sækeraunnendur sem kunna að njóta.

### Þarf að vigta nákvæmt

Fyrir óvana bakara getur verið snúið að baka vatnsdeigsbollur en vanir bakarar hafa líka lent í vandræðum. Sirrý er alvön vatnsdeigsbollubakstri og veit vel hvað skiptir máli að hafa í huga þegar vatnsdeigsbollur eru bakaðar. „Oftast er það vegna þess að deigið er of þunnt og bollurnar verða eins og flatkaka. Þrjú atriði þarf að hafa í huga og fyrst er að nefna að hér gildir ekkert „dass“, það þarf að vigta nákvæmt. Egg eru misstór og það sem flestir lenda í er að setja of mikið af eggjum, sérstaklega þegar gerð er margföld uppskrift og gott að hafa í huga að meðalegg er 50 g án skurnar. Vatnið sem smjörið er brætt í í byrjun þarf að vera sjóðandi þegar hveiti er sett út í og gott að slá saman bollu yfir hita 1-2 mínútur.

**Bolludagur** Sigríður Björk Bragadóttir matgæðingur bakar sínar uppáhaldsbollur á bolludaginn sem hún lærði að gera á eftirréttanámskeiði í matreiðsluskóla í París.



## Spíran

### hefur opnað á nýjum stað

## Álfabakka 6

Verið hjartanlega velkomin

spíran.

Álfabakka 6, 109 Reykjavík | Sími 517 3340  
[kukkarnir.is/spiran](http://kukkarnir.is/spiran) | [Spíran á facebook](https://www.facebook.com/spiran)



Síðan þarf smjörbollan að kólna því ef hún er of heit eldast egginn og gera ekki gagn í að lyfta deiginu vel. Ef þetta er passað og uppskriftnin er góð er lítið mál að baka vatnsdeigsbollur,“ segir Sirrý bætir við að æfingin skapi meistarann.

Sirrý sviptir hér hulunni af sinni uppáhaldsbolluuppskrift sem er að sjálfsögðu ættuð frá París eins og fram hefur komið.

### Vatnsdeigsbollur með craqueline-toppi 9 stk.

170 ml mjólk (1¼ dl)  
70 g smjör  
1 tsk. sykurl  
örlítill salt  
100 g hveiti  
3 meðalstór egg (sláid saman og vigtið 150 g án skurnar)





**Stökkur toppur** Þessar dásamlegu bollur með stökkum craqueline-toppi gleðja bæði auga og munn. Töfrarnir í bragðupplifuninni verða á toppnum.

Það er eðlilegt, bara halda áfram að hræra og það samlagast fljótt. Líka er gott að setja deigið í hrærivél og láta vélina ganga smástund með hveitibollunni til að kæla það, gott að nota hrærarann, ekki þeytarann, og setja síðan eggin í eitt í einu. Setjið deigið í sprautupoka. Sprautið deigið úr í bollur u.þ.b. 9 stk. Má líka nota tvær matskeiðar. Stingið kringlóttar kökur út úr craqueline-deiginu og leggið ofan á hverja köku.

Bakið í 30 mínútur. Athugið vel: alls ekki opna ofninn fyrstu 20 mínúturnar, kökurnar geta fallið. Takið kökurnar út þegar þær eru tilbúnar og kælið.

#### Craqueline-deig

60 g smjör, mjúkt  
80 g hveiti  
80 g hrásýkur

Setjið allt í skál og myljið saman með höndum. Formið bollu og látið í kæli í 15 mínútur. Notið tvær arkir af smjörpappír; setjið deigið á milli og fletjið þunnt út. Stingið út kökur og setjið ofan á vatnsdeigsbollurnar. Bakið síðan eins og sagt er hér að ofan.

Kælið bollurnar og berið fram með rjóma og sultu á milli eða öðrum spennandi fyllingum eins og rjóma og sítrónumauki (lemoncurd) eða því sem matarhjartað gírnist.



Morgunblaðið/Eypór Árnason



Hitið ofninn í 190°C á blástur (200°C á undir/yfir). Setjið mjólk, smjör, sykur og salt í pott og sjóði þar til smjörin er bráðið, passið að þetta sjóði vel. Setjið hveiti í pottinn og sláið það saman við með sleif þar til það er samfelt og losnar frá botninum. Látið bíða í fimm mínútur. Bætið þá eggjum í í þremur skömmtum og sláið vel saman við. Deigið virðist stundum vera að skilja sig en



## Rjómabolludagurinn

Allir hafa skoðun á hvernig fylling á að vera í bollum en öll erum við þó sammála um að rjóminn er ómissandi.

Þú færð góða bolluuppskrift á [gottimatinn.is](http://gottimatinn.is)







Ástríðan Friðrik eldar sína baunasúpu af ástríðu og natni sem hann segir að sé lituð af 30 ára kokkaferli sínum.



Súputarína Friðrik ber baunasúpu sína fram í yfir 100 ára gamalli súputarínu sem hann erfði frá ömmu sinni en hún erfði þessa sömu tarínu frá ömmu sinni.

Morgunblaðið/Árni Sæberg

# Baunasúpan hans Friðriks V elduð af ást

Nú styttest óðum í sprengidag og þá er það saltkjöt og baunir sem verður aðalrétturinn á borðum landsmanna sem halda daginn hátíðlegan.

Sjófn Þórðardóttir  
sjofn@mbl.is

Friðrik V. Hraunfjörð matreiðslumaður og fordómalaus áhugamaður um matargerð, sem flestir þekkja sem Friðrik V, heldur mikið upp á íslenskar matarhefðir og sprengidagur er einn af hans upphaldsdögum. Hann lagar baunasúpu sem móðuramma hans kenndi honum að gera.

„Ég held mikið upp á allar

íslenskar matarhefðir og hef alltaf gert, bæði í vinnu og heima. Tek öllum erlendum matarhefðum fagnandi líka eins og til dæmis þakkargjörðarhátíð og októberfest. Nota öll tækifæri sem gefast til að gera dagamun í vinnu og heima sem tengist mat,“ segir Friðrik dreyminn á svip enda veit hann fátt skemmtilegra en að matreiða ljúffengan mat.

Friðrik deilir með lesendum Morgunblaðsins uppskrift að baunasúpu sem hefur verið í fjölskyldunni



sína útgáfu af baunasúpu og halda daginn hátíðlegan,“ segir Friðrik að lokum.

## Baunasúpa Friðriks V

Fyrir 6  
500 g gular hálfbaunir  
1½ - 2 l vatn  
1 biti (200 g) saltkjötsbiti af síðu  
100 g beikon, smátt saxað  
100 g laukur, smátt saxaður  
100 g gulrætur, smátt saxaðar  
100 g gulrófur, smátt saxaðar  
2 stk. lárvíðarlauf  
1 tsk. þurrkað tímían  
100 g smjör  
svartur pipar, nýmalaður  
kjótkraftur ef vill

## Kjöt og meðlæti

800-1.000 g sérvalið saltminna saltkjöt  
200 g kartöflumælki  
200 g gulrófur, flysjaðar og gróft skornar  
200 g gulrætur, flysjaðar og gróft skornar

**Saltkjöt og baunir** Girnileg baunasúpan hans Friðriks og meðlætið. Hann ber baunasúpuna fram sér og meðlætið til hliðar á sérdiski í stað þess að blanda öllu saman.

í áratugi, og hann er búinn að setja sitt handbragð á, og meðlæti, sem er sannkölluð veislumáltíð á íslenska vísu.

„Þetta er uppskrift sem móðuramma mín kenndi mér þegar ég var unglingur. Hún var með stórt heimili og saltkjöt og baunir oft í matinn. Uppskriftin er engu að síður svoltið mín, þar sem þessi útgáfa, eins og ég geri hana í dag, er lituð af 30 ára kokkaferli og stefnu og straumum sem ég hef farið í gegnum á þessum árum. Til dæmis er ég aftur kominn í það að bjóða upp á súpuna sér og kjöt og grænmeti til hliðar, á tímabili þar ég súpuna fram með kjöti og grænmeti, það er að segja var búinn að skera kjöt og grænmeti út í. Einnig núna síðustu ár mauka ég súpuna extra vel í thermomixer eða öðrum góðum blandara þannig að hún verði flauelsmjúk og yrjulaus,“ segir Friðrik og bætir við: „Þess má geta að ég ber mína baunasúpu fram í yfir 100 ára gamalli súputarínu sem ég erfði frá ömmu en hún erfði þessa sömu tarínu frá ömmu sinni.“ Galdurinn við að búa til góða baunasúpu segir Friðrik vera að halda í hefðir, nota gott hráefni, kunnáttu og ástina fyrir matargerðinni.

„Endilega notið tækifærið og gerið saltkjöt og baunir í tilefni sprengidagsins, þetta er frábær hefð sem gott er að gera einu sinni á ári og njóta án samviskubits. Ég hvet grænkeru einnig til að gera

Sjóðið saltkjötsbitana í sérpotti í um það bil klukkustund og leyfið að standa í soðinu í góðan tíma meðan súpan er gerð. Leggið baunirnar í bleyti í kalt vatn í að minnsta kosti fimm klukkustundir eða yfir nótt. Setjið baunirnar í stóran pott, hellið vatninu yfir og hitið upp að suðu, sjóðið baunirnar í 10-15 mínútur, fleytið froðuna ofan af áður en síðubitanum er bætt út í. Sjóðið við vægan hita í 40 mínútur áður en grænmeti, beikoni, tímían og lárvíðarlaufi er bætt út í. Sjóðið áfram í 30 mínútur eða þar til baunir og grænmeti er orðið að mauki, smakkið til með pipar, hugsanlega kjótkrafti eða jafnvel soðinu af saltkjötsbitunum, fjarlægjið síðubitanum og lárvíðarlaufið úr súpunni, bætið smjörinu út í og látið standa í 10-15 mínútur áður en súpan er maukuð þannig að hún verði flauelsmjúk og glansandi. Þá er óhætt að hita hana aftur áður en hún er borin fram.

Berið súpuna fallega fram. Hana má til að mynda skreyta með saxaðri steinseljju eða graslauk og gott er að hella góðri ólífuolíu yfir. Berið kjötið, grænmetið og kartöflurnar sem soðið er sér fram til hliðar þannig að allir geti gert upp við sig hvort kjötið og grænmetið sé borðað sér eða skorið út í súpuna.

Gleðilega eldamennsku.

## Klassísk gæðahúsgögn á góðu verði



Stólar  
Sófasett  
Borðstofuborð  
Skenkar/skápar  
Hvíldarstólar  
o.m.fl.

Komið og skoðið úrvalið

**NYFORM**  
HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | [nyform.is](http://nyform.is)





# Esjumelar

Athafnasvæði í uppbyggingu

## Atvinnulóðir á Esjumelum

Reykjavíkurborg auglýsir nú byggingarrétt til sölu á föstu verði á fjórum lóðum á Esjumelum

Um er að ræða Bronssléttu 1, 3 og 5 og Norðurgrafarveg 3

- Við Bronssléttu 1 er heimilt að byggja 1.350,8 m<sup>2</sup> atvinnuhúsnæði
- Við Bronssléttu 3 er heimilt að byggja 1.350,8 m<sup>2</sup> atvinnuhúsnæði
- Við Bronssléttu 5 er heimilt að byggja 1.378,0 m<sup>2</sup> atvinnuhúsnæði
- Við Norðurgrafarveg 3 er heimilt að byggja 1.316,8 m<sup>2</sup> atvinnuhúsnæði

Lóðirnar eru á föstu verði og geta farið í sölufurli strax og áhugasamir aðilar hafa samband.

Nánari upplýsingar má finna á [reykjavik.is/athafnalif](https://reykjavik.is/athafnalif)



Helga Braga segist oft leika misheppnaðar konur en eftir sextugsafmælið verði þær enn skrýtnari með ákveðinni dýpt

# Sextugar springa út

Leiklistarferill Helgu Brögu Jónsdóttur blómstrar um þessar mundir. Hún leikur aðalhlutverk í kvikmyndinni Fullt hús og von er á annarri kvikmynd í vor, Topp 10 möst.

Edda Gunnlaugsdóttir  
eddag@mbl.is

Leikkonan ástsæla Helga Braga Jónsdóttir rétt slapp úr kafaldsbyl í síðdegisumferðinni og í hljóðver K100 þar sem hún ræddi við Regínu Ósk, Jón Axel og Ásgeir Pál í Skemmtilegu leiðinni heim. Hún sagði nýju kvikmyndina sem hún leikur aðalhlutverk í, Fullt hús, vera brjálæðislega myndna gamanmynd.

„Myndin fjallar um kammersveit í kröggum. Þau hafa verið með samning við Reykjavíkurborg í tólf ár og það hefur verið svolítið notalegt og huggulegt. Ég leik fröken Sigríði Zoega, fyrstu fiölu og framkvæmdastjóra. Hún er vöðalega rösk og svona pínu brjáluð en allt í lagi,“ hlær hún.

„Svo gerist það að það hefur verið dalandi aðsókn og þeim er sagt upp samningnum. Þá eru góð ráð dýr. Á sama tíma er heimsfrægur íslenskur sellóleikari að flytja heim eftir glæstan feril erlendis. Það er Klemenz Daníelsson, sem Hilmir Snær leikur. Þau hafa hist áður, hún var í fiöluámi í Boston og hittir hann þar. Hún var þar að fletta fyrir hann, fallega flettistúlkan eins og hann kallar hana. Hún „sjanghæjar“ hann í sveitina til að bjarga þessu máli,“ heldur hún áfram að lýsa myndinni.

„Svo eru lokatónleikar þar sem

allt er undir. En svo kemur í ljós að þessi frægi sellóleikari er svona klíþikar og það verður allt kolvitlaust.“

Hún segir myndina vera brjálæðislega gamanmynd sem sé tilvalin í skammdeginu. „Grunnurinn er huggulegur, þetta er kammersveit. Það verður eitthvað extra myndi þegar svona virðulegt fólk missir sig.“ Leikstjóri myndarinnar er „fóstbróðir“ Helgu Brögu, Sigurjón Kjartansson. Myndin hefur fengið góða dóma og fór hún rækileiðis á topp íslenska bíóaðsóknarlistans.

Þetta er ekki eina kvikmyndin sem við munum sjá Helgu Brögu leika aðalhlutverk í á þessu ári því í vor verður önnur kvikmynd frumsýnd, Topp 10 möst. „Ég er vöðalega rösk að koma aftur, eins og karlinn sagði,“ segir hún hnyttin. „Það er svört kómedía. Ég leik myndlistarkonu sem er smá misheppnuð. Ég er alltaf svolítið í því að leika misheppnað fólk,“ hlær hún. „Hún er lífsleið miðaldra kona og myndin fjallar um ólíklega vináttu tveggja jaðarkvenna sem lenda í alls konar ævintýrum og gríni.“

## Leikur og flug fer vel saman

Ásamt leiklistinni er Helga Braga í hálfu starfi sem flugfreyja. Hún segir þetta allt fara fallega og vel saman. „Skráin gengur fyrir og ég bið um frí þegar það á við og svo-



Fullt hús Fröken Sigríður Zoega, fyrsta fiöla og framkvæmdastjóri, er rösk og pínu brjáluð.

leidið. Þetta er allt gert með miklu skipulagi.“

## Ofboðslega langt í afmælið

Það stendur ekki til að Fóstbræður fari aftur af stað. „Nei, Fóstbræður koma saman svona eins og við erum að gera í þessari mynd. Við Jón Gnarr gerðum til dæmis Borgarstjórnann saman og svo er Sigurjón að skrifa ofan í mig hlutverk, þannig er þetta. En við erum auðvitað alltaf ákveðin klíka. Við elskum hvert annað, dáum og dýrkum.“

Í lok árs fagnar hún stórafmæli, sextugsafmæli, og segist hún aldeilis ætla að halda veislu. „Það er alveg ofboðslega langt í það. Þetta er risavaxið afmæli og ég ætla að halda partí. En það verður huggulegt, svona á milli fimm og sjö. Það má gera ýmislegt á milli fimm og sjö,“ segir hún og hlær.

Hún segir margt breytast þegar leikkonur verði sextugar og þá sé það oft þannig að þær springi út. „Manni líður svo vel og er í jafnvægi. Edda Björgvins sagði það við mig að allt færi að springa út þegar

maður verður sextugar, eins og gerðist hjá henni.“ Hún segist full tilhlökkunar.

„Maður er ekki lengur sæta eiginkonan, kærastan eða móðirin. Nú er komið að því að maður leiki skrýtnar og myndnar konur. Ég hef nú reyndar alltaf gert það, leikið skrýtnar konur, en nú eru þetta skrýtnari konur með meiri ákveðinni dýpt. Mér finnst þetta eitthvað rosalega skemmtilegt. Ég er bara drulluánægð með lífið.“

Hægt er að hlusta á viðtalið við Helgu Brögu í heild sinni á K100.is.

**YAMAHA**  
Þegar vanda skal valið

**B3**  
Verð frá: 1.090.990  
Með silent búnaði: 1.479.990

Tónlist er fyrir ökkur öll

**HLJÓDFÆRAHÚSIÐ**  
Síðarmála 20 | 108 Reykjavík | Sími 415 5600  
www.hljodfaerahusid.is

**TÓNABÚÐIN**  
Glerárgáta 30 | 600 Akureyri | Sími 462 1415  
www.hljodfaerahusid.is

**Hárigræðsla á Medical Park í Istanbul**  
Algengt pakkaverð um 300.000 kr.

**Frír kynningarfundur**  
laugardaginn 10. febrúar 2024 kl. 14:00, Sigtúni 42, Reykjavík.  
Nánari upplýsingar og skráning: [hei.is/mpkht/](https://hei.is/mpkht/)

**Guðjón Sigurbjartsson**  
framkvæmdastjóri HEI

**Sema Günn**  
stjórnandi hjá Medical Park

**Dr. Mustafa Siddik Cetin**  
læknir á Medical Park

**HIZERO**  
Cleaning Made Easy

**Snúrulausa gólfhrensivélin**

- Fjarlægir fastan úrgang, hár og vökva
- Notar eingöngu hreint vatn
- Blæs engu ryki eða ólykt út í andrúmsloftið
- Er hljóðlát, 60db
- Snúrulaus, 60 mín rafhlöðuending

www.alver.is • S: 896 4040



# ÚTSÖLULOK

## ÚTSÖLUNNI LÝKUR UM HELGINA

icebreaker  
Move to natural

30 - 50%  
AFSLÁTTUR



30%  
AFSLÁTTUR



 **MADSHUS**

Nordic gönguskiðapakki  
Verð áður kr. 67.960,-  
Verð nú kr. 47.572,-

*Veglegar*

## ÚTSÖLUBOMBUR Í BOÐI!

Afsláttar-  
borðin eru  
á sínum stað!

Lengri  
opnunartími!  
Alla virka daga  
frá kl 10 - 18  
Laugardag  
frá kl 11 - 18

50%

AKU Alterra GTX dömu  
Verð áður kr. 35.990,-  
Verð nú kr. 17.995,-

\*vara hættir

50%



K2 Marauder Split Board  
fjallabretti  
Verð áður kr. 159.990,-  
Verð nú kr. 79.995,-



K2 Wayback og Talkback  
Verð áður kr. 89.990,-  
Verð nú kr. 44.995,-

50%

MADSHUS Fjelltech  
Utanbrautargönguskiði  
sem má nota í braut og  
sem ferðaskiði  
Verð áður kr. 49.990,-  
Verð nú kr. 24.995,-



# GG SPORT





Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför sonar og föður okkar,

### JÚLIUSAR ÞÓRS GUNNARSSONAR,

sem lést 8. janúar og var jarðsönginn 26. janúar frá Víðistaðakirkju. Sérstakar þakkir fá Björgunarsveit Hafnarfjarðar og slysavarnadeildin Hraunprýði.

**Gunnar Þór Júlíusson Ingvaldur J. Gunnarsdóttir  
Alex Már Júlíusson  
Birkir Óli Júlíusson  
Thelma Björk Árnadóttir**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

### MARÍA MATTHÍASDÓTTIR, síðast til heimilis að Grandavegi 47,

lést sunnudaginn 28. janúar á Hrafnistu Sléttuvegi. Útför hennar fer fram frá Neskirkju við Hagatorg fimmtudaginn 15. febrúar klukkan 11.

**Sigurína G. Sigurðardóttir Magnús J. Kristinsson  
Jón Sigurðsson Alda Harðardóttir  
Sigríður Hrönn Sigurðardóttir Ragnar Gunnarsson  
María Marta Sigurðardóttir Tryggvi Þorsteinsson  
ömmu- og langömmubörn**



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

### MARGRÉT ÓLAFSDÓTTIR frá Ísafirði,

varð bráðkvödd á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 4. febrúar. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 16. febrúar klukkan 13.

**Brynjólfur Bjarnason  
Bjarni Brynjólfsson Kristín Jóhannesdóttir  
Halldóra Brynjólfsson  
Brynjar Már Brynjólfsson Gunnar Már Hoffmann  
Ásdís Eva, Tómas Ingi, Aya, Nizar, Maron Óli og Breki Elí**



## Birna Ingadóttir

† Birna Inga-dóttur fæddist í Reykjavík 4. desember 1937. Hún lést á Landspítalanum í Fossvogi að morgni 26. janúar 2024. Birna var dóttir hjónanna Gyðu Guðmundsdóttur, f. 1918, d. 1999, og Inga Guðmundssonar, f. 1916, d. 1971.

Birna var elst í tíu systkina hópi en hin eru: Guðmundur, f. 1939, d. 1999; Gunnar, f. 1940, d. 1973; Skúli, f. 1941, d. 1961; Guðmundína, f. 1943, d. 2020; Júlíus, f. 1944, d. 2012; Betty, f. 1945; Ástríður, f. 1948; Hulda, f. 1950, og Sigurður, f. 1957. Birna ólst upp í Reykjavík. Megnið af æskuárum hennar bjó fjölskyldan í höfuðborginni og gekk hún í Laugarnesskóla, en síðar fluttu þau í Hólmgarð 9 í Reykjavík.

Árið 1960 gekk Birna að eiga Braga G. Bjarnason vélvirkja, f. 26.9.1935, d. 20.1.2016, son hjónanna Bjarna Bjarnasonar, f. 1901, d. 1972, og Mögnu Ólafsdóttur, f. 1898, d. 1987. Börn þeirra Birnu og Braga



eru fimm talsins: 1) Inga Gyða, f. 22.10.1957, hennar maki er Konráð Hinriksson, f. 17.2.1956, og eiga þau börnin Hinrik, f. 1977, Davíð Braga, f. 1981, og Ríkeyju, f. 1993, og barnabörnin Mikael Mána, Sindra Snæ, Friðjón Inga og

Nínu Sigríði; 2) Anna Magna, f. 14.7.1960, hennar maki er Guðmundur Sigtryggsson, f. 23.2.1960 og eiga þau börnin Daða Frey, f. 1986, Daniel Inga, f. 1993, og Hörpu Rós, f. 1999 og barnabörnin Körtu Lilju, Hrafnísi Júlíu og Val Darra; 3) Auður Björk, f. 15.6.1963. Hennar börn eru Birna, f. 1983, faðir Ásgeir Heimir Guðmundsson, Bjarni, f. 1989, og Björk, f. 1998, faðir Jón Ragnar Jónsson. Barnabörn hennar eru Bragi Leó, Bjarni Dagur, Fannar Óli, Elmar Andri og Svava Rut; 4) Bragi Guðmundur, f. 8.10.1966, maki Soffía Haraldsdóttir, f. 11.10.1967, og eiga þau drengina Ágúst Inga, f. 2000, og Arnar

Elsku mamma. Yndislega, duglega, rólega og hlýja mamma okkar sem alltaf var til staðar. Þú varst elst af tíu systkina hópi. Þú talaðir oft um það að þegar þú varst fimm ára þá varst þú elst af fimm systkinum. Því er ekki að furða að fjör hafi verið á heimilinu. Þú varst alltaf með barnaskara í kringum þig, fyrst systkini þín og svo okkur fimm börnin þín og barnabörnin.

Mamma var heimavinnandi fyrstu árin og hafði alltaf nóg að gera, pabbi var útvinnandi. Að hafa mömmu heima var alltaf svo notalegt, og gott að koma heim og fá faðmleg, Góður heimilismatur og einnig var mamma snillingur að baka.

Við bjuggum fyrst í Kópavogi og fluttum síðan í Breiðholtið 1971. Mamma og pabbi byggðu síðan hús í Múshólum 5 þar sem þau bjuggu í 34 ár. Í Múshólum var alltaf líf og fjör enda kölluðum við þetta alltaf félagsheimili. Þar komum við systkinin saman með börnunum okkar og þá var Birna amma dugleg að spila við þau. Það var mikið horft á íþróttir í Múshólum þar sem dyggir stuðningsmenn hvöttu Val og Man. United. Mamma var ekki mikið að horfa en vissi allt um leikmenn og stöðu leikja. Síðan bar hún fram kaffi og ömmudjús ásamt ýmsum kræsingum sem hún hristi fram úr erminni.

Þegar pabbi lést í janúar 2016 ákvað mamma að selja Múshólana og flutti í Árskóga 8. Þar átti hún yndislegt heimili og var hún dugleg að fara í það félagsstarf sem þar var í boði. Henni þótti gaman að spila og fór í félagsvíst í húsinu, var í stóladansi, þúttaði á þúttvellingum, hún var í leshóp sem henni þótti mjög gaman í, því mamma var alla tíð mikill lestrarhestur alveg frá því hún var lítil stelpa. Hún hafði gaman af því að hitta fólk og var mikil félagsvera og vildi hafa líf og fjör í kringum sig. Þegar pabbi var á lífi voru þau dugleg að ferðast í góðra vina hóp og hittu Kiwanis-félaga pabba og maka þeirra oft, einnig höfðu þau mjög gaman af því að dansa. Mamma naut þess að hitta vinkonur sínar sem hún var með í saumaklúbbi í rúmlega 70 ár. Þau voru dugleg að fara í sundleikfimi í Breiðholtið lauginni þegar þau voru bæði hætt að vinna. Mamma saknaði pabba mikið enda voru þau mjög samrýmd hjón og elskuðu hvort annað, lífið og tilveruna.

Við börnin hennar, barnabörn og langömmubörnin eigum eft-

ir að sakna hennar mikið. Við erum þakklát fyrir að hafa átt svona yndislega mömmu sem alltaf var gott að koma til og við elskuðum.

Hvíl í friði, elsku mamma, við elskum þig.

Þínar dætur,

**Inga Gyða,  
Anna Magna  
og Auður Björk.**

Nú þegar við kveðjum elskulega móður okkar reikar hugurinn til baka og yljur sér við yndislegar minningar um hlýjan faðm og huggandi orð.

Við systkinin vorum svo heppin að mamma var heimavinnandi húsmóðir mestan hluta æsku okkar. Hún var því alltaf til staðar fyrir okkur, hvort sem við þurftum huggun, hvatningu eða bara til að strjúka verkina burt úr vaxandi leggjum. Ef eitthvað bjátaði á hjá okkur þá tók hún á vandanum með stóískri ró og yfirvegum, málin voru rædd til mergjar og fundin lausn sem hentaði hverju sinni.

Í endalausum boltaleikjum okkar bræðranna fengu ýmsir húsmunir að finna fyrir því og ófáar stytturnar og blóm-pottarnir lágu eftir í valnum. Aldrei ásti mamma sig þó yfir þessum ósköpum eða skamm- aðist í okkur. Hún hafði skilning á því að börn þarfnast hreyfingar og þurfa sitt pláss, enda sjálf elst í tíu systkina hópi.

Mamma var einn mesti dugn- aðarforkur sem við höfum kynnst, aldrei féll henni verk úr hendi. Hún hafði vanist því frá blautu barnsbeini að þurfa að hjálpa til, enda fimm ára gömul orðin elst í fimm systkina hópi. Á heimili stórrar fjölskyldu eins og okkar var í ýmis horn að líta og vinnudagurinn því langur fyrir húsmóðurina. Þrátt fyrir það tókst henni alltaf að hrista fram úr erminni kynstrin öll af kökum og öðru bakkelsi um hverja helgi, enda þurfti að eiga nóg til að bíta og brenna fyrir gesti og gangandi. Og ekki veitti af, gestagangur var mikill enda var vinsælt að kíkja í heimsókn til Biddu og Braga.

Mamma þótti líka góður kokkur, enda vann hún sem matræðskona lengst af eftir að hún kom aftur út á vinnumarkaðinn, þá búin að koma sínum fimm börnum á legg. Þegar barnabörnin tóku að bætast við hvert af öðru voru þau ekki lengi að fá matarást á Birnu ömmu. Fátt var betra en hlýr faðmur ömmu og afa í Múshólum ásamt nýbak- aðri skúffuköku eða kleinum og

Braga, f. 2002. Fyrir á Soffía Einar Alexander Eymundsson, f. 1987; 5) Björn Ólafur, f. 30.6.1968, maki er Guðný B. Þórðardóttir, f. 18.2.1969, og börn þeirra eru Bryndís, f. 1990, d. 1990, Andri Þór, f. 1991, Eydis Anna, f. 1994, og Eva Karen, f. 1998.

Þau Bragi og Birna bjuggu fyrstu árin að Kópavogsbraut 18 í Kópavogi en fluttu 1971 að Völvufelli 46 í Reykjavík. Byggðu þau sér svo hús að Múshólum 5 í Reykjavík, þangað sem þau fluttu árið 1982 og bjuggu þar til Bragi lést árið 2016. Flutti Birna þá að Árskógum 8 og bjó þar til æviloka.

Birna nam við Hússtjórn- ardeild Gagnfræðaskóla Verknáms, svo tóku við störf í sælgætisgerðinni Freyju og húsgagnaversluninni Öndvegi. Meðan börnin voru ung var Birna heimavinnandi húsmóðir. Eftir að hún kom aftur út á vinnumarkaðinn vann hún lengst af sem matræðskona, lengst hjá leikskólanum Ösp í Breiðholti og síðast hjá Skráningarstofnunni.

Útför Birnu fer fram frá Fella- og Hólakirkju í dag, 8. febrúar 2024, og hefst athöfnin klukkan 13.

ömmudjús, nema ef vera skyldi hinn svínsæli grjónagrauttur hennar ömmu. Múshólarnir voru því ávallt vinsælt félagsheimili stórfjölskyldunnar og oft handagangur í óskjunni, enda urðu barnabörnin 16 í heildina auk þess sem elstu barnabarna- börnin bættust einnig í glaðan hópinn áður en yfir lauk.

Þegar pabbi féll frá árið 2016 ákvað mamma þó að færa sig um set, enda Múshólarnir „alltof stórir fyrir eina gamla kerlingu“ eins og hún lýsti því. Þjó hún sér fallett heimili í íbúð í Árskógum 8, þar sem hún bjó allt til æviloka.

Elsku mamma, takk fyrir að veita okkur umhverfi þar sem við gátum vaxið og dafnað í vissu um öryggi og umvafðir ást og hlýju. Takk fyrir að gera það sama fyrir börnin okkar líka. Það er stór hópur sem nú syrgir og saknar og mun ylja sér um ókoma tíð við minningar um yndislega móður, ömmu og langömmu.

Hvíl í friði.

Þínir synir,

**Bragi og Björn.**

Í dag kveð ég elskulegu tengdamóður mína í hinsta sinn. Hún var ekki einungis tengdamóðir mín, heldur einnig góð vinkona og ein af mínum helstu fyrirmyndum, enda naut ég þeirra forréttinda að eiga með henni samleið í tæp 40 ár.

Ég lærði margt af Birnu sem hefur verið mitt veganesti út í lífið, hvort sem það tengist uppeldi barna minna, eldamennsku, bakstri eða lífinu sjálfu. Hún var ávallt til staðar fyrir mig, sem og alla fjölskylduna, og gátum við talað saman um allt á milli himins og jarðar. Börnin mín voru heppin að eiga þig sem ömmu, enda varst þú einstök í því hlutverki.

Ég mun varðveita allar okkar minningar og ljúfu stundir.

Þar til við hittumst að nýju, ég elska þig.

Þín tengdadóttir,

**Guðný.**

Í Múshólum var samkomu- staður fjölskyldunnar og allir velkomnir öllum stundum. Þar réð ríkjum frú Birna, bauð upp á kaffi og meðlæti og skemmti sér yfir samskiptum fjölskyldu og vina sem renndu við. Á þessum heimavelli hennar gat verið mann margt og hávaðasamt, sjaldan lognmolla, jafnvel setið í öllum hornum og Birna sá til þess að hugsað væri vel um

alla sem heimsóttu þau hjónin. Barnabörnin elskuðu að koma til þeirra og fengu fallett atléti hjá báðum. Mikil verðmæti eru fólgin í því fyrir börnin okkar, barnabörnin þeirra, að hafa í gegnum heimili ömmu og afa bundist sterkum frændsystkinaböndum sem tengja þau alla ævi.

Birna var næm á fólk og gat lesið í aðstæður betur en flestir, með tilfinningu einni eða jafnvel draumförm. Við Bragi, sonur hennar, höfum oft brosað að því þegar henni var boðið í kvöldmat til okkar í desember árið 2000. Þar ætluðum við að koma foreldrum okkar á óvart með því að gefa okkur sem snöggvast og voru aðeins örfáir dagar frá þeirri ákvörðun okkar. En Birna vissi hvað klukkan sló og mætti með brúðargjöf, sem var reyndar geymd úti í bíl, ef ske kynni að henni væri að skjátlást. Henni skjátláðist ekki frekar en fyrri daginn.

Síðustu árin fór að kvölda hjá Birnu og á kveðjustund var hún ef til vill frelsinu fegin. Fjölskyldan yljur sér við minningu um klettinn sem hún var og alltumlykjandi umhyggju hennar.

Hvíl frú Birna í sátt og friði.  
**Soffía Haraldsdóttir.**

Elsku amma, í dag kveðjum við þig í hinsta sinn. Söknuðurinn er mikill, en við vitum að þú ert komin á góðan stað til afa. Við getum ímyndað okkur hversu falleg þessi stund var, á sjálfan bóndadaginn, þegar afi tók á móti þér. Þegar við hugsum til þín, elsku amma, þá koma margar ljúfar og hlýjar minningar í huga okkar sem munu fylgja okkur um alla tíð.

Það var ávallt gott að koma til ykkar afa í Múshólana, félagsmiðstöð fjölskyldunnar, en þar var alltaf mikið líf og fjör. Þar safnaðist fjölskyldan saman við hin ýmsu tilefni, lítil sem og stór. Við minnumst góðra tíma í bakgarðinum, en þar voru þið flestar stundir á sumrin. Þegar við komum í heimsókn á góðum sumardegum þurftum við aldrei að nota útidyrhúðina, heldur vissum við nákvæmlega hvar ykkur var að finna. Í Múshólum var einnig alltaf heitt á könnunni og eitthvað nýbakað með því. Þér leiddist nú alls ekki að baka, hvort sem það var skúffukaka, bananabrauð eða strangheiðarlegar íslenskar pönnukökur. Jólin voru þar engin undantekning, en þá bakaðir þú hinar ýmsu sortir en okkar uppáhalds voru „Bjössakökur“. Síðan má alls ekki gleyma að nefna þinn aðalrétt, grjónagrautinn, sem við barnabörnin teljum öll vera þann besta í heimi. Þó margir hafi reynt hefur engum í fjölskyldunni tekist að gera grautinn eins góðan og þér. Með öllum þessum kræsingum var ekkert betra en að fá hinn eina sanna „ömmudjús“, en þar hafðir þú, rétt eins og með grjónagrautinn, einhvers konar töfrauppskrift.

Þú hafðir sérstaklega gaman af því að spila, hvort sem það var ólsen-ólsen, orrusta eða uno. Þú pakkaðir okkur oftast saman, en í þau fáu skipti sem við unnum, þá sagðir þú við okkur „nú er ég búin að kenna ykkur af mikið“. Það var þó aldrei hægt að læra af mikið af þér, hvort sem það tengdist spilum eða bara lífinu sjálfu. Þú hafðir einstaklega skemmtilegan húmor, bæði fyrir þér sjálfri sem og öðrum. Þú reyttir af þér brandarana alveg fram að síðustu stundu, varst svo hnyttin í svörum og fékkst okkur alltaf til að hlæja. Þú varst tilbúin að hlusta á vitleysuna í okkur fjölskyldunni sem gat oft verið mikil, en grínadist með að þú gætir bara slökkt á heyrnartækjum þínum. Fjör og húmor einkennir

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS** síðan 1996  
Auðbrekku 1, 200 Kópavogi

**Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað**

**Sólarhringsþjónusta** | S: 581 3300 eða utforin@utforin.is

 Sverrir Einarsson Útfararstjóri S: 896 8242	 Jón G. Bjarnason Útfararstjóri S: 793 4455	 Jóhanna Eiríksdóttir Umsjón útfara	 Guðmundur Örn Jóhannsson Framlvæðastjóri Umsjón útfara S: 862 0537
--	---	--	--

**ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR**  
www.utfararstofa.is | Dofrahellu 9b, Hafnarfirði | S: 565 5892



**Útfararþjónusta í yfir 70 ár**

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is  
**VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN**



þína stóru fjölskyldu og okkur finnst fátt skemmtilegra en að hafa gaman saman. Við munum halda því áfram og við vitum að þú verður ávallt með okkur.

Við munum sakna þín, elsku amma, allra heimsóknanna í Múshólana og síðar Árskóga, þar sem þú tókst á móti okkur með þinni einstöku hlýju og ljúfu nærveru. Söknudurinn er mikill, en við vitum að þú ert fegin hvíldinni og nýtur nú samveru með afa á ný. Nú getið þið tekið nokkur spor og hlegið saman líkt og þið gerðuð ávallt. Við biðjum að heilsa afa.

Guð geymi þig, elsku amma, við elskum þig.

Þín barnabörn,  
Andri Þór, Eydís Anna og Eva Karen.

**Andri Þór, Eydís Anna og Eva Karen.**

Elsku besta amma mín, það er svo skrítið að hugsa til þess að þú sért farin frá okkur og samverustundirnar verði ekki fleiri. Þú varst svo yndisleg og góð kona og varst alltaf boðin og búin til að hjálpa þeim sem á þurftu að halda og settir ávallt alla aðra nema sjálfa þig í fyrsta sæti. En umfram allt varstu besta amma og langamma í heimi og varst mér og mínum drengjum alltaf svo góð og fyrir það verð ég alltaf þakklát. Þú tókst alltaf vel á móti manni með hlýju og varst alltaf til staðar. Meira að segja þegar þú varst fátæk mættirðu í fertugsafmæli mitt þann 1. desember síðastliðinn til að fagna með mér sem mér þykir svo vænt um.

Mínar bestu bernsku- og æskuminningar tengjast tímnum hjá þessum afa í „ömmuhúsi“ – þar var ég örugg og þar leið mér best. Ég man eftir mér pínulítili með þér í eldhúsinu á Öspinni þar sem þú vannst. Eins í eldhúsinu í Múshólum ýmist að baka eða elda eins og þér einni var lagið (enda eldaðir þú besta mat í heimi), sund- og kolaportsferðunum með þér og afa eða þegar þú varst að kenna mér að spila á spil svo fátt eitt sé nefnt. Heimilið þitt var alltaf snyrtilegt og fínt eins og þú varst sjálf og alltaf var eitthvað til með kaffinu. Þú sagðir svo oft þegar maður kom í heimsókn að þú ættir ekkert til þess að bjóða upp á en þremur mínútum seinna var komið heljarinnar hlaðborð enda varstu höfðingi heim að sækja, alltaf var heitt á könnunni og ömmudjúsi í kæli. Það er svo margt sem ég gæti skrifað um þig, elsku amma, en ég vil enda á þessu ljóði sem mér finnst eiga svo vel við þig:

Þú ert mér sem sólin elsku amma mín  
nú ert þú stjarnan sem skært á himni skín.  
Brosið þitt og þín gleði veitti birtu og yl,  
hjá þér var gott að vera, þú veittir skjól í lífsins byl.

Lífsspeki þín og orka, gleði, tryggð og trú,  
dugnaður, kraftur og fegurð, allt þetta amma, hafðir þú.  
Þú varst minn verndarengill, áttir þátt í að móta mig,  
agaðir mig og studdir, það var svo gott að eiga þig.

Já, sólin ert þú, elsku amma, þú ert sólin mín.  
Ég er svo ánægð að vera dótturdóttir þín.  
Sólin skín því í heidi, sólin skín fyrir þig.  
Hún skín svo skært og fagurt, af því að þú varst til.  
(Katrín Ruth Þ.)

Takk fyrir umhyggjuna, alla ástina og kærleikann, alla hjálpa, gleðina, sögurnar, ráðin og hlýjuna. Ég mun alltaf sakna þín og elska.

Þín nafna,

**Birna.**

Elsku Birna amma. Það er svo erfitt að kveðja þig. Þú varst besta amma sem hægt var að hugsa sér. Svo góð og umhyggjusöm við alla í kringum þig. Það má segja að þú hafir verið með mesta jafnaðargeðið í allri fjölskyldunni. Svo hjartahly manneskja. Það var aldrei hægt að koma í heimsókn án þess að fara með fullan maga út af kökum, kexi og nóg af ömmudjúsi. Þú varst alltaf svo góð við okkur barnabörnin og langömmubörn in þín. Við elskuðum að spjalla og spila við þig. Það krafðist mikillar þolinmæði að sjá um okkur öll þegar við vorum lítil í Múshólum. Við vorum hlaupandi um allt með læti, enda var heimilið þitt okkar félagsheimili þar sem alltaf var gaman að vera. Þolinmæðin, umhyggjan og gestrisnin einkenndi þig svo mikið, enda elst í tíu systkina hópi.

Það voru margar næturnar sem við gistum hjá ykkur afa. Það var svo gaman og þú lést okkur alltaf líða vel. Grjónagrauturinn í kvöldmat var alltaf í miklu uppáhaldi, enda kunnir þú svo sannarlega réttu uppskriftirnar. Okkur leið alltaf svo vel að fara að sofa í Múshólum hjá ykkur afa. Þú sást um að háttu okkur og skiptust þið afi á að segja sögur fyrir svefninn. Það er okkur alltaf minnstætt þegar þú bauðst góða nótt þar sem þú signðir yfir og sagðir „Guð geymi þig“. Næsta dag var oftast farið í sund þar sem þú og afi fóru í sundleikfimi. Á meðan biðum við í litlu lauginni í hláturskasti og horfðum á ykkur gera æfingar.

Við munum alltaf minnst þín sem yndislegur manneskju. Börnin okkar munu heyra sögur af langömmu sinni og hversu hlý og góð kona þú varst. Kara, Hrafndís og Valur voru heppin að fá að vera í kringum þig og eiga bara góðar minningar um þig.

Við vitum að heill her af fólki tekur vel á móti þér með afa fremstan í flokki.

Megi minning þín lifa, elsku amma.

Guð geymi þig.

**Daði Freyr,  
Daniél Ingi og  
Harpa Rós.**

Elsku amma, í dag kveðjum við þig í hinsta sinn.

Þótt þrótturinn hafi verið lítil síðustu ár er mjög sárt að sjá á eftir þér og enginn getur fyllt þitt skarð. Eftir að afi fór barst þú höfuðið hátt og tókst hlutverk þitt sem höfuð fjölskyldunnar alvarlega, enda tókst þér að halda okkur öllum saman. Þó að félagsheimilið flyttist úr Múshólum og í minni íbúð í Árskógu var fastur liður að kíkja til ömmu í kaffi, spjall og spil.

Alla tíð hefur þú verið kletturinn í lífi okkar, örugg, umhyggjusöm, ástúðleg og alltaf til staðar. Þú stjarnaðir við alla og fékkst þér aldrei sæti fyrr en allt mögulegt var komið á borðið. Þú vildir alltaf allt fyrir alla gera. En þú varst einnig lúmsk á kímna og skjót, orðheppin með eindæmum, hreinskilin og einstök.

Þótt ég eigi margar yndislegar minningar frá Múshólum úr æsku hefur samband okkar þróast mikið síðustu ár og er ég verulega þakklát fyrir þá dýrmaetu tíma. Þegar ég bjó í bænum fór ég á tímabili daglega að heimsækja þig og reyndi ég ætíð að mæta á tímum þar sem við fengum að vera tvær saman í smá spjall og spil. Einnig minnst ég þeirra tíma sem fóru í að útrétta með þér um allan bæ á gamla gulllitaða bínum mínum sem þú kallaðir ætíð Gullvagninn. Við spiluðum einnig ótal margar orrustur í gegnum tíðina, nú síðast rétt fyrir jól, og þá eins og oftast vannst þú, enda var afi alltaf með þér í líði.

Ég sakna þín sárt, því þú varst ekki aðeins amma mín heldur ein af mínum bestu og nánustu vinkonum, minn helsti stuðningsmaður og trúnaðarvinur.

Afi hefur þurft að biða þolinmóður eftir þér, en nú eruð þið loks sameinuð, og efast ég ekki um að þið séuð búin að taka nokkrar orrustur á milli dansspora.

Takk fyrir samveruna og allar góðu minningarnar.

Hvíldu í friði, elsku amma mín, við sjáumst síðar.

Ég líft í anda líða tíð,

er leynt í hjarta geymi.

Sú ljúfa minning – létt og hljótt

hún læðist til mín dag og nótt,

svo aldrei, aldrei gleymi.

(Halla Eyjólfsdóttir)

**Ríkey.**

Í dag kveð ég elsku Birnu ömmu mína. Hvert á ég nú að fara þegar ég kem til Reykjavíkur, amma mín? Heimili þitt, hvort sem það var í Múshólum eða Árskógu, upplifði ég ætíð sem mitt annað heimili.

Í minningunni var alltaf til skúffukaka og ömmudjúsi þegar ég kom í Múshólana og þegar búid var að borða og drekka var gripið í spil og ég veit ekki hvað við eyddum mörgum klukkutímum í að spila lönguvitleysu þar sem oftast en ekki vannst þú mig hvað eftir annað. En spil voru ætíð stór partur af okkar lífi. Þegar mamma fór í bingó í Vínabæ fékk ég oft far og fór með þér í félagsvist. Oft fékk ég illt auga frá öðrum spilurum sem einhver krakkagæmlingur kominn til að skemma félagsvistina fyrir öðrum en þá sagðir þú mér alltaf að hlusta ekki á þau og þau myndu fljótlega sjá að krakkinn væri bara nokkuð lunkinn í vistinni. Það var svo einkennandi fyrir þig að styðja mig í öllu því sem ég tók mér fyrir hendur og fyrir það er ég þér ætíð þakklátur.

Ég man alltaf eftir því þegar ég fékk hringingu frá þér þegar ég var í lögreluskólanum og þú varst alveg miður þín og áttir erfitt með að segja mér að búid væri að stela lögreluskyrta frá mér sem þú varst að þvo fyrir mig og hafðir hengt út á snúru. Ég hló nú bara að þessu og sagði þér að ég ætti nóg af skyrtum en það var einkennandi fyrir þig, amma mín, hversu góðhjörtuð og umhyggjusöm þú varst. Þú vildir gera allt fyrir okkur og tókst það nærri þér ef þér fannst þú vera að bregðast okkur en það gerðir þú aldrei.

Ég er þakklátur fyrir að Sírý og strákarnir mínir, Mikael og Sindri, hafi fengið að kynna Birnu langömmu og upplifa hversu yndisleg manneskja þú varst.

Nú ertu aftur sameinuð afa og ég veit að þar er mikið hlegið, spilað og dansað. Elsku amma mín, ég sakna þín mikið en minning þín lifir áfram í hjörtum okkar.

**Hinrik Konráðsson.**

Það er sérstök og frekar ómöguleg tilfinning að Birna frænka mín sé búin að kveðja í hinsta sinn og það er með trega sem ég sting niður penna til að skrifa fátækleg kveðjuorð. Birna var elsta systir móður minnar og einnig elst af sínum systkinum. Þegar amma mín talaði um elstu dóttur sína sagði hún gjarnan „Birna dóttir mín“, eins og hún væri eina dóttirin, sem hún alls ekki var, en Birna var elst af tíu systkinum, fimm dætrum og fimm sonum. Þetta varð að hálfgerðu orðatiltæki í fjölskyldunni og í mínum huga hugsa ég alltaf til elstu móðursystur minnar sem „Birnu dóttur minnar“. Vel þekkt er sagan þegar Steingrímur kaupmaður spurði Birnu þegar hún var barn: „Hvað heitir þú?“ Birna fannst eitthvað vand-

ræðalegt að eiga svona mörg systkini og svaraði hratt: „Birna og elst af átta.“

Bidda, eins og hún var líka kölluð, hefur verið í lífi mínu alla mína tíð og hefur verið ein af þessum kjölfestumanneskjum sem eru alltaf til staðar, hlý, traust og notaleg í framkomu við alla sem hana þekktu. Hún var afar stolt af sínu fólki og mikil ættmóðir. Ég þykist viss um að við fráfall hennar myndist mikið tómarúm hjá afkomendum hennar, sem eru fjölmargir, en minningarnar eru margar og kærar. Ég kom oft á heimili Birnu og Braga þegar ég var barn vegna þess að Auður, ein af dætrum hennar, er jafngömul mér og við frænkurnar vorum nánar og okkur fannst gaman að eyða tíma saman. Stundum fékk ég að gista hjá „Biddu frænku“ og þá var nú gaman. Það var mikið spilað og svo spilað aðeins meira. Ég stóð sjálfa mig m.a.s. stundum að því að öfunda Auði frænku mína af fjölskyldu hennar vegna þess að heima hjá mér voru færri fjölskyldumeðlimir framan af og eiginlega aldrei spilað. Í hugann koma nú líka allir skemmtilegu sunnudagarnir í Hólmgarði hjá ömmu þar sem við börnin lékum leikrit og horfðum á „Stundina okkar“ á meðan útvaldir spiluðu vist við borðstofuborðið. Birna var þar oftast fremst í flokki (á eftir ömmu, auðvitað) á sinn hæg-láta og hljóðláta máta.

Þegar ég varð eldri var ég oft fengin til að spila manna heima hjá ömmu og þá gerði Bidda sér ferð til að spila við okkur langt fram á kvöld. Amma kenndi okkur orðatiltækini og fór á kostum í frösom sem tengdust spilamennsku en spilamennska Biddu var af hógvævarari gerðinni þó að ekkert hafi vantað upp á gæðin. Bidda var hógvævar, kannski hlédræg, og lífllát manneskja en það stafaði alltaf frá henni mikilli hlýju og hún hafði einstaklega notalega nærveru.

Þegar efri árin færðust yfir urðu Bidda og mamma nánari. Þær hittust reglulega og töluðu nánast daglega saman í síma. Vinátta þeirra og væntumþykja var hlý og góð og mér þótti gott að vita af reglulegum samtölum þeirra. Allar minningar mínar um Biddu eru kærar og góðar og ég er þakklát fyrir að hafa fengið að hafa hana í mínu lífi. Hvernig sem allt fer lifir „Birna dóttir mín“ áfram í minningum okkar sem þekktum hana og áttum í okkar lífi. Við Valgerður vottum fólkinu hennar Biddu okkar dýpstu samúð.

**Kristín Sævarsdóttir.**

**Þú, Drottinn,  
ert góður og fús  
til að fyrirgefa,  
gæskuríkur öllum  
sem ákalla þig.**

Sálm. 86.5

[biblian.is](http://biblian.is)

**Hjartaheill**  
Minningar-  
kort á  
[hjartaheill.is](http://hjartaheill.is)  
eða í síma 552 5744

∞

Ástkær faðir okkar, afi og langafi,

**ÖSSUR KRISTINSSON**  
stoðtækjafraeðingur,

lést á Landspítalanum 6. febrúar.  
Útförin verður auglýst síðar.

**Bjarni Össurarson Rafnar Sigrún Þorgeirsdóttir**  
**Lilja Össurardóttir Bjarni H. Ásbjörnsson**  
barnabörn og barnabarnabörn

+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ELISABET LÁRUSDÓTTIR**  
félagsfræðingur,

lést á Grund hjúkrunarheimili laugardaginn 3. febrúar. Útför verður frá Árbæjarkirkju 20. febrúar klukkan 13.

**Porkell Jónsson Helga Hauksdóttir**  
**Sigríður Jónsdóttir Sigurbjörn R. Guðmundsson**  
**Margrét Lóa Jónsdóttir Elisabeth Blach**  
barnabörn og langömmubörn

+

Elskulegur bróðir, mágur, frændi og vinur,

**BJÖRN BJARNASON,**  
áður til heimilis að  
Löngubrekku 17,

lést á líknardeild Landspítalans 23. maí 2023.  
Útför fór fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Jón Bjarnason Hólmfríður Hafberg**  
**Sigríður Erla Hjálmarsdóttir Atli Þór Jóhannesson**  
**Heiðrún Ólöf Jónsdóttir Agnar Freyr Ingvason**  
**Elín Björk Jónsdóttir Tindur Hrafn Júlíusson**

+

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskuðrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,

**JÓHÖNNU ARNLEIFAR**  
**GUNNARSDÓTTUR**  
matvælafræðings.

**Vilbergur Kristinsson**  
**Gunnar Kristinn Vilbergsson Eva Rún Michelsen**  
**Þórunn Lilja Vilbergsdóttir Jón Einarsson**  
**Bergur Jónsson**  
**Steinn Jónsson**

+

Elsku eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**EINAR GÚSTAVSSON,**  
framkvæmdastjóri  
Ferðamálastofu Norður-Ameríku,

lést í faðmi fjölskyldu fimmtudaginn 25. janúar. Útför hans fer fram frá Garðakirkju föstudaginn 9. febrúar klukkan 13.

**Gríma Gústavsson**  
**Sif Gústavsson Eva Maren Gústavsson**  
**Sarah Eggers Kurt Eggers**  
**Sóley Summer Eggers Silka Elín Eggers**

+

Elskaður faðir okkar, sonur, bróðir og mágur,

**ÖRN STEFÁNSSON,**

lést föstudaginn 26. janúar.  
Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 16. febrúar klukkan 13.

**Gabriel Máni Arnarson**  
**Magnús Angel Essien Arnarson**  
**Stefán Þór Arnarson**  
**Helga Kristjánsdóttir Ómar Birgisson Aspar**  
**Stefán Þór Arnarson**  
**Kristjana Stefánsdóttir Sindri Jóhannsson**  
og fjölskyldur



†

Okkar ástkæri

**GESTUR PÁLL GUNNBJÖRNSSON,**  
skipstjóri og útgerðarmaður,

lést 4. febrúar á Hospice Limfjord í Danmörku eftir langa baráttu við krabbamein. Útför fer fram í Hanstholm 13. febrúar. Fyrir hönd annarra aðstandenda,

**Joan Jensen Gunnjón Gestsson**




†

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUNNLAUGUR BREIÐFJÖRD ÓSKARSON,**  
Gulli málarí,

sem lést 24. janúar, verður jarðsönginn í Lindakirkju í Kópavogi á morgun, föstudaginn 9. febrúar, klukkan 15.

**Ásta B. Gunnlaugsdóttir Samúel Örn Erlingsson**  
**Óskar Gunnlaugsson Hrönn Helgadóttir**  
barnabörn og barnabarnabörn



†

Faðir minn, tengdafaðir, afi, langafi, langalangafi og vinur,

**BJARNI HANSSON,**  
Kirkjubóli í Langadal,

lést 29. janúar á Sjúkrahúsinu á Akranesi. Útförin verður gerð frá Fella- og Hólakirkju föstudaginn 16. febrúar klukkan 13.

**Rósa Guðrún Bjarnadóttir Guðvarður Jónsson**  
**Jón Erlendur Guðvarðarson**  
**Heiðrún K. Guðvarðardóttir Guðsteinn Bjarnason**  
**Jóhann Pétur Guðvarðarson Birgít Raschhofer**  
og fjölskyldan Kirkjubóli



†

**FRÍMANN & HÁLFDÁN**  
ÚTFARARÞJÓNUSTA

Frímann 897 2468 Hálf dán 898 5765 Ótöf 898 3075 Kristín 699 0512

Stapahrauni 5, Hafnarfirði Sími: 565 9775 www.uth.is - uth@uth.is



**HARPA**  
ÚTFARARSTOFA

Harpa Heimisdóttir s. 842 0204 Brynja Gunnarsdóttir s. 821 2045

Kirkjulundur 19 | 210 Garðabær s. 842 0204 | www.harputfor.is




## Guðrún Ægisdóttir

† Guðrún Unnur Ægisdóttir fæddist í Reykjavík 11. mars 1944. Hún lést á líknardeild Landakotssjúkrahúsi 30. desember 2024.

Fóreltrar Guðrúnar voru Lára Gunnarsdóttir föstra, f. 1916, d. 2017, og Ægir Ólafsson verslunarmaður, f. 1912, d. 2005. Bróðir Guðrúnar er Gunnar Ægisson hagfræðingur, f. 1947. Samfeðra hálf systkini eru Ægisdóttir Ólafur, f. 1958, og Eva Guðrún, f. 1966.

Guðrún eignaðist þrjú börn; Stefán Hilmarrson tónlistarmann, f. 1966, Sigurlaugu Guðjónsdóttur sjúkraliða, f. 1967, og Ægi Gauta Þorvaldsson sérfræðing, f. 1975.

Árið 1967 giftist hún Guðjóni

Vegalok og mjög það hryggir mig. Það veit guð, ég þakka fyrir þig, því án þín ég væri ekki til.

Mamma fæddist í stríði. Innan fárra ára var afi á brott og amma stóð eftir með mömmu og bróður hennar og tókst á við það verkefni af ærudeysi.

Eftir grunnskóla lá leiðin í Kvennó og svo í MR ásamt góðvinkonu. Fyrsti veturinn fór mest í fjör og hangs, sem endaði með falli beggja, svo afráðið var að senda þær í MA til kælingar. Það hreif og svo kláruðu þær MR.

Veturinn nyrðra varð afdrifarikur; þar kynntist mamma verðandi eiginmanni. Leiðin lá svo í Kennó, því næst að altari, en í millitíðinni kom ég óvænt til skjalanna eftir ball í Glaumbæ og Sigurlaug systir ári síðar. Síðan fluttum við á Reykjanes við Djúp, hvar hjónin hófu kennslustörf. Þar komst húsbóndinn í kynni sem síðar drógu hann inn í hið sk. Geirfínsmál.

Þegar sakamálið var í hámeið tók að fjara undan sambandinu. Skómnu áður varð hún ófrísk og eignaðist Ægi Gauta. Mér var komið í skjól hjá ömmu. Þegar hér var komið sögu var álag mikið á herðum mömmu og í sinni. Þrátt fyrir það stofnaði hún verslun með vinkonu, hvar þær saumuðu flikur eftir þöntum.

Mamma var einatt áhugasöm um saumaskap. Við tiltekt eftir andlát komu í ljós kynstrin af sniðum, blöðum og bókum á borð við Hundred Hats og Library of Dressmaking. Eflaust hefði hún viljað læra og starfa við fatahönnun. Um tíma gældi hún við leiklist, sótti námskeið, en þurfti frá að hverfa.

Mamma var róttæk og voruð '71 var hún í framboði fyrir Alþýðubandalagið og hélt framsöguræðu á Ísafirði um kvenréttindi.

Eftir langvarandi álag ákvað mamma að flytja úr landi haustið '78. Ægi var komið í föstur, hún treysti sér ekki til að hafa hann með utan. Það fólk ættleiddi drenginn í kjölfarið. Amma bauðst til að hafa mig áfram, sem var mín gæfa.

Leiðin lá til Kaupmannahafnar og fór Sigurlaug með. Þjuggu þær ytra í sex ár. Var það frómt frá sagt róttæk og suksamur tími og reyndi mjög á systur mína, sem ekki aðeins hafði mátt þola hvírfilbyl sakamálsins, heldur slasaðist alvarlega í bílslysi fjórum árum áður; þar sem föðurafi hennar lést.

Víst var svo að stundum skyggði á, hafið svart og veröld heldur grá. En það voru aðeins greinaskil.

Eðlilega hafði fjarveran áhrif. Samskipti voru stopul, enda veröldin stærri þá en nú. Eftir heimkomu komst þó á ágætt samband, en auðvitað annars eðlis en áður.

Mamma náði sér á strík, hóf að kenna og starfaði við það fram að eftirlaunum. Vitna bréf frá nemandum um að hún hafi verið vel

Skarphéðinsyni, f. 1943, þau skildu. Stefán er kvæntur Önnu Björk Birgisdóttur og eiga þau synina Birgi Stein, f. 1992, og Steingrím Dag, f. 2004. Sigurlaug á soninn Stefán Erik, f. 1997. Ægir Gauti er kvæntur Hrefnu Ágústsdóttur og

eiga þau föstursoninn Bjarka Steinar, f. 2006. Á líonu ári varð Guðrún langamma, þegar Birgir Steinn og unnusta hans, Raket Sigurðardóttir, eignuðust soninn Emanúel Dag.

Guðrún útskrifaðist frá MR 1965 og frá Kennaraskóla Íslands 1967. Lengst af starfaði hún við kennslu, í fyrstu m.a. við Kársnesskóla og á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp. Guðrún

metin. Meðfram kennslu fékkst hún við ýmislegt, þýddi t.d. og las „miðdegissöguna“ í útvarpið og síðar Passíusálmana. Í nokkur ár bauð hún upp á sumardvöl fyrir þroskaskerta. Þá nam hún sagnfræði við HÍ laust fyrir aldamót sér til ánægju.

Upp úr aldamótum ákvaðu mamma og amma að búa saman aftur, keyptu íbúð í Drápuhlíð og voru þar í nokkur ár uns amma fór á elliheimili. Þá fluttist mamma í Hraunbæ, hafði félagsskap af hundum og bjó þar uns hún fékk inni í þjónustuíbúð.

Streyma fljót að flúðum alla tíð, á meðan heyja menn sín hugarstríð. Dregur hver sinn djöful, nú sem fyrr.

Mamma var alla tíð brennd af fortíðinni. Hún gat verið öflug, stundum beygð eða bitur; þótt ekki bæri mikið á. Síðustu árin var hún ófélagslynd og glímdi við þunglyndi. Það hjálpaði ekki að hún var löngum sporlöt og af þeim sökum lengst af í yfirþyngd.

Í fyrra greindist hún með krabbamein. Meinið var stórt, hafði greinilega dafnað lengi. Teningunum var kastað og svo fór sem fór. „Lífíð hefur sinn gang og dauðinn sinn tíma og dugur skammt að fjargviðrast yfir því,“ reit mamma í eftirmælum 2006. Orð að sömmu.

Þegar ég bjó hjá ömmu fletti ég stundum gamalli barnabók, Blómálfabókinni, sem merkt var mömmu. Þar segir af hringrás lífsins í garði, hvar blómálfar búa og starfa. Sagan hefst að vori og lýkur þegar fyrsti snjórin fellur; en þá sofnar gróðurinn og blómálfar sömuleiðis. Bókina rakst ég á við tiltektina á dögumun.

Samhlíða tiltekt dundaði ég mér við að setja saman söngtexta til-einkaðan mömmu, við lag sem var á vörum mér þau dægurnir. Hann hefur birst hér í bútum, en endar svo:

Nú tjaldíð fallið er. Fallin eru einnig sumarbólum. Leggur heidavötn. Svanir héldu suður í nótt. Ekkert handrit er eins, en sögulokin ávallt þau sömu, alls staðar. Svanir flugu suður í nótt. Blómálfarnir sofa nú rótt.

Sofðu rótt, mamma mín. Lengri grein á: <https://mbl.is/andlat> **Stefán Hilmarrson.**

Elsku Guðrún systir. Það er alltaf sárt að fá tilkynningu um að náinn ættingi sé látinn. Þó við værum hálf systur og þú mun eldri þá var alltaf góð tenging á milli okkar. Stundir okkar voru ekki mjög margar en þær voru góðar.

Mamma fór oft með mig í heimsókn til þín og Sigurlaugar þegar ég var lítil þar sem við frænkur lékum okkur saman á meðan þið mamma spjölluðuð saman um lífið. Eftirminnileg er dragtin sem þú saumaðir á mig, þegar ég var unglingur, úr efni sem mamma

varð snemma hög í höndum og gefin fyrir saumaskap, hafði næmt auga fyrir fatahönnun. Árið 1976 stofnaði hún, ásamt vinkonu, verslunina Verkstæðið við Frakkastíg, sem bauð upp á sérsníðna og skreytta kjóla, pils, mussur o.fl. Haustið 1978 fluttist Guðrún ásamt dóttur sinni til Kaupmannahafnar. Þar bjuggu þær í sex ár. Við heimkomu tók Guðrún upp kennsluþráðinn og starfaði m.a. að Laugalandi í Holtum, við Langholtsskóla, í Stykkishólmi og víðar. Á tíunda áratugnum stundaði hún sagnfræðinám við HÍ og því tengt skiptinám á Spáni um skeið. Að loknum kennsluferli ágerðist saumaskapurinn svo mjög að hún kom á fót netsvæði þar sem til sölu voru hannyrðir hennar, einkum þefðar þrjónaflikur, hattar, skart og listmunir.

Guðrún verður jarðsöngin frá Kópavogskirkju í dag, 8. febrúar 2024, klukkan 15.

hafði fengið sent frá vinkonu sinni í Frakklandi. Þessi dragt er enn til og hangir inni í skáp hjá mér. Við áttum mjög góðar stundir þegar þú komst í hárgreiðslustólinn minn en þá ræddum við alltaf fjölskyldu okkar. Það var mjög erfitt að horfa upp á hvernig veikindi þín voru að fara með þig þegar ég hitti þig síðast. Ég var samt svo glöð yfir að hafa komið til þín þennan dag því ég var búin að vera lengi á leiðinni.

Djúp og varanleg vinátta er dýrmætari en veraldlegar viðurkenningar, og allt heimsins gull og silfur.

Henni þarf ekki endilega alltaf að fylgja svo mörg orð heldur gagnkvæmt traust og raunveruleg umhyggja.

Kærleikur sem ekki yfirgefur. (Sigurbjörn Þorkelsson)

Ég votta öllu þínu fólki mína dýpstu samúð.

Ég vil þakka þér, elsku systir, fyrir okkar góðu stundir. Hvíl í friði.

**Eva Guðrún Ægisdóttir.**

Elsku Guðrún frænka. Ég flaug frá Englandi til Íslands til að vitja þín á dánarbeið en ég kom of seint. Það er svo sárt að geta aldrei heyrt rödd þína aftur eða verið hjá þér. Mér leið svo vel í návist þinni.

Lífíð fór ekki alltaf vel með þig en þú mættir því með mildi. Þú kenndir börnum og aðstoðaðir fatlaða. Þú varst líka hæfileikarík listakona, alltaf þrjónandi, heklandi eða saumandi ótrúlegustu flikur og myndir. Ég mun sakna þín mjög í heimsóknunum mínum til Íslands. Þú lifir í minningum mínum og hjarta. Með ást og söknunni frá bróðurdóttur þinni.

**Inga Hrefna Nicholas.**

Sómakona er fallin frá. Ég sakna Gunnu, elsku vinkonu minnar. Við ætluðum út að borða saman með gömlum vinkonum úr MA eins og við höfum gert oft áður. Gamli vinnuhópurinn hefur haldist og það hefur verið okkur mikið tilhlökkunarrefni að koma saman, hittast og hlæja.

Þegar Gunna kom í MA ásamt fleirum að sunnan breyttist ýmislegt. Það fylgdi þeim nýr andblær, þessum skemmtilegu, flottu og áhugaverðu stelpum. Nýjungar í háttum og gerðum höfðu áhrif og gerðu lífið skemmtilegra. Þær voru forframaðri en við hin og flottar í taunu, eins og sagt er. Við lærðum á nýjar make-up tegundir og ekki leið á löngu þar til við keyptum okkur Daddy O make-up, mjög dýrt og flott. Vorum eins og múmíur í minningunni. Minningarnar eru margar og yndislegt að rifja upp og vera þakklátur fyrir góðar stundir.

Gunna var einstaklega góð, vel gefin, frjó og skemmtileg. Það reyndist henni því auðvelt að eign-

ast vini í MA, við vildum öll verða vinir hennar. Þær voru ófáar ritgerðirnar sem Gunna aðstoðaði okkur við og það var alltaf eins og skrifin væru henni algjörlega fyrirhafnarlaus. Skólagangan vaðföist heldur ekki fyrir henni, hún átti alla tíð mjög auðvelt með að læra og kenna öðrum.

Hún Gunna var líka listakona, hannaði og saumaði föt og var svo margt til lista lagt. Ég bý svo vel að eiga fallegan svuntukjól eftir Gunnu sem ég held mikið upp á, ekki síður núna þegar hún hefur kvatt okkur.

Vinaböndin urðu sterk og héldu allt til enda. Mæður okkar kynntust og náðu vel saman, og þá kynntust Gunna og Anna Pála systir mín vel þegar þær bjuggu í Kaupmannahöfn. Stefán, sonur Gunnu, og Birgir, elsti sonur minn, tengdust þegar þeir voru saman í Hlíðaskóla, og ég hef haldið góðu sambandi við dóttur Gunnu, hana Sigurlaugu.

Þegar upp er staðið eru þetta ómetanlegar tengingar við góða vini. Ómetanleg vinaflétta, sem ég er afskaplega þakklát fyrir. Ég er þakklát fyrir vinkonu mína Gunnu, hennar óskiptu og afdrárlausu vinátta. Við tengdumst á svo margan hátt og ég er ríkari fyrir vinátta hennar og vinaflétta milli fjölskyldna og vina okkar. Ég votta börnum Gunnu og öllum vandamönnum einlæga samúð og bið góðan Guð að styrkja þau öll. Blessuð sé minning elsku vinkonu minnar Guðrúnar Ægisdóttur.

Hvíl í friði, sómakona.

Vin sínum skal maður vinur vera og gjalda gjöf við gjöf.

Veistu ef þú vin átt þann er þú vel trúir og vilt þú af honum gott geta, geði skaltu við þann blanda og gjöfum skipta, fara að finna oft.

(Hávamál)

**Sigurhjörg Pálsdóttir.**

Það er með söknunni og hryggð sem ég kveð góða vinkonu mína og sálufélaga, Guðrúnu Ægisdóttur, sem lést 30. desember sl. eftir margra ára veikindi. Hún er nú laus úr þeim viðjum og er frjálst ferða sinna.

Við Gunna, eins og hún var kölluð, kynntumst í Kaupmannahöfn endur fyrir löngu og einhverra hluta vegna smullum við saman þrátt fyrir nokkurn aldursmun. Sú vinátta hélst grofa alla tíð.

Gunna var fjölmenntuð, vel gefin og skapandi og maður kom ekki að tómun kofunum þar, sama hvert lítið er. Um tíma var hún í leiklistarskólanum Sál og síðar rak hún saumaverkstæði þar sem hún hannaði batikflikur jafnt á unga sem aldna. Þá lærði hún sagnfræði í Háskóla Íslands og síðustu ár starfsævi sinnar var Gunna kennari sem hentaði henni vel og var vel liðin enda skapandi og skemmtileg.

Gunna var góð vinkona, gefandi manneskja og stór í sniðum. Svo var hún húmoristi af guðs náð og mikið var gaman að hlæja með Gunnu. Það er erfitt að lýsa Gunnu, sem var stórbrotin persóna, bæði eldklár og glesileg, það leiftraði af henni. Við Gunna áttum svo margt ósagt og hún skilur eftir sig stórt skarð. Hennar verður sárt saknað en minningin um góða konu lifir. Það var heiður að vera vinkona Gunnu.

Ég sendi börnum hennar, Stefáni, Sigurlaugu og Ægi Gauta, mínar innilegustu samúðar-kveðjur.

Þín augu mild mér brosa á myrki stund og minning þín rís hægt úr tímans djúpi sem hönd er strýkur mjúk um föla kinn mín minning björt.

(Ingibjörg Haraldsdóttir)

**Helga Egilsdóttir.**



# Sæmundur G. Haraldsson

† Sæmundur Grétar Haraldsson geðlæknir fæddist 8. ágúst 1950 í Reykjavík. Hann lést 2. febrúar 2024 á Landspítalanum í Fossvogi.



Hann ólst upp í Hafnarfirði, lengt af á Úrðarstíg 6. Foreldrar hans voru Haraldur Hafliðason frá Siglufirði, f. 6.5. 1929, og Sigurbjörg Sæmundsdóttir, f. 24.9. 1928, frá Hafnarfirði. Þau stunduðu verslunarstörf ásamt öðrum störfum. Bræður hans eru Hafliði, tæknifræðingur í Noregi, og Hafsteinn Gunnar, húsamiður í Hafnarfirði.

Eiginkona Sæmundar var Andrea Benediktsdóttir frá Selfossi, f. 6.4. 1951 í Reykjavík. Foreldrar hennar voru Benedikt Franklinsson, starfsmaður Mjólkrubús Flóamanna, f. 17.5. 1915, og Regína Guðmundsdóttir húsmóðir, f. 12.3. 1918.

Sæmundur og Andrea giftust árið 1972 og áttu saman Hrólff, óperusöngvara í Þýskalandi, f. 25.7. 1973, og Sigurbjörgu háskólanema, f. 14.8. 1981. Eiginkona Hrólfs er Ramona Bartsch leikstjóri, f. 25.5. 1992. Þau eru barnlaus. Hrólfur átti fyrir stjúpsoninn Andra Guðnýjarsón, f. 4.12. 1988, synina Kolbein Sæmund, f. 4.7. 1998, og Kára Júlíus, f. 5.10. 2008, og dótturina Þjóðhildi Drangey, f. 13.1. 2014. Maki Sigurbjargar er Davíð Jónsson, f. 31.12. 1988. Þau eru barnlaus. Hún átti fyrir dæturnar Glóeyju, f. 8.10. 2000, og Andreu Karítas, f. 12.6. 2005, og soninn Tristan Gjúka, f. 2.5. 2014. Fyrir átti Sæmundur synina Harald Snæ, f. 13.7. 1969, og Þórarín Helga pípuþingameistara, f. 8.3. 1971. Móðir

þeirra var Málfríður Einarsdóttir viðskiptafræðingur, f. 21.11. 1942 í Reykjavík, d. 9.6. 1989. Þeir eru báðir ókvæntir og barnlausir.

Sæmundur lauk stúdentsprófi við Menntaskólann í Reykjavík árið 1970.

Hann lauk kandidateksprófi í læknisfræði frá Háskóla Íslands árið 1978. Eftir nokkurra ára störf sem læknir hélt hann til Noregs árið 1983 með fjölskyldu sinni, þar sem hann menntaði sig í geðlæknisfræði. Starfaði hann sem geðlæknir í Noregi til 1990. Þá flutti fjölskyldan aftur til Íslands. Sæmundur bætti þá við sig sérnámi í öldrunarlækninum og heimilislækninum, og starfaði sem öldrunarlæknir fram að ótímabæru andláti Andreu konu sinnar árið 2003. Eftir það gerðist hann sjálfstætt starfandi yfirgeðlæknir í Svíþjóð og Noregi. Starfaði hann sem slíkur allt til ársins 2021, en þá lenti hann í alvarlegu slysi. Eftir það hjó hann á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu í Laugardal, allt til dauðadags. Útför Sæmundar verður gerð frá Hafnarfjarðarkirkju í dag, 8. febrúar 2024, klukkan 13.

Faðir minn er látinn. Stórbrotinn maður, fyrirmynd í mörgu, öðru ekki. Ástríðumaður, gleðimaður, ríkur af ást og umhyggju. Hugsandi, leitandi allt til síðasta dags. Skemmtilegur, þrjúskur, stríðinn, ógrandi. Það þarf að finna svo mörg orð til að lýsa honum. Hann kvaddi þetta líf eftir snörp veikindi, sáttur við dauðann, og að mestu við lífið. Þó að hann hafi aðeins náð 73 ára aldri má segja að hann hafi lifað margföldu lífi. Hann upplifði margt, og gerði meira. Hann var ekki eins og flestir aðrir pabbar. Stundum fannst manni það stórkostlegt, stundum ekki. Alltaf var þó ástin til staðar, og umhyggjan fyrir sínum nánustu. Tónlistin var honum einnig mikilvæg, hann spilaði og söng, samdi lög og kenndi okkur margt um tónlist. Rökræður um daginn og veginn, sem og andleg málefni, voru gjarnan á döfinni, alltaf leitandi. Hann sagði oft að maður ætti alltaf að læra það sem maður væri verstur í, því annars gæti maður ekki bætt sig.

Hans mesti harmur var að missa konu sína, móður mína, svo allt of unga úr herjans krabbnum. Eftir að hún dó reyndi hann eftir fremsta megni að vera fjölskyldunni miðpunktur, meira en áður. Fyrir það hafði móðir mín verið meira í því hlutverki. Þá var farið í bústað, í ferðalög, sungið saman. Hann hafði yndi af því að umvefja sig niðjum sínum. Eftir að hann lenti í hræðilegu slysi, sem rændi hann mættinum og slökkti eldinn innra með honum, var það hans helsta hugðarfeni að skilja sáttur við lífið, og að afkomendur hans þyrftu ekki að lifa skort. Enda var hann hjálpsamur við sína nánustu, sem og aðra. Ég veit að vegna þessa gat hann skilið við lífið þrátt fyrir erfið veikindi og áföll. Nú er hann dáinn. Ég harma hann mjög. Lífi minningin um föður minn, Sæmund Haraldsson.

Hrólfur Sæmundsson.

Elsku pabbi minn er dáinn. Hann kenndi mér að elska tónlist og bókmenntir. Hann horfði með mér á spennumyndir, Góg og Gokke og Chaplin. Hann var alkemisti aðstæðna og lifði lífinu óttalaga og alltaf forvitinn. Hann var vinur minn og styðjandi. Hann kenndi mér að rökræða án þess að fara í manninn. Hann var stoltur af barnanna mína og þreyttist aldrei á þeirra uppátækjum. Hann elskaði lífið og hann var pabbi minn.

Andri Guðnýjarsón, Kolbeinn Sæmundur Hrólffson, Kári Júlíus Hrólffson, Þjóðhildur Drangey Hrólfsdóttir.

Grétar bróðir hét Sæmundur Grétar Haraldsson og ég var einn af fáum sem kölluðu hann alltaf Grétar.

Hann var eldri en ég og því á ég ekki margar minningar frá því við vorum ungir. Ég man eftir laugardagskvöldum þegar við vorum í stofunni og heyrðum sunnudags Morgunblaðið koma, þá var alltaf kapphlaup hjá mér og Grétari um hver okkar yrði fyrri til að ná í blaðið og færa pabba. Eða mömmu.

Og svo liðu árin hratt, hann kynntist konu sem hét Fríða og með henni tvo drengi, Harald og Helga, en svo skildi leiðir hjá þeim. Dag einn datt hann í lukkupottinn og fann ástina í mjög góðri konu, Andreu, eða Öddu. Þau eignuðust einn son, Hrólff, og dóttur, Sigurbjörgu. Þá var ég 17 ára og var fenginn í að passa Hrólff um helgar því þau fóru mikið út á lífið, þar voru margar góðar stundir sem ég og mínir vinir áttum saman með Grétari,

Öddu og þeirra vinnum. Sem betur fer var Hrólffur stilltur og var ekki mikið að ónáða okkur. Það voru margar góðar stundir á Njálsgötu. Grétar elskaði að spila á gítar og hlusta á tónlist og þegar ég keypti mínar fyrstu græjur þá bað ég hann að gefa mér eina góða LP-plötu og hann gaf mér Moody Blues Seventh Sojourn, hann hafði góðan smekk á tónlist.

Svo liðu árin, hann vann mikið, þar á meðal var hann að vinna í Noregi og þar lágu leiðir okkar saman á ný, hann keypti gamalt hús sem þurfti að endurbýggja og ég gerði það fyrir hann (ég er smíður).

Svo liðu árin og ég og Silla kona mín hittum Grétar og Öddu af og til. Það var mjög sorglegt er Adda lést. Það var mjög erfið fyrir Grétar bróður, ég veit að hann saknaði hennar mikið. Þá fór hann mikið vinna í Noregi og Svíþjóð og þá skildi leiðir okkar aftur. Einn daginn kom hann til mín með stóra hugmynd um að kaupa fokheldan sumarbústað, og hann gerði það og fékk mig í að smíða hann. Á meðan framkvæmdir stóðu yfir áttum við margar góðar stundir saman. Kynntist ég Grétari aftur og þótti mér það ómetanlegt. Honum þótti mikið vænt um Sæmundarholt en það hét sumarbústaðurinn. Þetta var falletur bústaður á góðum stað en því miður varð hann að selja hann, það þótti honum sárt.

En þá gripu örlögin inn í, 2021 lenti hann í slysi og lamaðist frá hálsi. Þau örlög var hann aldrei sáttur við sem gefur að skilja.

Um morguninn 1. febrúar fór Grétar á Landspítalan, ég fór til hans um miðjan dag og áttum við góða stund og náðum að tala saman. Og 2. febrúar um nóttina var ég hjá honum þegar hann yfirgaf þetta jarðneska líf og fór yfir í sumarlandið að hitta Öddu sína. Grétar var góður drengur og vildi öllum vel. Það er sárt að horfa á eftir þér, bróðir kær. Kveðja,

Hafsteinn bróðir.

Sæmundur Haraldsson (Sæmi) var bekkjarbróðir okkar í MR veturna 1966-1970 og með hluta okkar allan gagnfræðaskólann líka, því Hafnarfirðingar vorum við flestir strákarnir í Y-bekknun í stærðfræðideild og sérstaklega ánægðir síðasta bekkinn, 6-Y, enda fjörugir í betra lagi.

Sæmi var vel gefinn og margt til lista lagt og hafði einkar gaman af tónlist okkar tíma, '68-kyn-

slóðarinnar, spilaði á gítar og munnhörpu og það í nokkrum hljómsveitum þegar best lét. Góð er minning ein eftir stúdentspróf þegar tveir okkar gerðust trúbadúrar í Evrópu, gerðum það stundum gott í Amsterdam og París sælla minninga og flugum svo heim frá Köben með handritanefndinni sem afhenti „Fladøbogen – vær saa god“ 1971. Tekið var á móti nefndinni með rauðum dregli og húllumhæi á Reykjavíkflugvelli – en við vinsamlegast beðnr að biða í vélinni meðan á móttökuathöfninni stóð.

Það er margt að minnast frá menntaskólaárunum, flest ef ekki allt skemmtilegt. Þá var í tísku að læra ekki um of en standa samt – einhvers konar '68-stíll. Og helgarnar voru æði skrautlegar á köflum meðan Glaumbær var aðalstaðurinn. Samheldnin í bekknum mikil og flestir í Hafnarfjarðarstrætó kvöld og morgna. Sem dæmi er minnstætt er við mættum allir á skrifstofu Einars Magg rektors og mótmæltum (sögðum pereat!) er til stóð að víkja Sæma og tveimur öðrum tímabandi úr skólanum. Ástæðan sú að þeir höfðu ekki skilað sér á gistað þar sem fimmtubekkingar skemmtu sér og fundust ekki fyrr en seint og um síðir eftir mikla leit í illvirði um nótt. Ástand þeirra þótti ekki til fyrirmyndar að mati yfirstjórnar skólans. Ekki vorum við samála því mati og mótmæltum á skrifstofu rektors og sögðum að ef Sæmi og félagar yrðu reknir færum við allir. Einar Magg rektor, hokinn af reynslu, sagði að það væri í góðu lagi því við værum leiðinlegastir bekkurinn í skólanum og því besta mál að við færum allir. Er ekki að oröngja það að við lyppuðumst niður, lítum á klukkuna og tuldruðum „jæja, við verðum víst að fara að mæta í tíma“.

Að loknu stúdentsprófi hurfum við allir hver í sína áttina í hinar ýmsu fræðigreinar og hittumst varla nema öðru hvoru af tilviljun. Mættum þó á fimm ára stúdentsafmæli og síðan ekki söguna meir fyrr en á 50 ára afmælinu – í miðju covid – þegar hátíðahöldum var sleppt, nema hjá okkar bekk, sem átti góða kvöldstund á veitingastað við höfnina. Síðan tók bekkurinn upp á því að hittast mánaðarlega í síðdegiskaffi á einhverju kaffihúsi á stórhöfuðborgarsvæðinu – okkur öllum til ánægju. Sæmundur varð fyrir alvarlegu áfalli fyrir um tveimur árum og var bundinn við hjólastól eftir það en mætti samt stundum í síðdegiskaffi, síðast á kaffi Flóru í Laugardal. Víst er um það að við bekkjarbræðurnir komum til með að sakna Sæma vinar okkar en hann er sá þriðji úr bekknum sem kveður þessa jarðvist. Margt er að minnast, margt er að sakna, far heill vinur á þeim leiðum sem þú ófarnar átt!

Aðstandendum vottum við samúð okkar.

F.h. bekkjarbræðra úr 6-Y í MR 1970,

Guðmundur Ómar Friðleifsson, Einar Magnússon.

Við Sæmi vorum bekkjarfélagar í MR og urðum síðan samferðamenn á nokkurra

ára tímaskeiði í kjölfar stúdentsprófs. Í raun hefði Sæmi getað valið tónlistarbrautina í stað geðlæknisfræðinnar. Við hittumst til þess að syngja og spila saman á gítarana og sömduðum okkar eigin tónlist, sem við útfærðum í sameiningu. Eitt leiddi af öðru og við ákváðum að stofna „Premil“ og fá Kjuregej Alexöndru Argunovu frá Jakúttu í lið með okkur. Hún flutti þjóðlög frá Sovétríkjunum og Íslandi, og við Sæmi okkar frumsamda efni; „Ef þú trúir á æsina Óðin og Þór ...“ Við komum fram víða við ýmis tækifæri og þegar hæst lét, í Ríkisútvarpinu og í sjónvarpi allra landsmanna. Síðan skildi leiðir og við fetuðum okkar persónulegu braut í gegnum lífið. Á þessu tímabili „Premils“ þekkti ég vel fjölskyldu Sæma á Njálsgötunni. Hina yndislegu Öddu, sem var með tónlistina í blóðinu, blessuð sé minning hennar, og einnig Hrólff litla, sem ég kynntist betur síðar sem frábærum óperusöngvara. Ég veit að velgengni Hrólfs á

óperusviðinu fyllti Sæma stolti, sem var augljóst í þau skipti sem við hittumst á förnum vegi síðar á lífsleiðinni. Þá tókum við upp þráðinn og ræddum tónlist og þær óperusýningar sem hann hafði barið augum, með Hrólff fremstan í flokki.

Tónlistin blundaði ávallt í Sæma. Eitt sinn rétti hann mér geisladisk sem hann hafði hljóðritað með eigin lögum ásamt fleiri tónlistarmönnum en var einungis hugsaður sem tækifærisgjöf til vina og vandamanna.

Síðustu æviár Sæma reyndust honum erfið, þar sem hann var bundinn við hjólastól eftir alvarlegt slys. Hann mætti endrum og sinnum í kaffiklúbbinn, sem 6-Y-strákabekkurinn okkar í MR hafði sett á laggirnar, en þar hitti ég Sæma í síðasta sinn.

Við undirrituð sendum samúðarkveðjur til fjölskyldu Sæmundar, ættingja og vina.

Sverrir Guðjónsson tónlistarmaður, Elín Edda Árnadóttir myndlistarmaður.

†

Ástkær eiginnmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afa,

**RAGNAR VÍKINGSSON** frá Hrisey, Lindasiðu 2, Akureyri,

lést 2. febrúar. Útför hans fer fram frá Glerárkirkju mánudaginn 12. febrúar kl. 12.00. Jarðsett verður í Hriseyjarkirkjugarði síðar sama dag.

Maria Margrét Kristófersdóttir Guðmundur Ragnarsson Katrín Blöndal Jenný Ragnarsdóttir Víðir Benediktsson Brynja Ragnarsdóttir Sigþór Haraldsson og afabörnin öll

†

Innlegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts ástkærs eiginnmans míns, föður, tengdafaður, afa og langafa,

**PÉTURS ERENDSSONAR** Safamýri 29, Reykjavík,

sem lést þriðjudaginn 16. janúar á hjúkrunarheimilinu Sóltúni og var jarðsunginn 26. janúar frá Grafarvogskirkju. Sérstakar þakkir til starfsfólksins á hjúkrunarheimilinu Sóltúni fyrir góða umönnun og alúð.

Áslaug Andrésdóttir Stefán Pétursson Puk Egekvist Erlendur Pétursson Halldóra Þórarinsdóttir barnabörn og barnabarnabörn

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**KRISTÍN ÓLAFSDÓTTIR** pianókenari, Hæðargarði 33, Reykjavík,

lést fimmtudaginn 18. janúar á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 12. febrúar klukkan 13.

Jón Hallsson Sigríður Jónsdóttir Þórir Bragason Ólöf Jónsdóttir Íma Þóll Jónsdóttir David Zoffer Þórhildur Halla Jónsdóttir Jóhann E. Matthíasson og barnabörn

ÚTFARARSTOFA

ÚTR REYKJAVÍKUR

Við andlát ástvinar Nærgætni, hlýja og virðing

Álfheimum 35, 104 Reykjavík Sími 553 5353 og 821 5353 www.usr.is isleifur@usr.is Þjónusta allan sólarhringinn

Áratuga reynsla við útfararþjónustu

Ísleifur Jónsson Útfararstjóri Útfararþjónusta Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir Útfararþjónusta Farsími 861 3441



## 56 | MINNINGAR

Ásta Sigrún  
Einarsdóttir

† Ásta Sigrún Einarsdóttir fæddist á Heiðarbæ í Þingvallasveit 26. maí 1943. Hún lést á líknardeildinni í Kópavogi 28. janúar 2024.

Foreldrar Ástu Sigrúnar voru Einar Sveinbjörnsson, f. 10.9. 1917, d. 14.11. 1974, bóndi á Heiðarbæ, og Unnur Frímansdóttir, f. 23.5. 1910, d. 22.3. 2005, húsfreyja. Systkini Ástu eru Anna María, f. 5.2. 1941, húsmóðir í Kópavogi, og Sveinbjörn Frímann, f. 22.4. 1949, bóndi á Heiðarbæ. Ásta Sigrún giftist hinn



17.6. 1966 Hreiðari Grímssyni, bónda á Grímsstöðum, f. 9.12. 1936, d. 21.3. 2023. Börn Hreiðars og Ástu eru: 1) Kristín, f. 20.6. 1967, sambýlismaður hennar er Þorsteinn Ragnar Ólafsson. 2) Sigrún, f. 30.5. 1969, eiginmaður hennar er Peter Karlsson. 3) Einar, f. 21.6. 1975, eiginkona hans er Inga Rós Baldursdóttir. 4) Unnur María, f. 23.8. 1979, sambýlismaður hennar er Róbert Rúnarsson. Barnabörnin eru 12 og barnabarnabörnin eru tvö ásamt bónusbarnabörnum.

Elsku mamma mín er horfin á braut. Mamma var konan sem fæddi mig inn í þennan heim og hélt í höndina á mér á bernskuárunum og studdi mig inn í full-orðinsárin. Alltaf gat ég leitað í viskubrunn mömmu. Það verður skrifað að geta ekki hringt í hana og spurt hana um uppskrift, álit eða hjálp við þrjónaskap. Í æsku vakti mamma yfir mér í veikindum, hún vakti einnig yfir börnunum mínum í veikindum og hringdi á lækni um miðjar nætur ef þurfti. Barnabörnin áttu alltaf öruggt skjól hjá ömmu sinni, líka stjúpsonur minn og var mamma í miklu upphaldi hjá honum. Þau elskuðu matinn hennar mömmu og lopapeysurnar, sjómennirnir mínir fengu líka húfur og sokka svo þeim yrði nú ekki kalt við vinnu sína. Það var alveg sama hvaða sérþarfir börnin voru með í sambandi við mat eða lopapeysur, mamma fann alltaf út úr því. Það var einstaklega gaman að fylgjast með foreldrum mínum í fjárhúsinu við vinnu sína. Þau voru ekkert alltaf sammála og pabbi átti það til að stríða mömmu en alltaf komust þau að niðurstöðu. Þau unnu saman í nærri því 60 ár og bjuggu saman, það er ekkert sjálfgefið að við að búa saman og vinna

saman gangi allt smurt og dáðist ég því að foreldrum mínum fyrir að geta þetta án mikilla árekstra. Samvinnan var aðdúnarverð í alla staði.

Mamma var einstakur dýravinnur, sama hvort það voru kisur, hestar, kindur, hænur eða hundar. Velferð dýranna var henni alltaf efst í huga. Það var aðdúnarvert að fylgjast með henni innan um dýrin, hve vel þau treystu henni og hve vel hún hugsaði um þau.

En enn og aftur læddist óværan sem krabbamein er upp að okkur algerlega að övörum og eins og hjá pabba þá voru þetta stutt en snörp veikindi. Það er innan við ár síðan pabbi fór og mamma var rétt að byrja að fóta sig í nýrri íbúð. Mikið hlakkaði ég til að eyða tíma með mömmu í nýju íbúðinni og geta bara droppað við. Hefði svo viljað hafa ykkur bæði hjá okkur lengur en nú eruð þið saman inni í eilífðinni og ég veit að Toggi hefur tekið vel á móti ykkur.

Elsku mamma mín, takk fyrir allt sem þú hefur kennt mér og gefið mér í lífinu.

**Kristín Hreiðarsdóttir.**

Elsku besta mamma mín, konan sem ég elska svo mikið, virði

Ásta Sigrún stundaði nám við Héraðsskólann á Laugarvatni 1959-61, hún vann einnig í Pennanum ásamt systur sinni en frá 1966 starfaði hún ásamt eiginmanni sínum á búi þeirra. Hún starfaði einnig með Kvenfélagi Kjósarhrepps frá 1967. Voru þau hjónin fyrst með kúr en sneru sér svo að hæsnabúskap en alltaf var sauðfjárræktin með. Ásta hafði einnig mikinn áhuga á þrjónaskap og þær voru ófáar lopapeysurnar sem hún þrjónaði í gegnum tíðina, hún hafði einnig áhuga á bútaasumi og alls kyns handavinnu.

Ásta og Hreiðari voru með sauðfé alveg til andláts Hreiðars en þær allra síðustu fóru í fóstur hjá bróður Ástu á Heiðarbæ og þar er enn eina kindin sem eftir er.

Útför hennar fer fram frá frá Langholtskirkju í dag, 8. febrúar 2024, klukkan 13.

og dá, er farin frá okkur eftir stutt og erfið veikindi. Mamma var glöð, hlýleg og einstaklega umhyggjusöm. Það hefur enginn verið meira til staðar í lífi okkar systkinanna en mamma og pabbi, sem er ómetanlegt. Mamma var einstök manneskja sem lét fólkið sitt alltaf ganga fyrir eigin þörfum. Takk fyrir allt, elsku mútta mín. Þú hefur reynst mér og mínum ómetanlegur klettur í lífsins verkefnum. Ég veit í hjarta mínu að pabbi hefur tekið vel á móti þér.

Mamma

Mamma mín ég minnst þín að morgni dags er sólin skín og sendir birtu á bæ og jörð og bregður stafagulli á fjörð.

Í bernsku straukt þú mína brá blítt og hlýtt var allt að sjá. Allt svo hljótt, svo undur rótt þá yfir færðist draumanótt.

Mig þú signdir mjúkri hönd. Myrkrið hvarf í drauma lönd. Tilveran, eitt ljúflingslag, leikur í minni sérhvern dag.

Mín líðið hafa æsku ár. Eru þínar luktar brár. Í huga mínum ertu enn. Að þér hændust dýr og menn sem veröld velkti milli sín. Svo vil ég alltaf minnast þín. (Ragnar Sveinn Olgeirsson)

**Sigrún.**

Elsku Ásta mín. Aldrei bjóst ég við því þegar ég sótti þig 20. desember til að fara upp á spítala að þú kæmir ekki aftur heim. Þetta var ekki auðveldur dagur en samt svo ljúfur, því eins og þér einni var lagið náðir þú að sjá jákvæðu hliðarnar á tilverunni og sagðir mér svo margar skemmtilegar sögur sem þú hafðir þó aldrei deilt með mér áður. Þegar ég kveð þig í hinstu sinn minnstist ég hlátursins þíns og allra skemmtilegu frásagnanna þinna sem ég geymi eins og gimsteina í hjarta mínu og passa upp á að komandi kynslóðir fái að heyra allt um dásamlegu Ástu ömmu.

Mikið sem ég var heppin að fá að kynna þér og þeirri einstakri hlýju og natni sem þú hafðir að geyma. Þú varst mér einstaklega nær og nærvera þín var alltaf svo ljúf og yndisleg. Takk fyrir allt sem þú hefur gefið mér.

Þín tengdadóttir  
**Inga Rós.**

Elsku amma mín. Tengslin sem voru okkar á milli eru mér svo einstök og dýrmæt. Ég fékk ekki bara þann heiður að bera nafnið þitt heldur var ég svo heppin að fá að alast upp í sveitinni nálægt ykkur afa. Þú kenndir mér svo margt og er ég svo þakklát fyrir allar þær stundir og minningar sem við

sköpuðum saman.

Eins sárt og það er að fylgja þér síðasta spölinn í dag er ég þakklát fyrir allt sem þú hefur gefið mér og ég veit að afi tekur vel á móti þér og það er gott að vita af ykkur saman. Elsku amma, þið afi eigið sérstakan stað í hjarta mér sem mun alltaf fylgja mér.

Þín

**Ásta Sigrún.**

Í dag kveð ég elsku Ástu systur mína.

Það er mér erfitt að setjast niður og skrifa minningargrein um hana Ástu. Ég er eiginlega ekki farin að trúa þessu enn og annað slagið kemur í hugann að ég verði að hringja í Ástu; símtölin milli okkar voru stundum mörg á dag en nú verða þau ekki fleiri.

Við vorum mjög nánar systur, við systkinin þrjú ólumst upp í falggestu sveit landsins, Þingvallasveitinni, og áttum mjög ástríka foreldra sem elskuðu okkur skilyrðislaust. Það voru kannski ekki mikil efni hjá þeim fyrstu árin en aldrei fannst okkur neitt vanta, ástin bætti það upp. Ekkert rafmagn var komið í sveitina þegar við vorum að alast upp en aldrei var kalt í gamla bænum okkar. Tvíþýli var á Heiðarbæ og frændfólk okkar bjó á Heiðarbæ I og við á Heiðarbæ II. Það var fallett samfélag á bæjunum, við lékum okkur dagana langa við frændsystkini okkar, sérstaklega við Hönnu frænku sem var á aldur við Ástu og þær voru bestu vinkonur alla tíð en Hanna féll frá allt of fljótt árið 1999. Mörg kvöldin komu fjölskyldurnar saman og þá var mikið sungið og spilað á gítar, þessar minningar eru ógleymanlegar.

Eins við brugðum okkur þá oft á milli bæja til að kankast eitthvað á eða til að hlæja. Margt eitt kvöld og margan dag máttum við í næði æfa saman eitthvert lag eða syngja kvæði. (Þorsteinn Erlingsson)

Ásta var mikill dýravinnur alla tíð og kettirnir, lömbin og hundarnir nutu þess. Einu sinni ætluðum við frænkurnar að fara á Þingvöll, fórum upp á þjóðveg og biðum eftir rútunni. Þá varð bílstjórninn hissa þegar á eftir okkur ruddist heimalningurinn hún Sníkja, hún ætlaði sko með okkur á Þingvöll, margar fleiri ferðir elti hún okkur og vakti mikla athygli.

Þegar við vorum unglingar unnum við saman á Hótel Valhöll á sumrin og í skógræktinni á Þingvöllum. Seinna unnum við í Pennanum á Laugavegi 84 þangað til við fórum sjálfar að búa.

Ég held að Ásta hafi aldrei getað hugsað sér annað en að búa í sveit, sem varð síðan að veruleika þegar hún kynntist Hreiðari sínum og fór að búa á Grímsstöðum og voru þau mjög samtaka allan sinn búskap.

Alltaf héldum við áfram að gera eitthvað saman með eiginmönnum og börnum, tjaldferðir voru farnar á sumrin og seinni árin fannst okkur nauðsynlegt að fara eina Akureyrarferð á hverju sumri og þá helst þegar Fiskidagurinn mikli var haldinn á Dalvík.

Það var henni mikið áfall þegar Hreiðar lést fyrir aðeins 10 mánuðum en hún var ótrúlega sterk og dugleg og með börnin sér við hlið tókst hún á við það. Nú er hún einnig farin í sumarlandið til Hreiðars.

Ég mun alltaf sakna þín, elsku Ásta.

Þín systir, Maja.  
**Anna María Einarsdóttir.**

Með tár á hvörum kveð ég Ástu, mína kærnu svilkonu sem

kvaddi rétt um 10 mánuðum eftir að Hreiðar dó. Þó að þau hafi verið einstaklega samrýnd hjón hvarflaði ekki að okkur að hún leitaði hans svo fljótt. Þau höfðu selt Grímsstaðina og keypt íbúð í Hraunbænum rétt fyrir andlát Hreiðars. Sumarið hjá henni og fjölskyldunni fór í að ganga frá þar og koma sér fyrir í íbúðinni sem var búið að gera svo fallega. Ásta var nýflutt þegar veikindin gerðu harkalega vart við sig. Enn eitt krabbameinið. Hún gerði sér fljótt grein fyrir því hvað biði hennar, engin lækning, og vildi því fá hvíldina. Henni fannst að Hreiðar biði sín handan við hliðið og vildi ekki láta hann biða lengi, fór sát. Við höfum búið í sveitinni okkar í rúmlega 55 ár og nánast allan tímann með samskonar búskap, sauðfé og hænsni. Alltaf var hjálpast að og höfum við átt ómetanlegar samverustundir sem styrktust enn meira seinni árin í veikindum Alla og skömmu síðar Hreiðars. Við Ásta áttum dýrmætar stundir og heyrðumst flest kvöld, ræddum farinn veg og deildum reynslu okkar, sammála um að vera ekki kallaðar ekkjur og þakklátar fyrir það góða líf sem við áttum með eiginmönnum okkar.

Ásta var einstakur dýravinnur og deildum við því áhugamáli. Mikið var rætt um sauðburð og framvindu lambanna, hún fylgdist með þeim af pallinum og talaði til þeirra. Gaman var að koma með henni í fjárhúsin og samgledjast yfir litlu lömbunum sem hún hafði hjálpað í heiminn. Þessarar hjálpar fengum við og fleiri að njóta því hún var með einstakar ljósmóðurhendur, svo yfirveguð og róleg. Ekki má nú gleyma kisuunum, sem voru henni eins og börn. Aldrei of oft staðið upp til að hleypa þeim inn eða út. Þegar síðasta kindin var farin og kisa nú í haust fannst henni enginn biða sín lengur á Grímsstöðum og nú gæti hún flutt.

Það reynist þungbært að takast á við þennan skyndilega missi. Ég taldi Ástu vera fríska, svo vel á sig komin, falleg og yndisleg. Ég get ekki annað en verið full þakklætis fyrir að hafa fengið að fylgja henni nánast allt mitt líf því samgangur unga fólksins í Kjós og Þingvallasveit var mikill, ungmennafélagsferðalög, dansleikir og margt fleira.

Læt hér fylgja brot úr heilræði sem leitar á hugann. Þakklæti er orka sem eflir allar kenndir, ef þakklátur þú ert þá hamingjan hjá þér lendir. Ég þakka fyrir ykkur.

Elsku Kristín, Sigrún, Einar, Unnur María og fjölskyldur. Það hefur verið mikið á ykkur lagt á skömmum tíma. Þið hafið staðið þétt við hlið móður ykkar í þeim störfum sem hennar biðu og nú síðast og ekki sist í veikindum hennar. Hugur minn er hjá ykkur.

Kærleiks-kveðja,  
**Hulda í Eilífsdal.**

Það er ekki langt síðan við systkinin settumst niður og skrifuðum niður minningar okkar um hann Hreiðar á Grímsstöðum. Það var mikið áfall að heyra fréttirnar af veikindum Ástu frænku. Mamma og pabbi stóðu þétt við hlið hennar fram til síðasta dags ásamt börnunum hennar. Við vitum að hún tók þessu af miklu æðrúleysi og hefur sameinast Hreiðari á ný sem og Þorvaldi þeirra sem var þeim svo nær.

Ásta og mamma voru mjög nánar systur og þær voru að mörgu leyti mjög líkar, bæði að utan og innan. Þeim var oft ruglað saman og við segjum stundum að þær hafi ruglað á sjálfum sér. Það eru sögur af því að mamma hafi séð spegilmynd

sína í búð á Akureyri og haldið að Ásta væri komin.

Það var alltaf mikill samgangur milli fjölskyldu okkar og fjölskyldunnar á Grímsstöðum. Ótal samverustundir, ferðalög og vinna í kartöflugaróinnum er það sem kemur upp í huga okkar. Ástu var einstaklega umhugað um dýr, bæði stór og smá og var vakin og sofin yfir velferð þeirra. Ófá skiptin fór hún á bæina í sveitinni og aðstoðaði við sauðburð ef burður gekk illa. Má því með sanni segja að hún hafi sinnt ljósmóðurstörfum. Kettirnir á Grímsstöðum fengu að drekka úr sparistellinu sem okkur systkininum fannst alltaf jafn skemmtilegt því mamma átti eins skálar sem við fengum ísinn í um jól og áramót. Unnur María var steinhissa ein áramótin þegar henni var boðinn ís úr kattarskál í Krummahólunum. Þessi saga er reglulega rifjuð upp þegar við fáum ís hjá mömmu og pabba. Þær eru margar sögurnar sagðar þegar við fjölskyldurnar hittumst og Ástu fannst alltaf jafn gaman að rifja þær upp. Eins og til dæmis söguna um Watergate sem var að bita gras úti á túni.

Ásta var líka mikil hannyrðakona, þrjónaði ófáar lopapeysurnar bæði á fjölskylduna og eftir pöntunum. Ekki tók það hana langan tíma að þrjóna eins og eina peysu og hún var ótrúlega lunkin við þrjónaskapinn.

Hveitíkúrnar hennar voru einstakar. Í talsverðan tíma stóð til að hún kenndi okkur að gera hveitíkúrnar sínar. Af því verður því miður ekki.

Minningarnar um Ástu lifa áfram í hjörtum okkar um ókomna tíð.

**Unnur, Gunnar og Sólveig María.**

Ásta Sigrún Einarsdóttir frá Grímsstöðum hefur nú horfið frá köldum vetri og haldið í birtu sumarlandsins til móts við bónda sinn Hreiðar Grímsson, sem tekur á móti henni í fallettri kvöldbirtu júninætur eins og hún gerist fegurst í Laxárdalnum.

Það er taknrænt að svo stutt sé á milli þeirra hjóna, þau voru ávallt mjög samhent í öllu. Ásta var ljósberi í tilverunni og samfélaginu í Kjósinni með sinni hlýju, kærleika og glæðlega viðmóti. Hún tók öllum sem jafningjum og var annar velferð samferðafólksins. Ljósbærar hafa þann góða eiginleika að létta öðrum skrefin og bregða jákvæðri orku á allt í kringum sig, það var Ástu eðlislægt.

Systur mínar og Sigrún voru góðar vinkonur og Ásta stóð ávallt nærri hjarta móður minnar og var í upphaldi hjá henni. Þaðir minn mat þau hjón mikils enda í miklu samstarfi við Hreiðar í félagsmálum og Ásta lagði öllum málum sitt lið og sýndi mömmu mikla ræktarsemi eftir að hún tapaði sínu minni.

Við fjölskyldan í Eyjum II, Kjósarhreppi, sendum börnum Ástu og allri fjölskyldunni okkar dýpstu samúðarkveðjur um leið og við þökkum Ástu fyrir samfylgdina, hlýjuna, ræktarsemi og kærleikann.

Ó, góði Guð er ég með undrun skoða, sé alla fegurð þína hér á jörð. Og bjartar stjörnur framtíðina boða, og birta þína kærleiks sáttargjörð.

Nú ljóðin fagna sigri ljóssins bjarta, er lýsir gegnum dauðans þöglu nótt. Einn þú gefur öllum von í hjarta, og alla mettar, veitir líf og prótt.

Er burt ég svíf frá birtu drauma minna, í blíðum faðmi Jesús huggar mig. Þá eilíf verður návist engla þinna, er ein ég kveð í von og trú á þig.

**Ólafur Magnús Magnússon frá Eyjum II, Kjós.**



Elskulegur eiginmaður minn, pabbi okkar, tengdapabbi, afi og langafi,

**HJALTI EINARSSON**  
vélvirki, stofnandi VHE,  
frá Reyðará, Siglunesi,  
Víðibergi 13, Hafnarfirði,



lést á líknardeildinni í Kópavogi laugardag 3. febrúar. Hann verður jarðsönginn frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 21. febrúar klukkan 13.

**Kristjana G. Jóhannesdóttir**  
**Unnar Steinn Hjaltason** **Unnur Míla Þorgeirsdóttir**  
**Hanna Rúna Hjaltadóttir** **Sigurður Helgi Þrínsson**  
**Einar Þór Hjaltason** **Bettý Ragnarsdóttir**  
**barnabörn og barnabarnabörn**



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**SIGRÚN SVEINSDÓTTIR**  
lyfjafraeðingur, Rauðagerði 36,  
Reykjavík,



lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi aðfaranótt 4. febrúar. Hún verður jarðsöngin frá Bústaðakirkju föstudaginn 16. febrúar klukkan 13.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki líknardeildarinnar fyrir góða umönnun og hlýju í hennar garð. Þeim sem vilja minnast hennar skal bent á Ljósið.

**Gunnlaugur Auðunn Júlíusson**  
**Sveinn Friðrik Gunnlaugsson** **Elísa Eðvarðsdóttir**  
**Jóhann R. Gunnlaugsson** **Ásthildur Erlingsdóttir**  
**María Rún Gunnlaugsdóttir** **Óðinn Björn Þorsteinsson**  
**Sigrún Edda, Elsa María, Arnar Elí, Elías Auðunn,**  
**Oskar Vilberg og Hlía Rún**



# Birna Eybjörg Gunnarsdóttir

† Birna Eybjörg Gunnarsdóttir fæddist í Reykjavík 2. febrúar 1948. Hún lést 5. janúar 2024.

Foreldrar Birnu voru þau Sigríður Einarsdóttir sem um árabíl stafaði hjá Ferðaskrifstofu ríkisins og síðar hjá Ferðamálaráði og Gunnar Steindórsson bókaútgefandi.

Birna átti eina eldri systur, Helgu f. 1943, sem var gift Sigrurgeiri Steingrímssyni handritafraeðingi og áttu þau fjögur börn. Helga lést 16. maí 1991.

Birna ólst upp í Teigahverfinu. Hún var í Laugarnessóla og Hagaskóla, lauk gagnfræðaprófi og stundaði nám í ensku í Cambridge.

Hún hóf störf hjá Ferðaskrifstofu ríkisins 1966 og vann þar í nokkur ár. Hún vann hjá Frjálsri fjölmíðlun og tengdum fyrirtækjum frá 1975, lengi á blaðaafræðslu



og síðar hjá Timanum. Síðar starfaði hún hjá Bilheimum og loks frá aldamótum sem fulltrúi hjá Kennaraháskólunum sem síðar varð Menntavísindasvið Háskóla Íslands þar til að hún lét af störfum vegna aldurs.

Birna giftist þann 14. júní 1969 Jóhannesi Reykdal blaðamanni. Þau eignuðust fjögur börn, Helgu Margréti f. 1969, sem er gift Halldóri Andra Halldórssyni, Sigríði Maríu, f. 1972, sem er gift Björgvini Theódóri Arnarsyni og eiga þau tvö börn, Iðunni Örnunni og Theódóri Örn, maður Iðunnar Örnunni er Ingvar Ómarsson og þau eiga Elvu Lóu, Jóhannes, f. 1974, sem er gift Kristínu Ástu Ólafsdóttur og eiga þau tvo syni, Kára Björn og Bjarna Gunnar, og loks Gunnar Þór, f. 1981, hans kona er Steinunn Bára Ægisdóttir og eiga þau

tvær dætur, Ragnheiði Mist og Brimrínu Báru.

Fyrstu fimm árin bjuggu þau Jóhannes og Birna á Engjaborgi sem er í Setbergslöndun ofan Hafnarfjarðar, en 19. júní 1976 fluttu þau að Hlíðartúni 7 í Mosfellssveit, sem þá var, og þar var heimili þeirra í 44 ár uns þau hjónin fluttu að Hlaðhömrum árið 2020.

Birna var félagslynd og strax við komuna í Mosfellssveitina gekk hún í Kvenfélag Lágafellssóknar, starfaði í JC hreyfingunni, var varabæjarfulltrúi fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Mosfellsbæ 1986-90 og var í stjórn sjálfstæðisfélagsins í Mosfellsbæ 1990-94, var formaður umferðar- og samgöngunefndar bæjarins 1990-94 og sat í fleiri nefndum á vegum bæjarins. Þá starfaði hún í Soroptimistaklúbbi Kjalarnesþings og sat í stjórn hans 1993-95 og þar af varaformaður um skeið.

Árið 2018 var hún formlega greind með alzheimer-sjúkdóminn. Eftir góða dvöl þeirra hjóna að Hlaðhömrum versnaði heilsan og hún komst loks á hjúkrunarheimilið Hamra í nóvember 2023. Birna lést þar eftir stutta legu þann 5. janúar síðastliðinn.

Útför hefur þegar farið fram.

Skilinn. Ég hitti Birnu síðastliðið sumar, þegar ég var heima á Íslandi, og við áttum góða stund ásamt Iðunni systur. Við Birna rifjuðum upp skemmtileg atvik frá okkar löngu kynnum.

Í fjölskyldu má engan missa. Það er þó huggun í harmi að vita af því að þegar Birna kvaddi, þá voru þau öll hjá henni, Jói, börnin og elsta barnabarnið, Iðunn Arna. Ég votta þeim og barnabörnunum öllum innilega samúð mína og minnst Birnu Eybjörgu Gunnarsdóttur með söknuði og hlýju.

Margrét Reykdal.

Hún mágkona mín Birna Eybjörg Gunnarsdóttir, sem gjarnan var kölluð Bibba, gekk ekki heil til skógar um allan tíð og fékk hún hvíldina 5. janúar síðastliðinn. Leiðir okkar lágu fyrst saman þegar upphalds stóri bróðirinn var kominn með kærustu áður en ég fór í skiptinátt til Bandaríkjanna í ágúst 1968. Það var ekki laust við að mér þætti þau púkaleg að gifta sig áður en ég kom aftur heim í júlí 1969, en þeim fyrirgefist og frumburðurinn kom í heiminn í október sama ár.

Fyrstu búskaparár litlu fjölskyldunnar bjuggu þau rétt hjá foreldrahúsum mínum og átti ég þar oft viðvöld. Reyndi ég stundum að létta undir með þeim með ýmsum hætti og passa stöku sinnum, t.d. næturlangt þegar þau og foreldrar mínir fóru að skoða Heklugos á meðan Helga Margrét grét nánast viðstöðulaust í fangi mínu, hefði kannski átt að heita Hekla. Minnisstæð er gleðin þegar ég rogaðist heim úr millilandaflogi sumarið 1974 með risastóra vatnsmelónu. Þær fengust ekki hér í búðum, en þá var ég flugfreyja hjá Loftleiðum og stundum kom ég heim með góðar vínplötur, svo sem með Melanie, sem við höldum báðar upp á. Seinna fluttu þau í Hlíðartún undir Lágafellskirkju og þá tók ég nokkrum sinnum við búsförum þegar þau voru í siglingum, m.a. við fararstjórn í Taflandi.

Þegar ég svo fór að búa og flutti í Borgarfjörð á afmælisdaginn minn í september 1979 gaf Birna mér kökukefli úr tré í veganesti, ætlað til baksturs og til að hafa aga á bóndanum. Aldrei reyndi á hið síðarnefnda en keflið var árum saman óspart notað til kleunulega umönnun á hann heidur

upp á. Þegar ég átti eldri son minn í janúar 1981 gekk Birna með sitt fjórða og síðasta barn. Drengurinn minn nýfæddur var litill og léttur og þá vissum við að hún gekk þá með mun stærra barn, sem þó átti rúman mánuð í að líta dagsins ljós.

Samverustundir urðu margar, á tímabili fórum oft saman í útilegu með krakkana og þá var hún hrókur alls fagnadóar og ef ekki var sól settum við bara upp gult sóltjald og þá var hjart yfir okkur. Hún og Jói bróðir komu oft í dagsferðir upp í Borgarfjörð, létu ekki vegalengdir hamla vinfundum. Síðustu ár fór að bera á heilsuþresti og ferðum fór fækkandi eftir því sem leið á.

Helga eldri systir Birnu féll frá langt um aldur fram og einnig missti hún föður sinn á besta aldri og hún ung og árum. Þær voru tvær systurnar og ég er því ekki fjarríki að ég hafi reynst henni eins og aukasystir í gegnum tíðina, þrjú ár á milli okkar. Ég gerði mitt besta til að rækta samband okkar, enda gott að koma við hjá þeim í Mosfellsbæ og fá kaffi til að vera viss um að vera með meðvitund við aksturinn á heimleiðinni.

Hjá Birnu sannaðist að margur er knár þótt hann sé smár, hún ræktaði heimili sitt og fjölskyldu af alúð, elskaði hunda og stóra hjarta brosið hennar lifir í minningunni um ókoma tíð. Jói, Helga Margrét, Jói yngri, Gunnar Þór og fjölskyldur, hugur minn er hjá ykkur nú þegar komið er að leiðarlokom og ég er þakklát fyrir allar góðu minningarnar. Hvíl í friði.

Þórunn Reykdal

„Þetta er langbesti og skemmtilegasti vinnuhópurinn,“ sagði hún Birna oft. Hópurinn sem hún þannig talaði um kölluðum við leikhúshópinn og spannar tilvist hans tæpa fjóra áratugi. Við vorum nokkur hjón í Mosfellsbænum sem þekktumst úr ýmsum áttum og hittumst gjarnan á hjónaböllum og þorralblótum í Hlégarði. Og alltaf var hist á nýársnótt við söng og dans, spilamennsku og gleði fram eftir morgni.

Síðan var einn veturinn ákveðið að skella sér saman á dansnámskeið í Hlégarði. Um árangur danskennslunnar skal ekki fjallað hér en framhaldið varð hins vegar þannig að fimm hjón ákváðu að upplagt væri að prófa að fara saman til dæmis í leikhús eða á aðra menningarviðburði nokkrum sinnum á hverjum vetri. Þannig varð leikhúshópurinn til.

Á hverju hausti skipulögðum við okkur þannig að hvert þar fékk það hlutverk að finna leiksmáningu eða aðra skemmtun einu sinni á tímabilinu og þá velja einhver stykki sem okkur gætu þótt áhugaverð og gætu skapað umræðu og gleði. Að loknu velheppnuðu leikhúskvöldi var síðan boðið til léttar máltíðar og samveru, þá var leikverkið krufið og veitinga notið. Það var sérstakt tilhlökkunarefni þegar Jói og Birna „áttu“ kvöldið og listakokkurinn Jói og gleðigjafinn Birna tóku á móti hópnun með spennandi og jafnvel framandi veitingum í hvert sinn.

Síðan eigum við ógleymanlegar minningar frá sumarferðalögum okkar og utanlandsferðum. Útilega eina helgi á hverju sumri með tjaldvagna og hjólhýsi var fastur liður og ákvörðunarstaðurinn yfirleitt valinn eftir að hafa hlustað vandlega á veðurspána. Gönguferðir, sameiginleg grillveisla, söngur og gleði og oft hafði Palli gítarinn meðferðis. Ferð til Þýskalands þar sem við rúntuðum í nokkra daga á

smárútu um fallett landsvæði og skoðuðum bæi og borgir og síðast en ekki síst helgarferð til London, m.a. til að sjá söngleikinn um ævi stórstjörnnunnar Tinu Turner.

Samvera okkar með Birnu á þessum stundum var okkur öllum dýrmæt og sama gildir um vinnu okkar í gegnum árin. Jafnaðargeð hennar, jákvæðni, glaðværd og smitandi hlátur einkenndu hana öðru fremur og settu létan og góðan brag á alla okkar samveru.

Nú hefur almættið höggvið skarð í vinnuhópinn. Birna okkar er farin til annarra heima. Henni verður sárt saknað en við geymum góðar minningar í hjarta okkar. Við sendum Jóhannesi vini okkar og allri fjölskyldunni innilegustu samúðarkveðjur.

Guðný og Knútur, Ingibjörg og Páll, Marta og Magnús, Sigríður og Jón.

Kær vinkona hún Birna „okkar“, en það var hún gjarnan nefnd hjá fjölskyldunni í Hlíðartúni 2, kvaddi þennan heim að morgni 4. janúar sl. Við hjónin og Birna og Jóhannes höfum verið vinir og nágirnar í yfir 40 ár og margt hefur verið brallað saman. Það var mikill samgangur á milli heimilanna í Hlíðartúni 2 og 7, oft skotist á milli í kaffibolla og spjall. Þar sem börnin okkar voru jafnaðrar og skólasystkin var enn meiri samgangur og þau tvö yngstu alltaf saman og héldu margir að þau væru tvíburar. Elín okkar sagði gjarnan að Birna væri mamma sín númer

er tvö enda voru þær alla tíð góðar vinkonur og alltaf spurði Birna hvað væri að fréttu af Elínu þar sem hún býr núna í Noregi. Seinni árin var farið í heimsóknir austur í bústað til Birnu og Jóa eða þau komu í heimsóknir í sumarhúsið til okkar á Akureyri, auk þess var farið í utanlandsferðir, leikhús, göngutúra og útilegur saman ásamt fleiri vinum.

Við vinkonurnar áttum það til að fara í bíltúr og fórum við þá gjarnan á kaffihús þar sem málin voru rædd í gamni og alvöru og við hlógum og skemmtum okkur og alltaf var við þá gjarnan að vera með Birnu, hún hafði einstaklega góða nærveru.

Einn síður var alltaf í föstum skorðum hjá okkur fjórum og mátti ekki bregðast en það var að hittast á aðfangadag á milli kl. 15 og 16 heima hjá Birnu og Jóa þar sem skálað var í þúrtvíni og þá sagði Birna alltaf „já, nú mega jólin koma“, þetta var einstaklega notaleg stund með þeim hjónum.

Kæra vinkona, Birna „okkar“, nú hefur þú kvatt þennan heim en við munum hlýja okkur við góðar minningar. Elsku Jóhannes og fjölskylda, okkar dýpstu samúðarkveðjur, minningin um góða konu lifir.

Megi algóður guð þína sálu nú geyma, gæta að sorgmæddum, græða djúp sár.

Þó komin sért yfir í aðra heima, mun minning þín lifa um ókomin ár (Sigríður Hrönn Lárusdóttir)

Takk fyrir allt og allt. Sigríður (Sísí) og Jón (Nonni).

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**VILBORGAR JÓHÖNNU BREMNES ÍSBERG, Hrauntungu 25, Kópavogi.**

**Svanborg Ísberg Jóhann Ísberg** **Ingólfur Hreiðarsson**  
**Árni Ísberg** **Bára Hafsteinsdóttir**  
**Ásta Ísberg** **Árni Einarsson**  
**Ari Ísberg** **Guðrún Lilja Jóhannsdóttir**  
**Guðrún Ísberg** **Helgi Hjálmarsson**  
**Ævar Ísberg** **Ingibjörg Jónsdóttir**  
**barnabörn og barnabarnabörn**



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**GYLFI KNUDSEN lögfræðingur,**

sem lést mánudaginn 29. janúar, verður jarðsunginn frá Langholtskirkju fimmtudaginn 15. febrúar klukkan 13. Þökkum starfsfólki á deild B6 Landspítala Fossvogi kærleiksrika umönnun og hlýtt viðmót.

**Guðrún Kristjónsdóttir**  
**Sigurbjörn Knudsen** **Guðmann Ólafsson**  
**Kristjana Knudsen** **Guðmann Ólafsson**  
**Halldór Knudsen** **Ingibjörg R. Hauksdóttir**  
**og barnabörn**




†

Ástkær sonur minn og bróðir okkar,

**ÓMAR ÆGIR KRISTJÁNSSON,**

lést þriðjudaginn 2. janúar. Jarðarför hans hefur farið fram í kyrrþey. Við viljum færa starfsfólki búsetukjarnans við Flókagötu 29-31 sérstakar þakkir fyrir góðan stuðning og velvil.

**Kristján G. Jóhannsson**  
**Elmar Kristjánsson**  
**Kristján G. Jóhannsson**  
**Dagmar Kristjánsdóttir Norðdahl**  
**og aðrir aðstandendur**







Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**STEFANÍA GUNNLAUG FINNSDÓTTIR,**  
Kirkjuvegi 5, Reykjanesbæ,

lést á Hrafnistu Nesvöllum þriðjudaginn 30. janúar. Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju mánudaginn 12. febrúar klukkan 13.

Guðbjörn Ragnarsson  
Sigurður Hólm Guðbjörns. Kristjana Eyvindsdóttir  
Guðm. Kristján Guðbjörns. Sigurlaug Finnsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn



## Sonja Olsen Garðarsson

† Sonja Olsen  
Garðarsson  
fæddist 12. ágúst  
1941 í Røros í  
Þrændalögum í  
Noregi. Hún lést 5.  
janúar 2024.

Hún var einka-  
dóttir móður sinn-  
ar, Signe Johanne  
Olsen, f. 25.5. 1915,  
d. 27.2. 1970 í Røros  
í Þrændalögum í  
Noregi.

Sonja giftist Viðari Garðars-  
syni á jóladag 1962. Foreldrar  
hans voru Garðar Guðjónsson, f.  
7.4. 1912, d. 15.12. 1995, og Freyja



Eiríksdóttir, f. 27.8.  
1915, d. 23.1. 2000.  
Systir Viðars er Ása  
Bryndís Garðars-  
dóttir.

Börn Viðars og  
Sonju eru: 1) Jón  
Garðar, f. 12.8.  
1962. 2) Viðar  
Freyr, f. 16.12. 1963,  
eiginkona hans er  
Jaruek Intharot,  
f. 31.3. 1973. Börn  
þeirra eru Viðar Tiger, f. 10.6.  
2008, og Natalie Freyja, f. 12.9.  
2014. 3) Signe, f. 12.5. 1966,  
eiginmaður hennar er Heiðar  
Ingi Ágústsson, f. 10.6. 1968.

Sonja sleit barnsskónum í  
Røros hjá mömmu sinni og for-  
eldrum hennar. Meðal þess sem  
var henni minnstætt frá upp-  
vaxtarárunum var að leiðin var  
löng í skólann, sem haldinn var  
annan hvern dag, oft í erfiðri tíð  
og alls konar veðrum – og stund-  
um spennu Sonja á sig göngu-  
skíði til að komast á leiðarenda.

Sextán ára hleypti Sonja heim-  
draganum og fór að vinna fyrir  
sér, fyrst í bænum Tønsberg í  
Suður-Noregi en síðan í Þrænd-  
heimi. Í Þrændheimi kynntist

Sonja ungum Akureyringi sem  
var þar í borg til að læra mjólk-  
urfræði í Statens Meieriske. Þau  
fluttust heim til Íslands eftir  
námið og settust hér að í heima-  
bæ hans og gengu í hjónaband  
á jóladag 1962. Á Akureyri var  
heimili þeirra upp frá því, fyrst  
hjá foreldrum hans í Engimýr-  
inni, síðan í Einholti en fljótlega  
eftir komuna þangað hófust þau  
handa við að fullbyggja einbýl-  
ishús í Kambagerði. Í það fluttu  
þau árið 1974 og þar áttu þau  
heima eftir það. Viðar lést árið

Börn þeirra eru Íris Kara, f. 25.7.  
1989, Sunna Rún, f. 14.7. 1995,  
og Bryndís Eva, f. 20.12. 1997;  
börn Írisar og Magnúsar Þórs  
Magnússonar eru Kari, f. 2.6.  
2015, Sara, f. 1.6. 2017, og Mikael,  
f. 31.7. 2020. Barn Sunnu Rúnar  
og Emils Pálssonar er Óliver, f.  
23.6. 2023. 4) Bryndís, f. 11.12.  
1970, eiginmaður hennar er  
Aðalsteinn Helgason, f. 8.11. 1971.  
Börn þeirra eru Elmar Þór, f.  
16.2. 1995, Viðar Óli, f. 24.8. 1998,  
og Sonja Marín, f. 18.7. 2004;  
barn Elmars og Júlíu Ýrar Þor-  
valdsdóttur er Funi Rafn, f. 20.6.  
2022. 5) Margrét Sonja, f. 17.5.  
1974, eiginmaður hennar er Árni  
Kristinn Skaftason, f. 27.2. 1979.  
Börn þeirra eru Kara Margrét,  
f. 18.1. 2009, Maron Már, f. 5.5.  
2012, og Lovisa Mía, f. 8.1. 2014.

Útför Sonju hefur farið fram  
í kyrrþey.

ir. Um tíma starfaði Sonja með  
kvenfélaginu Baldursbrá.

Sonja var svo sannarlega á  
heimavelli í eldhúsinu og naut  
þess að elda eitthvað gott handa  
fjölskyldunni og gestum. Eigin-  
manninum færði hún daglega  
hádegismat út í Skíðapönustu  
sem hann starfrækti um árabíl í  
Þorpinu. Viðar var lánsamur að  
eiga konu sem dekraði við hann  
á alla lund. Barnabörnin fundu  
líka að þau áttu ástríka ömmu  
sem fagnaði þeim ætíð innilega  
þegar þau komu í heimsókn.

Hún hafði mikið dálæti á  
barnabörnunum og fylgdist vel  
með þeim og var svo stolt af  
hinum duglegu og flottu afkom-  
endum sínum. Barnabörn Sonju  
eru ellefu og langömmubörnin  
orðin fimm.

Gaman var að spjalla við  
Sonju. Hún var félagslynd, fylgd-  
ist vel með því sem var að gerast  
í lands- og heimsálum. Sonja  
var glaðleg, með sitt vinalega  
bros og skemmtilegan húmor.

Þegar stundir gáfust settist  
Sonja gjarnan niður til að ráða  
krossgátur í norsku blöðunum.  
Hún saknaði alltaf gamla góða  
heimalandsins síns þótt hún væri  
sátt við sitt farsæla lífshlaup hér  
uppi á Fróni. Megi minning þín  
lifa alla tíð elsku mamma. Þín  
verður sátt saknað.

**Bryndís, Margrét  
Sonja, Signe, Viðar  
Freyr og Jón Garðar.**



Elsku besta mamma okkar, tengdamamma,  
amma og langamma,

**HERBERG HALLDÓRA  
HALLDÓRSDÓTTIR**  
fjármálastjóri,

er látin.  
Útförin fer fram frá Garðakirkju föstudaginn  
9. febrúar klukkan 15.  
Blóm afþökkuð en þeim sem vilja minnst hennar er bent á  
hjúkrunarheimilið Grund.

Haldóra Hreggviðsdóttir Áni Geirsson  
Práinn Valur Hreggviðsson Hugrún Gunnarsdóttir  
Snorri Hreggviðsson Olga Björk Guðmundsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn



Okkar heittelskaða dóttir, systir, mágkona  
og frænka,

**GUÐRÚN BERGSDÓTTIR**  
útsaumslistamaður,  
Viðihlíð 5, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi að morgni  
föstudagsins 26. janúar eftir erfið veikindi.  
Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 9. febrúar  
klukkan 13. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Ás  
styrktarfélag.

Sigríður B. Skaffell Bergur Þorleifsson  
Gréta María Bergsdóttir Birgir Jón Birgisson  
Baldvin Þór Bergsson Helga Margrét Skúladóttir  
og systkinadætur



## Gottskálk Jón Bjarnason

† Gottskálk Jón  
Bjarnason  
fæddist 27. október  
1950. Hann lést 25.  
janúar 2024. Útför  
Gottskálks fór fram  
2. febrúar 2024.

Nonni og ég vorum  
systrasynir, hann tíu  
árum eldri og ég  
leit alla tíð upp til  
hans. Mæður okkar  
komu ásamt þriðju systurinni  
til Íslands frá Þýskalandi eftir  
stríð. Christhild, mamma Nonna  
fyrst, svo einhverju seinna Gerða,  
mamma mín, og Maríse. Á sjötta  
og sjöunda áratugnum var maður  
ekkert endilega að lífa þýskum  
bakgrunninum og ef upp komst þá



fékk maður stundum  
að finna til tevatns-  
ins. Það var þó ekki  
bara uppruninn sem  
tengdi okkur Nonna  
saman, heldur vilj-  
inn til að koma undir  
okkur fótunum og  
áhugi á bílum og  
vélum.

Ég man þegar ég  
fékk að sjá fyrstu  
fjórtinguna hans,  
forlata rautt motorhjól. Þá bjó  
hann í Lyngbrekkunni og sýndi  
mér stoltur Honduna og sagði að  
nú væri hann orðinn blankur. Ég  
hafði ekki heyrt það orð áður og  
vissi ekki hvað það þýddi. Hann  
sagði mér að hann hefði eytt öll-  
um peningunum sínum í hjólið og

nú þyrfti hann að byrja að safna  
sér aftur. Næst keypti hann sér  
myndavél og varð þá aftur blankur.

Nonni hélt áfram að fjárfesta,  
stofnaði fyrirtæki og fjölskyldu  
og var farsæll maður. Hann gerði  
út stóra kranabíla og rekturinn  
gekk vel. Ég leitaði oft til hans í  
gegnum árin um ráð í sambandi  
og rektur og viðhald því hann var  
sérlega lausnamiðaður og hann  
ræði mér alltaf heilt. Hann var  
vel liðinn í verktafabransanum,  
ráðdeildarsamur og fasthaldinn  
á aurinn. Honum hefur sennilega  
ekki þótt gott að vera blankur,  
enda var hann það ekki. Hann  
var stöndugur af eigin dugnaði og  
útsjónarsemi og bjó sér og sínum  
góða lífsunumgjörð.

Nonni var frændrækin, hann  
benti mjög oft á mig um vinnu og  
ég á honum margt að þakka, ekki  
síst það að hafa komið mér í kynni  
við Guðmund mág sinn, bróður  
Dísu, og hans viðskiptafélaga og  
urðu þeir mínir uppáhaldskunnar

í áraradír – einkum og sér í lagi  
þó Guðmundur eftir að hann var  
„hættur“.

Heiðar og Haukur, synir Nonna  
og Dísu, unnu báðir hjá mér um  
tíma, kornungir menn, lífsglaðir  
og orkumiklir, og við það treystust  
fjölskylduböndin sem mér hefur  
alla tíð þótt vænt um. Í mörg ár hr-  
ingdi Nonni í mig svona einu sinni  
í mánuði og við fórum saman yfir  
málin. Hann vildi heyra hvernig  
bransinn væri og fá stöðuna beint  
í æð. Ég á eftir að sakna þessara  
samtala.

Nonni fór í gegnum alvarlega  
hjartabilun og óskandi hefði verið  
að þau Dísa hefðu fengið að njóta  
lífsins en það átti víst ekki að verða  
og Nonni lést eftir skyndileg og  
skammvinn veikindi.

Ég votta Dísu, Heiðari, Hildi,  
Hauki, tengdabörnunum og barna-  
börnunum innilega samúð mína.  
Blessuð sé minning frænda míns,  
Gottskálks Jóns Bjarnasonar.

**Gísli Hjartarson.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,  
tengdamóðir, systir og amma,

**GUÐRÍÐUR GUÐBJARTSDÓTTIR**  
heilbrigðisritari,  
Selvaði 1,  
Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi  
þriðjudaginn 16. janúar.  
Útför hennar fer fram frá Seljakirkju föstudaginn 9. febrúar  
klukkan 11.

Tómas Tómasson  
Björn Magnús Tómasson Hrafnhildur Tryggvadóttir  
Yngvi Tómasson Jóhanna Guðmundsdóttir  
Egill Jón Björnsson Kristín Alfreðsdóttir  
Magnús Sigurðsson Kolbrún Ólafsdóttir  
barnabörn



## Halldóra Jónasdóttir

† Halldóra Jón-  
asdóttir fæddist  
16. apríl 1942. Hún  
lést 10. janúar 2024.  
Útför Halldóru  
fór fram 23. janúar  
2024.

Vinkona mín,  
fyrirverandi tengdó,  
amma barna minna  
Söru Mjallar og Ar-  
ons Snæs, hún Hal-  
dóra Jónasdóttir, fékk hvíldina og  
friðinn þann 10. janúar sl.



Dóra höfðaði  
strax vel til mín við  
fyrstu heimsókn á  
Grettisgötuna 1991.  
Á Grettisgötunni  
bjuggu fjórir æt-  
liðir, amma Mar-  
grét, Dóra, Vala og  
Íris með börnin sín  
Andra og Dóru sem  
var þá aðeins sex  
mánaða gömul. Það  
var því mikið líf á  
heimili Dóru og gestkvæmt. Það  
sem einkenndi Dóru var hennar



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir,  
afi og langafi,

**GUÐLAUGUR MAGNÚS ÁRNASON**  
LONG,  
Gulli Long,  
byggingameistari,

lést í faðmi fjölskyldunnar á líknardeild  
Landspítalans laugardaginn 3. febrúar.  
Útför fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 14. febrúar  
klukkan 13. Blóm og kransar afþakkaðir.  
Þeim sem vilja minnst hans er bent á Krabbameinsfélagið.

Anna Jónsdóttir  
Geirarður Þórir Long Bóel Kristjánsdóttir  
Kjartan Long Melkorka Jónsdóttir  
Bjarki Long  
Jón Örn Brynjarsson Anna Jóhannsdóttir  
Ólafur Már Brynjarsson Eyvör Magnúsdóttir  
Petur Orri Brynjarsson Erla Agnes Álfhildardóttir  
barnabörn og barnabarnabörn




Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýju vegna  
andláts eiginmanns míns, föður okkar,  
tengdafaður og afa,

**STEFÁNS HEIÐARS  
BRYNJÓLFSSONAR.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk  
Landspítalans fyrir mjög góða umönnun og aðstoð.

Svava Þorsteinsdóttir  
Þorsteinn Stefánsson Margrét Leifsdóttir  
Sigríður B. Stefánsdóttir Gísli Reynisson  
Brynjólfur Stefánsson María Mjöll Jónsdóttir  
og barnabörn



hlýi félagsskapur, baráttukonan  
sem hélt alltaf áfram sama hvað.  
Einstæð móðir vinnandi hjá rík-  
isstofnunum og skúrandi með-  
fram vinnu til að koma dætrum  
sínum á legg. Bílleysi var henni  
aldrei hindrun, það var í raun og  
veru vöð fátt sem stöðvaði Dóru  
mína, þrjúsk baráttukona sem  
barðist fyrir sínu. Þegar ég hitti  
hana aðeins 18 ára í fyrsta skipti  
þá brosti hún eftirminnilega sínu  
breiðasta og kynnti sig, það voru  
góð kynni. Í annarri heimsókn  
minni til að hitta Völu var hún  
ekki heima en þá tók Dóra ekki  
annað í mál en að ég skyldi þiggja  
kaffi og kandís í eldhúsinu fyrst  
ég var nú kominn, ég lærði það  
þarna að maður sagði ekkert  
auðveldlega nei eða nei takk við  
Dóru, þessir klukkutímar áttu  
eftir að verða óteljandi. Já hún  
heillaði mig strax en ég varð þó  
aldrei neitt sérstaklega hrifinn af  
þessum kandís. Ekki leið á löngu  
þar til við vorum farin að deila  
herbergi á Grettisgötunni og  
bjuggum svo saman undir sama  
þaki í mörg ár. Hægt og rólega  
lærði ég sögu hennar, hvaðan  
hún kom og um öll þau áföll sem  
urðu á vegi hennar frá unga  
aldri. Því meira sem ég kynntist  
Dóru óx hún í álitinu mínu bæði  
fyrir þrautseigju sína og þann  
dugnað sem keyrði hana áfram.  
Ég lærði margt af henni og skildi  
betur hennar viðhorf til lífsins og  
hennar lífsgildi. Það kom svo að  
því að ég kynntist skugga hennar

sem var alger andstæða baráttu-  
konunnar, litlar hindranir urðu  
henni um megn og hún sá ekki  
sólina. Myrkríð í þessum skugga  
gerði Dóru mína oft mjög veika  
og yfirbugaði alla hennar birtu.  
Einkenni Dóru að vera til staðar  
fyrir fólkið sitt, standa sína plikt,  
þrjúskan, dugnaðurinn, að gefast  
ekki upp, kom henni á fætur, aftur  
og aftur. Dóra kom ávallt til baka,  
stundum hratt, stundum hægar.  
Dóra gat þó oft en ekki hlegið  
að vitleysunni í mér hvort sem  
það var dagur eða nótt í hennar  
lífi. Okkar samband var einstakt  
og ég sakna margra stunda. Ég er  
á sama tíma mjög þakklátur fyrir  
þessar stundir sem bjuggu til  
eftirminnilegar minningar með  
elsku Dóru. Hún skilur eftir sig  
mikið ríkidæmi, góð börn, ömmu-  
börnin og langömmubörn sem  
öll fengu tíma með þessari hlýju  
konu. Ég get sagt margar sögur,  
talað um tónlist, Bee Gees, Ríó  
Trío og Elton John, sjónvarps-  
áhorf en ég get ekki lokið þessum  
fátæku minningarorðum án þess  
að nefna lakkrís og kúlusúkk, það  
var hennar mesta lostæti og oft en  
ekki voru umbúðirnar tómar  
áður en maður komst yfir mola.  
Elsku Vala og Íris, frá mínum  
hjartarótum votta ég ykkur öll-  
um mína dýpstu samúð.

Guð blessi elsku Dóru og henn-  
ar hlýju minningar sem munu  
ávallt lifa og eiga stað í hjarta  
mínu.  
**Stefán Óli Sæbjörnsson.**



**Prautir**


**Finndu fimm breytingar**




**Fimmkrossinn**

Er hægt að búa til tvö fimm stafa orð með því að nota textann að neðan? Já, það er hægt ef sami bókstafur kemur fyrir í báðum orðum. Hvern staf má nota einu sinni.

**HNEIGÐARI**



**Stafakassinn**



Prautin er að fylla í reitina með sex þriggja stafa orðum og nota eingöngu stafi úr textanum að neðan. Nota má sama stafinn oft en einu sinni.

**ÁEHIÍLLVV**

**Sudoku**

			2	8				6	
	2		6	5				1	4
			4				3	8	
	5		9						
6		1	5		3				8
					6				
5	9		8						3
1	3							2	

	5		4	3				7	
7	2								8
									3
		7	5						
1	9							8	
5				8			4		
						9		5	2
	8	9			4	1			

	8	7	6	1					
	1		7			6			9
								7	
									4
			3	5					8
			8		6				3
6					9			3	7
5		4							6
					1	8			5

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3-reit birtist tölurnar 1-9. Það verður að gerast þannig að hver níu reita lína bæði lárétt og lóðrétt birti einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

**Orðarugl**

M R X L S K E M M D R A R U M  
 E J Z Y S M Q F S C A U B G V  
 V A T S A G E L M U A D G U Q  
 D P J S G W C A F P Q N G S U  
 I R B C M U G Ö S A T F A J K  
 T T V H H A G S T Æ Ð U R R U  
 W A N N A N I E R G Á J R T G  
 N N I D N A V S I Ð Æ N S Ú H  
 H R A F E I N D A B Ú N A Ð X  
 H F J Z R I M L A B Ú R I Q O  
 P A I S F H X G O R W A C B Z  
 M M G N I T Ý N R A N K Ó S F  
 K X P I A T Q T I Ý M K Y R W  
 I D Q R A F L O S T I W S V S  
 G F T X V B A I Ð G A L Ð Á R

**Aumlegasta Hagstæður**  
 Húsnæðisvandin

**Rafeindabúnað Raflosti**  
 Rimlabúri Rykmýi

**Skemmdir Sóknarnýting**  
 Trjágreinanna


**Krossgáta**

1		2	3	4	5		6	
		7					8	9
10	11					12		
13					14			
			15	16				
17		18		19			20	21
		22	23			24		25
	26				27		28	
29					30			
31								
					32			

**Lárétt** 1 hegómi 7 kastar upp 8 óvönduð vinnubrögð 10 rúmmálsseining 12 fljóta í vatnsborði 13 steiking 14 eftir 15 draga saman 17 væntumþykja 19 vatn 20 leður-reima 22 svarar 25 algeng sagnmynd 26 naum 27 úrræði 29 smettum 31 síðhala 32 röltir  
**Lóðrétt** 1 blásvartur 2 hitta 3 kveðja 4 morar 5 gjaldmiðill 6 smáalda 8 súkkulaði-ídrykkur 9 spottarnir 11 íþróttafélag 12 smáhlut 14 losa við salt 16 nótuheiti 18 þjálfaða 21 stautar 23 brjóstnál 24 lágvæð söngur 26 snúið við 28 hljóð 29 renn 30 sóli

**Skák**

Helgi Áss Grétarsson | skak@mbl.is



**Hvítur á leik.**

1. e4 e6 2. d4 d5 3. Rd2 dxe4 4. Rxe4 Rd7 5. Rf3 Rgf6 6. Bd3 Rxe4 7. Bxe4 Rf6 8. Bd3 Be7 9. 0-0 0-0 10. Re5 Rd7 11. Dh5 g6 12. De2 Rxe5 13. dxe5 Bg5 14. f4 Bh6 15. Be3 De7 16. Hf3 Bg7 17. Df2 b6 18. Be4 Hb8 19. g4 Bb7 20. Bxb7 Hxb7 21. Bd4 c5 22. Bc3 Hd7 23. He1 Hfd8 24. De2 Hd5 25. Kh1 Dd7 26. h4 Hd1 27. Hxd1 Dxd1+ 28. Dxd1 Hxd1+ 29. Kg2 Hd5 30. Kf2 Kf8 31. Ke2 Ke7 32. Bd2 Kd7

Staðan kom upp á Skákþingi Reykjavíkur sem lauk fyrir skömmu í húsakynnum Tafffélags Reykjavíkur. **Gauti Páll Jónsson (2.033)**, starfandi formaður félagsins, hafði hvítt gegn **Ingvari Wu Skarphéðinssyni (1.967)**. **33. c4! Hd4 34. Bc3 Hxc4 35. b3 Hxc3 36. Hxc3** og hvítur vann skákina nokkru síðar enda skiptamun yfir og með unnið tafl. Þessa dagana stendur Íslandsmót kvenna yfir sem og Íslandsmót 50 ára og eldri, sjá nánar á skak.is.

**Brids**

Guðmundur Páll Arnarson | brids@mbl.is

Manndómur. A-NS

**Norður**  
 ♠ 1076  
 ♥ G10  
 ♦ KG964  
 ♣ Á74

**Vestur**  
 ♠ D8432  
 ♥ A8  
 ♦ Á107  
 ♣ K83

**Austur**  
 ♠ G95  
 ♥ 6432  
 ♦ 52  
 ♣ 10962

**Suður**  
 ♠ ÁK  
 ♥ KD975  
 ♦ D83  
 ♣ DG5

Suður spilar 3G. „Gervigreindin er ekki alveg með þetta.“ Spilið að ofan vakti Magnús mörgæs til umhugsunar um heilræði enska stórskálðsins S.J. Simons – *Duck like a man!* „Ég sló þessu upp í Google Translate og fékk þýðinguna *Önd eins og maður!*“ Í bók sinni *Why You Lose at Bridge* (1945) fjallar Simon um mikilvægi þess að dúkka fuðlaust með ás í vörninni. Gott dæmi er þegar sagnhafi spilar að kóng-gosa. Ef drottningin er úti borgar sig að láta sagnhafa giska, segir Simon og 44 spilarar í sveitakeppni Bridshátíðar eru sama sinnis – þeir komu út með spæða gegn 3G og dúkkuðu svo tígul fuðlaust í öðrum slag. Sagnhafi sneri sér næst að hjartalitnum og fékk níu slagi með svínungu í laufi. „Þetta er undantekningin sem sannar regluna.“ Óskar ugla leit hugsandi til lofts: *Sýndu manndóm og dúkkaðu!* – kemur það til greina?“ „Nei.“

**Málið**

Kæringur sést ekki lengur, eitt af fjölmörgum orðum sem dottin eru úr tísku og flækja málið þá ekki fyrir nýjum kynslóðum. En það þýðir *stríðni blandin gremju*. **Hálfkæringur** sést þó enn. Það þýðir *spaug blandið meinfýsi; grátt gaman*. Ef maður **segir e-ð í hálfkæringi** – þá er maður með einhverjar meiningar.

<b>Lausnir</b>	9 8 7 6 1 2 3 5 4	9 5 8 4 3 6 2 7 1	7 1 4 3 2 8 5 9 6
<b>Sudoku</b> →	2 1 3 7 4 5 6 8 9	7 2 3 9 1 5 6 8 4	8 2 3 6 5 9 7 1 4
<b>Stafakassinn</b>	5 4 6 9 3 8 2 7 1	4 6 1 2 7 8 5 3 9	9 6 5 4 1 7 3 8 2
HVÁ VÍL ELI	6 3 8 1 9 7 5 4 2	8 4 7 5 9 2 3 1 6	3 5 2 9 8 1 6 4 7
<b>Fimmkrossinn</b>	7 2 1 3 5 4 9 6 8	1 9 6 3 4 7 8 2 5	6 7 1 5 4 3 9 2 8
ENGÍÐ HAGIR	4 9 5 8 2 6 7 1 3	5 3 2 6 8 1 4 9 7	4 8 9 2 7 6 1 5 3
<b>Krossgáta</b> ↓	1 6 2 5 8 9 4 3 7	3 1 4 8 6 9 7 5 2	2 4 6 1 3 5 8 7 9
	8 5 9 4 7 3 1 2 6	2 8 9 7 5 4 1 6 3	5 9 7 8 6 2 4 3 1
	3 7 4 2 6 1 8 9 5	6 7 5 1 2 3 9 4 8	1 3 8 7 9 4 2 6 5

Lárétt 1 húmbúkk 7 ællir 8 kákk 10 líter 12 mara 13 bras 14 auklið 15 safna 17 ást 19 ís 20 óla 22 ansar 25 tampa 21 les 23 nál 24 rauil 26 smíð 28 uml 29 ák 30 líl  
 Lóðrétt 1 heilblír 2 meita 3 bless 4 úr 5 k 6 grátt 7 kákk 8 kákk 9 kákk 10 kákk 11 kákk 12 kákk 13 kákk 14 kákk 15 kákk 16 kákk 17 kákk 18 kákk 19 kákk 20 kákk 21 kákk 22 kákk 23 kákk 24 kákk 25 kákk



## Stjörnuspá

21. mars - 19. apríl

**Hrútur** Vendu þig á að líta á björtu hliðarnar því þannig hefur lífið mest gildi. Þú fréttir af fjölgun í fjölskyldunni.

20. apríl - 20. maí

**Naut** Leyfðu öðrum að bera byrðarnar með þér. Settu þér ný markmið og reyndu að finna út hvar þú vilt vera eftir fimm ár.

21. maí - 20. júní

**Tviburur** Nú er rétti tíminn til þess að taka upp heilsusamlegri líferni. Þú þarft ekki alltaf að segja já og amen við öllu sem þú ert beðinn um. Gakktu ekki fram af þér.

21. júní - 22. júlí

**Krabbi** Það er engin ástæða til að hleypa öllu í bál og brand þótt fólk sé ósam-mála. Líf í jafnvægi er eftirsóknarvert og akkúrat það sem þú þarft núna.

23. júlí - 22. ágúst

**Ljón** Vináttan skiptir þig miklu máli og vitneskjan um það að einhver láti sér annat um þig. Þú missir andlitið vegna fréttar af fjölskyldumeðlim.

23. ágúst - 22. september

**Meyja** Rómantíkin er við völd. Þú ert allt í öllu í fyrirtækinu. Hafðu vakandi auga með unglíngnum á heimilinu.

23. september - 22. október

**Vog** Varastu að láta tilfinningarnar hlaupa með þig í gönur í dag. Allar fjármálaumræður dagsins geta fært þér hagnað þegar til lengri tíma er lítið.

23. október - 21. nóvember

**Sporðreki** Þú ert uppfullur af hugmyndum og krafti í dag. Mundu að þú verður að hugsa fram í tímann svona af og til. Komdu makanum á óvart með óvæntu dekki.

22. nóvember - 21. desember

**Bogmaður** Ekki gleyma að setja þér markmið fyrir vikuna. Byrjaðu á að þakka fyrir það sem þú hefur þegar þú vaknar á morgnana. Framatíðin er björt.

22. desember - 19. janúar

**Steingeit** Láttu þér ekki til hugar koma að þú þurfir að klára allt eins og skot. Reyndu að halda stillingu þinni og muna að það kemur nýr dagur á morgun og öll el styttr upp um síðir.

20. janúar - 18. febrúar

**Vatnsberi** Láttu þér ekki bregða þótt allt fari í háloft í næsta fjölskylduafmæli. Þú ert sáttasemjariinn í fjölskyldunni, nýttu þá hæfileika.

19. febrúar - 20. mars

**Fiskar** Þú hefur lagt hart að þér til þess að tryggja þér og þínum öryggi í lífinu. Sýndu tillitsemi og ekki dæma fólk við fyrstu sýn.

## Ragnheiður Ásta Magnúsdóttir líffræðingur – 75 ára

## Mannrækt og gróðurækt

Ragnheiður Ásta Magnúsdóttir fæddist 8. febrúar 1949 á Flateyri við Önundarfjörð og ólst þar upp, elst í hópi sex systkina, sem fæddust á átta árum. „Eins og tíðkaðist á þeim árum var ég farin að vinna í frystihúsinu 11 ára gömul en amma mín og afi bjuggu á Sólbakka, næsta bæ við þorpið, og þar undi ég mér mikið sem barn, enda ævintýraheimur, gömul dularfull verksmíðja og sveitabýli þar sem slegið var með orfi og ljá og öll garðvinna unnin með höndunum.“

Fjölskyldan flutti til Reykjavíkur þegar Ragnheiður var 14 ára og tók hún landspróf frá Gagnfræðaskóla Austurbæjar og fór þaðan í Menntaskólann í Reykjavík. „Ég var svo lánsöm að kennsla hófst í HÍ í líffræði haustið eftir að ég tók stúdentspróf og þangað lá leiðin. Námið í líffræðinni var fjölbreytt og skemmtilegt og með námi kenndi ég í Menntaskólanum við Tjörnina, sem seinna varð Menntaskólinn við Sund.“

Að námi loknu vann Ragnheiður við sameindaerfðafræðirannsóknir hjá Guðmundi Eggertssyni prófessor þar til þau hjónin héldu til Örebro í Svíþjóð, þar sem Konráð maðurinn hennar fór í sérnám í læknisfræði. „Árin í Svíþjóð urðu sjö og eftir að heim kom til Keflavíkur, þar sem Konráð fékk starf, hef ég sinnt ýmsum störfum, svo sem kennslu, rannsóknarvinnu í þörungaverksmíðjunni BioProcess og í Bláa lóninu auk þess sem ég kom að stofnun og veitti forstöðu fyrsta Frístundaskólanum í Reykjanesbæ.“

Málefni kirkjunnar hafa ætíð verið Ragnheiði hugleikin. Hún starfaði í sóknarnefnd Keflavíkursóknar í 20 ár, þar af 12 sem sóknarnefndarformaður. „Á þessum árum tók ég þátt í margvíslegum breytingum á kirkjustarfinu, bæði hvað varðar endurgerð kirkjuskipsins og eflingu safnarðarstarfsins. Mér er mikið í mun að kirkjan sé þátttakandi í samfélaginu og hver og einn eigi þangað erindi, athvarf og skjól. Ég sat tvö mjög lærdómsrík kjörtímabil á kirkjuþingi.“



Stórfjölskyldan Öll fjölskyldan samankomin jólin 2022, líka hópurinn frá Ástralíu.



Á Fellsströnd Ragnheiður við gróðursetningu í sveitinni.

Áhugamál Ragnheiðar snúast mikið um ræktun, mannrækt og gróðurækt. „Við hjónin kynntumst tónlistarkennsluáferð Suzuki á Svíþjóðarárunum og langaði okkur til að börnin okkar fengju tækifæri til að læra á hljóðfæri eftir þeirri áferð. Það varð til þess að ég var þátttakandi í upphafi Suzukíævin-týrisins á Íslandi og fyrsti formaður Suzukisambandsins. Það gleður mig að það fræ sem þar var sáð hefur orðið til þess að öll barnabörnin eru í tónlistarnámi. Þau eru einnig öll keppnisfólk í sundi.“

Við hjónin höfum yndi af gróðri og garðrækt og höfum komið okkur upp sumarparadis á Fellsströnd í Dölunum, þar sem við unum okkur í einstakri náttúruferð Dalanna og erum nú að stíga okkar fyrstu skref í skógrækt á Hallsstöðum.

Ég er áhugamanneskja um hannyrðir og handverk og íslensku ullina. Einnig tilheyri ég nokkrum vínahópum svo sem InnerWheel-klúbbi, saumaklúbbi, bókaklúbbi og gönguklúbbi. Ég er óendanlega þakklát fyrir að hafa fengið að lifa í fríðsæld við góða heilsu fjarri stríðsátökum



Hjónin Á Jakobsveginum.

og hörmungum sem íbúar annarra landa búa við. Og enn gerast ævintýri, von er á nýfunda barnabarninu í lok mars.“

## Fjölskylda

Eiginmaður Ragnheiðar er Konráð Lúðvíksson, f. 14.5. 1948, kvensjúkdómalæknir, fv. lækningaforstjóri HSS og yfirlæknir á kvennadeild HVE. „Við búum á Heiðarhorni í Reykjanesbæ þar sem við byggðum okkur hús og höfum búið frá 1986.“ Foreldrar Konráðs voru hjónin

# Slappaðu af og leyfðu okkur að sjá um reksturinn!

## GreenKey býður upp á alhliða rekstrarþjónustu fyrir gististaði



Verðstýring



Markaðssetning



Sjálfvirkniferlar



Prif &amp; þvottur



Samskipti



GreenKey

Greenkey.is

519 8989

Urðarhvarf 8

info@greenkey.is

## Til hamingju með daginn

## Högni Guðlaugur Jónsson

**40 ÁRA** Högni fæddist á Bíldudal og ólst upp í Reykjavík en býr á Eskifirði. Högni er rafvirki á Rafmagnsverkstæði Andrésar á Eskifirði og er að læra rafíðnfræði í Háskólanum í Reykjavík. Áhugamálin eru myndlist og teikning, en Högni hefur haldið málverka-sýningar, m.a. á Frönskum dögum á Fáskrúðfirði.

**FJÖLSKYLDA** Eiginkona Högna er Sigrún Inga Sigurínusardóttir, f. 1989, sjúkraliði á öldrunarheimilinu Hulduhlíð. Börn þeirra eru Úlfur Breki, f. 2013, Anna Salóme, f. 2016, og Röskva Steiney, f. 2021. Foreldrar Högna eru Jón Aðalsteinn Jónsson, f. 1958, vélstjóri, búsettur í Reykjavík, og Salóme Högnadóttir, f. 1963, búsett í bænum Cómpeña í Malaga-héraði á Spáni.




## Nýr borgari

Reykjavík **Anna Vaka Örvardóttir** fæddist 15. apríl 2023. Hún vó 3.138 g og var 51 cm löng. Foreldrar hennar eru **Örvar Jóhannesson** og **Helena Guðnadóttir**.



**Ætt Ragnheiðar Ástu Magnúsdóttur**



Lúðvík Jóhannesson, f. 19.12. 1915, d. 10.8. 1971, forstjóri Bílasmíðjunnar í Reykjavík, og Ingibjörg Vilhjálmisdóttir, f. 27.2. 1914, d. 4.8. 1999, húsmóðir og gæslukona á Kjarvalsstöðum.

Börn Ragnheiðar og Konráðs eru: 1) Magnús, f. 24.5. 1975, skurðlæknir, yfirlæknir á speglunardeild Landspítala, búsettur í Garðabæ. Maki: Sædis Sævarsdóttir, gígtlæknir og próffessor, varaforseti læknaeildar. Þau eiga þrjár dætur: Bryndísi Ástu, f. 2003, Ragnheiði Ástu, f. 2007, og Írisi Ástu, f. 2011; 2) Eyðís, f. 16.2. 1978, heimilislæknir í Sydney, Ástralíu. Maki: Matthew Dunn framkvæmdastjóri. Þau eiga þrjú syni: Alexander Magnús, f. 2006, Lúkas Stephen, f. 2009, og Adam Konráð, f. 2011; 3) Hanna Björg, f. 20.5. 1983, lögfræðingur, deildarstjóri raforkueftirlits

Orkustofnunar, búsett í Reykjanessbæ. Maki: Jóhannes Þórhallsson sérsveitarlögrelumaður. Þau eiga tvær dætur, Elísabetu, f. 2006, og Eyðísi, f. 2011.

Systkini Ragnheiðar eru Ásgeir Magnússon, f. 3.3. 1950, fv. bæjarstjóri, búsettur í Reykjavík og á Spáni; Björn Konráð Magnússon, f. 9.6. 1951, fv. tölvunarfræðingur, búsettur í Reykjavík; Jens Magnússon, f. 18.11. 1952, heimilislæknir, búsettur í Reykjavík; Torfi Magnússon, f. 6.6. 1955, fv. íþróttakennari, búsettur í Reykjavík, og Þorbjörg Magnúsdóttir, f. 20.1. 1957, fv. bankastarfsmaður á Sauðárkróki.

Foreldrar Ragnheiðar voru hjónin Magnús Konráðsson, f. 23.3. 1921, d. 18.5. 1983, rafvirkjameistari og húsvörður í Landsbanka Íslands, og Hanna Ásgeirsdóttir, f. 13.10. 1923, d. 3.2. 2018, húsmóðir og matráður.


**Grettir**



**Hrólfur hræðilegi**



**Ferdinand**



**Í klípu**




„GETUM VIÐ SLEPPT EFTIRRÉTTINUM? MÉR ER ORÐIÐ ILLT Í HANDLEGGJUNUM.“

**Hermann**



„FYRIR TVEIMUR MILLJÓNUM ÁRA ÁT ÉG EINGÖNGU MARGFÆTLUR.“



... að vita að ég mun aldrei hætta að elska þig.

**Vísnaðhorn**

**Heimagerð hrossabjúgu**

**Dagbjartur Dagbjartsson yrkir á Boðarmiði: Einhverra ára gamlar en þetta er alltaf sama baslið á manni:**

Ef ég fer á annað borð með andagift að brúðla treð ég hugsun inn í orð og orðunum í stuðla.

Oft mig langar ljóðin smá að laga upp frá grunni en stundum vill það stranda á stuðlasetningunni.

**Steindór Tómasson eld- aði heimagerð hrossabjúgu í kvöldverð:**

Einatt finnst mér allra best, ... ekki vil ég ljúga að gríðka í mig haltan hest, hakkaðan í bjúga.

**Helgi Jenson er með veður- vangaveitur:**

Kuldaboli bölvandi bærir á sér núna Sól á himni hækkandi hressir andann lúna

**Helgi R. Einarsson sendi mér til gamans limrur sem urðu til í ferð um Egyptaland 14.-27. jan. Þar á meðal þessar:**

**Sandur**

Líklega í Egyptalandi leynist margs konar vandi.

Lífið er valt og allt út um allt er allt of mikið af sandi.

**Káiró**

Þó blessað sé logn hér og blíða eru bannsett læti oft víða. Samt margt er að sjá söfnunum á, en synd telst að detta í ða.

**Mismunandi ferðamátar**

Það heyrst ei vol né vil er við siglum eftir Nil eða' úr lofti allt lítum eða lappirnar nýtum eða brunum áfram í bíl.

**Engin undankoma**

Dótarí út um allt og allt er það jafnan falt. Þó klókindum beitr og kaupa þú neitir, kaupa það samt þú skalt.

**Sinn er siður í landi hverju**

Heima menn tuða og tauta Yfir trú- bæði' og stjórnmálin skauta, en ein regla hér óumdeild er: Ókumenn flauta og flauta.

**Halldór Blöndal**  
halldorblondal@simnet.is

**30-50% AFSLÁTTUR**

**OUTLET**

LAUGAVEGUR 91 • FÁKAFEN 9



## KNATTSPYRNA

### Ítalía

Bikarinn, 8-liða úrslit, seinni leikur:  
Juventus – Sampdoria ..... 1:0  
● Sara Björk Gunnarsdóttir var ekki í leikmannahópi Juventus.  
■ Juventus áfram, 5:0 samanlagt.

### Asíubikar karla

Undanúrslit í Katar:  
Katar – Íran ..... 3:2  
■ Katar mætir Jórdaníu í úrslitaleik.

### Afríkumót karla

Undanúrslit á Filabeinsströndinni:  
Nigeria – Suður-Afríka ..... (1:1) 5:3(v)  
■ Nigeria mætir Filabeinsströndinni eða Kongó í úrslitaleik.

### England

Leikjum Nottingham Forest – Bristol City og Aston Villa – Chelsea í ensku bikarkeppninni var ekki lokið þegar blaðið fór í prentun í gærkvöld. Sjá mbl.is/sport/enski.

## HANDBOLTI

### Olísdeild karla

Stjarnan – KA ..... 33:28  
ÍBV – Gróttá ..... 31:31  
Leik HK og Aftureldingar var ekki lokið þegar blaðið fór í prentun.

#### Staðan fyrir leik HK og Aftureldingar:

FH	14	12	1	1	439:374	25
Valur	15	12	0	3	491:404	24
ÍBV	15	9	2	4	485:442	20
Afturelding	14	9	1	4	426:382	19
Fram	15	8	1	6	466:467	17
Haukar	14	7	0	7	406:371	14
Stjarnan	15	6	1	8	411:435	13
Gróttá	15	5	1	9	412:443	11
KA	15	4	2	9	424:454	10
HK	14	4	1	9	365:405	9
Víkingur	14	3	0	11	350:414	6
Selfoss	14	3	0	11	343:427	6

### Powerade-bikar kvenna

Leik Gróttu og Stjörnumnar var ekki lokið þegar blaðið fór í prentun.

### Þýskaland

H-Burgdorf – Gummersbach ..... 32:29  
● Heiðmar Felixson er aðstoðarþjálfari Hannover-Burgdorf.  
● Elliði Snær Viðarsson skoraði ekki fyrir Gummersbach. Guðjón Valur Sigurðsson þjálfar liðið.  
■ Toppslag Kiel og Magdeburg var ekki lokið þegar blaðið fór í prentun.

### Danmörk

Ringsted – Fredericia ..... 23:24  
● Einar Þorsteinn Ólafsson skoraði ekki fyrir Fredericia. Guðmundur Þ. Guðmundsson þjálfar liðið.  
SönderjyskE – Nordsjælland ..... 32:24  
● Halldór Jóhann Sigfússon þjálfar Nordsjælland.  
Silkeborg – Skanderborg ..... 33:28  
● Andrea Jacobsen skoraði ekki fyrir Silkeborg.

### Pólland

Kielce – Piotrków ..... 41:27  
● Haukur Prastarson skoraði 2 mörk fyrir Kielce.

### Noregur

Kolstad – Runar ..... 41:32  
● Sigvaldi Björn Guðjónsson skoraði 9 mörk fyrir Kolstad.  
■ Efstu lið: Kolstad 33, Elverum 30, Arendal 25, Drammen 23, Runar 21, Nærbø 17, Halden 16, Sandnes 15, Bergen 15.  
Storhamar – Fana ..... 33:24  
● Axel Stefánsson er aðstoðarþjálfari kvennliðs Storhamar.  
■ Efstu lið: Vipers Kristiansand 36, Storhamar 34, Sola 24, Larvik 24.

### Svíþjóð

Hallby – Karlskrona ..... 30:30  
● Ólafur A. Guðmundsson skoraði 5 mörk fyrir Karlskrona, Þorgils Jón Svölu Baldursson ekkert, en Dagur Sverrir Kristjánsson var ekki með.

### Swiss

Kadetten – Wacker Thun ..... 28:22  
● Óðinn Þór Ríkharðsson lék ekki með Kadetten.

## Í KVÖLD

### KÖRFUKNATTLEIKUR

Úrvalsdeild karla, Subway-deildin:  
Hlíðarendi: Valur – Haukar ..... 19:15  
Keflavík: Keflavík – Höttur ..... 19:15  
Hveragerði: Hamar – Álfanes ..... 19:15  
Porlákshöfn: Þór Þ. – Grindavík ..... 19:15  
Ljónagryfjan: Njarðvík – Breiðablik ..... 19:15

### HANDKNATTLEIKUR

Úrvalsdeild karla, Olísdeildin:  
Ásveilir: Haukar – Víkingur ..... 19:30  
Selfoss: Selfoss – FH ..... 19:30

### KNATTSPYRNA

Deildabikar karla, Lengjubikarinn:  
Boginn: KA – Dalvík/Reynir ..... 19:15  
Akraneishöll: ÍA – Afturelding ..... 20  
Egilshöll: Þróttur R. – FH ..... 20:15

## Skoraði níu fyrir toppliðið

Sigvaldi Björn Guðjónsson var í stóru hlutverki hjá norsku meisturunum Kolstad í gærkvöld þegar þeir sigruðu Runar, 41:32, í norsku úrvalsdeildinni í handknattleik. Sigvaldi skoraði níu mörk í leiknum og var næstmarkahæstur hjá Kolstad ásamt Sander Sagosen en Adrian Aalberg skoraði flest mörk, tíu talsins. Kolstad er með 33 stig á toppi deildarinnar, eftir 18 leiki, en Elverum er með 30 stig í öðru sætinu.



AFP/Ina Fassbender

Drjúgur Sigvaldi Björn Guðjónsson er á toppnum með Kolstad.

## Arnór leikur sitt 21. tímabil

Arnór Sveinn Aðalsteinsson, einn reyndasti leikmaður Bestu deildar karla í fótbolta, hefur samið við Breiðablik um að leika eitt ár enn með liðinu. Arnór, sem er 38 ára, er því að hefja sitt 21. tímabil í meistaraflokki en hann lék fyrst með Blikum árið 2004. Hann hefur leikið 254 leiki í deildinni, 153 með Breiðabliki og 101 með KR, og er 17. leikjahæstur í sögu deildarinnar frá upphafi. Arnór lék einnig þrjú ár í Noregi og tvö ár með Blikum í 1. deild.



Ljósmynd/Kristín Hallgrímsdóttir

254 Arnór Sveinn Aðalsteinsson leikur áfram í efstu deild.

# Erfitt að slíta loksins naflastrenginn

● Gísli Eyjólfsson gekk til liðs við Halmstad í sænsku úrvalsdeildinni í vikunni

## SVÍPJÓÐ

Bjarni Helgason  
bjarnih@mbl.is



„Ég er himinlifandi með þetta,“ segir knattspyrnumaðurinn Gísli Eyjólfsson í samtali við Morgunblaðið, en hann skrifaði í vikunni undir þriggja ára samning við sænska úrvalsdeildarfélagið Halmstad.

Gísli, sem er 29 ára gamall, kemur til sænska félagsins frá uppeldisfélagi sínu Breiðabliki, en hann hefur einnig leikið með Augnabliki, Haukum, Víkingi frá Ólafsvík og Mjallby í Svíþjóð á láni frá Breiðabliki.

Halmstad hafnaði í 12. sæti úrvalsdeildarinnar á síðustu leiktíð eftir að hafa verið í fallbaráttu stærstan hluta tímabilsins, en hjá Halmstad hittir Gísli fyrir Birni Snæ Ingason, fyrrverandi leikmann Víkings úr Reykjavík sem gekk til liðs við félagið á dögunum.

Miðjumaðurinn hefur verið einn besti leikmaður Íslandsmótsins undanfarin ár, en alls á hann að baki 159 leiki í efstu deild, 156 þeirra með Breiðabliki, þar sem hann hefur skorað 31 mark. Þá á hann að baki fjóra A-landsleiki fyrir Ísland.

### Bærinn heillaði okkur

„Ég og kærastan mín, Anna Guðrún Alexandersdóttir, höfum rætt það okkar á milli undanfarin tvö ár að það væri gaman að prófa að búa í útlöndum með börnunum okkar og halda í smá ævintýri. Tilboðin hafa hins vegar ekki verið nægilega spennandi að mínu mati, þangað til

núna. Það þurfti einhvern veginn allt að smella ef við ætluðum okkur að rífa fjölskylduna upp frá rótum á Íslandi.

Deildin þurfti að vera sterk, liðið gott og bærinn fjölskylduvænn. Við fórum og heimsóttum Halmstad saman þegar Höskuldur Gunnlaugsson vinur minn lék með liðinu og bærinn heillaði okkur mikið þá þannig að þetta tikkaði í öll boxin okkar og við ákváðum að slá til,“ segir Gísli, en þau Anna eiga tvö börn saman, Helenu fædda árið 2019 og Emil sem er fæddur árið 2022.

### Nokkur félög sýndu áhuga

Í janúar bárust fréttir af því að Gísli gæti verið á förum frá Breiðabliki, en þá var byrjað að orða hann við sænska félagið.

„Hlutirnir gerðust frekar hratt eftir að ég heyrði af áhuga Halmstad. Nokkur félög sýndu mér áhuga í janúar en ég var ekki mikið að þæla í því, enda stór munur á því þegar félag sýnir áhuga og leggur svo fram alvöru tilboð. Í vikunni fór svo boltinn að rulla og eftir að ég ræddi við þjálfara liðsins, Magnus Haglund, var þetta í raun aldrei spurning.

Hann vissi mjög mikið um mig og var búinn að fylgjast lengi með mér. Hann hefur fylgst vel með íslensku deildinni undanfarin ár og með okkur í riðlakeppni Sambandsdeildarinnar. Hann vildi fá í liðið þá eiginleika sem ég byf yfir og það heillaði mig mikið hversu mikið hann vissi um mig sem leikmann.“

### Langaði í nýja áskorun

Gísli er uppallinn í Kópavogi eins og áður sagði og þegar hann hefur



Ljósmynd/Halmstad

Svíþjóð Gísli Eyjólfsson skrifaði undir þriggja ára samning við Halmstad, en félagið hafnaði í 12. sæti deildarinnar á síðustu leiktíð og slapp við fall.

farið annað hefur hann alltaf farið sem lánsmaður.

„Það var mjög erfið ákvörðun að yfirgefa Breiðablik en á sama tíma fann ég að mig langaði í nýja áskorun. Mér leið ofboðslega vel í Kópavoginum, enda mitt félag og ég hef í raun aldrei slitið naflastrenginn við félagið þó að ég hafi spilað annars staðar á láni. Allir strákarnir í liðinu eru bestu vinir manns og allt fólkið í kringum félagið líka ef svo má segja.

Maður er búinn að spila með mörgum af þessum strákum frá fimm ára aldri og það eru mjög spennandi hlutir í gangi í Kópavoginum núna. Þetta er mitt lið, stuðningsmennirnir eru frábærir og þetta er bærinn minn og það var mjög erfið að kveðja. Ég tel mig samt vera fullmótaðan sem leikmaður. Ég er búinn að afreka það að verða Íslandsmeistari með liðinu og spila í riðlakeppni í Evrópu deildinni. Þetta var rétti tímamunkturinn að prófa eitthvað nýtt.“

### Var ekki á mínum besta stað

Gísli verður þrítugur á árinu, en hann lék með Mjallby í sænsku

B-deildinni á láni fyrri hluta tímabilsins 2019.

„Þetta gekk ekki upp hjá Mjallby á sínum tíma og það eru margar ástæður fyrir því. Persónulega var ég ekki á mínum besta stað. Kærastan mín var ólétt á þessum tíma og ég átti ekki bót fyrir boruna á mér. Ég skrifaði undir lánsamning við félagið og ég sá aldrei fyrir mér að festa rætur þarna á þeim tíma. Þegar allt kemur til alls tók ég þetta ekki nægilega alvarlega.

Núna er fjölskyldan að koma með mér út og aðstæðurnar eru allt öðruvísi og ég fékk auðvitað þriggja ára samning. Á sama tíma er þessi vika ekkert búin að vera neitt sérstaklega skemmtileg upp á það að gera að ég er búinn að fá að heyrja það ansi oft hversu gamall ég er orðinn. Fyrirlíðinn hérna verður hins vegar 42 ára á árinu, sem segir mér nú að maður eigi eitthvað eftir af þessum ferli. Það er aldrei of seint að taka skrefið út í atvinnumennsku og ég ætla mér að gefa því alvöru tækifæri í þetta skiptið og svo sjáum við til hvert það leiðir mig,“ bætir Gísli léttur við í samtali við Morgunblaðið.

# Garðbæingar á skriði eftir sigur gegn KA

Stjarnan vann sinn þriðja leik í röð þegar liðið tók á móti KA í 15. umferð úrvalsdeildar karla í handknattleik í Garðabænum í gær. Leiknum lauk með fimm marka sigri Stjörunnar, 33:28, en Garðbæingar voru sterkari aðilinn í leiknum og leiddu með fjórum mörkum í hálfleik, 18:14. Pétur Árni Hauksson var markahæstur hjá Stjörnunni með sex mörk en Einar Rafn Eiðsson var markahæstur hjá KA með átta.

Þá gerðu ÍBV og Gróttá jafntefli, 31:31, í Vestmannaeyjum þar sem Sigtryggur Daði Rúnarsson jafnaði metin fyrir ÍBV í 31:31 þegar tvær mínútur voru eftir af venjulegum leiktíma. Seltirningar leiddu með einu marki í hálfleik, 19:18. Elmar Erlingsson var markahæstur Eyjamanna með sex mörk en þeir Antoine Óskar Pantano, Ágúst Emil Grétarsson og Ari Pétur Eiríksson skoruðu fjögur mörk hver fyrir Gróttu.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Átök Garðbæingurinn Tandri Már Konráðsson í baráttunni við Akureyringinn Einar Rafn Eiðsson í leik Stjörunnar og KA í Garðabænum í gær.





Eitruð  
lítill  
pilla

# Kraftmikill söngleikur með lögum Alanis Morissette



Fleiri sýningar á [borgarleikhus.is](http://borgarleikhus.is)  
[midasala@borgarleikhus.is](mailto:midasala@borgarleikhus.is) | 568 8000



Borgarleikhúsið



## BAKVÖRÐUR

Viðir Sigurðsson  
vs@mbl.is

**Mætast** karlalandslið Íslands og Englands í fótbolta þrisvar á þessu ári?

**Pegar** liggur fyrir að liðin eigast við í vináttulandsleik á Wembley 7. júní og þá eru 25 prósentu líkur á að England verði með Íslandi í riðli í Þjóðadeildinni í haust.

**Dregið** verður í riðla síðdegis í dag og Ísland, sem leikur í B-deildinni og er þar í öðrum styrkleikaflokki af fjórum, mun lenda í riðli með einu af þeim fjórum liðum sem féllu úr A-deildinni. Það eru Austurríki, Tékkland, England og Wales.

**Úr** þriðja flokki verður mótherjinn Slóvenía, Írland, Albanía eða Svartfjallaland.

**Úr** fjórða flokki verður mótherjinn Georgía, Tyrkland, Grikkland eða Kasakstan.

**Parna** er hægt að sjá fyrir sér bráðskemmtilegan riðil þar sem Ísland myndi mæta Englandi, Írlandi og Grikklandi.

**En** það má líka sjá fyrir sér aðeins minna spennandi riðil þar sem mótherjarnir yrðu Tékkland, Svartfjallaland og Kasakstan.

**Einhverra** hluta vegna hafa Ísland og England aldrei dregist saman í riðil í undankeppni HM eða EM.

**Ísland** vann fyrsta mótsleik þjóðanna, og það á heldur betur eftirminnilegan hátt, 2:1 í Nice á EM í Frakklandi sumarið 2016.

**Englendingar** náðu að hefna með því að vinna 1:0 og 4:0 í Þjóðadeildinni haustið 2020.

**England** er án vafa það lið úr efsta styrkleikaflokki sem Ísland á minnsta möguleika gegn. Sigurliðurnar yrðu vissulega meiri gegn Austurríki, Tékklandi eða Wales. En að mæta Englandi á Laugardalsvelli og Wembley í haust? Já, takk!

## Loks með lið eftir níu mánaða hlé



Jesse Lingard

Enska knattspyrnumaðurinn Jesse Lingard getur loksins spilað fótbolta á ný eftir að hafa verið án liðs í tæpa níu mánuði, eða síðan samningur hans við Nottingham Forest rann út síðasta vor. Lingard lék áður 232 mótsleiki fyrir Manchester United og 32 landsleiki fyrir England og var samtals í 22 ár hjá félaginu, frá 8 ára aldri. Nú hefur hann samið við FC Seoul í Suður-Kóreu, en tímabilið þar hefst 1. mars.

## KÖRFUBOLTI

## Subway-deild kvenna

Leik Njarðvíkur og Grindavíkur var ekki lokið þegar blaðið fór í prentun í gærkvöld.

## NBA-deildin

Indiana - Houston	132:129
Brooklyn - Dallas	107:119
Miami - Orlando	121:95
New York - Memphis	123:113
Chicago - Minnesota	(frl.) 129:123
Utah - Oklahoma City	124:117
Phoenix - Milwaukee	114:106

## Tekur Dagur við liði Króatíu?

Dagur Sigurðsson er í viðræðum um að taka við þjálfun karlalandsliðs Króatíu í handknattleik. Króatíski miðillinn Vecernji greindi frá þessu í gær frá þessu en Dagur, sem er fimmtugur, hefur þjálfað karlalandslið Japans undanfarnin ár og er að óbreyttu á leið með það á Ólympíuleikana í sumar. Hann yrði fyrsti erlendi þjálfarinn til þess að stýra Króótum, fari svo að hann taki við landsliðinu, en Króatar fara í undankeppni ÓL í mars.



Þjálfari Dagur hefur þjálfað landslið Austurríkis og Þýskalands.

## Tíu ára gamall atvinnumaður

Akstursíþróttastrákurinn Aron Dagur Júlíusson skrifaði á dögum undir samning við mótókrossliðið DDR Racing Team á Spáni. Aron Dagur er einungis tíu ára gamall og yngsti Íslendingurinn sem hefur samið við erlent lið í þessari íþrótt. Undanfarnin ár hefur Aron Dagur keppt á Íslandi og unnið til verðlauna auk þess að keppa á Spáni í lok síðasta árs, en hann er á leið á Andalúsíu-mótariðin á Spáni sem hefst um helgina og á HM unglínga í haust.



Spánn Aron Dagur Júlíusson mun keppa fyrir DDR Racing Team.

## Hafa aldrei lent í þessu áður með íþróttamann

● Svava fór úr mjaðmarlið í leik með Benfica ● Enn nokkrir mánuðir í endurkomu

## VIÐTAL

Gunnar Egill Daníelsson  
gunnaregill@mbl.is

„Heilsan er svona upp og niður. Ég var á hækjum í átta til níu vikur og eiginlega bara rúmliggjandi,“ segir Svava Rós Guðmundsdóttir, landsliðskona í knattspyrnu, í samtali við Morgunblaðið.

Svava Rós gekk til liðs við Portúgalsmeistara Benfica að láni frá bandaríska félaginu Gotham þann 20. september síðastliðinn. Stuttu síðar, í aðeins öðrum leik sínum fyrir Benfica, varð hún fyrir því óláni að fara úr mjaðmarlið.

„Núna hef ég í rauninni verið að læra að ganga upp á nýtt. Þegar maður fer úr mjaðmarlið gerist allt mjög hægt.

Planið er að byrja að hlaupa í þessum mánuði. Ég er ekki komin mikið lengra en það. Það eru enn nokkrir mánuðir í að ég geti spilað fótbolta,“ útskýrir Svava Rós.

Hún er 28 ára gömul og hefur leikið sem atvinnumaður frá árinu 2018, með Röa í Noregi, Kristianstad í Svíþjóð, Bordeaux í Frakklandi, Brann í Noregi og Gotham í Bandaríkjunum, þar sem hún er samningsbundin út þetta ár. Hún lék með Val og Breiðabliki áður en hún fór fyrst til Noregs.

Lánssamningurinn við Benfica rann út í lok janúarmánaðar, en hvernig atvikaðist það að hún fór úr mjaðmarlið í leik með liðinu?

„Ég var að hlaða í skot, teygði mig eftir boltanum og lenti þannig að ég festist einhvern veginn í grasinu.

Líkaminn heldur hins vegar áfram, þannig að þetta bara losnar. Ég átta mig í rauninni ekki alveg á því hvernig þetta gerðist,“ segir Svava Rós.

## Aldrei séð svona meiðsli

Spurð hvort hún hafi þurft að gangast undir skurðaðgerð vegna meiðslanna segir Svava Rós:

„Nei, en það þurfti að fylgjast mjög vel með þessu. Ég fór í myndatöku á um það bil sex vikna fresti til þess að athuga hvernig gróandinn væri í þessu.

Læknarnir sögðu alveg fram að júlum að þeir gætu alltaf gripið inn í og sett mig í aðgerð en vildu samt sjá hvort þetta myndi ekki gróa af sjálfu sér.

Ég fór þarna úr mjaðmarlið og eins og læknarnir sögðu hafa þeir aldrei lent í þessu áður með íþróttamann.

Allir sem ég hef talað við, sjúkralþjálfararnir hjá landsliðinu og fleiri, hafa aldrei séð svona meiðsli hjá íþróttamanni. Þeir fara rosalega mikið eftir því hvernig þeir líður.

Þeir settu upp plan, sem nær yfir um það bil sex mánuði frá því að



Morgunblaðið/Eggert

**Einbeitt Svava Rós Guðmundsdóttir hefur leikið 47 landsleiki fyrir Íslands hönd og skorað tvö mörk. Hún lék síðast með landsliðinu gegn Þýskalandi í Bochum í september, rétt áður en hún meiddist.**

þetta gerðist, en það getur margt breyst á þeim tíma. Nokkrar vikur til viðbótar myndu ekki breyta miklu,“ heldur hún áfram.

## Gæti fengið drep í bein

Svava Rós segir hættuna á því að hún þurfi að gangast undir skurðaðgerð ekki lengur vera til staðar.

„Nei, það var eiginlega bara fram að júlum. Þeir þurftu að fylgjast með ýmsu. Þegar maður fer úr lið poppar hann aftur í lið og þá er hægt að klemma einhverjar taugar og annað.

Ef það er ekki fylgst með því getur maður fengið drep í bein, þannig að ég þurfti að fara í myndatöku akkurat á hárréttum tíma. Það mátti ekki missa af því, hvorki taka myndina of snemma né of seint.“

Prátt fyrir að bataferlið sé langt gengur það vel. „Læknarnir segja að þetta sé alveg að ganga vel, að það sé mikill munur á milli mánaða hjá mér. Þetta er allt á réttari leið.

Um jólin var ég aðeins að finna fyrir því þegar ég gekk en núna geng ég án þess að finna neitt til.

Ég treysti mér alveg fljótlega á að fara að skokka rólega, það er næsta skref. Ég held að það verði bara í næstu viku,“ segir hún.

## Gæti ekki verið betri tími

Svo vill til að Svava Rós hóf nám í haust, einmitt um það leyti sem hún gekk til liðs við Benfica.

„Ég er í viðskiptafræði í Háskólanum á Bifröst. Þau eru með ákveðið nám sem hentar mjög vel með fótboltanum, þannig að ég ákvað að skella mér í það.

Ég hefði einhvern veginn ekki getað byrjað á betri tíma, af því að ég meiddist akkurat þegar ég var að byrja í skólanum og dembdi mér þá í rauninni í námið.

Það verður að dreifa huganum eitthvað þegar maður hefur ekki fótboltann. Þá er fínt að dreifa huganum aðeins í skólanum,“ segir Svava Rós.

## Lítið að spá í hvar ég spila

Um þessar mundir er hún stödd á Íslandi.

„Já, ég verð hér í einhvern tíma vegna þess að endurhæfingin tekur það langan tíma. Ég er með plan sem ég fylgi og fæ að vera hérna í smá tíma.“

Samningur Svövu Rósar við Gotham rennur út í lok árs en hún veit ekki hvort hún fer aftur þangað eða skiptir um félag. Gotham varð bandarískur meistari í lok síðasta tímabils og nýtt tímabil hefst í Bandaríkjunum um miðjan mars.

„Ég hef ekki þælt það langt fram í tímann. Ég er í þessari endurhæfingu og er lítið að pæla í því hvar ég er að fara að spila þegar ég verð orðin göð.“

Það er eins og það er en ég nýti mér allt það sem ég fæ frá þeim [Gotham]. Svo kemur það bara í ljós hvort ég verð þar áfram eða fer eitthvert annað,“ segir Svava Rós að lokum í samtali við Morgunblaðið.



# ÚTSALAN

— ER Í FULLUM GANGI —

**30-50%** AFSLÁTTUR AF  
VÖLDUM VÖRUM

**eCCO®**  
**reima**

 **Columbia**

**DEVOLD®**

 **DIDRIKSONS**

**THE  
NORTH  
FACE®**



# ELLINGSEN

Fiskislóð 1, Reykjavík / Hvannavellir 14, Akureyri / Síðan 1916 / 580-8500 / [www.ellingsen.is](http://www.ellingsen.is)



# Hugsað mikið til mömmu í ferlinu

- Birna Ketilsdóttir Schram hlýtur Verðlaun Sólveigar Anspach fyrir stuttmyndina *Allt um kring*
- Móðir hennar veitti innblástur en hún lést langt fyrir aldur fram úr krabba eins og Sólveig

## VIÐTAL

Orri Páll Ormarsson  
orri@mbl.is



„Það er ótrúlega mikill heiður að fá þessi verðlaun og ég er rosalega stolt,“ segir kvikmyndagerðarkonan Birna Ketilsdóttir Schram, sem hlýtur Verðlaun Sólveigar Anspach í ár fyrir stuttmynd sína *Allt um kring*. Hún svarar símanum í Frakklandi, þar sem hún er stödd í boði íslenska sendiráðsins í París til að taka þátt í alþjóðlegum stuttmyndamarkaði í Clermont-Ferrand. Þetta mun vera í fyrsta sinn sem verðlaunahafinn fer þangað.

Verðlaunin voru sett á laggirnar árið 2015 til að heiðra minningu leikstjórans Sólveigar Anspach og hvetja ungar konur til dáða í kvikmyndaleikstjórn. Jafnframt er í ár hin kanadíska Nellie Carrier heiðruð fyrir stuttmynd sína *Ditch*, en tvenn verðlaun voru veitt af dómnefnd fyrir bestu stuttmynd á franskri tungu og bestu stuttmynd á íslenskri tungu, málunum hennar Sólveigar.

Birna þykir vænt um að hljóta þessi tilteknu verðlaun, enda hafi Sólveig verið fyrirmynd fyrir marga unga leikstjóra, ekki síst konur. „Margir frábærir leikstjóra hafa hlotið þessi verðlaun á undan mér, þannig að ég er í mjög góðum félagskap. Maður finnur að Sólveig er mjög stórt nafn hérna í Frakklandi og sjálf hef ég alltaf litið upp til kvikmyndagerðarfólks sem hefur borið hróður Íslands út fyrir landsteinana,“ segir Birna.


Sjálf fór hún í skapandi leiðtoganám í Árósum og síðan í kvikmyndanám í Kaupmannahöfn, þar sem hún hefur búið sl. fjögur ár. „Ég kann mjög vel við mig í Danmörku, enda er kvikmyndamenningin mjög rík þar og stundum líður mér eins og annar hver maður hafi drauma sem tengjast kvikmyndum,“ segir Birna hlæjandi. „Margir á mínu reki eru á sama stað og ég og við hvetjum hvert annað til dáða. Ég er komin með gott tengslanet í Danmörku. Að því sögðu finnst mér samt alltaf



Verðlaunahafi Birna Ketilsdóttir Schram segir það mikil forréttindi að fá að starfa við það sem hún hefur mest yndi af, sem er kvikmyndagerð.



Kanadísk Nellie Carter hlýtur einnig verðlaun Sólveigar.



Frumraun Stikla úr stuttmynd Birnu, *Allt um kring*. Myndin, sem var frummynd á RIFF-hátíðinni hér heima síðasta haust, er mjög persónuleg.

get ekki beðið eftir að sjá hvaða líf myndin fær.“

*Allt um kring* er mjög persónuleg mynd, en innblásturinn sækir Birna til móður sinnar, Örnú Schram, sem lést fyrir tveimur árum eftir hetjulega baráttu við krabbamein, aðeins 53 ára að aldri. „Myndin er um þá tilfinningu að hafa misst mömmu mína og þörfina fyrir að finna fyrir henni allt í kringum mig.“

## Trúðu á ungt fólk

Parna er augljós tenging við Sólveigu Anspach, sem sjálf laut í lægra haldi fyrir sama meini, aðeins 54 ára að aldri. „Það er rétt og ég hef hugsað mikið til mömmu í þessu ferli,“ segir Birna, en Arna vann lengi sem blaðamaður og síðar að menningarmálum. „Þær Sólveig höfðu báðar mikil áhrif á sínum vettvangi og trúðu mikið á ungt fólk. Mamma var stórbrotinn karakter og meira og minna uppspretta allra minna verka. Hún hafði mikla trú á mér og ég veit að hún hefði orðið ákaflega stolt af mér fyrir að vinna til þessara verðlauna. Ég veit að hún ER ákaflega stolt af mér.“

Spurð um næstu verkefni upplýsir Birna að hún sé komin með handrit að næstu stuttmynd, auk þess sem hún hafi gaman af því að gripa í önnur verkefni, svo sem kynningar- eða tónlistarmyndbönd. „Það er alltaf gott að vera með nokkur verkefni í ofninum; svo allt í einu öðlast þau sitt eigið líf. Núna langar mig mest að þjálfa vöðvana í að vinna með leikurum og læra af því sem ég er að gera. Það er svo mikilvægt að trúa á sjálfa sig. Svo er ég bara svo óendanlega þakklát fyrir að fá að gera það sem mér þykir skemmtilegast í lífinu.“

*Stefniðu á að gera myndir í fullri lengd í framtíðinni?*

„Já, það er draumurinn að gera mynd í fullri lengd og vinna á stærri skala. Það gerist vonandi eftir einhverj ár. Á þessu augnabliki líður mér eins og að maður verði allt lífið að læra. Kvikmyndagerð snýst um þrautseigju og er alls ekki fyrir óþolinmóða.“

Hinum verðlaunahafanum, Nellie Carrier, verður boðið til Íslands á verðlaunaafhendinguna á RIFF í haust. Dómnefndina skipuðu Vera Sölvadóttir kvikmyndagerðarkona, Hrönn Marínósdóttir stjórnandi RIFF og Justine Martin, kvikmynda-gerðarkona og verðlaunahafi í fyrra.

gott að vera með annan fótinn heima á Íslandi og reyni reglulega að taka að mér verkefni þar. Það er gott að eiga Ísland að og ég mun alltaf sækja innblástur þangað.“

*Er munur á því að vera í kvikmyndagerð í Danmörku og á Íslandi?*


„Í raun ekki, alla vega ekki í grunninn. Heima á Íslandi er kostur hvað samfélagið er lítið og boðleiðirnar stuttar; maður hringir bara í frænda sinn eða frænku. Í Danmörku eru hins vegar mun fleiri í faginu, þannig að úr fleirum er að velja þegar kemur að því að finna samstarfsfólk. Fjölbreytnin er mikil í Danmörku og alltaf að aukast heima – sem er frábært, enda ekki bara ein leið að því að gera kvikmynd.“

Það hefur verið mikil upplifun fyrir Birnu að koma til Clermont-Ferrand, sem er ein stærsta stuttmyndahátíð í heimi. „Þetta er risastór hátíð og fólk komið alls staðar að úr heiminum, leikstjórar, framleiðendur og aðrir. Það hefur verið mjög gaman að kynna þessu, enda framleiði ég *Allt um kring* líka. Segja má að stuttmyndahátíðum ársins sé formlega startað hérna og fróðlegt að sjá hvað þessi bransi er rosalega stór.“

*Ertu jafnvel bjartsýn á að þetta muni skila einhverju fyrir þig með beinum hætti?*

„Það er aldrei að vita. Ég er strax búin að kynna fólk, meðal annars manni sem er að koma á fót stuttmyndahátíð í Japan. Fólk hugsar mjög stórt hérna.“

*Allt um kring* var frumsýnd á RIFF í haust og er nú að hefja ferðalag sitt um stuttmyndahátíðir heimsins. Birna er að vonum spennit fyrir þeirri vegferð og ætlar að reyna að fylgja myndinni sem víðast. „Ég



## VIÐ LEITUM AÐ LISTAVERKUM

ERUM AÐ TAKA Á MÓTI VERKUM Á NÆSTA LISTMUNAUPPBOÐ

Áhugasamir geta haft samband í  
síma 551-0400

FOLD  
UPPBOÐSHÚS


Rauðarástigur 12-14 · 105 Reykjavík · sími 551 0400 · www.gallerifold.is





# SAMBÍÓIN

Nánari upplýsingar um sýningartíma á sambio.is




## Listaverk þjóðarinnar

# Fiskverkakonur við færíbandið

Ýmsir íslenskir listamenn hafa spreytt sig á að myndgera fólk við fiskverkun og eru veggmyndir Jóhannesar Kjarvals í Landsbankanum í Austurstræti líklega þeirra þekktastar. Sem ung kona heillaðist Hildur Hákonardóttir mjög af þessum kröftugu konum Kjarvals og sótti í þær innblástur. Til að draga fram hinar raunverulegu manneskjur í stað abstrakt eftirmynda, studdist Hildur einnig við eigin teikningar af fiskverkakonum samtímans við færíband í frystihúsi og þar sá hún hinn yfirgnæfandi verkstjóra sem reynist punkturinn yfir i-ið í myndbyggingu verksins ekki síður en innihaldi. Verkstjórnin í sínum verndaða heimi, ímynd drottandi auðvalds og karlaveldis, gnæfir hér yfir fiskverkakonunum sem vinna baki brotnu. Einföld myndskipan og markviss litanotkun sýnir vel hópsál kvennanna og dregur fram yfirburðastöðu karlmansins.

Verkið óf Hildur úr ull en myndvefnaður naut töluverðra vinsælda víða um lönd um 1970, þó einkum meðal myndlistarkvenna sem vildu í verkum sínum endurspeglar pólitískar hræringar í þjóðfélaginu. Uppgangur textillistar hélst þannig í hendur við kvennabaráttuna og segja má að baráttan fyrir almennri viðurkenningu textillistar sem fullgildrar greinar innan frjálsra lista endurspeglar baráttu kvenna fyrir fullri viðurkenningu á störfum sínum í þjóðfélaginu.

Hildur Hákonardóttir er einn af brautryðjendum textillistar á Íslandi og var framarlega í flokki þeirra sem nýttu myndlistina til að vekja fólk til umhugsunar, til dæmis um stöðu kvenna og pólitísk hitamál eins og veru Íslands í Nató. Ung kynntist Hildur uppgangi textillistar í Bandaríkjunum og í myndlistarnámi sínu á Íslandi og í Skotlandi lagði hún sig fram um að kynnast þessari



Hildur Hákonardóttir (f. 1938)  
Fiskikonurnar, 1971  
Ull 150 x 101 cm

fornu tækni. Að loknu námi árið 1969 kenndi hún við nýstofnaða myndvefnaðardeild sem seinna varð textíleild við Myndlista- og handíðaskólann, og síðar varð hún skólustjóri sama skóla.

Með verkum sínum sló Hildur

Hákonardóttir nýjan tón í íslensku myndlist og vakti hún athygli fyrir það hve vel henni tókst með nýstárlegum hætti að endurspeglar í senn hræringar í þjóðfélaginu og láta í ljós eigin skoðanir.

## María og Jón verða á ljúfum nótum

María Jónsdóttir sópran og Jón Sigurðsson píanóleikari flytja klassíska franska ljóðatónlist og aríur á hádegistónleikum í dag, fimmtudaginn 8. febrúar. Á efnisskránni eru verk eftir Charles Gounod, Francis Poulenc, Henri Duparc, Reynaldo Hahn og Maurice Ravel.

Tónleikarnir fara fram í Fríkirkjunni við Tjörnina og eru hluti af tónleikaröð sem nefnist Á ljúfum nótum í Fríkirkjunni. Lilja Eggertsdóttir er listrænn stjórnandi raðarinnar.

Tónleikarnir hefjast klukkan 12 og taka um hálf klukkustund. Þess er getið í tilkynningu að ekki sé tekið við greiðslukortum en aðgangseyrir er 2.000 krónur.



Tónleikar María og Jón flytja klassíska franska ljóðatónlist og aríur.

## Borgarleikhúsið



**Eitruð lítil pilla (stóra sviðið)** Söngleikur með tónlist Alanis Morissette

Fös. 23 / 02 kl. 20:00	U	Fös. 01 / 03 kl. 20:00	U	Fim. 07 / 03 kl. 20:00	U
Lau. 24 / 02 kl. 20:00	U	Sun. 03 / 03 kl. 20:00	U	Fös. 08 / 03 kl. 20:00	U
Fim. 29 / 02 kl. 20:00	U	Mið. 06 / 03 kl. 20:00	U	Fim. 14 / 03 kl. 20:00	Ö



**Fíasól (stóra sviðið)** Nýjar dagsetningar komnar í sölu

Lau. 10 / 02 kl. 13:00	U	Sun. 25 / 02 kl. 13:00	U	Sun. 10 / 03 kl. 13:00	L
Sun. 11 / 02 kl. 13:00	U	Lau. 02 / 03 kl. 13:00	U	Lau. 16 / 03 kl. 13:00	L
Sun. 18 / 02 kl. 13:00	U	Sun. 03 / 03 kl. 13:00	Ö	Sun. 17 / 03 kl. 13:00	L
Lau. 24 / 02 kl. 13:00	U	Lau. 09 / 03 kl. 13:00	Ö	Sun. 21 / 04 kl. 13:00	L



**Lúna (litla sviðið)** Nýtt verk eftir Tyrfinng Tyrfinngsson

Fim. 08 / 02 kl. 20:00	U	Lau. 17 / 02 kl. 20:00	U	Sun. 03 / 03 kl. 20:00	U
Sun. 11 / 02 kl. 20:00	U	Fös. 23 / 02 kl. 20:00	U	Mið. 06 / 03 kl. 20:00	U
Fim. 15 / 02 kl. 20:00	U	Lau. 24 / 02 kl. 20:00	U	Fim. 07 / 03 kl. 20:00	U
Fös. 16 / 02 kl. 20:00	U	Fös. 01 / 03 kl. 20:00	U	Fös. 08 / 03 kl. 20:00	U



**Nú líf (stóra sviðið)**

Fim. 09 / 05 kl. 20:00	U
Fös. 10 / 05 kl. 20:00	U
Sun. 12 / 05 kl. 20:00	U
Fim. 16 / 05 kl. 20:00	U



**Delerium búbónis**

Fös. 09 / 02 kl. 20:00	Ö
Lau. 10 / 02 kl. 20:00	U
Sun. 18 / 02 kl. 20:00	Ö
Sun. 25 / 02 kl. 20:00	L



**Með guð í vasanum**  
Nýjar dagsetningar komnar í sölu

Sun. 11 / 02 kl. 20:00	U
Sun. 18 / 02 kl. 20:00	U
Mið. 15 / 05 kl. 20:00	L
Fim. 16 / 05 kl. 20:00	L



**Vaðlaheiðargöng**

Fös. 09 / 02 kl. 20:00	Ö
Lau. 10 / 02 kl. 20:00	L
Fös. 16 / 02 kl. 20:00	Ö
Lau. 02 / 03 kl. 20:00	U



**X**  
Dulmagnað spennuleikrit

Lau. 16 / 03 kl. 20:00	U
Sun. 17 / 03 kl. 20:00	Ö
Lau. 23 / 03 kl. 20:00	Ö



**Óbærilegur léttleiki knattspyrnunnar**

Fös. 09 / 02 kl. 20:00	U
Lau. 10 / 02 kl. 20:00	U
Sun. 25 / 02 kl. 20:00	U


Flairi sýningar á borgarleikhus.is | midasala@borgarleikhus.is | 568 8000



Veitingar frá Jómfrúnni fást í Borgarleikhúsinu!








**6.899 kr.**  
Verð áður 7.999 kr.




**5.999 kr.**  
Verð áður 6.999 kr.




**7.299 kr.**  
Verð áður 8.499 kr.




**4.199 kr.**  
Verð áður 4.999 kr.



**4.199 kr.**  
Verð áður 4.999 kr.




**4.599 kr.**  
Verð áður 7.999 kr.




**4.699 kr.**  
Verð áður 5.999 kr.



**4.799 kr.**  
Verð áður 7.999 kr.



**3.199 kr.**  
Verð áður 7.999 kr.



**3.999 kr.**  
Verð áður 7.999 kr.



**11.999 kr.**  
Verð áður 14.999 kr.



**4.499 kr.**  
Verð áður 7.999 kr.

**penninn.is**  
540-2000



**Frí heimsending\***  
ef pantað er fyrir 10.000 kr.  
eða meira á vefnum okkar  
\*á ekki við um húsögn og fyrirtækjapjónustu






3.699 kr.  
Verð áður 4.299 kr.



3.999 kr.  
Verð áður 4.699 kr.



2.999 kr.  
Verð áður 3.499 kr.



3.699 kr.  
Verð áður 4.299 kr.



Verð: 5.999 kr.



3.399 kr.  
Verð áður 3.999 kr.



2.599 kr.  
Verð áður 2.999 kr.



4.199 kr.  
Verð áður 4.999 kr.



2.599 kr.  
Verð áður 3.199 kr.

Verðurlaer er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilbodsverða er til og með 15. febrúar 2024 eða meðan birgdir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengi.



# Fyrsta flokks flutningur

## TÓNLIST

MAGNÚS LYNGDAL  
MAGNÚSSON



### Harpa

Strengjakvartett í a-moll, op. 41 nr. 1

★★★★☆

Klarínettukvintett í h-moll, op. 115

★★★★★

Tónlist: Robert Schumann (strengjakvartett í a-moll, op. 41 nr. 1) og Johannes Brahms (klarínettukvintett í h-moll, op. 115). Kordo-kvartettinn (Vera Panitch, fiðla, Páll Palomares, fiðla, Þórarinn Már Baldursson, víola, og Hrafnkell Orri Egilsson, selló) og Arngunnur Árnadóttir, klarínett. Tónleikar í Norðurljósum Hörpu sunnudaginn 4. febrúar 2024.

Dagskrá sjöttu og síðustu tónleika Kammermúsíklúbsins á starfsárinu 2023-2024 var sett saman af miklu hugviti, enda voru þeir Robert Schumann (1810-1856) og Johannes Brahms (1833-1897) tengdir nánum böndum, bæði tónlistarlega séð og í persónulega lífinu. Brahms stóð á tvítugu þegar hann kvaddi dyra á heimili Schumann-hjónanna í Düsseldorf, kynnti sig og lék fyrir þau nokkur verk á píanóíð. Schumann var gagntekinn sem varð til þess að hann ritaði lofsamlegan dóm í rit sitt, *Neue Bahnen* (Nýjar brautir), og lýsti Brahms sem hinum útvalda, nokkurs konar spámanni tónlistarheimsins.

Ekki varði þó vinátta Brahms og Schumanns lengi því einungis nokkrum mánuðum síðar missti hinn síðarnefndi endanlega heilsuna og eyddi síðustu tveimur árum ævi sinnar á geðsjúkrahúsi. Við fráfall Schumanns árið 1856 varð Brahms raunar um tíma ábyrgur fyrir heimilishaldi Schumann-fjölskyldunnar og gekk börnunum sjö í föðurstað. Samband hans og Clöru Wieck varð náð og er í raun og veru ráðgáta enn þann dag í dag. En ekki bara það, við fráfall Schumanns varð Brahms á svipstundu sjálfskipaður leiðtogi íhaldsamari tónskálda hins þýskumælendi heims, það er að segja tónskáld sem vildu fara aðra leið í tónsmíðum en forsprakkar hins svonefnda „nýþýska skóla“ tónlistarsögunnar; framtíðartónskálda á borð við Franz Liszt og Richard Wagner. Átök milli stríðandi fylkinga náðu hámarki árið 1860 og urðu af þessu mikil málaferli. Í sem stystu máli má segja að Brahms og fylgismenn hann hafi fylgt þeirri kenningu að tónlist væri óhlutbundin og fegurð hennar fælist þannig í vel mótuðum formum og hendingum á meðan „nýþýski skólinn“ vildi láta inntakið ráða forminu en ekki öfugt. Hér má því kannski segja að fortíð og



Hrífandi „Ég get eiginlega ekki hrósað flutningi þessa þáttar of mikið,“ segir rýnir um flutning Kordo-kvartettsins og Arngunnar Árnadóttur á fyrsta þætti klarínettukvintetts eftir Brahms. Kvartettinn skipa Páll Palomares, Þórarinn Már Baldursson, Hrafnkell Orri Egilsson og Vera Panitch.

framtíð hafi að mörgu leyti borist á banaspjót.

Robert Schumann samdi strengjakvartettinn í a-moll, op. 41 nr. 1, árið 1842, þá á svonefndu „kammerári“ tónskáldsins en Schumann helgaði sig ólíkum formum á mismunandi tíma á tónskáldaferli sínum (til að mynda var árið 1840 ár sönglagsins, 1841 ár sínfónunnar og svo framvegis). Eftir að hafa fylgt eiginkonu sinni, Clöru Wieck, á tónleikaferðalagi um Norður-Þýskaland og Danmörku fyrri hluta ársins 1842 sneri Schumann aftur einn síns liðs heim til Leipzig og til þess að bægja frá sér þunglyndi tók hann til við að æfa sig í kontrapunkti og grúska meðal annars í strengjakvartettum Haydns, Mozarts og Beethovens. Tónleikaferðalagi Clöru lauk í apríl sama ár og fljótlega eftir að hún var komin heim til Leipzig tók Schumann til við að semja eigin strengjakvartetta. Þeir urðu að endingu þrjú talsins og var sá fyrsti þeirra á dagskrá Kammermúsíklúbsins í Hörpu á köldu febrúarkvöldi. Það var Kordo-kvartettinn sem lék en hann var stofnaður síðla sumars árið 2018 og lék hann einmitt sína fyrstu tónleika fyrir sléttum fimm árum eða í febrúar árið 2019.

Dulúðugt upphafið í verki Schumanns (Introduzione. Andante espressivo) fékk að njóta sín vel í meðförum Kordo-kvartettsins og flutningurinn var bæði samhentur og vel mótaður. Fóru þar saman



Gulltónn Arngunnur Árnadóttir er leiðandi klarínettuleikari SÍ.

langar hendingar og mikil blæbrigði í til að mynda styrkleika. Jafnvægið milli radda var gott og hljómurinn bæði mjúkur og áferðarfallgur. Hraðabreytingin (yfir í Allegro) var sannferandi og tónlistin fékk að „anda“. Þá var snerpa áberandi í glettu (scherzo) annars þáttar og sá þriðji (Adagio) var mjög fallega mótaður; sérstaklega þar sem raddir kölluðust á í upphafi þáttarins á býsna lágu tónsviði. Kordo-kvartettinn lék þennan hæga kafla ákaflega vel og dýptin var áberandi, ekki síst í fallegum einleiksstrófum sellósins undir plokki (pizzicato) í fiðlu. Notkun á rubato (hraðabreytingum) var alltaf smekkleg og mér fannst spilamennskan einkennast af því að brugðið var upp örmyndum hér og þar sem saman mynduðu eina órofa heild. Þessi þáttur var án efa sá best flutti á fyrri hluta tónleikanna. Loks gastaði af leik kvartettsins í lokabættinum (Presto) og það var unun að heyra hvernig upphafsstef þáttarins gekk í gegnum allar raddir kvartettsins í ólíkum útfærslum. Bæði veik og sterk spilamennskan skilaði sér vel. Eina sem ég hef út á að setja í þessum flutningi voru lítilsháttar intónasjón-vandamál á stöku stað, einkum í fyrstu tveimur þáttunum og svo í lokabættinum.

Hluti af því sem Johannes Brahms glímdi við alla tíð var gifurleg sjálfsgagnrýni. Hann lá yfir verkum sínum og setti sér afar ströng skilyrði fyrir útgáfu. Hér

eru raunar strengjakvartettar hans gott dæmi. Hann samdi að minnsta kosti tuttugu slík verk, sumir segja jafnvel þrjátíu, en einungis þrjú voru gefnir út. Restinni fargaði hann í eldi. Fyrstu árin vann hann mest að kammermúsík en hljómsveitina nálgadist hann af varúð. Það átti auðvitað eftir að breytast en seint á ferlinum vék Brahms aftur að kammertónlist, þá meðal annars eftir að hafa kynnst klarínettuleikaranum Richard Mühlfeld. Hann samdi klarínettukvartettinn (op. 115) árið 1891 (og raunar fleiri verk þar sem klarínettið var í leiðandi hlutverki) og var því afar vel tekið við frumflutninginn, raunar svo mjög að Adagio-kafinn var klappaður upp.

Kvintett Brahms er að mörgu leyti „þéttari“ tónsmíð en kvartett Schumanns og ræður þar sjálf-sagt hljómasamsetning mestu. Næmt upphafið var samhent hjá Kordo-kvartettinum og gulltónn Arngunnur Árnadóttur, sem hlustendur þekja sem leiðandi klarínettuleikara Sínfónuhljómsveitar Íslands, naut sín í gríðarlega fallettri innkomu hljóðfærisins. Jafnvægið milli klarínets og strengja var mjög gott og saman ófu hljóðfærin þéttan vef. Brahms var auðvitað meistari laglínunnar en verkið er einkar vel samið upp á jafnvægi að gera. Þannig er klarínettið ýmist í einleikshlutverki á meðan annars staðar fellur það inn í verkið í nokkurs konar „tutti“-hlutverki.

Fyrsti þátturinn (Allegro) var einkar vel útfærður hjá hljóðfæraleikurunum og styrkleikabreytingar (stundum subito) skiluðu sér vel sem og áleiði niðurlag þáttarins. Einföld en gripandi laglína annars þáttar (Adagio – Più lento) var fallega mótuð, fyrst af klarínettinu en svo ítrekuð af röddum strengjanna. Kafinn var uppfullur af dulúð og flutningur var einkar músíkalskur. Þannig drógu Kordo-kvartettinn og Arngunnur upp „myndir“ sem voru í senn flurðarmiklar en um leið með fívd hryggju yfirbragði. Ég get eiginlega ekki hrósað flutningi þessa þáttar of mikið og skil vel að hann hafi verið klappaður upp við frumflutninginn. Þá tók við léttleikandi þriðji þátturinn (Andantino – Presto non assai, ma con sentimento) með samhentum leik og svo lokabætturinn (Con moto) sem var fallega leikinn; allar innkomur voru samhentar og frasering eiginlega eins og hún gerist best. Eins og í verki Schumanns voru allar hraðabreytingar (rubato) sannferandi og vel útfærðar. Raddskrá Brahms er býsna nákvæm þegar kemur að fyriræluum um túlkun og þeim fylgdu Kordo-kvartettinn og Arngunnur vel. Flutningurinn var því fyrsta flokks, blæbrigðaríkur og mjög músíkalskur.

Það er mikilvægt fyrir hljóðfæraleikara, ekki síst fyrir þá sem leika í stærri hljómsveitum, að leika kammertónlist. Flutningur hennar er alltaf vandasamur, enda hver og einn hljóðfæraleikari ábyrgur fyrir sínum parti og það þarf því hugrekki til þess að leika tónlist af þessu tagi. Ég er hins vegar sannfærður um að reglulegur flutningur á kammertónlist gerir hljóðfæraleikara betri, enda læra þeir ekki síst að hlusta, ekki síður enn að leika, þegar slíki tónlist er fyrir að fara. Þessu skilaði Kordo-kvartettinn (Vera Panitch, Páll Palomares, Þórarinn Már Baldursson og Hrafnkell Orri Egilsson) og Arngunnur Árnadóttir vel, ekki síst í flutningunum á Brahms.

Með þessum tónleikum í Norðurljósum Hörpu lauk yfirstandandi starfsári Kammermúsíklúbsins. Dagskrá næsta starfsárs (2024-2025) liggur að mestu fyrir en það eru blíkur á lofti í starfsemi klúbbsins. Fer þar saman að erfiðlega hefur gengið að afla styrkja til starfseminnar og félögum í Kammermúsíklúbbnum fer fækkandi. Útlit er því fyrir að næsta starfsár, sem verður hið 68. í samfelldri sögu klúbbsins, verði það síðasta sem hann starfar. Illt er af því að vita og það yrði mikill skaði fyrir íslenskt tónlistarlíf ef starfsemi klúbbsins legðist af og það má bara ekki gerast.



## ÖKULAND

### Endurmenntun atvinnubílstjóra á íslensku

Netnámskeið - Hvenær sem er



Nánari upplýsingar: [www.okuland.is](http://www.okuland.is)



# Tilnefningar Hagþenkis 2023

- Viðurkenningin veitt fyrir fræðirit, námsgögn eða aðra miðlun fræðilegs efnis til almennings
- Verðlaunin nema 1.250.000 krónum ● Afhent í mars ● Viðurkenningin veitt frá árinu 1986

Tilkynnt var í gær hvaða tíu bækur eru tilnefndar til Viðurkenningar Hagþenkis, félags höfunda fræðirita og kennslugagna, fyrir útgáfuárið 2023. Viðurkenning Hagþenkis verður veitt við hátíðlega athöfn í Þjóðarbóklöðunni í mars og felst í sérstöku viðurkenningarskjali og 1.250.000 króna verðlaunafé.

## Viðurkenningarráð Hagþenkis skipað fimm félagsmönnum

Hagþenkir hefur frá árinu 1986 veitt viðurkenningu fyrir fræðirit, námsgögn eða aðra miðlun fræðilegs efnis til almennings. Árið 2006 var tekin upp sú nýbreytni að tilnefna tíu höfunda og bækur er til greina kæmu. Viðurkenningarráð Hagþenkis, skipað fimm félagsmönnum, stendur að valinu, en það hóf störf um miðjan október og fundaði vikulega fram yfir miðjan janúar.

Viðurkenningarráð Hagþenkis er skipað fimm félagsmönnum til tveggja ára í senn og í því eru fyrir útgáfuárið 2023: Ársæll Már Arnarson, Halldóra Jónsdóttir, Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, Sigurður Sveinn Snorrason og Unnur Þóra Jökulsdóttir en Friðbjörg Ingimarsdóttir framkvæmdastýra Hagþenkis sér um verkstjórn ráðsins. Þess má geta að laugardaginn 24. febrúar milli kl. 13 og 15 munu tilnefndir höfundar kynna ritin á Reykjavíkurtogi Borgarbókasafnsins í Grófinni.

## Fjölbreyttar bækur

Eftirfarandi höfundar og bækur eru tilnefnd í stafrófsröð höfunda. Með fylgir umsögn viðurkenningarráðsins:

Bára Baldursdóttir fyrir *Kynlegt stríð - Astandið í nýju ljósi* sem Bjartur gefur út. „Merkileg greining á skjaldasöfnun frá síðari heimsstyrjöld sem nýverið voru gerð aðgengileg. Höfundur afhjúpar skipulagðar njósnir hins opinbera um konur sem höfðu samneyti við hermenn.“

Gunnar Skarphéðinsson fyrir *Dróttkvæði - Sýnisbók* sem Skrudda gefur út. „Mikilvægt og einkar læsilegt safnrit um dróttkvæði með



Morgunblaðið/Árni Sæberg

**Framúrskarandi Höfundar þeirra tíu framúrskarandi rita sem tilnefnd eru til viðurkenningar Hagþenkis þetta árið. Viðurkenningin verður veitt í mars.**

greinargöðum útskýringum sem auðvelda lesendum nútímans að skilja bakgrunn og sögulegt samhengi þessarar bókmenntagreinar.“

Haraldur Sigurðsson fyrir *Samfélag eftir máli - Bæjarskipulag á Íslandi og fræðin um hið byggða umhverfi* sem Sögufélag gefur út. „Stórvirki um sögu skipulags og hönnunar byggðar á Íslandi, og á erindi við bæði lærða og leika. Höfundur byggir á gríðarmiklu magni heimilda sem hann greinir og setur í stærra samhengi.“

Helgi Máni Sigurðsson fyrir *Fornbátar á Íslandi - Sjómennirnir og saga þeirra* sem Skrudda gefur út. „Fróðleg kynning á bátasmíði og sjósókn í öllum landshlutum frá miðri

19. öld fram til 1950. Bókin byggist á heimildum um báta, eigendur þeirra og smíði. Hún er prýdd fjölda ljósmynda og teikninga.“

Kristín Loftsdóttir fyrir *Andlit til sýnis* sem Sögufélag gefur út. „Vandað verk um tilurð og sögu safna á tímum nýlenduvæðingar og kynþáttahyggju. Höfundur rekur slóð forvitnilegra safngripa og miðlar rannsókn sinni á myndrænan og persónulegan hátt.“

Lilja Árnadóttir og Mördur Árnason (ritstjórar) fyrir *Með verkum handanna - Íslenskur refilsaumur fyrri alda* sem Þjóðminjasafn Íslands gefur út. „Óvenju glæsilegt verk sem kynnir stórkostleg textilverk sem unnin voru á Íslandi fyrir á öldum

og skipa sess í alþjóðlegu samhengi. Byggist á viðamiklum rannsóknum Elsu E. Guðjónsson.“

Ólafur Gestur Arnalds fyrir *Mold ert þú - Jarðvegur og íslensk náttúra* sem Iðnú gefur út. „Stórvirki á sviði náttúru- og umhverfisfræði með áherslu á sérstöðu íslensks jarðvegs. Fjallað er ytarlega um mikilvægi moldarinnar í vistkerfum þurrlandis með ríkulegum gögnum og myndefni.“

Ólafur Engilbertsson (ritstjóri) fyrir *Steyptir draumar - Líf og list Samúels Jónssonar* sem Sögumiðlun gefur út. „Mikilvæg útgáfa um líf og list merkilegs utangarðslistamanns og endurreisn einstakrar arfleifðar. Líflegt myndefni og vandaður texti.“

Sveinn Einarsson fyrir *Leikmenntir - Um að nálgast það sem mann langar að segja í leikhúsi* sem Hið íslenska bókmenntafélag gefur út. „Leikhússaga síðustu aldar er rauður þráður bókarinnar sem fjallar um form, stíl, orðfæri og fleira tengt leiksviðinu. Verkið er mikilvæg viðbót við sögu íslenskrar leiklistar, og lýsir vel þeim galdri sem gerist þegar sýningar eru settar upp.“

Þórgunnur Snædal fyrir *Rúnir á Íslandi* sem Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum gefur út. „Ýtarlegt og aðgengilegt yfirlitsrit um íslenska rúnasögu, sem varpar ljósi á hefð sem hélt frá landnámi til okkar daga. Afrakstur áratuga-langra rannsókna höfundarins.“

## Red Barnett heldur útgáfutónleika



Haraldur V. Sveinbjörnsson

Hljómsveitin Red Barnett blæs til tónleika í Bæjarbíói í kvöld kl. 20. Önnur hljómplata hennar, *Astronauts*, kom út 2020 í miðjum faraldri og því var ekki haldið almennilega upp á útgáfuna. Lagið „Astronaut“ var valið lag ársins í opnum flokki á Íslensku tónlistarverðlauninum 2021. Ný þröngskífa er síðan komin út og því mun hljómveitin nú halda tvöfalda útgáfutónleika. Red Barnett skipa Haraldur V. Sveinbjörnsson, Ásgeir Ásgeirsson, Sváfnir Sigurðarson, Diddi Guðnason, Finnur Beck og Hannes Friðbjarnarson.

## Leikur fiðlukonsert með Sinfó í kvöld



Vadim Gluzman

Vadim Gluzman leikur einleik í Fiðlukonsert í e-moll eftir Felix Mendelssohn á tónleikum Sinfóníuhljómveitar Íslands í Eldborg Hörfu í kvöld kl. 19.30 undir stjórn

Ludovics Morlot.

Á efnisskránni eru einnig Sinfónía nr. 3 eftir Charles Ives, Entr'acte eftir Caroline Shaw og Sinfónía nr. 8 eftir Ludwig van Beethoven. Í kynningu frá sveitini kemur fram að Gluzman sé „meðal fremstu fiðluleikara samtímans og þekktur fyrir túlkun sína á verkum frá gullöld fiðlubókmenntanna“.

## Ert þú að stinga af í sólina ?

### Ný sending af sundfötum í stærðum 42-58

Skoðaðu úrvalið eða pantaðu í netverslun [www.curvy.is](http://www.curvy.is)

Opið í verslun Curvy við Grensásveg

Alla virka daga frá kl. 11-18

og laugardaga frá kl. 11-16

Curvy



Bikini Toppur  
10.990 kr  
Bikini Buxur  
8.990 kr



Zizzi Tankini Toppur  
11.990 kr



Zizzi Dior Sundbolur  
14.990 kr



## LEITAÐ ER AÐ VERKUM

eftir Kristján H. Magnússon listmálara (1903-1937) vegna væntanlegrar bókar um ævi hans og feril. Þeir sem eiga verk eða efni sem hefur heilmildagildi um listamanninn eru beðnir að hafa samband.

Upplýsingar berist Raket Olsen, ro@agustsson.is



## Talið niður að dauða

## BÆKUR

EINAR FALUR  
INGÓLFSSON

Skáldsaga

Blómadalur ★★★★★

Eftir Niviaq Korneliusen.  
Heiðrún Ólafsdóttir þýddi.  
Sæmundur, 2023. Mjúkspjalda, 278 bls.

Blómadalurinn er upp af bænum Tasiilaq á austurströnd Grænlands og unga konan sem segir þessa samnefndu sögu gengur þangað einn daginn, framhjá gjammandi sleðahundum og krunkandi hröfnunum, að vitja leiðis unglingsstúlku sem hefur nýlega svipt sig lífi. Ungu konan er í Tasiilaq með kærustu sinni, sem er frænka hinnar látnu, og þrátt fyrir að það sé hávetur og snjór í Blómadalnum eru litfögur en jafnframt nóturleg og fólks plast-

blóm á leiðunum í kirkjugarðinum. Konan sér að það eru engin nöfn á gröfunum, bara númer, og hún samsamar sig með hinum látnu: „Hvað heiti ég? Ég er nafnlaus, ég er bara númer.“ Og í þessari athyglisverðu og grípandi frásögn, sem hverfist að miklu leyti um dauða ungra Grænlandinga sem svipta sig lífi – en Grænland er með langhæstu tíðni sjálfsvíga í Evrópu – er tilvera ungu konunnar að veikjast, efasemdir um tilgang lífsins og myrkar hugsanir sækja að. Skyldi hennar bóða eitthvað annað en að vera bara tala í enn einni skýrslunni? Og alls kyns forboðar um ill örlog birtast.

Niviaq Korneliusen var rétt rúmlega þrítug þegar hún hlaut Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs 2021 fyrir *Blómadalur*. Í umsögn dómnefndarinnar segir að frásögnin sé „falleg en um leið sársaukafull og óvæginn.“ Áður hafði Korneliusen sent frá sér skáldsöguna *Homo sapienne* (2014), sem vakti strax athygli á höfundinum, fyrir samtímalegan frásagnarháttinn og umfjöllunarefnið, en sagan fjallar



Ljósmynd/Norden.org, Magnus Fröderberg

um fimm grænensk ungmenni og er samkynhneigð mikilvægur þáttur frásagnarinnar. Korneliusen, sem er samkynhneigð, hefur sagt að hún hafi aldrei séð skrifað um slíkan veruleika í grænenskum skáldskap og fannst mikilvægt að einhver tæki af skarið.

Ástir samkynhneigðra eru einnig fyrir miðju í *Blómadalur*. Ungu konan sem segir frá er í upphafi afar ástfangin af Maliinu, sem hefur lokið námi og er í góðri vinnu í Nuuk, þar sem þær búa. Lesendur kynnst fjölskyldu ungu konunnar, sem enn býr í föðurhúsum, en söknuður eftir ömmu sem er látin og skólasystkinum sem hafa fallið fyrir eigin hendi litar strax frásögnina. Ungu konan er á krossgötum og heldur til Danmerkur í háskólanám en þó aðeins með hálfum huga, hún saknar kærustunnar og samlagast illa lífinu með dönsk-

um skólasystkinum. Vanlíðan hennar eykst, samhliða því sem hugsanir um dauðann og sjálfsvíg yfirgefa hana ekki; þegar frænka kærustunnar sviptir sig lífi fær ungu konan styrk til að fljúga heim til Grænlands að fara með kærustunni til Tasiilaq, að syrgja með ættingjum. En brestur er kominn í sambandið og undirstöður lífsins molna hjá enn einum unga Grænlandingi, með hörmulegum afleiðingum. Flestu unga fólkinu þar í landi virðist líða illa, á einn hátt eða annan, en samfélagið er í engan stakk búið til að veita þann stuðning sem þarf, þótt með því mætti bjarga mörgum.

Bygging *Blómadalur* er hreint afbragð, hvernig sjónarhorn frásagnarinnar er smám saman þrengt, þar til lesandinn er kominn með ungu konunni í skelfilegt öngstræti. Sagan er í þremur hlutum, sá fyrsti

er „Þau“ og þar er heimsmýndin víð, sögusviðið er samfélagið og fjölskyldan sem sögukonan hrærist innan; annar hluti er „Pú“, með allt að því þráhyggjukenndri ástríðu ungu konunnar fyrir kærustunni; og lokahlutinn er „Ég“, þar sem sjónir beinast sífellt meira inn í hugann og tilveruna sem konan unga missir tókin á. Og 45 kaflar bókarnar haldast með áhrifaríkum hætti í hendur við söguhlutana þrjá því þeir eru taldir niður og hafa allir í fyrsta hlutanum heiti sem tengjast dauða. Sá fyrsti, eða 45., er „Kona. 38 ára. Hengdi sig.“ Þá kemur kafli 44: Karlmaður. 19 ára. Skaut sig,“ og svo framvegis, allt fréttir sem sögukonan er að lesa og kynna sér eða þekkir til. Í seinni hlutunum tveimur eru kaflaheitin lengri og lýsa minningum og upplifunum sem eru margir sem váboðar, því þessi aðferð

við bygginguna gerir lesandanum fljótlega ljóst að niðurstaðan í síðasta kaflanum, kafla 1, getur aðeins verið ein.

Þrátt fyrir að umfjöllunarefni *Blómadalur* sé æði myrkt og átakanlegt er sagan mjög lipurlega og hressilega skrifuð og litar kolsvört kímni frásögnina með vel lukkuðum hætti. Margt er fallegt, eins og opinskáar lýsingar á ástarlífi og svo náttúrunni, sem höfundi tekst mjög vel að lýsa út frá sjónarhorni ungs fólks sem elst upp í gjörbreyttri grænenskri menningu. Hvörfun um miðja sögu, þegar harður árekstur verður í sambandi ungu konunnar og Maliinu, eru nokkuð brött og frásagnarflæðið höktir þá svoltið, en svo eykst hraðinn og þessari athyglisverðu rithöfundar lýkur með harkalegum hætti.

HÓTELREKSTUR OG HEIMILI

Sérhönnuð bambuslök, bambus-sængurver, bambushandklæði og bambussloppar

fyrir Hótelrekstur og heimili fyrir fullorðna og börn

Þú átt bara það besta skilið

Bambus hefur þann eiginleika að vera bakteríudrepandi, án allra ofnæmisvaldandi efna, andar vel og er silkimjúkur.

Hátúni 6a, 105 Reykjavík | Sími 822 1574 | hotelrekstur.is | Opið alla virka daga kl. 12-17

## Eldarnir fá góða dóma í Frakklandi

Skáldsögu Sigríðar Hagalín, *Eldunum*, hefur verið vel tekið af frönskum gagnrýndum, en verkið kom út í franski þýðingu nýverið. Umboðsskrifstofa Sigríðar erlendis, Copenhagen Literary Agency, greindi frá þessu á Instagram-síðu sinni.

Franska dagblaðið *Le Temps* kallar verkið, sem á frönsku nefnist *Éruptions, amour et autres cataclysmes* og er í þýðingu Éric Bory, „bókmenntalegan gimstein“ og rýnir sunnudagsblaðs *La Tribune* segir dirfsku bókarnar liggja í kæfandi endalokunum.

„Áhrifamikil frásögn,“ segir tímaritið *Marianne* en í tímaritinu *Elle* er skáldsagan sögð ótrúleg og stórkostleg. „Eldgosið verður að persónulegum umbrotum sem höfundurinn kryfur vandlega,“ er þar skrifað. Sagan



Morgunblaðið/Hari

Skáld í franska dagblaðinu *Le Temps* er verk Sigríðar sagt gimstein.

er sögð uppfyll af vendingum, sem og fróðlegum lýsingum á íslenskrí náttúru.

Í færslu Copenhagen Literary Agency kemur einnig fram að út-gáfuréturinn hafi verið seldur til átta landa og að sala kvikmyndaréttarins sé í ferli.

## Nýstofnað blúsband á Jazz í Djúpinu



María Magnúsdóttir

James, Beth Hart og Tom Waits.

Tónleikaröðin Jazz í Djúpinu fer fram á fimmtudagskvöldum vorið 2024. Djúpið er kjallarinn á veitingastaðnum Horninu, Hafnarstræti 15.





# Taktu Osprey með í ferðalagið



Stingum af ...

Rolling Transporter  
40/120L



**30%**  
AFSLÁTTUR

Gildir til og með  
10. febrúar

Daylite Wheeled Duffel  
40/85 L



Skipulagspokar og  
snyrtitöskur fyrir ferðalagið



Transporter Duffel  
40/65/95/120L



**ELLINGSEN**

Fiskislóð 1  
Reykjavík  
s. 580 8500

Hvannavellir 14  
Akureyri  
s. 580 8500

**GG SPORT**

Smiðjuvegur 8  
Kópavogur  
s. 571 1020

**TC & H** TÖSKU- &  
HANSKABÚÐIN

Laugavegur 103, við Hlemm  
Reykjavík  
s. 551 5814



RÚV

- 13.00 Fréttir með táknmáls-túlkun
- 13.25 Heimaleikfimi
- 13.35 Kastljós
- 14.00 Á tali hjá Hemma Gunn 1991-1992
- 14.50 Orðbragð
- 15.15 Örlagaárin
- 15.40 Venjulegt brjálaði
- 16.20 Faðir, móðir og börn
- 16.50 Manndómsár Mikkos - Fjórða þrautin
- 17.20 Landinn
- 17.50 Bækur og staðir
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Lesið í líkamann
- 18.29 Maturinn minn
- 18.40 Nei sko!
- 18.41 Tilraunastund
- 18.45 Krakkafréttir með táknmáls-túlkun
- 18.50 Vika 6
- 18.52 Lag dagsins
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Gettu Betur
- 21.15 Perlur byggingarlistar
- 21.25 Okkar á milli
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Lögregluvaktin
- 23.05 Dansmeyjar
- 23.45 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

- 12.00 Heartland
- 12.45 Love Island: All Stars
- 13.45 The Block
- 14.45 Survivor
- 17.35 Everybody Hates Chris
- 18.00 The King of Queens
- 18.25 Love Island: All Stars
- 19.25 Selfoss - FH BEINT
- 21.00 Punktalínan
- 21.15 Law and Order: Organized Crime
- 22.05 Rabbit Hole
- 22.50 Walker
- 23.35 The Good Wife
- 00.20 NCIS: Los Angeles
- 01.05 Venjulegt fólk

Skjár 1

- 17.00 Fórnfús ást
- 19.00 Gull
- 21.00 Helkeyrslan
- 23.00 Svarta Emanuelle



mbl.is  
Sjónvarp

Ljósavakinn Kolbrún Bergþórsdóttir

## Umræður um það sem enginn veit

Breskar fréttasjónvarpsstöðvar voru snöggar að bregðast við fréttum um að Karl Bretakonungur væri með krabbamein. Hver álitsgjafinn á fætur öðrum var kallaður til, einnig sérfræðingar í málefnum konungsfjölskyldunnar og sömuleiðis herskari lækna. Enginn vissi hvers lags krabbamein væri að hrjá konunginn, hvort það væri alvarlegt eða auðlæknanlegt.

Enginn sem mætti í viðtal við þessar stöðvar vissi hvað væri að gerast. Samt þurfti allt þetta fólk að svara spurningum eins og: „Hvar er líklegt að krabbameinið sé?“ – „Hvernig heldurðu að konungurinn hafi tekið þessum fréttum?“ – „Hvernig heldurðu að honum líði?“

Umræður eins og þessar stóðu yfir í marga klukkutíma. Þótt þær skiluðu engu voru þær alls ekki vont sjónvarpsefni. Bara skrytnar.

Tveimur dögum síðar voru álitsgjafar enn að rýna í málið. Nú var komið nýtt sjónarhorn. Harry, yngri sonur konungs, flaug milli heimsálfa til að hitta föður sinn eftir að hafa ekki séð hann í tæpt ár. Harry fékk einungis 45 mínútna áheyrn hjá konunginum föður sínum. Það var tilefni til ítarlegra vangaveltna fjölmiðla um föður- og sonarkærleika. Þær umræður standa víst enn, enda er málið afar einkennilegt.



AFP/Oli Scarff  
Veikindi Karl konungur er ekki heill heilsu.

Rás 1 92,4 • 93,5

- |                                 |   |
|---------------------------------|---|
| 07.00 Fréttir                   | 14.03 Á tónsviðinu                        |
| 07.30 Fréttayfirlit             | 15.00 Fréttir                             |
| 08.00 Morgunfréttir             | 15.03 Sögur af sjó og landi               |
| 08.30 Fréttayfirlit             | 16.00 Síðdegisfréttir                     |
| 09.00 Fréttir                   | 16.05 Viðsjá                              |
| 09.05 Segðu mér                 | 17.00 Fréttir                             |
| 09.45 Morgunleikfimi            | 17.03 Lestin                              |
| 10.00 Fréttir                   | 18.00 Kvöldfréttir                        |
| 10.03 Veðurfregnir              | 18.10 Spegillinn                          |
| 10.13 Á reki með KK             | 18.30 Þjóðsögukistan                      |
| 11.00 Fréttir                   | 18.50 Veðurfregnir                        |
| 11.03 Mannlegi þátturinn        | 18.53 Dánarfregnir                        |
| 11.57 Dánarfregnir              | 19.00 Sinfóníukvöld: Á leið í tónleikasal |
| 12.00 Fréttir                   | 19.27 Sinfóníutónleikar                   |
| 12.03 Uppástand                 | 22.00 Fréttir                             |
| 12.10 Síðasta lag fyrir fréttir | 22.05 Veðurfregnir                        |
| 12.20 Hádegisfréttir            | 22.10 Lestur Passíusálma                  |
| 12.42 Þetta helst               | 22.15 Á reki með KK                       |
| 13.00 Samfélagið                | 23.05 Lestin                              |
| 14.00 Fréttir                   |   |

Stöð 2

- 08.00 Hvar er best að búa?
- 08.45 Shark Tank
- 09.30 Bold and the Beautiful
- 09.50 Necessary Roughness
- 10.30 Family Law
- 11.15 Um land allt
- 11.45 Dramaheimilið
- 12.15 Neighbours
- 12.40 Lego Masters USA
- 13.20 The Cabins
- 14.05 Leitinn að upprunum
- 14.55 The Masked Singer
- 16.00 Hvar er best að búa?
- 16.40 Friends
- 17.00 Friends
- 17.25 Bold and the Beautiful
- 17.50 Neighbours
- 18.25 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakinn
- 18.55 Island í dag
- 19.10 The Love Triangle
- 20.00 The Kardashians: Billion Dollar Dynasty
- 20.50 Shameless
- 21.45 Shameless
- 22.30 The Graham Norton Show
- 23.30 Friends
- 23.50 Friends
- 00.15 La Brea
- 00.55 Fósturbörn
- 01.15 Fósturbörn
- 01.40 Sneaky Pete
- 02.25 The Tudors
- 03.15 Shark Tank

Omega

- 07.00 Joyce Meyer
- 07.30 Blandað efni
- 08.00 Blessun, bölvun eða tilviljun?
- 08.30 Benny Hinn
- 09.00 Joni og vinir
- 09.30 Máttarstundin
- 10.30 The Way of the Master
- 11.00 United Reykjavík
- 12.00 Í ljósinu
- 13.00 Joyce Meyer
- 13.30 Tónlist
- 14.30 Bill Dunn
- 15.00 Tónlist
- 15.30 Global Answers
- 16.00 Blandað efni
- 16.30 Gegnumbrót
- 17.30 Tónlist
- 18.30 Joel Osteen
- 19.00 Joseph Prince-New Creation Church
- 19.30 Joyce Meyer
- 20.00 Blönduð dagskrá
- 21.00 Blönduð dagskrá
- 22.00 Blönduð dagskrá
- 23.00 Let My People Think



Morgunblaðið/Eggert

## Sigið lambkjöt ekki fyrir pempjur

Tónlistarmaðurinn Jógvan Hansen varði 45 ára afmæli sínu og áramótum á heimaslóðum í Færeyjum. „Ég mæli ekki með þessu, hrikalegt stress. Ég er búinn að heilsa svona þúsund manns í dag,“ grínaðist hann í Island vaknar. Hann sagði Færeyinga ekki jafn sprengjulaða og Íslendinga. Á áramótunum er borðað sigið kjöt, sem hann telur vera best í heimi. „Þetta er úldið lambkjöt. En nú er ég með nokkrar íslenskar pempjur með mér svo að það var ákveðið að vera með hlaðborð af köldum réttum.“ Lestu meira á K100.is.



6 til 10 Ísland vaknar Kristin Sif og Þór Bæring vakna með hlustendum K100 alla virka morgna.

10 til 14 Yngvi Eysteins Skemmtileg tónlist og létt spjall yfir daginn með Yngva.

14 til 16 Ásgeir Páll Fersk og skemmtileg tónlist, létt spjall og leikir ásamt því að fara skemmtilegri leiðina heim með hlustendum síðdegis.

16 til 18 Skemmtilegri leiðin heim Ásgeir Páll og Regina Ósk eða bara Gína og Geiri með hressilegar uppákomur, spjall og tónlist.

18 til 22 Heiðar Austmann Betri blandan af tónlist öll virk kvöld á K100.

7 til 18 Fréttir Auðun Georg og Valtýr Björn flytja fréttir frá ritstjórn Morgunblaðsins og mbl.is á heila tímanum alla virka daga.



## Dagmal

mbl.is/dagmal

Hortu hér




## Skylmingar og skautun í pólitík

Farið er yfir stjórnmálaviðhorfið vítt og breitt, bæði í Reykjavíkurborg og á Alþingi, með Hildi Björnsdóttur, oddvita Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn, og Jóhanni Fríðriki Fríðriksyni þingmanni Framsóknarflokksins.


## Veðrið kl. 12 í dag

Breytileg átt 3-10 m/s og bjart með köflum en stöku él norðvestanlands. Frost 3 til 15 stig, mildast syðst.



Á morgun: Norðaustlæg eða breytileg átt 3-10 m/s. Skýjað og dálítill él en bjart með köflum sunnan heiða. Frost 3 til 15 stig. Á föstudag: Austan 3-10, víða skýjað og þurr að kalla, en hvassara og él við suðurströndina. Dregur úr frosti. Á laugardag: Austan- og norðaustan 5-13, skýjað og sums staðar dálítill él. Yfirleitt bjartara vestanlands. Frost 0 til 12 stig, mildast syðst.

	8. febrúar	Sólarupprás	Sólsetur
REYKJAVÍK	9:52	17:32	
ÍSÁFJÖRÐUR	10:11	17:23	
SIGLUFJÖRÐUR	9:55	17:06	
DJÚPIVOGUR	9:25	16:58	



Byggt á upplýsingum frá Veðurstofu Íslands

Veður víða um heim kl. 18.00 í gær að isl. tíma	°C	Veður
Reykjavík	-4	heitskirt
Sauðanesviti	-3	heitskirt
Litla-Ávík	-1	alskýjað
Egilsstaðir	-4	snjökoma
Keflavíkurlflugv.	-2	heitskirt
Nuuk	-2	snjökoma
Þórshöfn	0	snjökoma
Ósló	-8	alskýjað
Kaupmannahöfn	0	skýjað
Stokkhólmur	-4	léttskýjað
Helsinki	-12	alskýjað
Lúxemborg	8	rigning
Brussel	4	skýjað
Dublin	5	skýjað
Glasgow	3	alskýjað
London	6	alskýjað
Paris	11	súld
Amsterdam	5	heitskirt
Hamborg	3	heitskirt
Berlín	4	heitskirt
Vín	13	heitskirt
Moskva	-6	snjökoma
Algarve	17	léttskýjað
Madrid	11	skýjað
Barcelona	17	heitskirt
Mallorca	17	heitskirt
Róm	14	léttskýjað
Áþena	16	heitskirt
Winnipeg	0	alskýjað
Montreal	-3	alskýjað
New York	5	heitskirt
Chicago	4	alskýjað
Orlando	17	heitskirt

# Við erum Borg



Ingimar Ingimarsson  
Hæstaréttarlögmaður  
ingimar@fastborg.is / S. 519 5500



María Mjöll Guðmundsdóttir  
Löggiltur fasteignasali  
maria@fastborg.is / S. 866 3934

# B O R G

F A S T E I G N A S A L A

Síðumúli 23, 108 Reykjavík | Sími 519 55 00 | fastborg.is






FISKARS®

### SNJÓSKÓFLA

með lengjanlegu skafti úr nýrri X-Series línu Fiskars er með djúpu og breiðu blaði sem hentar bæði til að moka af göngustígum, bílaplönnum, stígum eða bara þar sem þarf að hreinsa snjó. Lengjanlegt skaft gefur notanda kost á að stilla lengd svo skóflan henti þörfum hvers og eins eða hvað hentar við aðstæður hverju sinni.

**6.995**

Vnr. 55622062



# VERUM VIÐBÚIN ÖLLU ÞAÐ ER KULDI Í KORTUNUM



### TJÖRUHREINSIR

í 1l. brúsa með dælu

**1.279**

Vnr. 90503865

### RÚÐUSKAFA

Rúðuskafa með löngu mjúku handfangi. Bæði plast og gúmmiskafa.

**835**

Vnr. 845926947



**1.425**

Vnr. 90503868

### RÚÐUVÖKVI

Rúðuvökvi í 4 lítra brúsa. Rúðuvökvi hindrar ísmyndun í rúðusprautukerfum. Fjarlægir óhreinindi, ís og hrím af bílrúðum. Notist óblandaður. Má blanda með vatni ef frostlaust er. Innihald <5%: ilmefni, litarefni.

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eda myndabrengl.

## VERSLUN BREIDD LAGERHREINSUN

### KOMDU OG GRAMSAÐU

Vörur sem hætta í sölu, ósóttar sérpantanir, útlitsgallaðar vörur: ljós, blöndunartæki, verkfæri, smávara, baðkör, sturtugler, handlaugar, sturtubotnar, parket, flísar, vaskar og margt fleira!

**BYKO**

GERUM ÞETTA SAMAN



## Fínt að vera í slorinu

- Páll Önundarson þekkir vel vegi og vegleysur fyrir vestan
- Flateyringurinn byrjaði í vörubílaharki fyrir ríflega hálfri öld

Steinþór Guðbjartsson  
steinthor@mbl.is

Flateyringurinn Páll Önundarson byrjaði að vinna fyrir sér með vörubílaakstri fyrir hálfri öld og hefur lengi verið bílstjóri á flutningabíl fyrir vestan. „Ég stofnaði fyrirtækið Önnu ehf. 2003 og er með tvo bíla í rekstri en áður rak ég mig á eigin kennitölu,“ segir hann. Páll er auk þess áhugljósmyndari og birtir reglulega myndir á vef sínum (pallio.net).

Eftir að hafa tekið meiraprófið 1972 hellti Páll Önnu, eins og hann er kallaður, sér í vörubílaharki. „Ég var í því í nokkur ár, mokaði síðan snjó fyrir Vegagerðina í 12 ár og frá því að vinna á vörubílum snarminkaði hef ég starfað fyrir fiskþurrkunarfyrirtækið Klofning ehf. á Suðureyri, hef flutt hausa og bein fyrir það frá stofnun þess 1997.“

Palli býr á Flateyri og safnar saman hausum og beinum hjá fiskvinnslufyrirtækjum á Flateyri og Ísafirði, í Bolungarvík og Súðavík og á Dranganesi og Suðureyri. Klofningur þurrkar hráefnið og selur það síðan til Nígeríu. „Ýmislegt annað er gert hjá Klofningi, en ég er bara í slorinu og það er fínt.“

### Allra veðra von

Engum dylst að færð getur verið erfið fyrir vestan á veturna en Páll er öllu vanur og tekur því sem að höndum ber. „Þegar þú fæðist á svona stað og elst upp við veðrið læturðu það ekki þirra þig.“ Stundum hafi liðið fimm til sex mánuðir án þess að fært hafi verið frá Flateyri á Ísafjörð á árum áður. „Þá var ekki bara snjór heldur skaflar og ekkert mokað, en nú eru breyttir tímar, sem betur fer, og mikil bylting var þegar jarðgöngin undir Breiðdalsheiði voru opnuð 1996.“

Palli var með fyrstu vörubílstjórum til að ryðja vegi fyrir vestan fyrir Vegagerðina. „Það gekk á ýmsu,“ segir hann. Hann hafi verið sendur upp á Breiðdalsheiði og snjóflóð fallið fyrir framan og aftan bílinn. „Þá var bara spurt hvort ég gæti ekki bjargað þessu.“ Allt hafi verið gert til að halda veginum opnum en þegar maður hafi farið niður með vinnuvél sinni og látist hafi Vegagerðin breytt vinnufyrirkomulaginu. „Þá átti



Nýjasti bíllinn Páll Önundarson fékk nýjan bíl í vetur. Börnin hans, Halldór Gunnar, Hákon Þór og Birna Dröfn, tóku á móti bílnum með honum.



Verkefni Páll byrjaði í vörubílaharkinu fyrir ríflega hálfri öld.

maður að hringja í vaktmanninn á Ísafirði og halda línunni opinni svo að hann gæti heyrð óskrin ef maður færi niður. Sem betur fer reyndi ekki á það.“ Verkstjóri í Önundarfirði hafi hins vegar fylgst með hverju spori. „Hann hringdi á tíu mínútna eða korters fresti, þegar maður var á snjóflóðahættusvæði, til að athuga hvort ekki væri allt í lagi. Hann bað menn um að fara ekki út í eitthvað sem hann færi ekki út í sjálfur.“

Fiskvinnslan gengur út á það að fiskurinn sé sóttur daglega og Páll segir að það gangi nánast alltaf eftir. „Ef vegurinn er lokaður og algjört skítaveður er yfirleitt ekki farið af stað. Það gerist sjaldan.“

Palli kann vel við að vinna einn. „Enginn tuðar í mér. Ég er með fína farþega, enda eru þeir steindauðir. Ég er með nýlega bíla og það er lúxus að keyra þá. Ég dröslast inn og þarf svo bara að halda um stýrið.“

### ÍÞRÓTTIR




### „Þetta var rétti tímunkturinn“

Gísli Eyjólfsson er farinn frá Breiðabliki eftir að hafa leikið nær samfleytt með félaginu frá fimm ára aldri og hefur nýjan feril sem atvinnumaður í knattspyrnu í Halmstad í Svíþjóð. „Þetta var rétti tímunkturinn til að prófa eitthvað nýtt,“ segir Gísli. » 62

### MENNING

#### Málþing um myndlæsi í dag kl. 15

Í tilefni af útgáfu bókarinnar Sjónarafnir Listasafn Íslands til málþings undir yfirskriftinni „Að horfa á listaverk“ í Safnahúsinu í dag kl. 15-17. Þar flytja erindi Ragnheiður Vignisdóttir fræðslustjóri safnsins; Marta María Jónsdóttir, myndlistarmaður og safnkennari; Ýr Káradóttir, sérfræðingur í kennslufræðum með áherslu á sjónræna ígrundun; Ingimar Ólafsson Waage, myndlistarmaður og lektor við listkennsludeild LÍ, og franskri listfræðingurinn Françoise Barbe-Gall, sem flytur erindi sitt á ensku. Samkvæmt upplýsingum frá safninu er Barbe-Gall höfundur fjölda bóka sem fjalla um myndlæsi og hvernig eigi að horfa á listaverk, til að njóta þeirra á eigin forsendum og öðlast um leið dýpri skilning á listaverkum. Bækur hennar hafa verið þýddar á fjölmörg tungumál. Hún stýrir reglulega fyrirlesturum og fræðsluerindum um myndlist við góðar viðtökur.



## Útsölulok

Lýkur um helgina



allt að  
**60%**  
afsláttur



Skannaðu  
og skoðaðu



Verð og vöruupplýsingar í auglýsingu eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

HÚSGAGNA  
HÖLLIN

Reykjavík · Akureyri · Ísafjörður



Í lausasölu 919 kr.  
Áskrift 9.965 kr. Helgaráskrift 6.248 kr.  
PDF á mbl.is 8.705 kr. iPad-áskrift 8.705 kr.

Sími 569 1100  
Ritstjórn frettir@mbl.is Auglýsingar augl@mbl.is  
Áskrift askrift@mbl.is mbl.is/frettir@mbl.is



# Atvinnublaðið

Morgunblaðið [mbl.is](http://mbl.is) FINNA Q

[atvinna@mbl.is](mailto:atvinna@mbl.is) • Sölufulltrúi • Berglind Guðrún Bergmann, [berglindb@mbl.is](mailto:berglindb@mbl.is), 569 1246

#FrúForseti



## Samskiptaskapari óskast til Sigurvegferðar

Tengir þú við eftirfarandi:

- Kraft og taktfestu í verkefnum
- Sköpunargleði
- Óttaleysi eða Hugrekki
- Lýðræði, Tjáningarfrelsi, Jafnræði
- Mildri og Styrk

Þá gætum við átt samleið. Það er kostur ef þú hefur í farteskinu:

- Framúrskarandi viðhorf með kímnblik í auga
- Einstaka lipurð í textagerð á íslensku sem ensku (ekki GPT-4)
- Haldbært tengslanet sem hæfir verkefninu eða fær um að skapa það hratt
- Grjót í maganum sem haggast ekki þó öldugangur aukist um stundarsakir

Landsleikurinn er hafinn. Þú kemur inn á í næstu sókn, tekur boltann á lofti með annarri hendi, skoppar ekki oftar en tvisvar í gólfi, tekur hraðahlaup fram og – skorar. Áfram Ísland!

Kærleikskveðjur, Sigríður Hrund

Umsækjendur vinsamlega finnið heppilegustu leiðina til að hafa samband sem fyrst og fyrir 10. febrúar nk.



[www.sigridurhrund.is](http://www.sigridurhrund.is)

## RÁÐGJÖF

Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs.

## RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill að árangri allra fyrirtækja.

## RANNSÓKNIR

Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari



Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og viðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

intellecta

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 [intellecta.is](http://intellecta.is)



## Deildarstjóri fræðslu- og uppeldismála

Vestmannaeyjabær leitar að metnaðarfullum leiðtoga í stöðu deildarstjóra fræðslu- og uppeldismála. Við leitum að aðila sem hefur brennandi áhuga á málaflokki fræðslu- og uppeldismála og hefur bæði menntun og reynslu sem nýtast til þess að skapa framtíðarsýn sem snýr að þeirri vegferð.

Starfið felur í sér yfirumsjón, í umboði framkvæmdastjóra fjölskyldu- og fræðslusviðs, með framkvæmd laga um fræðslu- og uppeldismál sem og önnur verkefni sem tilheyra fræðslu- og uppeldismálum og sveitarstjórn hefur samþykkt.

### Helstu verkefni og ábyrgðarsvið

- Fagleg forysta og að móta framtíðarsýn í samræmi við skólustefnu sveitarfélagsins, aðalnámskrá leik- og grunnskóla, lög um leik- og grunnskóla, skólaþjónustu, lög um farsæld barna og önnur lög sem tengjast fræðslu- og uppeldismálum
- Gerð fjárhags- og starfsáætlana og eftirlit með framkvæmd þeirra
- Gerð ársskýrslna um starfsemi þeirra verkefna sem heyra undir fræðslu- og uppeldismál
- Umsjón og eftirlit með framkvæmd fræðslu- og uppeldismála þ.m.t. leik- og grunnskóla, tónlistarskóla, lengdri viðveru og daggæslu
- Umsjón með skólaþjónustu
- Ráðgjöf í barnaverndarmálum í samstarfi við barnaverndarþjónustu

### Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi og haldbær starfsreynsla á sviði fræðslu- og uppeldismála
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar og/eða uppeldis-, kennslu- og menntunarfræða er kostur
- Reynsla af stjórnun og rekstri æskileg
- Þekking á sviði leik- og grunnskóla
- Góð samskiptafærni ásamt skipulags- og leiðtogahæfni
- Brennandi áhugi á fræðslu- og uppeldismálum
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð tölvukunnátta



Með umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá með nöfnum tveggja umsagnaraðila. Einnig skal fylgja greinargerð með rökstuðningi um hæfni í starfið, leyfisbréf til kennslu og staðfesting á viðbótarnámi sé það til staðar. Þeir aðilar sem eru ráðnir á fjölskyldu- og fræðslusvið Vestmannaeyjabæjar þurfa að veita heimild svo hægt sé að leita upplýsinga úr sakaskrá hjá Ríkissaksóknara.

Umsóknarfrestur fyrir starfið er til og með **20. febrúar nk.**

Nánari upplýsingar veita: Jón Pétursson, framkvæmdastjóri fjölskyldu- og fræðslusviðs Vestmannaeyjabæjar, [jonp@vestmannaeyjar.is](mailto:jonp@vestmannaeyjar.is) og Geirlaug Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Hagvangs, [geirlaug@hagvangur.is](mailto:geirlaug@hagvangur.is)

Vestmannaeyjabær hvetur öll áhugasöm til að sækja um starfið óháð kyni. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.



Sótt er um starfið á [hagvangur.is](https://hagvangur.is)

# Við leiðum fólk saman





# Byggingarfulltrúi / Faglegur leiðtogi framkvæmda og eignaumsýslu



Leitað er að kraftmiklum byggingarfulltrúa fyrir Sveitarfélagið Stykkishólm til að halda utan um byggingarmál og verklegar framkvæmdir. Viðkomandi mun jafnframt sinna starfi byggingarfulltrúa hjá sveitarfélaginu Eyja- og Miklaholtshreppi í gegnum þjónustusamning við Sveitarfélagið Stykkishólm. Starf byggingarfulltrúa er lögbundið, sbr. 8. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010.

Hlutverk hans er að veita embættinu faglega forystu og móta framtíðarstefnu innan ramma laga og reglugerða ásamt því að hafa eftirlit og eftirfylgni með að lögum um mannvirki og byggingarmál sé framfylgt. Byggingarfulltrúi heyrir undir bæjarstjóra Stykkishólms. Hjá sveitarfélögunum er lögd áhersla faglegt starf og þróun, öflugt samstarf og góða þjónustu.

Byggingarfulltrúi starfar náið með bæjarstjóra og skipulagsfulltrúa og er næsti yfirmaður forstöðumanns eigna og verkefnastjóra framkvæmda og eigna skv. nýju skipulagi sveitarfélagsins. Starfsaðstaða er í Ráðhúsi Stykkishólms.

Með umsókn skal fylgja greinargóð starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanevndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 22. febrúar 2024. Eingöngu er hægt að sækja um starfið í gegnum ráðningarvefinn Alfred.is.

#### Nánari upplýsingar um starfið veitir:

Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson, bæjarstjóri, jakob@stykkisholmur.is S: 433 8100.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

#### Helstu verkefni og ábyrgð

- Leiða faglega þróun og stefnumótun í byggingarmálum og verklegum framkvæmdum
- Umsjón með byggingarmálum og eftirlit með mannvirkjagerð, þ.m.t. útgáfa byggingarleyfa, áætlanagerð, eftirfylgni, mælingar og úttektir
- Ber ábyrgð á og leiðir undirbúning og eftirlit með verklegum framkvæmdum í sveitarfélaginu
- Ber ábyrgð á rekstri eignasjóðs og áhaldahúss
- Ber ábyrgð á að viðhaldi eigna, s.s. húseigna og hafnarmannvirkja sveitarfélagsins
- Umsjón með skráningu mannvirkja, úttekta, staðfestingu eignaskiptayfirlýsinga, gjaldtöku, skráningu, varðveislu og miðlun upplýsinga um mannvirki
- Samstarf við aðila utan og innan stjórnarsýslunnar sem sinna verkefnum á sviði byggingarmála
- Undirbúningur og eftirfylgni afgangslufunda byggingarfulltrúa
- Önnur verkefni sem viðkomandi er falið hverju sinni og undir embættið heyrir

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði byggingarmála sbr. 8. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 eða getur aflað réttinda innan 6 mánaða
- Stjórnunarhæfileikar og leiðtogafærni
- Þekking og reynsla á sviði byggingarmála, úttektum og mælingum er æskileg
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Fagmennska, samvirkusemi og einlægur áhugi á málefnaviðinu
- Góð íslenskukunnátta í ræðu og riti
- Góð almenn tölvukunnátta

Sveitarfélagið Stykkishólmur er á norðanverðu Snæfellsnesi og dregur nafn sitt af þéttbýlinu Stykkishólmi sem stendur við Breiðafjörð og er rómað fyrir einstaklega fallegt bæjarstæði. Um 1.330 manns búa í sveitarfélaginu sem er innan við tveggja klukkustunda akstursfjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu. Þjónustustig er gott í Stykkishólmi og státar bæjarfélagið af ríkulegu íþrótt- og tómstundastarfi fyrir fólk á öllum aldri og rótgrónum mennta- og menningarstofnunum. Alla helstu grunnþjónustu er að finna á svæðinu, m.a. leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og framhaldsskóla, öflugt íþróttastarf, heilsugæslu, bókasafn, lágvörverslun og margt fleira. Þá eru atvinnuvegir fjölbreyttir og samfélagið fjölskylduvænt. Blómleg ferðaþjónusta býður ótal skemmtilega afþreyingarmöguleika fyrir heimafolk sem og gesti. Í sveitarfélaginu er fjölskrúðug og falleg náttúra og gott mannlíf. Það eru spennandi tímar og mikil uppbygging framundan í sveitarfélaginu. Aðstaða er fyrir störf óháð staðsetningu, t.d. fyrir maka.





# Viltu vera með okkur í liði?

## Innkaupastjóri

- Leiðtogi sem er tilbúin í uppbyggingu á nýju innkaupateymi í Bónus.
- Hannar, innleiðir og sér um eftirfylgni á innkaupastefnu Bónus.
- Stofna til og viðhalda samböndum við lykilbirgja og bæði leiða og taka þátt í samningaviðræðum.



## Vöruflokkastjóri

- Uppbygging á vöruflokkastjórnun Bónus.
- Þróa aðferðafræði, ferla og tækni til að hámarka virði fyrir viðskiptavini.
- Vinna þétt með birgjum og innri teyrum




## Verkefnastjóri/Ráðgjafi

- Vinna að og leiða samræmingu á verkefnastjórnunarmhverfi Bónus til framtíðar.
- Sjá um margvíslegar greiningar og búa til viðskiptaáætlanir.
- Vera sterkur tengiliður milli framkvæmdastjóra, starfsmanna, viðskiptavina og annarra ytri aðila.



# BÓNUS



RioTinto

# Vel launuð sumarstörf

Duglegt fólk óskast í fjölbreyttan starfshóp okkar í sumar. Umsækjendur þurfa að hafa náð 18 ára aldri, hafa bílpróf og hreint sakavottorð. Við hvetjum fólk af öllum kynjum til að kynna sér laus störf og sækja um á riotinto.is. Umsóknarfrestur er til og með 17. mars.



Sækja um





**HUMAN RESOURCES ASSISTANT**

The U.S. Embassy in Reykjavík seeks a Human Resources Assistant for performing personnel administration, including payroll, pensions, awards program, and recruitment.

Application deadline is February 11, 2024.



**Join Our Team!**

# Sérfræðingur á fjármálasviði

Árvakur, sem rekur meðal annars Morgunblaðið, mbl.is og K100, leitar að öflugum og sjálfstæðum starfsmanni á fjármálasviði í fullt starf.

**Helstu verkefni:**

- Greiningarvinna og önnur tölfræðileg úrvinnsla
- Aðstoð við mánaðarleg uppgjör
- Almenn bókarastörf
- Afstemmingar og eftirlit með staðfestingu reikninga
- Önnur tilfallandi verkefni á fjármálasviði

**Hæfniskröfur:**

- Menntun/reynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla af bókhaldskerfum er kostur

- Góð greiningarhæfni og hæfni til að setja fram efni og niðurstöðum í tölum og texta.
- Talnegleggni og tölvufærni
- Nákvæmni og vandvirkni nauðsynleg
- Rík þjónustulund og jákvæðni
- Frumkvæði og metnaður í starfi

**Umsóknarfrestur er til og með 25. febrúar 2024.**

**Nánari upplýsingar veitir**  
Klara Vigfúsdóttir, starfsmannastjóri  
klara@mbl.is, sími 569-1332

**Sækja um starf hér**



<https://jobs.50skills.com/arvakur/is/25699>




## Kennarasamband Íslands og Félag grunnskólakennara

### Bókhald

Kennarasamband Íslands (KÍ) óskar eftir að ráða talnaglöggan einstakling sem hefur áhuga á bókhaldi í öflugt teymi á rekstrar-skrifstofu sambandsins. Viðkomandi þarf að búa yfir góðri samskiptahæfni og vera tilbúinn að takast á við fjölbreytt verkefni.

#### Starfssvið:

- Almenn bókhaldsstörf.
- Innheimta og móttaka skilagreina.
- Vinna við félagaskrá.
- Vinna við grænt bókhald.
- Launavinnsla.
- Önnur verkefni í samráði við yfirmann.

#### Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi, s.s. viðurkenndur bókarí.
- Þekking og reynsla sambærilegum störfum.
- Þekking á bókhaldi er skilyrði.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum, jákvætt viðmót og rík þjónustulund.
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymi.
- Frumkvæði, metnaður, nákvæm og óguð vinnubrögð.
- Mjög góð íslenskukunnátta og almenn tungumálakunnátta.
- Góð almenn tölvukunnátta, þ.m.t. reynsla af vinnu með Excel er skilyrði. Þekking á DK er æskileg.

Kennarasamband Íslands var stofnað 1. janúar árið 2000. Félagsmenn eru ríflega 11.500 og starfa í leikskólum, grunnskólum, framhaldsskólum og tónlistarskólum.

Kennarasamband Íslands starfar á landsvísu og innan þess eru átta aðildarfélög. Hlutverk KÍ er að gæta hagsmuna og réttinda félagsmanna, fara með samningsrétt um kaup og kjör, efla fag- og stéttavítund, efla skólustarf, kennaramenntun og starfsþróun félagsmanna.

### Þjónustufulltrúi

Félag grunnskólakennara (FG) auglýsir laust til umsóknar starf þjónustufulltrúa. Verkefni FG eru fjölbreytt og krefjandi og unnin í samstarfi við aðra þjónustufulltrúa félagsins, sérfræðinga og forystu Kennarasambandsins (KÍ). Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

#### Starfssvið:

- Upplýsinga- og ráðgjöf til félagsfólks FG á sviði kjara- og réttindamála.
- Samskipti við launagreiðendur og skólastjórnendur.
- Tilfallandi launaútreikningar.
- Önnur verkefni sem viðkomandi eru falin af formanni og varaformanni FG.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af sambærilegum störfum er kostur.
- Þekking á kjarasamningum, launa- og réttindamálum launþega.
- Góð samskiptahæfni, þjónustulund og geta til að vinna í krefjandi umhverfi.
- Sjálfstæði, lausnamiðuð hugsun og geta til að miðla málum og ná sáttum.
- Góð færni í íslensku í ræðu og riti. Færni í öðrum tungumálum kostur.
- Góð tölvufærni, ritvinnsla og reiknirit (Excel).

Félag grunnskólakennara er fjölmennasta aðildarfélag Kennarasambands Íslands með rúmlega 5.300 félagsmenn. Með stofnun félagsins í nóvember 1999 sameinuðust allir grunnskólakennarar landsins í fyrsta sinn í einu félagi.

Hlutverk félagsins er að vera málsvari þeirra félagsmanna Kennarasambands Íslands sem sinna kennslu eða ráðgjöf í grunnskólum.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf á íslensku þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsjón með störfunum hafa Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) og Margrét Stefánsdóttir (margret@vinnvinn.is).

Við hvetjum öll áhugasöm, óháð kyni og uppruna, til að sækja um.

**Umsóknarfrestur er til og með 12. febrúar nk.**

Sótt er um starfið á [www.vinnvinn.is](http://www.vinnvinn.is).

**vinnvinn**  
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF



Atvinnuauðglýsingar · [mbl.is](http://mbl.is)



# Snillingur í skipulagningu!

Elskar þú að plana og skipuleggja?  
Viltu hafa góða yfirsýn og allt á hreinu?  
Ertu með góða samskiptahæfni?  
Þá erum við með rétta starfið fyrir þig.

Árvakur leitar eftir starfsmanni til að sjá um skipulag og hafa umsjón yfir birtingum auglýsinga á auglýsingadeild.

Starfið er lifandi og skemmtilegt í krefjandi umhverfi. Viðkomandi vinnur náið með sölustjóra og sölumönnum.

#### Starfssvið:

- Umsjón birtinga
- Vinnsla við auglýsingaplan
- Samskipti við viðskipavini
- Innkallanir auglýsinga
- Birtinga- og markaðsráðgjöf
- Önnur tilfallandi verkefni

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Góð kunnátta á excel er skilyrði
- Reynsla af birtingastörfum er kostur
- Góð þekking á helstu markaðs- og greiningartólum
- Afburða skipulagshæfileikar
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð tölfræðipekking
- Þarf að geta starfað sjálfstætt og sem hluti af hóp
- Jákvæðni, gott skap og þjónustulipurð

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið gefur Silja Jóhannesdóttir, sölustjóri, í síma 569 1170 eða í tölvupósti á netfangið siljaj@mbl.is

Sækja um starf hér



<https://jobs.50skills.com/arvakur/is>

[mbl.is](http://mbl.is) Morgunblaðið K100

Farskólinn | miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra

## Laust starf verkefnastjóra

Verkefni sem um ræðir eru: Náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat, mat á fræðsluþörfum og þróun, skipulag og umsjón með fræðslu. Farskólinn leitar að einstaklingi sem er fær í samskiptum og sýnir frumkvæði í úrlausn verkefna, getur unnið sjálfstætt og í teymisvinnu.

#### Helstu verkefni

- Náms- og starfsráðgjöf til einstaklinga á Norðurlandi vestra
- Umsjón og skipulag raunfærnimats fyrir einstaklinga
- Þróun fræðsluverkefna; skipulag og umsjón
- Upplýsingagjöf og samskipti við þátttakendur, stofnanir og aðra hagsmunaaðila
- Önnur verkefni sem til falla

#### Hæfniskröfur

- Háskólamenntun, til dæmis á sviði kennslu og ráðgjafar. Við leitum af einstaklingi sem er með leyfisbréf í náms- og starfsráðgjöf
- Þekking á fullorðins- og framhaldsfræðslu er kostur ásamt því að þekkja til íslensks vinnumarkaðar
- Almenn og góð tölukunnátta
- Mjög gott vald á íslensku og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Gott vald á ensku
- Frumkvæði og sjálfstæði í allri verkefnavinnu
- Þjónustulipurð og mikil samstarfs- og samskiptahæfni

Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra var stofnaður árið 1992. Farskólinn er sjálfseignarstofnun sem sinnir verkefnum á sviði fullorðins- og framhaldsfræðslu á Norðurlandi vestra. Skrifstofa Farskólans er á Sauðárkróki. Hjá Farskólanum starfa að jafnaði 3 starfsmenn.

**Umsókn skal fylgja ferilskrá, kynningarbréf og prófskírteini.**

Nánari upplýsingar veitir Bryndís Williams Þráinsdóttir í síma 455 6014. Einnig má senda fyrirspurnir á netfangið [bryndis@farskolinn.is](mailto:bryndis@farskolinn.is).

**Umsóknir sendist á fyrrgreint netfang fyrir 1. mars næstkomandi.**



Farskólinn  
miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra



HAGVANGUR

Þátttakandi  
í íslensku  
atvinnulífi  
í meira en  
50 ár



## Þjónustufulltrúi

Öflugt fyrirtæki sem getur státað sig af góðri starfsmannamenningu og samstöðu óskar eftir að ráða þjónustufulltrúa í fullt starf.

### Starfssvið:

- Símsvörun og afgreiðsla erinda. Sér um móttöku og frágang á pósti.
- Afleysingar fyrir aðra starfsmenn skrifstofu ef þörf krefur.

### Hæfniskröfur:

- Lögð er áhersla á frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg.
- Viðkomandi þarf að vera lipur í mannlegum samskiptum.

Umsóknir óskast sendar til mbl merkt „Heppni“ fyrir 16. febrúar nk.

## SKRIFSTOFU- OG MARKAÐSSTJÓRI Í HLUTASTARF

# Vilt þú vinna að hagsmunum eldri borgara?

Landsamband eldri borgara (LEB) leitar eftir skrifstofu- og markaðs- stjóra í hlutastarf. Helstu verkefni eru almenn skrifstofustörf, skipu- lagning funda, ritun fundargerða og fréttu, samskipti við félög LEB sem og að halda utan um styrki og vinna að umbótum fyrir eldra fólk.

Við leitum að vel ritfærum einstaklingi með mikla samskiptahæfileika og góða þekkingu á tölum og samfélagsmiðlum. Við leitum að jákvæðum einstaklingi sem er tilbúinn að vinna að framgangi eldra fólks. *Starfshlutfall eftir samkomulagi.*

### Hæfniskröfur:

- Mjög góðir samskiptahæfileikar og lausnamiðað viðhorf
- Mikil þjónustulund og jákvætt viðhorf
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð almenn tölvufærni

Nánari upplýsingar veitir formaður LEB, **Helgi Pétursson**, í síma 6962213  
Umsóknir sendist á [formadur@leb.is](mailto:formadur@leb.is) ásamt ferilskrá  
Umsóknarfrestur er til 15. febrúar



LEB  
Landssamband  
eldri borgara

LEB – Landssamband eldri borgara | Ármúla 6, 108 Reykjavík | [www.leb.is](http://www.leb.is) | Sími: 567 7111



## VILTU LEIÐA

# SJÁLFBÆRNI HJÁ LSR

### Sérfræðingur í sjálfbærni

LSR leitar að metnaðarfullum og skipulögðum einstaklingi til að leiða framkvæmd á sjálfbærnistefnu sjóðsins. Starfið er vídtækt og nær til fjölbreyttra sjálfbærni-verkefna sem tengjast fjárfestingum og rekstri sjóðsins. Starfið er á eignastýringar- sviði og felur í sér náð samstarf við starfsfólk sviðsins sem og önnur svið sjóðsins.



### Helstu verkefni og ábyrgð

- Innleiðing á sjálfbærnistefnu
- Innleiðing verkefna í tengslum við sjálfbærnilöggjöf
- Þátttaka í greiningu og mati á UFS- þáttum við fjárfestingaákvörðanir
- Þróun og umsjón með lykil- mælikvörðum á sviði sjálfbærni
- Umsjón með innri og ytri skýrslugjöf
- Fræðsla og ráðgjöf um sjálfbærni innan sjóðsins
- Umsjón annarra verkefna sem styðja við stefnu og áherslur í sjálfbærnimálum

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Brennandi áhugi og þekking á sviði sjálfbærni og loftslagsmála
- Þekking og reynsla af fjármála- mörkuðum er kostur
- Hæfni til að vinna sjálfstætt og í teymi
- Leiðtoga-hæfileikar, frumkvæði og drifkraftur
- Nákvæmni og skipulagshæfni
- Framúrskarandi samskipta- og samvinnuhæfileikar og hæfni til að miðla þekkingu
- Greiningarhæfni og gagnrýnin hugsun
- Mjög góð íslensku- og enskukunn- áttu, bæði í orði og riti
- Góð kerfis- og tölvukunnátta

### Umsóknarfrestur er til og með

12. febrúar 2024. Sótt er um á [alfred.is](http://alfred.is). Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rök- stuðningur fyrir hæfni í starfið. Umsjón hefur Ingunn Björk Vilhjálmisdóttir hjá Attentus ([ingunn@attentus.is](mailto:ingunn@attentus.is)).

Hjá LSR njótum við þess að starfa í jákvæðu umhverfi með metnað og bjartsýni að leiðarljósi. Hjá sjóðnum starfa 59 manns sem búa að mikilli reynslu og þekkingu. Við vitum að það krefst ábyrgðar og framsýni að ávaxta eignir sjóðfélaga með traustum og sjálfbærum hætti til næstu áratuga. LSR starfar í samræmi við vottað jafn- launakerfi og jafnréttisáætlun sjóðsins.



Atvinnuauglýsingar · [mbl.is](http://mbl.is)





## Hafnarfjörður

# Skjalastjóri

Hafnarfjarðarbær óskar eftir að ráða metnaðarfullan og drífandi einstakling í starf skjalastjóra. Viðkomandi ber ábyrgð á þróun og mótun stefnu og framtíðarsýnar í skjalamálum ásamt því að leiða stafræna þróun í málaflokknum.

Um er að ræða spennandi starf sem gefur metnaðarfullum sérfræðingi á sviði skjala- og upplýsingamála einstakt tækifæri til innleiðingar á samræmdu verklagi við skráningu, vistun og meðhöndlun gagna hjá sveitarfélagi sem leggur mikla áherslu á stafræna þróun og nútímavæðingu í starfsemi sinni.

### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Stjórnun og stefnumótun í skjalamálum Hafnarfjarðarbæjar
- Yfirumsjón með skjalavistunarkerfi ásamt þróun og innleiðingu nýjunga á verklagi við rafræna skjalavistun
- Tryggja að farið sé eftir lögum og reglum opinberra aðila við skráningu, vörslu, meðhöndlun og skil skjala
- Dagleg umsýsla skjalamála á bæjarstjórnarskrifstofu, þ.m.t. söfnun, móttaka, skráning, varðveisla og miðlun skjala
- Ábyrgð á ráðgjöf og fræðslu til stjórnenda og starfsfólks um skjalavistun
- Undirbúningur og umsjón með afhendingu skjala til Þjóðskjalasafns
- Greining og skráning ferla og verklagsreglna í skjalamálum

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun (B.A./B.S.) sem nýtist í starfi
- Meistaránám í upplýsingafræði eða mjög víðtæk starfs- og stjórnunarreynsla á sérfræðisviðinu
- Reynsla af skjalastjórnun innan opinberrar stjórnsýslu er æskileg
- Mjög góð reynsla af verkefnastjórnun og teymisvinnu
- Reynsla af notkun rafrænna skjalastýringarkerfa
- Þekking og reynsla af stafrænu umbreytingarferli er kostur
- Góð þekking á lögum og reglugerðum sem um málaflokkinn gilda
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum, jákvætt viðmót og rík þjónustulund
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og geta til að leiða umbætur
- Frumkvæði, nákvæmni og skipulagshæfileikar
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með **12. febrúar 2024**. Umsókn óskast fyllt út á [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is) og þarf henni að fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við BHM. Vakin er athygli á stefnu Hafnarfjarðarbæjar um að jafna hlutfall kynjanna í störfum hjá bænum og að vinnustaðir bæjarins endurspeglí fjölbreytileika samfélagsins.

Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran ([thelma@intellecta.is](mailto:thelma@intellecta.is)) og Sigurður Nordal, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs ([sigurdurnordal@hafnarfjordur.is](mailto:sigurdurnordal@hafnarfjordur.is)).

**intellecta**  
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir

## RÁÐGJÖF

Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs.

## RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill að árangri allra fyrirtækja.

## RANNSÓKNIR

Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari



**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

**intellecta**



# „Ég safnaði mér fyrir takkaskóm“

Díana er 17 ára blaðberi hjá Póstdreifingu. Hún sparar mest af laununum sínum, en notar samt alltaf smá til að kaupa sér eitthvað skemmtilegt.

Hún dreifir á morgnana, hlustar á tónlist á meðan og hefur engar áhyggjur af gagnamagninu, því Póstdreifing borgar farsímaáskriftina.

**Við erum að leita að blaðberum á fimmtudagsmorgnum. Sæktu um núna.**



 **Póstdreifing**



# Smáauglýsingar

## Bílar óskast

### VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupum bíla 23-250 þús.

Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

## Byggingar

### Byggingafyrirtæki getur bætt við sig verkom

Upplátt á húsum og sökklum.

**Pakendurbætur**, tek niður pantanir fyrir næsta ár 2024, geri tilboð í verk.

**Stálgrindarhús**, geri tilboð, er í samstarfi við innflutningsaðila.

**Sumarhús**, breytingar eða byggja nýtt hús, geri tilboð.

**Nánari upplýsingar**, Bjössí smíður á google, s 893-5374

nybyggd@gmail.com

## Bílar



### Nýr Peugeot Boxer L2H2

Millilangur með milliháum toppi. 140 hö. Bakskynjarar. Dráttarkrókur. Klæddur í hliðar og gólf. Kominn á vetrardekkinn og tilbúinn í vinnuna. Sumardekkinn fylgja að sjálfsgöðu. **Lækkað verð: 5.510.000,- án vsk.**



www.sparibill.is  
Hátúni 6 A – sími 577 3344.  
Opíð kl. 10–18 virka daga.



## HÖFÐABÍLAR

... þar sem bílar seljast



**AUDI E-TRON 55 QUATTRO PROLINE M/KRÖK.** Nýskráning 6/2022. Akstur 28 þ.km. Rafmagn. Flott verð kr. 9.900.000. Raðnúmer 949827. Seljandi skoðar skipti á ódýrari.



**AUDI Q8 E-TRON 55 S-LINE QUATTRO.** Nýskráning 4/2023. Akstur 11 þ.km. Rafmagn. Flott verð kr. 14.990.000. Raðnúmer 407025. Seljandi skoðar skipti á ódýrari.



**LAND ROVER DEFENDER SE M/KRÖK.** Nýskráning 9/2020. Akstur 62 þ.km. Dísel. Sjálfskipting 8 girar. Flott verð kr. 10.890.000. Raðnúmer 210476. 360" myndavél - rafmagn í stýri - Meridian soundsystem. 7 manna.

Nánari upplýsingar veita Höfðabílar ehf. í síma 577-4747 Fosshálsi 27, Draghálsmegin

## Húsviðhald

### Húsaviðgerðir

www.husco.is

Sími 555 1947  
Gsm 894 0217

### FLÍSALAGNIR - MÚRVERK FLOTUN - SANDSPARSL MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum

Tímavinna eða tilboð

**Strúctor byggingaþjónusta ehf.**  
S. 893 6994

## Bækur

### Bækur til sölu

Eftirtaldir bækur kosta 4.000 kr. stykkið eða 4.000 kr. settið. Blöndalsættin, Svarfdælingar 1.-2., nokkrar Árneseingættir, Tannlæknatal 1854-1997, Ættir Síðupresta, Deildartunguætt 1.-2., Byggðir Snæfellsnes, Súgufirðingabók, Ættarskrá Bjarna Hermannssonar, Laxamýraætt, Skútustaðaætt, Mannlíf undir Kömbum, Fremrahálsætt 1-2, Íslenskar Árstíða- skrár, Laxárdalsætt, Brímætt 1.-2., Föðurtún, Bændatal í Svarfaðardal, Hreyfilsmenn 1.-2., Auðhóltsætt 1.-2., Pálsætt á Ströndum 3, Gunnhildargerðisætt, Ófeigsfjarðarætt, Húsatóftaætt, Verkfræðingatal 1.-2.,

Uppl. í síma 898 9475

## Hljóðfæri

### Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27  
Sími 552 2125  
www.gitarinn.is

### Hljómborð á tilboði



Mikið úrval

Verð við allra hæfi

### Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27  
Sími 552 2125  
www.gitarinn.is

### Kassagítarar á tilboði



Gítarar

í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

## Ýmislegt



### Jessenius Faculty of Medicine í Martin Slóvakíu

Jessenius Faculty of Medicine í Martin Slóvakíu heldur inntökuþróf á netinu (online) 21. mars, 12. júlí og 10. ágúst.

www.jfmed.uniba.sk/en  
Uppl. kaldasel@islandia.is  
s. 8201071

## Sumarhús



### Sumarhús – Heilsárshús

#### Gestahús – Breytingar

- Framleiðum stórglæsileg sumarhús/heilsárshús í ýmsum stærðum.
  - Tökum að okkur stækkun og breytingar á eldri húsum.
  - Smíðum gestahús – margar útfærslur.
  - Sjáum um almennt viðhald á sumarhúsum og sólpöllum.
  - Setjum niður heita potta og smíðum palla og skjólveggi.
- Áratugareynsla – endilega kynnið ykkur málið.  
**Trésmíðja Heimis, Þorlákshöfn,**  
sími 892-3742 og 483-3693,  
www.tresmidjan.is

## Til sölu



### LiFePO4 rafgeymar til sölu:

12 volta 100 Ah kr. 94.845 m/vsk  
12 volta 200 Ah kr. 165.981 m/vsk  
12 volta 300 Ah kr. 248.886 m/vsk

Nánari upplýsingar á LiTime.com og Youtube



### Merbau pallaefni(mahogany) 21x145mm Verð tilboð



### Bankirai pallaefni(parket) 21x145mm Verð tilboð

**Cumaru** panill 10x90mm og pallaefni 21x90mm

**Penofin** harðviðarolía 3,8 lítrar

**Indus ehf Óseyrarbraut 2 Hafnarf.**

opið 10-14 virka daga

magnus@vidur.is

gsm: 660 0230 Magnús

# mbl.is

## Færir þér fréttirnar

# Atvinna

## Fáðu meira út úr þinni atvinnuauglýsingu!



Atvinnublað Morgunblaðsins kemur út **tvisvar í viku.** Á fimmtudögum í aldreiþingu og í laugardagsblaðinu.

Þær birtast líka á atvinnuvef **mbl.is** og á **finna.is.** Aðeins er greitt eitt verð.

## Fjórir snertifletir – eitt verð!

# 1

Morgunblaðið  
fimmtudaga

# 2

Morgunblaðið  
laugardaga

# 3

mbl.is  
atvinna

# 4

finna.is  
atvinna

**110.000** manns, á aldrinum 18 til 80 ára, sjá Atvinnublað Morgunblaðsins í viku hverri (fimmtudag og laugardag).\*

Mbl.is er með **2,2 milljón** flettinga á dag og **15,4 milljón** flettinga á viku.\*\*

\*Prentmiðlakönnun Gallup Q2 2023

\*\*Topplisti Gallup í ágúst 2023



Morgunblaðið **mbl.is** FINNA Q



## Raðauglýsingar

569 1100

## Tilkynningar

Umhverfismat framkvæmda  
Ákvörðun um matsskylduVegur um Jónsnes í Sveitarfélaginu  
Stykkishólmi

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð umhverfismati samkvæmt lögum nr. 111/2021. Ákvörðunina er að finna á vef stofnunarinnar [www.skipulag.is](http://www.skipulag.is) og Skipulagsgátt. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðindamála til 8. mars 2024.

Umhverfismat framkvæmda  
Umhverfismatsskýrsla í kynningu20.000 tonna landeldi á laxfiskum í  
Ólfusi

Thor landeldi ehf. hefur lagt fram umhverfismatsskýrslu vegna umhverfismats 20.000 tonna landeldis í laxfiskum í Ólfusi.

**Kynning á umhverfismatsskýrslu:** Umhverfismatsskýrsla er aðgengileg á Skipulagsgátt, [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is) og á vef Skipulagsstofnunar.

**Umsagnarfrestur:** Allir geta kynnt sér umhverfismatsskýrsluna og

Auglýsing um skipulag  
Hafnarfjarðarbær

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 31. janúar 2024 að endurauglýsa eftirfarandi breytingar á deiliskipulagi í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga.

Breyting á deiliskipulagi suðurbæjar  
sunnan Hamars vegna Suðurgötu 41 og  
Hlíðarbrautar 10-12

Breytingin felst í að í stað þriggja lóða er gert ráð fyrir fimm lóðum og mörk lóða breytast án þess að heildarstærð svæðis breytist. Nýbyggingar verða fjórar, tvö einbýli og tvö tvíbýli. Tillagan gerir auk þess ráð fyrir breytingu á gatnamótum Hlíðarbrautar og Hringbrautar vegna umferðaröryggis.

Tillagan var áður auglýst í apríl 2020 með frest til að skila inn athugasemdum til 4.6.2020. Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar eftir auglýsingu var ekki í samræmi við skipulagslög og öðlaðist deiliskipulagið því ekki gildi. Á nú auglýstum uppdætti hefur kafla um fornminjar verið uppfærður. Aðrar breytingar hafa ekki verið gerðar frá áður auglýstir tillögu.

Hér með er deiliskipulagsbreytingin auglýst aftur og frestur til að skila inn athugasemdum er til **25.3.2024**. Á kynningartíma má nálgast tillöguna á [skipulagsgatt.is](http://skipulagsgatt.is).

Breyting á deiliskipulagskilmálum  
Skarðshlíðar.

Breytingin felst í að gerð breyting á köflunum 4.9 Frágangur lóða og 4.10 Girðingar. Sumarið 2023 var auglýst breyting á skilmálum sömu kafla. Fjöldi athugasemda bárust svo ákveðið var að endurskoða breytinguna. Hér með er endurskoðuð tillaga auglýst. Frestur til að skila inn athugasemdum er til **25.3.2024**. Á kynningartíma má nálgast tillöguna á [skipulagsgatt.is](http://skipulagsgatt.is).

Athugasemdum og/eða ábendingum skal skila rafrænt í gegnum skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Ef óskað er frekari upplýsinga um tillögu í kynningu er hægt að senda fyrirspurn á netfangið: [skipulag@hafnarfjordur.is](mailto:skipulag@hafnarfjordur.is) eða hafa samband við þjónustuver Hafnarfjarðarbæjar í síma: 585-5500.

Hafnarfjarðarbær  
bt. umhverfis- og skipulagssvið  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

[hafnarfjordur.is](http://hafnarfjordur.is)

## Opið hús

Breyting á aðalskipulagi  
Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna  
Fornubúða og Hamarshafnar

Opið hús verður á þriðjudaginn **13. febrúar** nk. frá **9 – 16** að Norðurhelli 2, 221 Hafnarfirði þar sem verður hægt að kynna sér tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar vegna Fornubúðar F7 og Hamarshafnar H6.

Um er að ræða Fornubúðir F7 sem er miðsvæði er að hluta til breytt í svæði fyrir samfélagsþjónustu S42 þar sem áform eru um að reisa Tækniskóla. Hamarshöfn H6 stækkar lítillaga til norðurs.

Nánar á:  
[hafnarfjordur.is](http://hafnarfjordur.is)



## Listmunir

Leitum að verkum eftir

Jóhannes Kjarval  
Alfred Flóka  
Kristján Davíðsson  
Pórarinn B. Þorvaldsson

Einnig eftir Þorvald Skúlason og Hafstein Austmann fyrir fjarsterkan aðila.

Upplýsingar í síma 895 0665 eða 568 3890.  
[smidjanlisthus@simnet.is](mailto:smidjanlisthus@simnet.is)

**Smiðjan listhús, stofnað 1991**  
Ármúla 36.

## Styrkir

Styrkumsóknir í Vestnorræna  
höfuðborgarsjóðinn 2024Vestnorræni höfuðborgarsjóður Nuuk,  
Reykjavíkur og Þórshafnar auglýsir eftir  
styrkumsóknum fyrir árið 2024

Reykjavíkurborg er aðili að Vestnorræna höfuðborgarsjóði Færeyja, Grænlands og Íslands. Sjóðurinn hefur að markmiði að efla skilning og samstarf milli þessara borga, íbúa þeirra, samtaka og stjórnmalamanna og veita fjarstyrki til verkefna sem þjóna þessum markmiðum.

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum til verkefna sem tengjast samskiptum milli höfuðborganna og efla tengsl þeirra með einhverjum hætti, t.d. á sviði menningar, fræðslu eða íþróttu. Í umsókn skal lýsa fyrirhuguðum verkefnum ítarlega, fyrirkomulagi þeirra, tímasetningu og kostnaði.

Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um úthlutun á árlegum fundi sínum í maí 2024.

Umsóknir skal senda á netfangið [radhus@reykjavik.is](mailto:radhus@reykjavik.is) á umsóknareyðublöðum sem nálgast má á vefsíðu [reykjavikurborgar.reykjavik.is/vestnorræni](http://reykjavikurborgar.reykjavik.is/vestnorræni)

**Umsóknir berist eigi síðar en mánudaginn 1. apríl 2024** og koma umsóknir sem síðar kunna að berast ekki til afgreiðslu.

Upplýsingar eru veittar á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, Ráðhúsi Reykjavíkur, s. 411 4500.

**Borgarritari**  
Reykjavík, 8. febrúar 2024



## Tilboð/útboð

Íbúafundur um  
skipulagsmál við Dalveg.  
Dalvegur 30-32.  
Breytt deiliskipulag

Vakin er athygli á því að fimmtudaginn 15. febrúar 2024 milli kl. 17 og 18 verður haldinn kynningarfundur í sal Smáraskóla um skipulagsmál við Dalveg, hljóðvist, ljósmengun, aðgengi og umferðarlausnir á svæðinu. Ásamt því verða tillögur að breyttu deiliskipulagi Dalvegur 30-32 kynntar sérstaklega þeim sem þess óska.

Nánari upplýsingar um ofangreindar tillögur eru aðgengilega í skipulagsgátt <https://skipulagsgatt.is/issues> og á vefsíðu Kópavogsbæjar <https://www.kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu>

**Skipulagsfulltrúinn í Kópavogi.**



Kópavogsbær

[kopavogur.is](http://kopavogur.is)

## Félagsstarf eldri borgara

**Aflagrandi 40** Opin vinnustofa kl. 9-12 – Morgunspjall, heitt á könnunni kl. 9-11 – Ukulele, ókeypis kennsla og hljóðfæri á staðnum kl. 10:00 – Boccia kl. 10:15 – Hádegisverður kl. 11:30 – 12:30 – Virkninámsskeið kl. 13-15 – Söngfuglarnir, heimsókn á Hrafnistu v/Sléttuveg kl. 13:00 – Myndlist með Valgarði Gunnarssyni, kl. 13:00 – Bókaklúbbur kl. 13:15 – Síðdegiskaffi kl. 14:30-15:20 – Húsið lokar kl. 15:45

**Boðinn** Bridge og Kanasta kl. 13:00. Sundlaugin opin til kl. 16:00.

**Dalbraut 18-20** Handavinnusamvera kl.10, söngstund með Baldri kl.14.

**Félagsmiðstöðin Hæðargarði 31** Kaffisopi og spjall kl. 8:30-11:00. Gæðastund með hannyrðir kl. 9:00-12:00. Morgunandakt kl. 10:00-10:30. Hádegismatur kl. 11:30-12:30. Myndlistarhópur Selmu kl. 13:00-15:45. Dösum með gönguigrindurnar og Matthildi kl. 13:30-14:30. Síðdegiskaffi kl. 14:30-15:30.

**Frístunda- og félagsstarfið Árskógum 4** Smíðastofa með leiðbeinanda kl. 9-16. Gönguþúr kl. 10. Samvera með prest kl. 10:30. Handavinna kl. 12:30-16. Myndlist með Elsu kl. 13. Söngstund kl. 14. Bónusbíllinn, fer frá Árskógum 6-8 kl. 12:45.

Líkamsræktarhornið opið. Hádegismatur kl. 11:30-12:30. Kaffisala kl. 14:45-15:30. Allir velkomnir óháð búsetu og aldri. Sími: 411-2600.

**Garðabær** 8.30 Pool-hópur í Jónshúsi 9.00 Listmálun í Smíðju 10.00 Ganga frá Jónshúsi 10.00 Qi-Gong í Sjálandssk. 11.00 Stóla-jóga í Sjálandssk. 13.00 Njálulestur 13.00 Handavinnuhorn í Jónsh. 11.15 Boccia í Asgarði 13.20-15.40 Kaffiveitingar í Jónshúsi 13.00 Listmálun í Smíðju

**Gerðuberg** Opin vinnustofa í Búkollulaut frá kl. 8:30 (heitt á könnunni) Bútasamur kl. 13:00 - 16:00 Öll velkomin, óháð aldri og búsetu

**Gjábakkí** Opin handavinnustofa og verkstæði kl. 8.30 til 11.30. Qi Gong kl. 9 til 10.15. Jóga kl. 11.30 til 12.45. Bókband kl. 13 til 15.30. Bingó 1 x í mánuði, næst 22. febrúar. Félag vatnslitamálara kl. 16 til 18. Bridge-félag kópavogs kl. 19 til 22.

**Gullsmári** Opinn tími í handavinnu kl. 9:00. Qi Gong hreyfing kl. 10:30. Bútasamur/Kapítólur kl. 13:00. Bridge kl. 13:00. Gönguþúr kl. 14:00. Jóga kl. 17:00.

**Hraunbær 105** Kaffiklúbbur og spjall, allir velkomnir í fritt kaffi kl. 9. Handavinna með leiðbeinanda kl. 9:00 – 12:00. Bænastund kl. 9:30 – 10:00. Stóla-leikfimi kl. 10:30 - 11:00. Hádegismatur kl. 11:30. Söngstund kl. 12:30 – 14:00. Bíó, seinni hluti Cleopötru kl. 13:00. Létt ganga kl. 14:00.

**Hraunsel** Billjard: Kl. 8:00-16:00. Dansleikfimi kl. 9:00. Qi Gong: Kl. 10:00.?Pílukast kl. 13:00. Alltaf heitt á könnunni í boði FEBH.

**Hvassaleiti 56-58** Morgunkaffi og spjall frá 8:30-10:30. Handavinna - opin vinnustofa 9:00-16:00. Stóla-leikfimi kl. 10:30. Félagsvist kl. 13:10. Hádegismatur kl. 11:30 – 12:30, panta þarf fyrir hádegi deginum áður.

**Korpúlfar Borgir** Einstaklingsmiðað tölvunámsskeið kl. 9:00. Stólajóga með Gyðu Dis kl. 9:00. Styrktar og jafnvægisleikfimi kl. 10:15 og 11:00. Skákhópur Korpúlfa kl. 13:00, Spilið Canasta fyrir byrjendur kl. 12:30. Draugasögur og umfjöllun um þær í umsjón Steins Lundholm. Tréútskrúður á Korpúlfsstöðum kl:13:00. Sundleikfimi í Grafarvogslaug kl. 14:00.

**Lækjargata 14a** Brynjar Nielsson verður gestur okkar í fyrsta opna húsinu á nýju ári. Sjáumst í safnaðarheimilinu, Lækjargötu 14a á fimmtudaginn klukkan 13.00. Kaffi og finar veitingar, fróðlegt erindi og gott samfélag. Verið hjartanlega velkomin og takið með ykkur gesti!

**Samfélagshúsið Bólstaðarhlíð 43** Morgunkaffi 10:00. Vítamín í Valsheimilinu 10:00. Memmm fjölskyldustund 13:00 – 15:00. Samþrjón 13:00 – 14:30. Myndlist með Margréti 12:30 – 15:30. Bónusrútan 13:00. Samverustund með Presti 14:00. Opið kaffihús 14:30 – 15:30, allir velkomnir.

**Samfélagshúsið Vitatorgi** Bókband í smíðju kl. 9:00 - 12:30. Vinnustofa í handverksstofu (lokaður hópur) kl. 10:00 - 12:30. Ókeypis líkamsþjálfun í Valsheimilinu - Vítamín í Val kl. 10:00 - 11:00. Kvikmyndasýning í setustofu kl. 12:45 - 14:30. Þrjónahópur í handverksstofu kl. 13:00 - 16:00. Aðstoð við heimanám barna í matsal kl. 14:30 - 16:00. Opið hús á vegum Rauða krossins kl. 16:00 - 18:00.

**Seltjarnarnes** Vatnsléikfimi kl. 07.10. Skólbraut: Kaffirókur kl. 9, jóga/leikfimi kl. 11, og BINGÓ í salnum í dag kl. 13.30. Karlakaffi í safnaðarh. kl. 14. Ath. síðasti dagur skráningar í Salinn Kópavogi á tónleika 21. mars nk. Minnum alla á skráninguna í heimsókn á BESSASTADI 15. febrúar nk. og svo í ferðina í HVERAGERDI fimmtudaginn 22. febrúar. Skráning og allar nánari uppl. hjá Kristínu í s: 8939800.





# BÓK MÁNAÐARINS ER KOMIN



Fallegar og þroskandi bækur  
fyrir þau yngstu!

KOMDU Í ÁSKRIFT Á [DISNEYBOK.IS](http://DISNEYBOK.IS)

**edda**  
[WWW.EDDA.IS](http://WWW.EDDA.IS)